



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerkjabók Húnavatnssýslu 1884–1944



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Bók þessi, sem hefir inni að halda 200 (tvö hundruð) tölusett blöð, og sem er gegnumdregin og útbúin með innsigli Norður- og Austuramtsins, löggildist hjermeð til að vera landamerkjabók Húnavatnssýslu.

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins 22. ágúst 1884

Havsteen.

Skoðað 15/7 1910

Björn Jónsson



1884.

N^o 1.

Skrá yfir landamerki þjóðjarðarinnar Árbakka á Skagaströnd
í Vindhælishreppi og Spákonufellssókn.

Að norðanverðu ræður frá sjó Hrafnaldsá upp í millum Árbakka og Spákonufells, fram til þess Kambadalsá kemur í hana; svo ræður Kambadalsá upp Kambadalinn, fram að þeim læk, er rennur norður úr Smiðjugili, og sem hann ræður til fjalls upp, og ofan há-fjallið, sem vötn að draga til norðurs; þaðan vestur í hnjúkinn fyrir ofan Smjörskál; svo í háa melhrygginn fyrir neðan Litluskál; þaðan í yzta hnjúkinn fyrir vestan neðri Hrossadalslækinn, og nefnist hann Stríta; þaðan yfir norðari enda Kolalágar, svo sunnanvert við Strítuhól og norðan við Hríshóla, í vörðu, sem þar er; þaðan sjónhending, sem merki vörður ráða, ofan í Presthól, svo til sjálfar, norðanvert við Seltanga. –

Árbakka 11./7. 83.

J. Jósefsson. Ábúandi á Árbakka

F. Hillebrandt. Eigandi að Vindhæli.

Samþykkt í viðurvist tilkvaddra votta

Frímanns Guðmundssonar. K. F. Þorbergssonar

Ofanskráðum landamerkjum er samþykktur

B.G. Blöndal, umboðsmaður Þingeyrarkl.-jarða

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Viðvík 27. maí 1884 og ritað í afsals- og veðmálaból sýslunnar Litr. C. N^o 1355 bls 227-228, og í landamerkjabók sýslunnar N^o 1 bls 2.

Vottar.

Lárus Blöndal



1884

N^o 2

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Hurðarbaki í Torfalækjarhreppi.

Að austanverðu ræður Laxá, frá grasþúfu þeirri á Grensás, sem skilur lönd Holts og Hurðarbaks, og fram að Deildarlæk. Ræður hann þá merkjum að sunnan vestur í Deildartjörn og tjörnin vestur í Leirvík þá, sem er í útnorðurhorni hennar. Að vestan er landamerkjalinan milli Hurðarbaks og Meðalheims bein stefna sunnan frá leirvíkinni í Deildartjörn norður, austan undir Miðás, í grjótvörðu á litlu holti skammt fyrir sunnan Brúarlæk, og frá vörðunni sömu stefnu í lækinn. Að norðan meðfram Holtslandi, úr Brúarlæk austur í vörðu á Hrísholti og þaðan beint austur í fyrrnefnda grasþúfu á Grensás.

Hvammi, 25 apríl 1884.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.jarða

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Torfalæk, 29. maí 1884, og innritað í landamerkjabók sýslunnar N^o 2, bl. 2.

Vottar

Lárus Blöndal



1884

N^o 3. (sbr. N^o 47)

Landamerkjaskrá fyrir Þjóðjörðinni Holti í Torfalækjarhreppi.

Að sunnan frá grasþúfu eða hól, sem er sunnantil á grensás austur undir Laxá og beint ^{suður} (vestur) til vörðu á hrisholti, og frá henni beint vestur í Brúarlæk, þar sem hann fellur vestur úr móahorninu. Ræður þá lækurinn ofan til fossa fyrir neðan götur. Að vestan beina stefnu í vörðu þá, er stendur norður undir Laxá fyrir sunnan Prestavað. Að norðan og austan ræður Laxá, fram að fyrrnefndri grasþúfu á Grensás.

Hvammi, 25. apríl 1884.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.jarða

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Torfalæk, 29. maí 1884, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 3, bl. 3.

Vottar

Lárus Blöndal



1884

N^o 4. (sbr. N^o 47)

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Húnstöðum í Torfalækjarhreppi

Að austanverðu frá grjótvörðu, sem er norður við Laxá, nálægt svonefndu Prestavaði og vestur að fossinum í Brúnalæk; þá frá nefndum fossi eða vörðu skammt fyrir sunnan hann, og suður í stein á núpunum, sem kallaður hefur verið í forna tíð Grásteinn, og nú er hlaðið á grjóti. Að sunnan frá þessum steini og vestur í vörðu, sem er skammt austur af svo nefndu Mógili, frá henni eptir gilinu, og frá því sömu stefnu vestur í Torfalæk; ræður hann þá til vatns. Að vestan og norðan ræður merkjum vatnið og Laxá uppá móts við fyrstnefnda vörðu við Prestavað.

Hvammi, 25. apr. 1884

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.-jarða.

Hinsvegar ritaðri landamerkjaskrá erum við undirritaðir eigendur Torfalækjar samþykkir
Sigríður Jónsdóttir. Sigurlaug Jónsdóttir

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Torfalæk 29. maí 1884, og innritað í landamerkjabók sýslunnar N^o 4, bl. 3.

Vottar.

Lárus Blöndal



Landamerki fyrir þjóðjörðinni Sauðanesi í Torfalækjarhreppi eru sem hjer greinir:

Að vestan ræður Laxá ásamt Laxárvatni, sem einnig ræður að sunnanverðu; síðan ræður kelda, er liggur úr landnorðurhorni vatnsins í framhaldandi stefnu eptir vörðum í vestara Skýðaldsmynni, því næst eptir miðjum dalnum allt að þrem vörðum, er mynda þríhyrning; og standa á landamerkjatakörkum jarðanna Köldukinnar, Sauðaness og Hnjúka; því næst beinist stefnan til útnorðurs frá nefndum vörðum í vörðu þá, er stendur upp á dalsbrúninni; þaðan í beina stefnu í vörðu þá, er stendur austan til á svonefndum Langahrygg, sömuleiðis í aðra vörðu, er líka situr á Langahrygg vestan til, þaðan sjónbending í vörðu, sem stendur fyrir ofan svonefnda hádegisbrekku, kippkorn fyrir neðan miðklett; úr henni sjónhending í nefndan Merkisstein, er situr fyrir ofan mýrarsund, þar sem brekkur enda, sömuleiðis úr nefndum Merkissteini beina stefnu eptir vörðum, er liggja norðantil á svonefndum Messuvegsholtum, allt að vörðu þeirri, er stendur á nefndu Laxholti, og úr henni vestur í Laxá beina stefnu. – Að framanrituð landamerki sjeu rjett, vitnum við undirrituð.

p.t. Sauðanesi, 15. maí 1884.

Kristófer Jónsson eigandi og ábúandi að Köldukinn.

Jón Hannesson (handsalað) eigandi og ábúandi að Hnjúkum.

Helga Gísladóttir ábúandi fyrnefndrar jarðar Sauðaness.

Framanskriðuðum landamerkjum fyrir þjóðjörðunni Sauðanesi er jeg samþykkur.

Hvammi 16. maí 1884.

B.G. Blöndal umb.maður Þingeyrarkl.jarða.

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Hunavatnssýslu að Torfalæk 29. maí 1884, og innritað í landamerkjabók sýslunnar N^o 5, bl. 4.

vottar

Lárus Blöndal



1884.

N^o 6

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Brúsastöðum í Ásshreppi

Að norðanverðu verður Bræðratópt, sem er á milli bæjanna Brúsastaða og Snæringsstaða, og einkennd er með steini; frá henni beina stefnu í grjótvörðu, sem er austur undir Vatnsdalsá, og frá Bræðratópt til vesturs í vörðu, sem er á hæstu brún á hálsinum, og frá henni eptir þessari stefnulínu vestur í Kornárkvísl. Að sunnanverðu ræður grjótvarða á svonefndu Lángholti og austur frá henni til grjótvörðu á Skeiðmel og annarar á há Ljótunnarmel; þaðan beint austur til Vatnsdalsár. Frá Langholtsvörðunni til vesturs í grjótvörðu á Miðmundahæð og svo beint eptir þessari stefnulínu vestur á Kornárkvísl. Að vestan ræður Kornárkvísl, og að austan Vatnsdalsá.

Hvammi, 15. apríl 1884

B.G. Blöndal umboðamaður Þingeyrakl.-jarða

Hinsvegar skráðum landamerkjum fyrir þjóðjörðinni Brúsastöðum erum vjer undirritaðir samþykkir.

Jónas Guðmundsson.

Guðm. Jónasson

Halldór B. Þorláksson

eigendur að jörðinni Ási í Vatnsdal.

Hjörli. Einarsson, prestur að Undirfelli.

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Ási 31. maí 1884 og innritað í landamerkjabók sýslunnar N^o 6, bl. 4.

vottar:

Lárus Blöndal



1884

N^o 7

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðunum Miðhópi og Gröf í Þorkelshólshreppi.

Að sunnan vestan í Víðidalsfjalli ræður Ásmundargil, og frá því til útnorðurs í Rauðanúp, frá honum beint norður í Einbúa, sem er stakur klettur á flóanum milli Grafar og Refsteinsstaða, síðan frá Einbúa sömu stefnu í miðja Ullartjörn; frá henni ræður svonefnt Kirkjusíki, og síðan Grafarlækur norður í Hópið. Þá ræður Hópið að norðan til Gljúfuráróss, og svo Gljúfurá fram að Hólagilslæk og Hólagili, sem er landamerki að sunnan austan t Víðidalsfjalli.

Hvammi 31. maí 1884

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.-jarða.

G.Fr. Gunnarsson (handsalað) eigandi Refsteinsstaða.

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborg 3. júní 1884 og ritað í landamerkjabók sýslunnar N^o 7, bl. 5.

vottar:

Lárus Blöndal



1884.

N^o 8

Landamerki Geithóls.

1. Að norðan, milli Oddsstaða og Geithóls: Frá sjó ræður Hvalshöfða gil upp á háls, þar til einn lækur fellur í það úr austnorðri, og annar úr suðaustri; þá eru merkin í þann odda austur á Fuglstapa (og) á engisás; þaðan á Helluhól og þaðan í Barnahús eða vörðu á Stóruhæð. –
2. Að austan milli Kollafoss og Geithóls: Úr Barnahúsi, eða vörðu á Stóruhæð í Landamerkjavörðu vesturundan Stóragrenshól. Þó á Geithóll allar slægjur uppúr með Rollulæk.
3. Að sunnan milli Geithóls og Brandagils: Úr nefndri Landamerkjavörðu í stein neðan Geithólsvatn, og er hann þar einstakur; þaðan í stein skammt norðan moldskurð á Grensbrekkum, og er steininn auðkenndur með höggnum krossi; þaðan á hól, sem kallast Einbúi, þaðan á Sandhólsnybbu, sem verður hlaðin upp; þaðan í merkja vörðu við buginn á læknum, og svo ræður sá lækur, sem fellur sunnanvert við Geithólstún til sjáfar.

Geithól, h. 15. maímánaðar 1884

Ásbjörn Jónsson eigandi jarðarinnar Geithóls

Jón Jónsson eigandi Kollufoss

Stefán Guðmundsson bóndi á Brandagili

Daníel Guðmundsson bóndi á Oddsstöðum

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Núpudalstungu 11. júní 1884 og ritað í landamerkjabók sýslunnar N^o 8 bl. 5.

vottar

Lárus Blöndal



1885

N^o 9.

Landamerki Teigakots.

Þessi eru landamerki fyrir jörðunni Teigakoti í Bergsstaða-sókn innan Bólstaðarhlíðar-
þinghár:

Að norðan ræður merkjum horn það, sem er á móti Kiðagili; þaðan beina stefnu á miðja
Oxakúlu. Að vestan úr nefndri kúlu beina stefnu á miðja Sauðabungu. Suðurmerki eru úr
tjeðri bungu austur á Stafns-merkjalínu, og eptir henni út á Lynghól og úr honum ofan á
Moldbakknes við Svartá á móti miðju Kúfustaðaklifi. Svartá ræður merkjum að austan. –

Kúfustaðir eiga rjett til að beita, brúka og sjer í nyt að færa einn fjórða hluta af Teigunum í
Teigakotslandi. –

Teigakoti, 18. maí 1885

Magnús Pálsson (handsalað nafn.)

Ofanskrafaðri merkjalýsingu erum vjer undirritaðir samþykkir:

Bjarni Ólafsson eigandi að Stafni.

Árni Hannesson eigandi að Hóli

Eggert Eggertsson eigandi Kúfustaða (handsalað)

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð, 19. maí 1885, og innfært
í landamerkjabók sýslunnar N^o 8 bl. 6.

vottar:

Lárus Blöndal



Landamerkjaskrá fyrir Brún í Svartárdal.

Milli Brúnar og Torfastaða ráða merkjum 3 stórir steinar, er standa hérumbil í beinni röð frá austri til vesturs, austasti steinninn heitir „Kjölur“; hann er sprunginn á alla vegu, og að ofan lagaður líkt og skipskjölur; 2. steinninn stendur á svo nefndum Katlaás, og 3. steinninn stendur framan í efstu brún þeirri, er sjest frá steininum „Kjöl“.

Frá tjeðum steinum er merkjalínan bein ofan í Svartá, og upp í vörðu þá, sem stendur á svonefndum „Járnhygg“; þá norður eptir hálsinum í vörðu, er stendur á hæsta melhygg á svonefndu Brúnarfelli; milli hennar og hinnar fyrrnefndu vörðu á Járnhygg ræður merkjum hæsta brún á hálsinum. Milli Skeggstaða og Brúnar ræður merkjum steinn sá, er stendur á austanverðu Brúnarfelli og sjest heiman frá Brún; stendst hann á við fyrrnefnda vörðu í fellinu; þá beint til austurs í vörðu, er stendur við Svartá fyrir sunnan svonefnt Torfleiti. –

Þaðan ræður Svartá merkjum að austan suður á móts við áðurnefndan „Kjöl“. –

Brún, 19 maí 1884.

Halldór Guðmundsson, eigandi Brúnar.

Þessum landamerkjum að Brún erum við undirskrifaðir nágranna-landeigendur samþykkir.

Stefán M. Jónsson prestur (vegna Blöndudalshóla)

Guðmundur Gíslason (sem umsjónarmaður Torfastaða)

Sigurður Sigurðsson eigandi Skeggstaða.

Sigurbjörg Jónsdóttir vegna Brandsstaða.

Jón Björnsson vegna Brandsstaða.

Guðrún Jónsdóttir vegna Brandsstaða.

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð, 19. maí 1885, og innfærð í landamerkjabók sýslunnar N^o 10. bl. 6. –

vottar

Lárus Blöndal



1885

N^o 11.

Landamerki Kóngsgarðs

Þessi eru landamerki fyrir eignarjörð minni jörðinni Kóngsgarði í Fossárdal, sem liggur í Bergsstaðakirkjusókn innan Bólstaðarhlíðarþinghár:

Að sunnan ræður Arnarhóll fyrir framan Hrossengi austan Fossár, og að austanverðu norður af Arnarhóli ráða Fossárdalsbrúnir ofan til gömlu Stafnsrjettar á sporðinum milli Svartár og Fossár; þaðan ræður Fossá að vestan fram móts við fyrnefndan Arnarhól.

Kóngsgarði 15.d. maímán 1883

Jóhann Guðmundsson (handsalað.)

Ofanritaðri landamerkjalytingu erum við undirritaðir samþykkir

Bjarni Ólafsson, eigandi Stafns.

Stefán M. Jónsson prestur, vegna kirkjujarðarinnar „Fossa“

Gísli Ólafsson, eigandi Eyvindarstaðaheiðar.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð 19. maí 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 11. bl. 7.

vottar

Lárus Blöndal



1885

N^o 12.

Landamerki Kúfustaða.

Þessi eru landamerki fyrir jörðinni Kúfstöðum í Svartárdal, sem ligg í Bergstaða kirkjusókn innan Bólstaðarhlíðarþinghár:

Að norðan ræður merkjaskurður í Merkjalág og hana upp í Stóragrjót á brúninni, og þaðan eins og merkjavörður tilvísa í Dýjalág; úr Dýjalág rjettsýnis yfir Þrandahlíðarfjall og Fenjadal að sýslutakmörkum (sýslutakmörkin eru skrifuð í Hvamms landamerkjalýsing); þaðan til suðurs eptir sýslutakmörkum á Þröskulda í Kiðaskarði undir Kirkjubust. Af Þröskuldum vestur Kiðaskarð í Káraskarð, og þaðan rjettsýnis í grjótvörðu, sem stendur á hryggnum suður og vestur frá Kúfustaðaseli og úr henni beint ofan á mitt Kúfustaðaklif niður við Svartá.

Vestan Svartár hafa Kúfustaðir rjett til að beita, brúka og sjer í nyt að færa fjórða part af svo kölluðum Teigum í Teigaholtlandi

Vatnahverfi, 18 maí 1885

E. Eggertsson

Þessari ofanskriðu landamerkjalýsing erum vjer undirskrifaðir landsmótseigendur samþykkir

Guðmundur Jónsson eigandi að Hvammi

Einar Hannesson, handsalað, eigandi að Mælifellsa

Bjarni Ólafsson eigandi að Stafni.

Magnús Pálsson eigandi Teigakots (handsalað.)

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð, 19. maí 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 12 bl. 7.

vottar

Lárus Blöndal



1885

N^o 13.

Landamerki Hvamms.

Þessi eru landamerki fyrir jörðinni Hvammi í Bergsstaðasókn innan Bólstaðarhlíðarþinghár.

Að norðan ræður Merkjálag og beint úr henni upp í vörðu á Berjakinn; síðan í austur yfir fjallið á sjerstakan hól í ytri Hólaflá; úr honum í sömu stefnu í merki á miðjum landamerkjahrygg vestan í Leifsstaðafelli; þaðan enn í beina stefnu yfir tjeð fell og Hrossadal austur á sýslumót. (Sýslumót eru á vörðu á suðurbrún Hrómundarskarðs vestarlega gagnvart Moshlíðarhnjúk, og þaðan beina stefnu til suðurs austanvert við Hrossa- og Fenja-dal á Þröskuld í Kiðaskarði undir Kirkjubust.) Að sunnan ræður merkjaskurður og lág upp í Stóragrjót á brúninni, þaðan eins og merkjavörður tilvísa í Dýjalág; þaðan enn beina stefnu yfir Þrándarhlíðarfjallið og Fenjadal í fyrgreind sýslumót, sem eru landamerki að austan, en Svartá að vestan.

Hvammi 14. maí 1885

Guðmundur Jónsson

Ofanskrifaðri merkjalýsingu erum vjer undirritaðir samþykkir.

Einar Hannesson, eigandi að Mælifellsá.

Ágúst Jónsson, umráðamaður Skottastaða.

Eggert Eggertsson eigandi Kúfustaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð 19. maí 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 13, bl. 8.

vottar

Lárus Blöndal



Landamerki Stafns.

Þessi eru landamerki fyrir jörðinni Stafni í Svartárdal, sem liggur í Bergsstaðasókn innan Bólstaðarhlíðarþinghár:

Að norðanverðu við Stafnsland ræður mitt Kúfustaðaklif, upp frá læk þeim, sem kemur framundan því, og rennur í Svartá; af nefndu klifi rjettsýnis á fjall upp í grjót-vörðu þá, sem stendur á hryggnum suður og vestur frá Kúfustaðaseli, og þaðan rjettsýnis í Káraskarð og norður á Þröskulda í Kiðaskarði; af Þröskuldum til suðurs, og af Kirkjubust beint suður í Reykjafjall í Hlaupakinnarhögg og í Hlaupakinnargilið neðst. Síðan ræður Einarsdalslækur ofan í Svartá.

Vestan Svartár á Háutungum austanverðum ræður að sunnan Aðalsmannsvatnalækur, sem fellur austur í Svartá og úr Aðalsmannsvatnalæk beint vestur í Fossá, og ræður hún þaðan norður á svonefndan Arnarhól gagnvart Kóngsgarðslandamerkjum. Norður af Arnarhóli ráða austanverðar Fossárdalsbrúnir ofan til gömlu Stafnsrjettar á sporðinum millum Svartár og Fossár. Vestan Fossár og Svartár byrja Stafnsteigar að sunnan gagnvart gömlu Stafnsrjett þvert upp á efstu brúnir í vörðu þá, er það stendur, og þaðan beint til norðurs á Lynghól, af honum niður í Svartá móts við fyrnefndan læk undir Kúfustaðaklifi.

Stafni, 16. maí 1883.

Bjarni Ólafsson

Framanritaðri landamerkjalyðingu erum við undirritaðir samþykkir

Eggert Eggertsson eigandi Kúfustaða.

Einar Hannesson eigandi Mælifellsár

Jóhann P. Pjetursson eigandi að Reykjasesli.

Gísli Ólafsson eigandi Eyindarstaðaheiðar

Jón Sveinsson vegna Mælifellsstaðar.

Jóhann Guðmundsson eigandi að Kóngsgarði

Magnús Pálsson eigandi að Teigakoti

Stefán M. Jónsson prestur fyrir kirkjujörðina Fossa.

Árni Hannesson eigandi að Hóli.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð 19. maí 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 14 bl. 8

vottar

Lárus Blöndal



1885

N^o 15

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Hæli í Torfalækjarhreppi

Að vestanverðu frá grjótvörðu við Rauðalækjarós, þar sem hann fellur norður í Hæslæk, og beina stefnu í Hælishól og Hælsvörðu, þaðan beint til Helluvörðu, frá henni til landsuðurs í vörðu, sem stendur á Egilsholti, þaðan líka stefnu í Grenshól. Frá Grenshól í landnorður í þverlæk, sem fellur norður í merkjapoll í Hæslæk. Að austan frá Merkjapalli heldur línan áfram norður í Moshól, og þaðan beint norður í Hryggkeldu, og svo niður í Hæslæk; ræður þá Hæslækur til fyrnefnds Rauðalækjaróss. –

Hvammi, 25. apríl 1884

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.jarða.

Þorsteinn Jónsson bóndi á Hæli

Hinsvegar skráðum landamerkjum fyrir Hæli erum vjer hjer undirritaðir samþykkir:

Erlendur Eysteinnsson eigandi í Stórugilá og Beinakeldu. –

Jónas Pjetursson Sigurbjörn Jónsson Stórugilár eigendur. –

Guðrún Jónsdóttir eigandi í Stórugilá. –

E. Halldórsson eigandi að Reykjum. –

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Torfalæk, 23. maí 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 15 bl. 9.

vottar.

Lárus Blöndal



1885.

N^o 16

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Hólabaki í Sveinsstaðahreppi og 1/3 hluta af eyðikotinu Ranhólum, sem byggður er með Hólabaki síðan 1853. –

Að sunnan milli Hólabaks og Umsvala ræður merkjum steinn, er stendur í svonefndum Votahvammi vestur við Gljúfurá, og frá honum beina línu austur yfir Umsvalaborgir í vörðu, sem hlaðin er á Einarsholti, og frá henni sömu stefnu að Vatnsdalshólalandi; þá að austan norður með því um steininn í mýrinni fyrir vestan brúnina og Vörðuhól í steina tvo í Kýrlág, og frá þeim beint til norðurs í vörðu, sem er vestur undan Ranhólakoti, eða því sem næst, og svo að norðan frá greindri vörðu meðfram Sveinstaðalandi vestur í stein, sem stendur á ásnum norður undan Hólabaki, og beint vestur í grjótvörðu á Leitisás, sem er hornvarða Hagalands. Frá henni beint til annarar vörðu, sem er suður undan Steinholtinu, og svo beint í mitt Landamerkjasyki, sem fellur í Hópið. Að vestanverðu frá fyrstnefndum steini í Votahvammi ræður Gljúfurá merkjum sem hún fellur í Hópið, og svo það að Landamerkjasyki. – Hólabak er ítak hálfar slægjur á móts við Vatnsdalshóla á Skriðuhólma, sem liggur milli hins forna árfarvegs^{og} Kvíslarinnar suður undan Hnausum. –

Hvammi, 22. maí 1885

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.jarða.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Sveinstöðum 26. maí 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 16 bl. 9. –

vottar.

Lárus Blöndal.



1885.

N^o 17.

Landamerkjaskrá fyrir eignarjörð minni Grundarkoti liggjandi í Sveinstaðahrepp.

Að norðan ræður landamerkjum til móts við Márstaði lína sú, er dregin er til austurs úr viðurkenndum marksteini í Flóðinu beint í skurð þann, er gjörður er á landamerkjum jarðanna, og svo skurðurinn og þaðan beina stefnu í gil upp undan skurðinum neðarlega í Vatnsdalsfjalli, og úr því bein lína til fjalls. Að austan verður ræður merkjum háfjallið, eptir því sem vötn falla. Að sunnan ræður merkjum, til móts við Hjallaland, gamalt garðlag, sem kallaður hefur verið landamerkjagarður, og úr garðinum bein stefna til fjalls, og úr neðri enda garðsins bein stefna í stein, er stendur í marklínu í Flóðinu. En að vestan ræður landamerkjum, til móts við Hnjúk og Breiðabólstað, hin viðurkennda marklína úr nefndum steini, er stendur austantil á svokallaðri Stórueyri eptir því sem línan var lögð í markstein þann, er stendur í Flóðinu vestur undan áðurnefndum skurði. Ítak til allra slægna á jörðin Hjallaland í þeim hluta Flóðsins, sem tilheyrir Grundarkoti, og ennfremur ítak til beitar allrar í svokölluðum Grundarkotsflóa. –

Hjallalandi, þann 6. maí 1885.

Jósep Einarsson

Samþykktur

Lárus Blöndal umráðamaður jarðarinnar Márstaða.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.-jarða

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Sveinstöðum 26. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 17. bl. 10.

vottar

B.G. Blöndal settur

in fidem

Lárus Blöndal



1885

N^o 18

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Saurbæ í Þverárhreppi.

Að norðan úr Gulakletti norðan til við Skipagarðavík og frá honum beina sjónhending upp til Bjarkalækjar, þar sem hann fellur fram úr Bjarkabungu, þaðan ræður Bjarkalækur til upptaka og síðan beinlínis til vörðu á Krossanesfellshala; frá þessari vörðu suður háfellið í merkjavörðu, sem er hornvarða milli Saurbæjar og Flatnefsstaða-landa; þaðan beina línu í Merkjalæk, þar sem hann fellur sem þverast niður úr brekkunum milli bæjanna Flatnefsstaða og Saurbæjar; þaðan beina línu í merkjavörðu niður við Kálfalæk; ræður þá lækurinn að merkjavörðu, sem stendur á norðari bakka lækjarins rjett fyrir ofan malarkambinn, og þaðan beina línu sem styttst er til sjáfar.

Staddir að Tjörn, 13. maí 1885.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.jarða

Þorlákur S. Guðmundsson eigandi Flatnefsstaða. –

Jón St. Þorláksson, prestur að Tjörn. –

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborg 27. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 18 bl. 10

vottar.

Lárus Blöndal

Sjá nr. 317, fol. 171-172



1885.

Nº 19.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Ósum í Þverárhreppi

Að sunnanverðu eru merki milli Hrísakots og Ósa, úr grjótvörðu, sem er á vatnsbökkunum upp af Merkjatanga í torfvörðu, sem stendur á mýrunum fyrir utan og neðan Hrísakot, og frá henni sömu stefnu í grjótvörðu á Ósafellsbrún; síðan sömu stefnu vestur að Þórsá; að vestan ræður Þórsá, sem hún fellur. Að norðan milli Ósa og Súluvalla ræður merkjum grjótvarða, er stendur á syðri lækjarbakkanum, er fellur til sjáfar sunnan til við klettinn Hvítserk, og svo beina línu úr þessari nefndu vörðu í aðra, er stendur á Hjallanum rjett sunnan við lækinn, er fellur fram af honum; síðan sömu stefnu í vörðu á Grafardalsbrún, sem ber við lopt að sjá frá vörðunni fyrir sunnan Hvítserk, og frá Grafardalsbrúnar-vörðunni eptir þessari stefnu línu vestur að Þórsá. –

p.t. Súluvöllum, 11. maí 1885

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.jarða

Hinsvegjar ritaðri merkjaskrá erum við undirritaðir samþykkir.

Staddir að Súluvöllum 11. maí 1885

Ábúandi að Hrískoti: Jón Jónsson (handsalað)

Ábúandi að Ósum: Benedikt Björnsson.

Ábúandi að Súluvöllum Jónas Jónasson (handsalað)

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborg, 27. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nº 19 bl.11. –

vottar

Lárus Blöndal



1885.

N^o 20

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Egilsstöðum í Þverárhreppi.

Að norðan ræður merkjum milli Egilsstaða og Tjarnar svo nefndur Hraunhóll, og frá honum beina línu í grjótvörðu, er stendur austan Katadalsár norðan við Illaskurð. Að austan við Egilsstaðaland ræður Katadalsá merkjum frá fyrnefndri vörðu til fremstu upptaka frá háfjallinu sem vötn að draga, og að sunnan og vestan hæst fjöll sem vötn að falla, norður um Kvígindisfell til fyrnefnds Hraunhóls.

Hvammi, 19. maí 1885

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.jarða

J.St. Þorláksson prestur að Tjörn.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborg 27. maí 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 20 bl. 11.

vottar.

Lárus Blöndal



1885.

N^o 21

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hindisvík í Þverárhreppi.

Að norðan frá Markvíkurhöfða til Háusnasar; þaðan beina línu til vörðu á Keldumynnisholti, og sömu línu til vörðu á Krossanefsfellshala; frá henni til upptaka Bjarkalækjar, og ræður síðan sá lækur, þar til er hann fellur fram úr Bjarkabungu, og svo þaðan beina sjónhending vestur til sjáfar í svokallaðan Gulaklett, norðan til við Skipagarðavík. – Á svæði því, er sjór girðir Hindisvíkurland, er eyðiskerið Fáskrúð, sem að öllu leyti tilheyrir nefndri jörðu, og sömuleiðis varpskerið Kálklettur, og ennfremur skerið Torfi norður undan vestari Markvík, þó þannig að jörðin Krossanes á hálfan reka og hálfu veiði í nefndu Torfaskeri móts við Hindisvík. –

Staddir að Hindisvík, 12. maí 1885.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þkl.-jarða

J.St. Þorláksson prestur að Tjörn

Sigurður Jónsson, ábúandi að Hindisvík.

G. Árnason vegna eiganda Krossaness.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborg, 27. maí 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 21 bl. 12. –

vottar.

Lárus Blöndal.

Sjá N^o 317, fol. 171-172



1885.

N^o 22

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Ægissíðu í Þverárhreppi

Að sunnan milli Ægissíðu og Kistu eru merki úr grjótvörðu, sem stendur á vatnsbökkunum skammt fyrir norðan Lambaklett, og frá henni beint á fjall upp eptir sem 2 vörður ofar á mýrunum benda til, og svo sömu línu vestur móts við Hellnafell á háfjallinu sem vötn að draga. Frá Hellnafelli norður háfjallið að Kýrlæk, og sem hann fellur í austur ofan í Þórsá. Að norðan milli Ægissíðu og Hrísakots ræður merkjum grjótvarða, sem stendur á vatnsbökkunum fyrir sunnan Litlanes, og frá henni beint eptir sem vörður benda til upp á fjallsbrún austari; þaðan norður brúnina á móts við merkjalínuna milli Hrísakots og Ósa, og svo vestur til Þórsár.

p.t. Ægissíðu, 11. maí 1885

B.G. Blöndal umboðsmaður Þkl.jarða.

Vegna ekkjunnar Guðbjargar Jónsdóttur og stjúpbarna hennar, eiganda Kistu, Þ.S. Þorláksson.

Magnús Kristinsson ábúandi á Ægissíðu. –
Jón Jónsson ábúandi á Hrískoti (handsalað)

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborg 27. maí 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 22 bl. 12.

vottar

Lárus Blöndal



1885.

N^o 23

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Hrísakoti í Þverárhreppi.

Að sunnan ræður merkjum móts við Ægissíðuland grjóttvarða, sem stendur á vatnsbakknum fyrir sunnan Litlanes, og frá henni eptir sem tvær vörður benda til beint upp á fjallsbrún þá, er ber við lopt að sjá frá fyrstnefndri grjóttvörðu, og svo norður eptir fjallsbrúninni að grjóttvörðu á Ósfellsbrún austari. Frá þeirri vörðu austur að torfuvörðu er stendur á mýrunum út og niður undan Hrísakotsbæ eða túni, og frá henni sömu stefnu í grjóttvörðu, sem er á bökkunum upp af Merkjatanga. Að austan ræður Vatnið. –

p.t. Hrísakoti 11. maí 1885.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þkl.jarða

Ábúandi á Hrísakoti: Jón Jónsson (handsalað.)

Magnús Kristinsson ábúandi á Ægissíðu. –

Benedikt Björnsson ábúandi á Ósum. –

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu, að Stóruborg 27. maí 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 23 bl. 13

vottar

Lárus Blöndal



1885.

N^o 24.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Súluvöllum í Þverárhreppi.

Að sunnan ræður merkjum milli Ósa og Súluvalla grjótvarða, sem er á syðri lækjarbakkanum, er fellur til sjáfar fyrir sunnan Hvítserk, og svo beina línu upp í vörðu, sem er á Hjallanum sunnan við lækinn, er fellur fram af honum, svo sömu stefnu í vörðu á Grafardalsbrún og þaðan sömu línu vestur í Þórisá; ræður hún þá merkjum að vestan sem hún fellur. Að norðan millum Súluvalla og Valdalækjar eru landamerki úr Rauðalæk, sunnan við Stórhöfða, þar sem hann fellur fram af bökkunum við sjóinn, og þaðan beina línu til vesturs upp í vörðu, sem ber við lopt að sjá frá Rauðalæk á bökkunum, og stendur á svo nefndri Háuborg, og frá henni sömu stefnulínu vestur í Þórsá.

Staddur á Súluvöllum, 11. maí 1885

B.G. Blöndal umboðsmaður.

Hinsvegar ritaðri landamerkjaskrá erum við undirritaðir samþykkt.

Valdalæk, 11. maí 1885

Jónas Jónasson ábúandi á Súluvöllum. –

Vigdís Ámundadóttir eigandi Valdalækjar.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborg 27. maí 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 24 bl. 13. –

vottar.

Lárus Blöndal



1885.

N^o 25.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Ásbjarnarstöðum í Kirkjuhvammshreppi.

Að sunnan milli Ásbjarnastaða og Þorgrímsstaða ræður svonefnt Merkjagil, og frá því bein lína austur til ár, eins frá Merkjagili til vesturs upp á háfjallið; ræður það þá að vestan sem vötn að falla norður um Sjónarhól og til merkjalínu Gnýstaða; þaðan að norðan austur til Gildru, sem einkennd er með vörðu, og frá henni beina línu í grjótvörðu, er stendur á háholtinu nálægt ánni fyrir norðan Svartabakka og Tungubæ og úr þessari vörðu sömu stefnu niður að ánni; ræður hún þá merkjum að austan sem hún fellur; þó heyrir undir Tungu engjapartur, sem nefnist Sandeyri, og liggur fyrir vestan ána, suður af Guddu-eyri, og suður og vestur undan Tjarnarhólma. –

Hvammi, 19. maí 1885

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða

Jón St. Þorláksson prestur að Tjörn

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Kirkjuhvammi 30. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 25 bl. 14.

vottar.

Lárus Blöndal



1885.

Nº 26

Landamerkjaskrá fyrir Þjóðjörðinni Bergstöðum í Kirkjuhvammshreppi. –

Að norðan ræður merkjum milli Bergstaða og Stapa svonefndur Markhöfði, er stendur við sjó skammt fyrir norðan ósinn á læk þeim, er fellur úr Stapavatni, og frá nefndum Markhöfða í grjótvörðu, er stendur á Langahjalla vestur undan Flóabyrgi, síðan er sama stefnulína austur á háfjall sem vötn að draga; ræður þá háfjallið merkjum að austan suður á Þröskuld og þaðan vestur í Brandaskarðsá, og svo sem hún fellur niður til sjáfar.

Staddur að Sauðadalsá, 15. maí 1885

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Hinsvegar ritari landamerkjaskrá fyrir Bergstöðum erum vjer undirritaðir samþykkir:

p.t. Sauðadalsá, 15. maí 1885

Jón Jónsson eigandi að 1/3 í Stöpum. –

Árni Jónsson eigandi að 2/3 í Stöpum

Eigandi að Sauðadalsá: Eggert Ámundason (handsalað)

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu, að Kirkjuhvammi, 30. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nº 26 bl. 14.

vottar.

Lárus Blöndal



1885.

N^o 27.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Gnýstöðum í Kirkjuhvammshreppi. –

Að sunnan frá sjó úr Krosshól til landsuðurs upp í Ausugeir, og þaðan sömu stefnu fyrir norðan Sjónarhól í Gildru, sem einkennd er með vörðu, og frá Gildru beina línu í grjótvörðu, er stendur á háholtinu nálægt ánni fyrir norðan Svartabakka og Tungubæ, og úr þeirri vörðu sömu stefnu til árinna; ræður þá Tungu og Tjarnará til sjáfar. – Þess skal getið, að Tjörn á, sem ítak, trjáreka í Árvík.

Hvammi, 19. maí 1885

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða

Jón Þorláksson prestur að Tjörn

Lesið upp fyrir manntalsþingi Húnavatnssýslu að Kirkjuhvammi 30. maí 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 27. bl. 15.

vottar.

Lárus Blöndal



1885.

N^o 28.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni „Spena“ í Fremri Torfastaða-hreppi. –

Framanvert við svo kallað Víðirnes á bakkanum við Miðfjarðará er nú hlaðin varða, sem skiptir landi milli Haugs og Spena, þaðan ræður sjónhending upp til Háuvörðu, sem svo er kölluð, og stendur hún á klettaborg upp í hálsinum; á þessari línu er stór steinn í mýri nokkuð ofar enn á miðri leið; á steininn er höggvið L.M. (það er: Landa Merki) Upp frá Háuvörðu eru 3 hólar í röð út og suður, sem heita Grjóthólar; sá, sem er í miðið, er með steinnybbu efst, og er á hana höggvið L.M. Þaðan ræður bein stefna vestur yfir hálsinn í norðurendann á svo kallaðri Hyrningstjörn, sem er hin stærsta í flóa norðan vert við Mosahryggi, á þessari línu eru hlaðnar merkjavörður. Þegar þar er komið, tekur við Litlu Þverár-land, og er því Hyrningstjörn hornmerki. Þaðan ræður bein stefna norður í Einbúa, þá þaðan í Landamerkjaborg; úr henni beint í svonefndan Landamerkjaklett; þaðan sjónhending austanhallt við 2 steina, er kallast Bræður, og niður eptir töglunum í einstakan sandhól við svokölluðu Landamerkjakeldu; á þessum hól er varða og kallast Landamerkjahóll; tekur þá við Litlutungu-land, og er hóllinn því hornmerki; þaðan ræður sjónhending ofan í skarð það, sem keldan rennur í gegn um melana, og er þar steinn í læknum ofan við veginn, merktur L.M. og annar steinn stór á línunni frá hólnum í skarðið merktur eins; úr kelduskarðinu ræður hin sama stefna ofan nesið og er þar hlaðin varða við vestustu kvísl árinna; þá er sama sjónhending yfir hólma þann, sem er milli kvíslarinnar og meginárinnar, þ.e. Miðfjarðará, og ræður hún merkjum fram til áðurgreindra takmarka. –

Þessi merki fyrir Spena-landi eru að mestu leyti skrásett eptir skriflegum vitnisburði gamallar konu, Helgu Guðmundsdóttur, sem tjáir sig hafa búið þar um og eptir næstliðin aldamót; vitnisburður þessi er dagsettur 30. desember 1849, og hafa þeir Jón Stefánsson, nú vinnumaður á Þorkelshóli, og Finnur Finnsson, bóndi á Finnmörk, sem báðir hafa verið á Spena, staðfest þennan vitnisburð.

Að öðru leyti hafa nú verið talin fleiri örnefni, og sett ný merki til að fá sem áreiðanlegust merki eptir beinni sjónhending, og er það gjört með samkomulagi við umráðamenn kringum liggjandi jarða. –

Eptir fullmakt í umboði eiganda Spena undirskrifa jeg þessa landamerkjaskrá 1. júní 1885 S.J. Hjaltalín.

Samþykkt af undirskrifuðum:

Jóhann Ásmundsson eigandi, bóndi á Haugi. –

Guðmundur Sigmundsson, bóndi á Litlu Þverá. –

Hjörtur Líndal, eigandi Litlutungu. –

Lesið upp fyrir manntalspingsrjetti Húnavatnssýslu að Núpsdalstungu 2. júní 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 28 bl. 15-16

vottar.

Lárus Blöndal



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1885

N^o 29

Merki fyrir jörðinni Huppahlíð í Miðfirði í Húnavatnssýslu. –

Að austan milli Huppahlíðar og Brekkulækjar eru merkin úr Litla bláhyl í Vestrá sjónhending í Stórabláhylshól, þaðan sjónhending í Fjárlágarmel fyrir ofan Torfsvatn; að norðan milli Huppahlíðar og Búrfells: úr Fjárlág sjónhending í Hávörðu, þaðan sjónhending í Selhólstjörn, þaðan sjónhending á sunnanverðan Moldbrekkuhól, þaðan sjónhending að Aurriðaá, þar sem hún fellur austan undir Reiðtjarnarholti; að vestan, fyrst milli Huppahlíðar og Þóroddsstaða í Hrútafirði, er stefnan undan sama Reiðtjarnarholti suður á Markapúfu, er ber beint í Klettaborg; því næst milli Huppahlíðar og Fallandastaða í Hrutafirði, sjónhending úr Klettaborg til suðurs yfir Landamerkjavatn hið vestara; því næst milli Huppahlíðar og Kollafoss, eptir læk þeim, er rennur úr Landamerkja-vatni vestara, og ræður hann merkjum til Vestrár; svo ræður Vestrá merkjum að fyrrnefndum Litlabláhyl. –

Þessu til staðfestu ritum við nöfn okkar hjer undir

Jón Jónsson eigandi Kollafoss. – Kollafossi, 31. maí 1885.

Daníel Jónsson eigandi Þóroddsstaða. Þóroddsstöðum 31. maí 1885

Þorvaldr Bjarnarson Mel í Miðfirði umráðamaður kirkjujarðanna Brekkulækjar, Búrfells og Fallandastaða.

Huppahlíð 31.d. maímán. 1885

Jóhanna Jóhannesdóttir. Jón Jónsson Eigendur Huppahlíðar.

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu, að Svarðbæli, 1. jún. 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 29. bl. 16.

vottar.

Lárus Blöndal



1885

N^o 30.

Landamerki fyrir kirkjujörðinni Húki í Vesturárdal í Fremri Torfastaðahreppi í Húnavatnssýslu.

–

Að vestan eru merki þessi milli Húks og jarðanna Brandagils, Staðar, Bálkastaða og Foss í Hrutafirði: Norðast bein stefna úr Hornvörðu fyrir austan Tangavatn í vörðu austan á Lestamannahól, vestan við Hólmavatn, úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu austan við Hrutsholt, þaðan sjónhending suður í Helgunybbu; þaðan sjónhending í austari Barnhússás, þaðan sjónhending í austanverða Nennis-(Ennis-)hóla, og þaðan í vörðu milli austari vatna; þaðan beina stefnu í Hyrnuás vestan til, í vörðu, sem þar er hlaðin; úr þeirri vörðu sjónhending í Brennkvísl austari, þar sem hún rennur í poll fyrir sunnan kvíslarkrókinn á kvísl þeirri, sem rennur úr Sljettafelli vestan við Yringafannir. Að sunnan eru merkin, milli Húks-heimalands og Húks-afrijettar, eptir beinni línu úr nefndum polli austur í Vesturá. Að austan ræður Vesturá merkjum. Að norðan eru merki þessi milli Húks og Kollafoss: Frá Vesturá fyrir sunnan svokallaðan Tanga eptir skurði sem liggur ofan úr brúninni; síðan ræður sjónhending frá upptökum skurðarins í Hólmavatnshól; þaðan sjónhending í Hornvörðu þá, er áður er nefnd austanvert við Tangavatn. – Framangreind landamerki samþykkja:

Jón Jónsson á Melum (eigandi jarðarinnar Foss)

Ólafur Brandsson (eigandi Bálkastaða)

Stefán Guðmundsson (eigandi Brandagils)

Fyrir hönd Páls prófasts Ólafssonar umboðsmaður Staðar: Ólafur Brandsson

Jón Jónsson, eigandi jarðarinnar Kollafoss.

Staðarbakka 31.d. maímánaðar 1885

Lárus Eysteinnsson

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Núpsdalstungu, 2. júní 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 30 bl. 17.

vottar.

B.G. Blöndal, settur

in fidem

Lárus Blöndal



1885.

N^o 31

Lýsing á merkjum jarðarinnar Kollafoss, liggjandi í Fremra Torfastaðahreppi í Húnavatnssýslu

Á móts við Húksland að sunnanverðu eru merkin frá Vesturá fyrir sunnan svo kallaðan Tanga, eptir skurði, sem fellur úr brúninni, svo ræður sjónhending úr upptökum skurðarins í Hólmavatnshól, þaðan sjónhending í Merkjavörðu austanvert við Tangavatn. Að vestan eru merkin móts við Brandagilsland úr nefndri Merkjavörðu í vörðubrot á Stórhæð, sem liggur á merkjum Geithóls og Kollafoss, svo þaðan sjónhending í Hvalhól á merkjum Oddstaða og Kollafoss; úr Hvalból sjónhending í vestara Landamerkjavatn á merkjum Fallandastaða og Kollafoss; úr Landamerkjavatni fellur í austur svo nefndur Landamerkjalækur, sem ræður merkjum niður í Vesturá móts við Huppahlíðar land að norðan. Þá ræður Vesturá allt að hinum upphaflega tilgreindu merkjum.

B. Samkvæmt samningi eiganda jarðanna Kollafoss og Geithóls er ábúanda Geithóls heimilað að nota slægjublett með svonefndum Rollulæk, austur að tjörn, sem lækurinn fellur úr.

Framangreind landamerki milli Kollafoss og Húks samþykkir umboðsmaður jarðarinnar Húks: Lárus Eysteinnsson.

Þorvaldr Bjarnarson Mel í Miðfirði, að því er snertir Fallandastaði. –

Jón Jónsson, Jóhanna Jóhannesdóttir eigendur Huppahlíðar.

Samþykkur, því að snertir landamerki milli Brandagils og Kollafoss:
Stefán Guðmundsson (handsalað).

Samþykkur, því er snertir landamerki milli Geithóls og Kollafoss:
Ásbjörn Jonsson (handsalað)

Samþykkur, að því er snertir landamerki milli Oddsstaða og Kollafoss:
Daníel Guðmundsson

Kollafossi. 24. maí 1885

Jón Jónsson (handsalað)

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Núpðalstungu, 2. júní 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 31 bl. 17.

vottar

B.G. Blöndal settur

in fidem

Lárus Blöndal



1885.

Nº 32

Landamerki jarðarinnar Foss í Staðarhreppi. –

1. Að norðanverðu sjónhending úr nybbu þeirri, sem er framanvert við læk þann neðarlega, sem nefndur er Landamerkjælækur og í nybbu á Hesthól á brúninni og þaðan í vörðu norðanvert við Votukeldu, þaðan sömu sjónhending austur hálsinn í Barnhússás. –
2. Að austanverðu milli Foss og Húks úr austurenda Barnhússáss suður í austanverða Nennishóla í vörðu á milli austari vatna; þaðan beinlínis í Hyrnuásvörðu
3. Að sunnanverðu eptir Hyrnuás, og úr vesturenda hans, sjónhending í Fitjalæk, þar sem hann fellur í Síká.
4. Að vestanverðu ræður Síká alla leið að fyrst greindum merkjum

Melum 9. apríl 1885

Jón Jónsson eigandi jarðarinnar Foss

Þessi merki samþykkir umráðamaður Húks: Lárus Eysteinnsson
Þessi merki samþykkir Ólafur Brandsson eigari að Bálkastöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Þóroddsstöðum, hinn 4. júní 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nº 32 bl. 18.

vottar

B.G. Blöndal settur

in fidem

Lárus Blöndal



1885.

N^o 33

Landamerkjaskrá fyrir Brandagilsland

Að utanverðu ræður Geithóslækur í krók á læknum ofan til við brúnina; þaðan sjónhending í Sandhólsnybbu, þaðan í Einbúa, þaðan sjónhending í krossmarkaðan stein á Grensbrekkum, fyrir utan Leirskurð; sjónhending þaðan í stein fyrir vestan Geithólsvatn; þaðan sjónhending í vörðu fyrir vestan Stóra-grenshól; þaðan sjónhending í vörðu fyrir austan Tangavatn, þaðan sjónhending fram í vörðu austan til í austari Lestamannahól og þaðan sjónhending í vörðu austur af Hrútshól; Úr Hrútshól sjónhending í Grjótárós efri, síðan ræður Grjótá eptir elzta farvegi hennar (er merktur verður með vörðu) ofan í Hrútarfjarðará; úr Hrúta-fjarðará ræður inn forni Grjótárós fyrir framan Sjáfarhólma og Brandagilshólma en austan Brúnkuhólma til sjáfar; á leirunum ræður síðan sjónhending út miðja leirana, gegnt Geithóslæk.

Brandagil, 22. maí 1885

Stefán Guðmundsson

Samþykkt af Ásbirni Jónssyni eiganda að Geithól

Þessi landamerki samþykkja:

Fyrir Staðarland: Páll Ólafsson prestur

Fyrir Kollafossland: Jón Jónsson eigandi (handsalað St. Guðmundssyni.)

Samþykkir umráðamaður Húks Lárus Eysteinnsson.

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Þóroddsstöðum 4. júní 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 33 bl 18.

vottar

B.G. Blöndal settur:

in fidem

Lárus Blöndal



1885.

N^o 34

Landamerki Hrútatungu

1. Að norðan verðu, bein sjónhending milli Arnstapa tveggja milli Hrútafjarðará- og Sykár. –
2. Að austanverðu ræður Syká allt fram á fjall, þar til í hana fellur kvísl sú, er Tungukvísl nefnist. –
3. Að sunnanverðu ræður Tungukvísl þar til kemur vestur þangað, sem krókur er á henni, þá sjónhending úr þeim krók vestur eptir, allt þar til vestanvert á Hveraborgarhæðir. –
4. Að vestanverðu, vestanvert af Hveraborgarhæðum sjónhending í hæsta Skjaldbreið, þaðan í Gatnahól, svo eptir Hátungunni norður í Steinaborg, þaðan norðvestur í Landamerkjasteina, þaðan beygjast landamerkin aptur vestur í Landamerkjahól og sömu sjónhending til Hrútafjarðará og svo ræður hún til hinnar fyrst nefndu merkjalínu.

Melum, 6. dag maimánaðar
Jón Jónsson

Til samþykkis framangreindum landamerkjum vildu hlutaðeigandi jarðeigendur rita hjer á nöfn sín.

Björn Gunnlaugsson eigandi og umráðamaður hálfra Óspaksstaða. –
Sveinn Jónsson á Þóroddsstöðum

Hvað samþykki mitt sem eiganda Bálkastaða snertir, þá – af því að þessari eignarjörðu minni hefur verið eignað land vestan þann farveg, sem Syká nú rennur eptir, en óvíst hve mikið –, áskil jeg að njóta hins hálfra rjettartolls, sem goldinn verður fyrir brúkun Hrútartungurjettar meðan jeg lifi og er á Bálkastöðum, en eigi lengur. Að öðru leyti samþykki jeg landamerki þau, sem að framan eru rituð.

Ólafur Brandsson

Þessu skilyrði Ólafs Brandssonar er jeg samþykkur
Jón Jónsson.

Framanrituð landamerki samþykkir vegna Staðarlands: Páll Ólafsson prestur að Stað.

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Þóroddsstöðum 4. júní 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 34 bl. 19.

vottar
Lárus Blöndal



1885.

Nº 35

Landamerkjaskrá fyrir Stað í Hrútafirði.

Að vestanverðu ræður svonefnt Brúkusýki, og síðan fram eptir hólmunum forn farvegur, er sker sundur hólmana endilanga; yfir Langhólma liggur farvegur þessi í stefnu austan vert við Fjarðarhornsbæ. Farvegur þessi ræður fram eptir unz komið er í sjónhendingu þá, er liggur milli Arnstapa tveggja, og er lína sú vestast á merkjum Staðar að sunnanverðu. Frá Arnstapa hinum eystri ræður stefnan í vörðu, er stendur ofan til við götuna milli Bálkastaða og Staðar; úr vörðunni sjónhending í stóra steina á holti í halsbrúninni, og nefndir eru Þristeinar; þaðan sjónhending yfir Grensvatn og Hleiflá? í Helgunybbur, og eptir þeim austur í þá austustu; þaðan sjónhending norður eptir hálsinum í vörðu austur af Hrútshól. Að utanverðu ræður sýki það, er liggur fyrir austan Brúkuhólma en framan Sjáfarhólma og Brandagilshólma austur í Hrútafjarðará; úr Hrútafjarðará ræður hinn elsti farvegur Grjótár upp að gili því, er Grjótá fellur úr ofan á eyrina, og verður sá farvegur merktur með vörðu; síðan ræður Grjótá til Grjótárvatns, síðan sjónhending úr Grjótárós (við vatnið) í Hrútshól. –

Prestsbakka, 22. maí 1885

Páll Ólafsson

Hinsvegar skrifuð landamerki samþykkja:

Fyrir Bálkastaðaland: Ólafur Brandsson, sem eigari.

Fyrir Brandagilsland: Stefán Guðmundsson (eigandi)

Jón Jónsson vegna Mela og Hrútatungu

Samþykkir umboðsmaður Húks: Lárus Eysteinnsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Þóroddsstöðum 4. júní. 1885, og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nº 35. bl. 19.

vottar

B.G. Blöndal settur

in fidem

Lárus Blöndal



1886.

N^o 36

Landamerkjaskrá fyrir Hvammi í Laxárdal í Bólstaðarhlíðarhreppi. –

Að sunnan milli Hvamms og Mjóadals ræður merkjum Oddsá ofan til Gautsdalsár; frá Oddsá ræður merkjum Gautsdalsá til norður gagnvart læk þeim, er fellur í hana vestan úr Langadalsfjalli, og talinn er landamerkjælækur milli Gautsdals og Auðúlfsstaðaparts. Móts við tjeðan læk ræður merkjum bein stefna til austurs milli Hvamms og Merkur í Tungulæk, þar sem hann fellur af fjallsbrún í norðaustur frá Hvammi, og þaðan framhaldandi bein stefna í Yztahorn; þaðan beinlínis austur yfir fjall í Harðarlæk til Víðirdalsár; ræður svo Víðirdalsá merkjum til suðurs að Grákolludalslæk, sem fellur ofan úr Laxárdalsfjalli í ána. Frá upptökum lækjar þessa, eða úr Grákolludalsbotni ræður bein stefna til vesturs á Syðrahorn og þaðan til fyrrnefndrar Oddsár, þar sem hún fellur í svonefnda Oddsárkatla

Hvammi, 17. maí 1886.

Gísli Bjarnason

Framanskriafaðri landamerkjaskrá erum við undirritaðir eigendur og umráðamenn nærliggjandi jarða að öllu leyti samþykkir

Jóh. Fr. Sigvaldason.

Guðmundur Jónsson.

Pálmi Sigurðsson.

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð h. 20. maí 1886, og innfærð í landamerkjabók sýslunnar N^o 36 bl. 20

vottar

Lárus Blöndal



1886.

N^o 37

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Rugludal í Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatnssýslu. –

Að austan ræður alfaravegur sá, er liggur fyrir austan Rugludal, norðan frá Háuskriðu, sem ræður landamerkjum að norðan allt suður í Rugludalsmynnið, eða gil það, sem liggur austur úr dalnum syðst, og sem kallað er Syðri Austurdalur; þaðan sunnanvert við Rugludalsbungu beint vestur til Kolluhvammsgrens; þaðan í Blöndugil. Þaðan ræður Blanda norður á móts við fyrstnefnda Háuskriðu.

Ási, 12. apríl 1883

Ólafur Sigurðsson

Að því leyti sem land mitt liggur á móts við Rugludalsland, sem er að sunnanverðu er jeg að öllu leyti samþykkur

Eyvindarstöðum 23. apríl 1883

Gísli Ólafsson

Jeg sem eigandi Sellands, er land á norðan að hjernefndum landamerkjum er ofanskrifuðu samþykkur

Bollastöðum, 23. apr. 1883

Guðm. Gíslason

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð, 20. maí 1886 og síðan innfærð í landamerkjabók sýslunnar N^o 37 fol. 20.

vottar.

Lárus Blöndal



1886.

N^o 38

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Mörk í Bólstaðarhlíðarhreppi

Að sunnan ræður landamerkjum bein lína úr Skurðskjapti og í Tungulæk þar sem hann fellur ofan af fjallsbrúninni; þaðan aptur sjónhending í Yzta hornið. Austan megin fjallsins ræður Harðarlækur landamerkjum unz hann fellur í Víðidalsá. Að austan ræður Víðidalsá landamerkjum út að læk þeim, er fellur að vestan úr Litlavatnsskarði, en hann ræður merkjum að norðan unz hann þrýtur, en þaðan bein lína eptir holtum þeim tveimur, er liggja hvazt vestur undan öðru í Merkurflóa, en úr vestara holtinu sjónhending í Grundarhól, og þaðan í tjörnina sunnanverða, en eptir tjörninni liggja merkin að lækjarós þeim, er úr henni fellur. Eptir það ræður landamerkjum lækur þessi, er nefnist Vatnsskarðsá ofan gagnvart Stóranesi, en þaðan bein lína í landamerkjavörðu þá, sem hlaðin er við sýki það, sem fellur beint til suðurs eptir lágflóanum. Að vestan ræður merkjum fyggreint sýki, unz það fellur í Vatnsskarðsá, en hún síðan til Skurðskjapts þess, er áður var nefndur, en hann liggur að vestanverðu árinna

Mörk, 18. maí 1886

Guðmundur Jónsson

Framanritaða landamerkjaskrá samþykkjum við undirritaðir eigendur og umráðamenn nærliggjandi jarða

Hannes Kristjánsson (handsalað)

Gísli Bjarnason (handsalað)

Í umboði eiganda Litlavatnsskarðs, óðalsbónda Árna Sigurðssonar í Höfnum

Jóh. Fr. Sigvaldsson

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð, 20. maí 1886 og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 38 fol. 21. –

vottar

Lárus Blöndal



1886.

Nº 39

Landamerki Skeggstaða í Bólstaðarhlíðarhreppi innan Húnavatnssýslu eru þessi: –

Að sunnan ræður rjett stefna frá vörðu, er sett er á bakka Svartár upp í miðjan læk þann, er rennur ofan í Svartá fyrir sunnan svokallað Torfleiti, og úr læk þessum beint upp á hábrún Brúnarfells í vörðu, er stendur á hæsta hrygg þess; þaðan rjettsýnis norður á þröskuld í vörðu, er þar stendur; þaðan beinleiðis norður í vörðu á Tungufjalli, þar sem eru hornmerki Finnstungu og Syðratungukots. Frá þessu hornmerki verða landamerkin að norðan austur í vörðu á þröskuldi á Finnadal og þaðan rjettsýnis efst í Svartagil út og yfir undan Bólstaðarhlíð, og ræður þá Svartagil úr því og austur í Svartá. Þessi norðurlína fyrir Skeggsstaðalandi er samningur milli mín, Sigurðar Sigurðssonar, eiganda Skeggastaða, og mín, Jónasar Jónssonar, eiganda Finnstungu, og skal eptir þessum samningi Finnstungubóndi eigi hafa Finnadal (eigi) til hrossa beitar þau sumur, sem Skeggjastaðabóndi ætlar að slá á Kílaskarði. En sje eigi þessi samningur haldinn af Finnstungubónnda, áskil jeg, Sig Sigurðsson mjer eða jörðinni rjett til að norðurmerki Skeggjastaða sjeu frá áður nefndu hornmerki milli Finnstungu og Syðrakots bein lína austur í áður nefnt Svartagil. Svartá ræður merkjum að austan. –

Skeggstöðum, 17. mai 1886

Sigurður Sigurðsson

Þessum landamerkjum erum við undirritaðir samþykkir

Halldór Guðmundsson, eigandi Brúnar. –

St.M. Jónsson umráðamaður Blöndudalshóla. –

Jónas Jónsson eigandi Finnstungu.

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð, 20. mai 1886, og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nº 39 fol. 21.

vottur

Lárus Blöndal



1886.

N^o 40

Skrá um landamerki Ytra Tungukots í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Að utan og austan ræður Svartá merkjum suður að Grjótgarði við Finnlæk; frá Grjótgarði ræður bein stefna í vestur, sem Grjótvröður vísa að Bakkadragi; frá Bakkadragi ræður merkjum Blanda norður til Svartár.

Ytra Tungukoti, 17. maí 1886

Guðrún Arnórsdóttir eigandi Ytra Tungukots

Þessum merkjum er jeg undirritaður samþykkur

Jónas Jónsson, eigandi Finnstungu.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð, 20. maí 1886, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 40 fol. 22

vottar

Lárus Blöndal



1886.

N^o 41

Hjer með lýsist landamerkjum jarðarinnar Syðra Tungukots í Blöndudal, á þá leið, er nú skal greina:

Að austan milli Skeggstaða og Tungukots ræður Þröskuldur; þaðan til vesturs milli Blöndudalshóla og Kots ræður fyrst bein stefna að lækjarupptökum að þeim læk, er fellur vestur úr skarðinu til Blöndu; þá sami lækur niður hlíðina niður á Stekkjargrund; þaðan bein lína til Blöndu sunnanvert við Kotshamar; þaðan ræður Blanda merkjum til norðurs, út að Gildrumelshvammi, í stóran stein, flatan að ofan, sem er merkjasteinn að neðan, milli Syðra Tungukots og Finnstungu; þaðan bein lína upp og austur í grjótvörðu á Tunguhólahorninu, sunnanvert við Tunguskálar, og þaðan eptir sömu línu austur á fjallið í Grjótvörðu á Ytri Skarðsbrúninni; þaðan til suðurs bein stefna í fyrnefndan þröskuld vestanvert Kýlaskarð.

p.t. Bólstaðarhlíð, 20. maí 1886

St. M. Jónsson prestur. –

Jónas Jónsson eigandi Finnstungu. –

S. Sigurðsson, eigandi Skeggstaða. –

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð, 20. maí 1886 og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 41. fol. 22.

vottar

Lárus Blöndal



1886.

N^o 42

Landamerkjaskrá fyrir landi jarðarinnar Bollastaða í Blöndudal

Að norðan ræður merkjum frá Blöndu lækur sá, er Hrúthagalækur er nefndur, og fellur úr svo nefndri Gróf eður Hólagili; liggja merkin upp hinn syðra barm Grófarinnar, og úr henni (grófinni) ræður bein stefna á Háþrælsfell (í austari þúfuna); þaðan ráða beinni stefnu frameptir há miðásu 3 þúfur, í fullt suður, hver í beinni línu undan annari; enn er hin 4. þúfa, og stendur hún við austur-jaðar á plázi því, er fremra Hnappaþýfi heitir; þaðan ræður enn bein stefna til hinnar 5. þúfu, er stendur á ás fyrir norðan Leirtjörn (vestari Leirtjörn), nálægt hinum svo nefnda Skínandi vegi; þessi síðastnefnda þúfa myndar suð-austurhorn landsins, því frá henni í fullt vestur ræður merkjum bein stefna í hól, er stendur við Reiðgötur austanverðar (þ.e. fyrir austan hinn svo nefnda Sellandsborgaveg); þaðan ræður stefnu til norðurs Sellandsborgavegur, að Þvergili, og það ræður merkjum til Blöndu, og hún svo gegnt hinum fyrst-nefndum landamerkjum.

Bollastöðum 15. maí 1886

Guðmundur Gíslason

Framan og ofanskrifaða landamerkjaskrá samþykkjum við undirskrifaðir eigendur og ábúendur þeirra jarða, sem lönd eiga að.

Magnús Andrjesson eigandi Steinár. –

Gísli Ólafsson eigandi Eyvindarstaða

Björn Guðmundsson vegna Steinárgerðis.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð, 20. maí 1886 og innfærð í landamerkjabók sýslunnar N^o 42 fol. 23

vottar

Lárus Blöndal



1886.

Nº 43

Landamerkjabrjef jarðarinnar Steinár í Bólstaðarhlíðarhreppi. –

Að sunnan milli Hóls og Steinár ræður merkjum sjónhending úr Svartá í laut þá, sem kölluð er landamerkjalaus, sem er næst fyrir sunnan túnið; síðan ræður merkjum sjónhending úr garðlagi því, sem er efst í Landamerkjalaus, og þvert upp í lestaveg; þar beygjast þau eptir honum í suður og í Hávörðu, og úr henni sjónhending í há Hólsbungu, og úr henni í Hanzkafell. Þá tekur við að framan Eyvindarstaðaheiði, og ræður merkjum þar á milli sjónhending úr Hanzkafelli til norðvesturs í Tvíhóla, þá beygjast merkin aptur til norðurs í vestari Leirtjörn, og úr henni í þúfu, sem er austan til við Sellandsborgir. Þá ræður merkjum milli Steinár og Bollastaða bein stefna úr nefndri þúfu í Miðásenda fremri; síðan eru merkin eptir há Miðásum í merkjaþúfu þá sem er skammt fyrir sunnan Fálkahól; þá tekur við Steinárgerðisland, og ræður merkjum þar í milli bein stefna til norðausturs yfir Einbúaflá í Birgisvörðu, sem er út og vestur undan Einbúa, halda svo merkin sömu stefnu í Klofastein, sem er út og uppundan efri Tvíhól og úr honum í merkjagarð, sem er út undan neðri Tvíhól; þaðan þvert ofan í svo nefnda Skjöldulág og eptir henni og þvert ofan í Svartá, sem ræður svo merkjum að austan. –

Steiná, 15. maí 1886.

Magnús Andrjesson. –

Framan og ofanskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir.

Guðm. Gíslason vegna Bollastaða. –

Gísli Ólafsson fyrir Eyvindarstaðaheiði

Sigurður Jakopsson fyrir Hól

Björn Guðmundsson, Dagbjört Kráksdóttir, eigendur Steinárgerðis.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð, 20. maí 1886, og innfært í ~~manntals~~landamerkjabók sýslunnar Nº 43 fol. 23.

vottar

Lárus Blöndal



1886

N^o 44.

Skrá um landamerki Finnstungu í Bólstaðarhlíðarhrepp.

Að austanverðu í Finnstungufjalli ræður merkjum milli Finnstungu og Skeggstaða Svartagil upp að fjallsbrún; þaðan, eða frá Svartagilsbotni bein stefna suður fjallið fyrir austan Grænlágar og suður í Þröskuldi sunnanvert við Finnsdal. Frá Þröskuldi ræður merkjum bein stefna í vestur yfir Grenborg og vestur í fjallið í Grjótvröðu á Skarðshlíðarbrúninni beint norður af Þröskuldi á Kílaskarð; úr grjótvröðu þessari vestur fjallið og vestur af brúninni í grjótvröðu á melhól sunnanvert við Tunguskálar; frá melhól þessum beina stefnu í vestur til Blöndu sunnanvert við Gildrumelshvamm, og er þar stór steinn jarðfastur (flatir ofan) vísar til merkja; ræður svo áin Blanda merkjum norður eptir út á móts við svonefnt Bakkadrag. Frá Bakkadragi ræður bein stefna í austur, eins og grjótvröður vísa austur í grjótgarð við Svartá norðan við Finnslæk; ræður svo Svartá merkjum suður að fyrnefndu Svartagili

Finnstungu 17. maí 1886

Guðrún Arnórsdóttir eigandi Ytratungukots

Jónas Jónsson (eigandi Finnstungu)

St.M. Jónsson, umráðamaður Syðratungukots.

Guðm. Klemensson, eigandi Bólstaðarhlíðar.

S. Sigurðsson, eigandi Skeggstaða.

Með tilliti til hrossabeitar af hendi Finnstungu-bónda á Finnadal skal skírskotað til samnings okkar hlutaðeiganda jarðeiganda í landamerkjaskrá fyrir jörðinni Skeggstöðum dagsettri í dag.

S. Sigurðsson, eiganda Skeggstaða. –

Jónas Jónsson, eigandi Finnstungu.

Lesið fyrir manntalsþingi Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð, 20. maí 1886, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 44 bl. 24. –

vottar

Lárus Blöndal



1886

N^o. 45

Landamerkjalýsing fyrir Móbergslanðareign. –

Milli Móbergs og Hamars ræður Blanda merkjum fyrir vestan svokallaðan Móbergshólma. En á milli Móbergs og Strjúgsstaða ræður lækur sá, er rennur mitt á milli þessara bæja, og úr þeim læk í svo kallaðan landamerkjagarð, er liggur neðantil í Votulág, og úr efri enda garðsins beina stefnu í stóra þúfu, er stendur ofantil í Votulág, og þaðan beina stefnu sunnanvert við Grjótkeiil, og þaðan syðst á Móbergsnybbu; en þaðan beina línu austur á fjallsbrún yfir Fagrabotni (en þar tekur Grundarkotsland við að austan) og þaðan út eptir fjallsbrúninni út í syðra Grasahlíðargilsbotn, sem liggur að vestan á móts við Sauðaðalsbotn er að austan liggur, og þaðan niður með þeim læk, sem hefur upptök sín í Grasahlíðargilsbotni, og aðskilur Móbergs og Holtastaðaland, en þegar kemur langt niður eptir Brunnárdal, er lækur þessi, og með henni niður í Hvammsárgilskjapt og þaðan ræður bein sjónhending til Blöndu, er stefnir í norður enda á svokölluðu Hamarsbergi vestan megin Blöndu. Ofanskrifaða landamerkjalýsing samþykkjum vjer undirritaðir.

Móbergi 20. maí 1886

Halldór Konráðsson

Guðm. Gíslason (vegna Grundarkots)

Jón Guðmundsson (eigandi Strjúgsstaða)

J. Jónatansson (vegna Holtastaða)

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Engihlíð, 22. maí 1886 og innfærð í landamerkjabók sýslunnar N^o 45 fol. 24.

vottar

Lárus Blöndal



1886.

N^o 46

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Fjalli á Skagaströnd.

Að norðan ræður bein stefna frá merkjaþúfu við foss í Langavatnsá, austur í Langavatn. Þaðan ræður vatnið í suður fram til Landamerkjabreiðar í Víðirlægðafjalli. Þaðan beint úr nefndu vatni í vestur upp í litla þúfu á austurbrún Víðirlægðafjallsins; úr henni vestur í Litlaskarð. Þaðan ræður landamerkjalækur niður fjallið til Norðurár. Þaðan í miðja Kringlumýri, og vottar þar fyrir gömlu og óljósu garðlagi í útnorður. Þaðan í Miðaptansvörðu á Ásabrún. Frá henni norður í vörðu á Mosásenda nyrðri. Þaðan til austurs í stóran stein, er Trölli heitir á Moldás, frá honum í fyrstnefnda Merkjaþúfu við Langavatnsá.

Prestssetrið Hof á holt og haga að vestanverðu í Moldás móts við Fjall; þaðan út í Lómatjarnir.

Ási, 16. febr. 1884

Ólafur Sigurðsson umboðsmaður Reynistaðakl.

Framanritaðri merkjalýsing er eg samþykkur að því er til Hofslands kemur

Hofi 23. febr. 1884

J. Magnússon

Sömu leiðis jeg undirritaður að því er snertir Örlygsstaðaland

p.t. Hofi, 23. febr. 1884

Jón Jóhannsson (handsalað)

B.G. Blöndal umb.maður jarðarinnar Hvammkots.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Viðvík, 24. maí 1886 og innfærð í landamerkjabók sýslunnar N^o 46 fol. 25

vottar

Lárus Blöndal



1886

N^o 47.

(Sjá N^o 3 & 4 að framan.)

Í tilefni af landamerkjaskráum fyrir þjóðjörðunum Holti (N^o 3) og Húnsstöðum (N^o 4), sem gjörðar voru 25. apríl 1884, og þinglesnar að Torfalæk 29. maí s.á. hefur amtmaðurinn yfir norður og austuramtinu, með brjefi, dags. 15. ágúst 1885, skipað svo fyrir, að samin verði viðauka-merkjaskrá

fyrir tjeðum þjóðjörðum, og verður hún á þess leið :

Landamerkjalinna sú, sem nefnd er í merkjaskránum frá 25. apríl 1884 milli Holts og Húnsstaða, frá fossinum í Brúarlæk norður að vörðu við Laxá nálægt Prestavaði, skal haldast óbreytt, en Holt skal þó eingöngu eiga og nota, eins og að undanfögnu hefur verið gjört, laxveiðalagnir niður með Laxá sunnanverðri að svonefndri Stokkakeldu (neðri) hvar tvær vörður skulu hlaðnar til glöggra merkja um það, hvað Holt eigi langt veiðirjett niður með Laxá, og Húnsstaðir uppmeð henni, sem er að eins að greindum merkjum Stokkakeldu (neðri) og vörðunum. Að öðru en þessu standa fyrrnefndar merkjaskrár frá 1884 jarðanna Holts og Húnsstaða óbreyttar.

Hvammi 13. maí 1886

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Torfalæk, 26. maí 1886 og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 47. fol. 25.

vottar

Lárus Blöndal



1886.

N^o 48

Skrá um landamerki jarðarinnar Torfalækjar í Torfalækjarhreppi. –

Að sunnan ræður merkjum milli jarðanna Torfalækjar og Hælis Bakkakelda, er liggur að Torfalæk að austan, við upptök á vatnsveitingaskurði þeim, er lagður er út og ofan á flóa; ræður síðan merkjum lækurinn ofan á móts við Skinnastaðaland, og síðan alla leið ofan að þjóðvegi þeim, er liggur eptir Skinnastaðahöfða; þaðan eru merki að vestan bein lína í norður í svo kallað Mógil, sem liggur sunnan við svo nefndan Skeiðmel, sem er suður og niður undan Húnsstöðum. Úr Mógili þessu eru merki að norðan gagnvart Húnsstaðalandi bein lína í austur í vörðu þá, er úr torfi upp á flóa; og þaðan beina línu austur í Grástein, er stendur sunnanvert við Kringlumýri. Síðan eru merki frá Grásteini þessum bein lína í norður í svo kallaða Fossa í Brúarlæk. Uppfrá fossum þessum ræður lækurinn merkjum gagnvart Holtslandi í austur, að Kerlingarhól, sem stendur austan vert við Breiðásflóa. Frá Kerlingarhól eru merki að austan gagnvart Meðalheimslandi bein lína suður í áður nefnda Bakkakeldu, sem eins og áður er getið liggur að Torfalæk. Á línunni frá Kerlingarhól að Bakkakeldu er hlaðin merkjavarða.

Torfalæk, 15. dag júlí 1885

Sigríður Jónsdóttir Sigurlaug Jónsdóttir eigendur að Torfalæk. –

Framanskriðuðum landamerkjum er samþykktur

B.G. Blöndal, umboðsmaður þjóðjarðanna Hælis, Skinnastaða, Húnsstaða og Holts.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Torfalæk, 26. maí 1886 og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 48 fol. 26.

vottar

Lárus Blöndal



1886

N^o 49

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Vakurstöðum í Vindhælishreppi. –

Að vestanverðu millum Vakurstaða og Vindhælislanda ræður merkjum Álfagrófarlækur, svo sem hann fellur úr Álfagrófarskál niður fjallið, og þaðan beint niður til Hallár. Að norðan ræður merkjum hæzt fjall, sem vötn að falla til suðurs í Hallárdal. Að austan milli Vakurstaða og Sæmundar^{unnar}staða ræður merkjum Seljadalslækur, sem hann fellur af fjalli ofan sem beinast til Hallár. Að sunnan ræður Hallá, sem hún fellur frá Seljadalslæk til Álfagrófarlækjar.

P.t. Vakurstöðum 5. ág. 1886

B.G. Blöndal umboðsmaður þkl.jarða. –

Hinsvegarritaðri merkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Vakurstöðum erum vjer undirritaðir samþykkir

Kristmundur Þorbergsson J. Jósepson eigendur Sæunnarstaða

Þórdís Ebenezesdóttir eigandi Vindhælis (handsalað nafn.)

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Viðvík, 24. maí 1886 og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 49 fol. 26.



1886

N^o 50

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Sveinsstöðum í Sveinstaðahreppi, og 2/3 hlutum af eyðikotinu Ranhólum, sem byggðir eru með Sveinsstöðum síðan 1853 að 1/3, en notaðir að 2/3. –

Frá Skriðuvaðinu eptir því sem vegurinn ræður vestur í norðanverðum Hólunum að Tíðarskarðsskurði, og þaðan beint í svonefnt Smásæti, sem einkennt er með vörðu. Frá henni beina stefnu vestur yfir Vatnsdalshólana í 2 steina, er standa saman vestan og norðan til í efri Kýrlág. Frá steinum þessum beint til norðurs í vörðu, sem er vestur undan Ranhólakoti, eða því sem næst, þaðan vestur í stein, sem stendur á ásnum norður undan Hólabaki, og svo beint vestur í grjótvörðu á Leitisás, sem er hornvarða Hagalands. Frá henni norður að Hagatóptum, og þaðan í Hól í götu. Frá honum beina stefnu austur í lind þá, er Syngjandi nefnist og rennur undan Vígmansholti í ána eða Kvíslina. Ræður hún þá merkjum að austan fram að Skriðuvaði.

Vatnsdalshólar og Hólabak eiga slægjur, að helmingi hvor, á Skriðuhólma er liggur millum Kvíslarinnar suður undan Hnausum og hins forna farvegs, en Sveinsstaðir eiga slægjur í miðjan farveginn að vestan og sunnan við Hólmann.

Ennfremur eiga Vatnsdalshólar ristu til torfs og strengja í Sveinsstaðalandi, utan slægjulands, móti því að Sveinsstaðir hafa afnot 1/3 hluta Ranhólakots, sem Vatnsdalshólar þó gjalda árlega eptir síðan 1853, að því var skipt til afnota milli þessara þriggja jarða: Sveinsstaða, Vatnsdalshóla og Hólabaks. –

Hvammi, 22. maí 1885

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Sveinsstöðum, 27. maí 1886, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 50 fol. 27.

vottar



1886

Nº 51

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Vatnsdalshólum í Sveinsstaðahreppi

Að norðan frá Skriðuvaðinu, eptir því, sem vegurinn ræður vestur eptir í norðanverðum Hólunum að Tíðaskarðsskurði, og þaðan beint í svonefnt Smásæti, sem einkennt ert með vörðu. Frá henni beina stefnu vesturyfir Vatnsdalshólana í steina 2, er standa saman vestan og norðan til í Efri Kýrlág. Frá steinum þessum suður um Vörðuhól og Merkjastein, er stendur í mýrinni fyrir vestan brúnina, og frá honum sömu stefnu í Þórdísarlæk. Ræður þá lækurinn að sunnan niður að grjótvörðu, sem hlaðin er á syðri bakka hans niður undir Flóðinu, sem er hornmerki milli Vatnsdalshóla og Miðhúsa. Frá nefndum steini eða vörðu norður að grjótvörðu í Flóðinu, sem hornmerki milli Márstaða og Bjarnastaða. Frá þessari vörðu gengur merkjalína Vatnsdalshóla beint í miðjan Skriðuvaðsós ræður þá ósinn norður að Skriðuvaði.

Vatnsdalshólar eiga sem ítök, ristur til torfs og strengja í Sveinsstaðarlandi, og hálfar slægjur móts við Hólabak á Skriðuhólma sem liggur milli hins forna árfarvegs og Kvíslarinnar suður undan Hnausum.

Hvammi, 22. maí 1885

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Sveinsstöðum, 27. maí 1886 og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nº 51 fol. 27.

vottar



1886.

Nº 52

Landamerkjaskrá fyrir bændaeygninni Geitafelli í Kirkjuhvammshreppi.

Milli Geitafells og Gnýstaða eru merki úr Krosshól við sjóinn og beina sjónlínu í Ausugeir, þaðan sömu línu upp í klöpp, sem merkt er L.M.; þaðan beint suður fjallið í hæstu kúlu á Fremrafelli; þar er ný hlaðin varða; þaðan að vörðu, sem er á hæsta ásnum fyrir austan Þverlæk; frá þeirri vörðu, samhliða Illugastaðalandi í Sjónarhól; úr Sjónarhól í Einbúa (klettur, er stendur í mýrinni fyrir neðan fjallið milli syðri og ytri Vallalækjar, og merktur er L.M.); frá Einbúa þessum sömu stefnulínu til sjáfar niður.

Geitafelli, 12. maí 1886

Grímur Jónsson. –

Vegna umboðsjarðanna Gnýstaða og Illugastaða er samþykktur framanskráðum merkjum B.G. Blöndal umboðsmaður.

Lesin upp fyrir manntalsþingi að Kirkjuhvammi, 2. júní 1886, og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nº 52 fol. 28. –

vottar



1886.

N^o 53

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Illugastöðum í Kirkjuhvammshreppi. –

Milli Illugastaða og Stapa eru merki úr klöpp við Marklækjarós beint upp til Einbúa (klettur svo nefndur); frá honum sömu línu í Markdæld, sem er í neðri brún fjallsins; þaðan sömu línu í Rauðuskriðu, og er þar nú hlaðin merkjavarða; frá þessari vörðu austur í stein á svo nefndum Brunahólum, og sem einkenndur er með stöfunum L.M. Þaðan norður fjallið, samhliða Ásbjarnarstaðalandi, að vörðu er stendur við Þverlæk, og frá henni vestur til Sjónarhóls, og er svo þaðan beina línu vestur í Einbúa (klettur, er stendur í mýrinni fyrir neðan fjallið milli syðri ^{og ytri} Vallalækjar;) frá Einbúa þessum sömu stefnulínu til sjáfar niður.

Hvammi 30. marz 1886

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða

Árni Jónsson eigandi 2/3 Stapa

Jón Jónsson eigandi 1/3 Stapa (handsalað)

Grímur Jónsson eigandi að Geitafelli.

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, 2. júní 1886, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 53 fol. 28.

vottar.



1886.

Nº 54

Landamerkjalysing jarðarinnar Rófu. –

Fyrir norðan túneyri þá, sem liggur bæði fyrir innan og utan garð á Litlabakka, fellur lækur úr austri í austustu kvísl Miðfjarðará, sem nefnist Nafarlækur. Í hátt vestur frá því, sem lækurinn fellur í ána sjónhending í miðkvísl árinna er suður- og vestur-hornmerki á Rófulandi. Áður nefndur Nafarlækur skiptir landi milli Rófu og Litlabakka alla leið frá upp í Borgarás fyrir norðan og austan Møngustekkhól þar sem lækurinn fellur vestur fyrir ásin; þaðan ræður merkjum bein sjónhending austur í syðri Hríshól, í jarðfastan stein sunnanvert við hólnybbuna; þaðan bein stefna suður í Hvasshaug, og er þar suður og vesturhorn Rófulands upp í hálsinum; þaðan bein stefna austur í Gunnlaugsvörðu; þaðan bein stefna sunnanhalt við Grenshól austur í Álatjarnarós; þaðan norður Álatjarnarlæk norður í Engislæk; síðan ræður hann norður fyrir vestan ytri Engishól og norður í þverlæk; síðan ræður hann eins og hann nú rennur ofan í Hamralæk; síðan ræður hann norður á móts við Grettistak, og er þar norðausturhorn Rófulands; þaðan bein stefna um Grettistak í vörðu á Hömrum; þaðan bein stefna í jarðfastan stein sunnan á Berjabrekkuhól þaðan bein stefna í Nybbuhól, sem er neðan til við Duflukeldu, næst fyrir sunnan svo kallaðan heygard; þaðan bein stefna í Karl; þaðan bein stefna norðan til á Litlutungu-hólma í ána fyrir austan hólmann. Síðan ræður aðalain eins og hún nú rennur fram að miðkvíslinni, og aptur að áðurgreindum takmörkum.

Bjargi 5. júní 1886

Sigfús B. Guðmundsson (eigandi)

Merki þessi samþykkjast hjer með af hlutaðeigendum.

Pjetur Guðlögsson, eigandi Litlabakka.

Finnur Finnsson, eigandi Fremrifitja

Jakop Finnsson, eigandi Fremrifitja.

Björn Jónsson vegna eiganda Barkastaða

Jón Guðmundsson, eigandi Bjarghóls.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpðalstungu, h. 5. júní 1886, og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nº 54 fol 29.

vottar



1886.

Nº 55

Landamerkjaskrá fyrir Núpðalstungu-landi móts við kringum liggjandi jarðir.

Í Austurá gegnt Skárastöðum rennur lækur, sem kallast Girðislækur og skiptir löndum milli Núpðalstungu og Hnausakots, fyrst frá ánni upp að vörðu, sem stendur norðanvert við lækinn, kölluð Girðislækjavörða; þaðan ræður sjónhending í austari Hallavörðu; þaðan ræður sjónhending í vestari Hallavörðu; þaðan sjónhending í stóran stein, utarlega í svonefndum Borgartöglum; uppi á steininum er Grastó og klappað á steininn L.M., sem þýðir „Landamerki“; tekur þar við Neðranúpsland að framanverðu, (og klappað á steininn) og frá steininum ræður sjónhending í vörðu á Lynghól; þaðan ofan í Landamerkjahrygg, og þaðan beina línu í Landamerkjavörðu við Núpsá; þessi á ræður merkjum þar til hún fellur saman við Austurá, og tilheyrir Núpðalstungu hálf veiði í ánni, á móts við Torfastaði og Haug, sem eiga lönd að vestanverðu.

Frá ármótum Núpsár að Austurár ræður hún síðar nefnda merkjum fram að Girðislæk, sem upphaflega var nefndur, og tilheyrir Núpðalstungu einnig hálf veiði í Austurá á mótsvið Barkarstaði, og Skárastaði, sem eiga lönd að norðanverðu.

Þessi landamerkjaskrá er samþykkt og staðfest af hlutaðeigendum með undirskrifuðum nöfnum. –

að Núpðalstungu 4. maí 1886

Jarðeigandi Guðfinna Jónsdóttir, ekkja

Hjörtur Líndal, eigandi Hnausakots.

Jónas Hafliðason, eigandi Neðra Núps.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpðalstungu 5. júní 1886, og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nº 55 fol. 29.

vottar



Landamerkjalysing jarðarinnar Hnausakots í Fremri Torfastaðahreppi. –

Austurá skal merkjum ráða að austan til fremri enda Svarthamars; frá Svarthamri beina línu í Merkjavörðu; þaðan beina línu upp í Toppstein merktan L.M. Frá Toppsteini eptir vesturbrún Steinheiðar í Merarhamra; frá Merarhömrum þá sjónhending yfir Messuskarð, og eptir Háborgum norður í Slögustein; úr Slögusteini ræður bein lína í landamerkjastein norðan vert í Borgartöglum; steininn er merktur L.M. Þaðan ræður sjónhending austur í vestari Hallavörðu; frá vestari Hallavörðu beina línu í austri Hallavörðu; þaðan sjónhending í Gyrðislækjarvörðu, sem er norðanvert við Gyrðislæk; eptir það ræður Gyrðislækur til Austurár. – Jörðin Hnausakot á upprekstur fyrir sauðfjenað og hross á Núpsheiði án endurgjalds. –

Þessi landamerkjaskrá er samþykkt af hlutaðeigendum með undirskriftuðum nöfnum.

Efra-Núpi 4. júní 1886

Hjörtur Líndal sem eigandi Hnausakots –

Guðfinna Jónsdóttir, eigandi Núpdalstungu.

Jónas Hafliðason, eigandi Neðra Núps

Jón Bjarnarson Benedikt Jónsson eigendur Bjargarstaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, 5. júní 1886, og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nº 56 fol. 30. –



1886

N^o 57.

Landamerkjalyýsing fyrir jörðinni Skárastöðum og hjáleigunni Gilsbakka.

Að sunnan ræður Haugslækur, þar til hann beygist í land norður land útnorður undan svo nefndum Dýkishól; þaðan bein stefna í stein, merktan L.M. á svokölluðum Bruna; þaðan sama stefna í Landamerkjælæk við Fitjá. Að austan ræður Fitjá út í svokallað Tóuhvarf. Að norðan bein stefna úr Tóuhvarfi í Fosslæk, þar sem hann rennur fyrst í beinum farveg, og ræður sá lækur til Austurár. Að vestan ræður Austurá frá Fosslæk til áðurnefnds Haugslækjar. – Ennfremur eiga Skárastaðir frían upprekstur fyrir sauðfje og hross, silungsveiði og grastekju á Aðalbólsheiði án endurgjalds

Staddir á Núpdalstungu, 5. júní 1886

Sigurgeir Pálsson, Halldór Sigurgeirsson, eigendur Skárastaða.

Sigurður Benediktsson, Sigvaldi Símonarson, eigendur Aðalbóls

Björn Jónsson eigandi og umráðamaður Barkastaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, 5. júní 1886, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 57 fol. 30.

vottar



1886.

Nº 58

Landamerkjalysing fyrir jörðunni Litla-bakka, á móts við Rófu- Barkarstaða- og Spena-lönd.

Fyrir norðan túneyri þá, sem liggur bæði fyrir innan túngarð og utan fellur lækur úr austri í austur kvísl Miðfjarðarár, sem kallaður er Nafarlækur. Í hátt vestur frá því sem lækurinn fellur í ána sjónhending í miðkvísl árinna er norður- og vestur-hornmerki á Litlabakkalandi. Áður nefndur lækur skiptir landi milli Rófu og Litlabakka alla leið frá ánni upp í Borgarás fyrir norðan og austan Möngustekkshól, þar sem lækurinn fellur vestur yfir ásinn; þaðan ræður merkjum bein sjónhending austur í syðri Hríshól, sem er hornmerki á norður- og austurhorni Litlabakkalands; þaðan ræður merkinu bein sjónhending suður í Hvasshaug, og er þar hornmerki á suðausturhorni Litlabakkalands. Þaðan ræður merkjum bein sjónhending til vesturs, norðanvert við Langhóla í vörðu þá, sem er neðan vert við veginn, en sunnanvert við skurð þann, er kemur ofan ur Landamerkjálág og liggur í gegn um bakkann niður í Miðfjarðar-á, skammt fyrir framan Landamerkjapoll; síðan ræður merkjum aðalfarvegur árinna, sem liggur norður og vestur undir Spenamela, og svo til norðurs allt þar til áin skiptist í þrjár kvíslar, sem er vestur undan fremri parti graseyrar þeirrar, er liggur fyrir sunnan túnið á Litlabakka; þar eptir skiptir miðkvísl árinna löndum milli Litlabakka og Spena norður á móts við fyrnefndan Nafarlæk; en þar eð vatnsmegn kvíslanna hefur verið og verður breytingu undiropið, svo ekki verður með vissu sagt, um hverja kvíslina lax muni ganga, þá eru það órjúfanlegir samningar, að laxveiðin sje notuð sameiginlega af ábúendum á Spena og Litlabakka, á því svæði er löndin liggja saman. – Þessi landamerkjaskrá staðfestist með undir skrifuðum nöfnum viðkomenda að Litlabakka í maímánuði 1886

Pjetur Guðlaugsson, eigandi.

Sigfús B. Guðmundsson, eigandi Rófu.

Björn Jónsson, vegna eiganda Barkarstaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, 5. júní 1886, og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nº 58 fol. 31.

vottar.



1886.

Nº 59

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Flatnefsstöðum í Þverárhreppi

Að sunnanverðu er merki í klett þann, sem stendur við flæði í miðri Hrafnsvík, og „Hlein“ er kallaður þaðan austur í klett þann, sem kallaður er „Hestur“, þaðan í þúfu, sem er í mýrinni fyrir norðan ásinn, þaðan í Litlalæk, þar sem hann fellur fram úr brekkunum, fyrir norðan ásinn. Eru síðan merki um læk þann upp á brú, og sömu línu til austurs gegnt hæstu Flatnefsstaðafelli, þá norður um fellið til vörðu á Krossanesfellshala, þá til vesturs í vörðu á norðanverðu Flatnefsstaðafelli, þaðan sjónhending ofan á brún, þar sem Merkjälækur fellur fram úr henni; eru síðan merki um hann eptir þeirri stefnu, er hann fellur sem beinast fram úr brúninni, og þá sömu stefnu beint í vörðu í flóanum við Kálfalæk, ræður hann síðan merkjum, og það til vörðu við Kálfalækjarós að norðanverðu rjett fyrir ofan malarkamb; frá þeirri vörðu eru merki þar sem stytzt er til sjávar

Flatnefsstöðum, 2. júní 1886.

Þorlákur S. Guðmundsson eigandi og ábúandi

Jón Þorláksson prestur að Tjörn

Kristmundur Sigurbjartsson, ábúandi í Saurbæ

G. Árnason ábúandi á Krossanesi

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg 9. júní ¹⁸⁸⁶, og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nº 59. fol. 31.

vottar

Lárus Blöndal



1886.

Nº 60.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Krossanesi í Þverárhreppi

Að sunnanverðu ræður Þórsá merkjum frá ósi fram að Klængsskarðslæk, sunnan við Krossanesfell; eru merki þaðan um læk þann beint upp í Klængsskarð, og sömu línu áfram til vesturs, gegnt hæstu Flatnefsstaðafelli; þaðan norður um Flatnesstaðafell til vörðu á Krossanefsfallshala; þaðan til vörðu á Keldumynnisholti, og sömu línu frá þeirri vörðu um Háunös norður í Markvíkurhöfða.

Við skerið „Torfa“ norður undan vestari Markvík í Hindingsvíkurlandi á Krossanes hálfan reka og hálfu veiði.

p.t. Krossanesi, 13. maí 1886

Vegna eigandans G. Árnason ábúandi á Krossanesi

Jón Þorláksson prestur að Tjörn

Þorl. S. Guðmundsson eigandi Flatnefsstaða.

Sigurður Jónsson ábúandi á Hindisvík

Vigdís Ámundadóttir eigandi Valdalækjar.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg 9. júní 1886, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu Nº 60, fol. 32.

Vottar

Lárus Blöndal



1887.

N^o 61.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Gautsdal í Bólstaðarhlíðarhreppi

Að austan og sunnan, milli Gautsdal og næstliggjandi jarða: Hvamms og Mjóadals, ræður merkjum Gautsdalsá, þar til Smjörskálarlækur fellur í hana í Auðúlfsstaðaskarði. Lækur þessi, sem fellur frá nyrðri hlíðarbrún skarðsins, ræður merkjum milli Gautsdals og Auðúlfsstaða. Ennfremur eru landamerki milli síðastnefndra jarða frá upptökum Smjörskálarlækjar norður fjallsbrúnina að Bjálkagili; ræður svo gil þetta (s: Bjálkagil) merkjum að norðan til fyrnefndrar Gautsdalsár.

Gautsdal, 3. maí 1887.

Pálmi Sigurðsson.

Ofanritaðri landamerkjaskrá fyrir jörðina Gautsdal eru hlutaðeigendur nærliggjandi jarða samþykkir.

Jóh. Fr. Sigvaldason.

Jón Þórðarson.

Þorlákur Ásmundsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð hinn 13. maí 1887, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 61, fol. 32.

Vottar.

Lárus Blöndal



1887.

N^o 62.

Landamerkjalyising fyrir Strjúgsstaða-landareign.

Milli Strjúgsstaða og Móbergs ræður lækur sá, er rennur mitt á milli þeirra bæja, og úr þeim læk í svokallaðan Landamerkjagarð, og úr efri enda garðsins beina stefnu í stóra þúfu, er stendur ofantil í Votulág; þaðan beina stefnu sunnanvert við Grjótkeið upp há-Móbergsnibbu sunnanvert, þaðan beina línu austur á fjallsbrún yfir Fagrabotni, hvar Grundarkotsland tekur við að austan, og þaðan frameptir há fjallsbrúninni, fram í svokallað Selgil og ræður lækur sá, sem ofan það fellur, og rennur beint í læk þann, sem til austurs fellur, og kemur úr tjörn, sem er austantil í Strjúgsskarði; úr þeirri tjörn rennur lækur til vesturs allt til Blöndu, og ræður hann merkjum að framan; Blanda ræður merkjum að vestan. Ofanskriafaða landamerkjalyisingu samþykkjum við undirskrifaðir.

Strjúgsstöðum, 11. maí 1887.

Jón Guðmundsson.

Halldór Konráðsson eigandi Móbergs

Pjetur Pjetursson eigandi Gunnsteinsstaða.

Guðm. Gíslason vegna Grundarkots

Gísli Bjarnason eigandi Strjúgssels.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð hinn 13. maí 1887, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 62, fol. 33.

Vottar

Lárus Blöndal



1887.

Nº 63.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Refsstöðum á Laxárdal í Engihlíðarhreppi.

Eptir samþykki eigenda og hlutaðeigandi umráðamanna jarða þeirra, er liggja að landi Refsstaða, eru landamerki tjeðar jarðar, sem hjer segir:

Að sunnan ræður jarðfastur steinn, er stendur á vesturbakka lækjar þess, sem er upptök Laxár, og stendur gagnvart svo nefndri Illu-keldu, sem er áframhald merkjalínunnar beint í austur, ræður svo bein sjónhending upp fjallshlíðina og yfir Vatnsskarðskatla norðanverða á brún upp. Að vestan ræður Laxá algjörlega merkjum. En að norðan ræður vestast Kelduskarð, sem er á árbakkanum, og er þaðan bein stefna í austur, í svonefndan Stórhól miðjan, og þaðan í svo kallaða Grensnibbu á hábrún upp. Að austan ráða fjallabrunir, suður á móts við norðurhluta Vatnsskarðskatla, svo langt suður, að bein lína, dregin frá fjallsbrúninni, stefndi í áður umgetinn stein, er stendur á vesturbakka lækjarins, sem er uppruni Laxár. –

Refsstöðum. 10. maí. 1887.

Brynjólfur B. Bjarnason.

Framanskriafaðri landamerkjaskrá erum við undirskriafaðir að öllu leyti samþykkir.

Pjetur Pjetursson eigandi Gunnsteinsstaða.

Jóhann Fr. Sigvaldason Vegna eiganda Litlavatnsskarðs

Jón Sigvaldason Umráðamaður jarðarinnar Vesturár.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð hinn 16. maí 1887 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu Nº 63, fol. 33.

Vottar

Lárus Blöndal



1887.

Nº 64

Merkjalýsing fyrir jörðunni Fremstagil í Langadal.

Suðvestur hornmerki er stór steinn, sem stendur vestanvert við veginn á utanverðu Bolunganesi, þaðan til austurs ræður bein lína í svonefndan Hlóðarstein, sem stendur á hlóðum norðan í svo nefndum Einbúahól norðaustanvert við Bolungatjörn; þá til austurs ræður bein sjónhending um hlaðna torfvörðu, sem er í mýrarhallanum fyrir austan Einbúann í stóran stein, jarðfastan í grashól vestan í hryggjunum, þaðan til austurs ræður bein stefna í klettagjá, sem er á sunnanvert við mitt Kolluberg, og þaðan til austurs þangað, sem fjallið er hæst. Þeir þrjár steinar, sem ráða sögðum merkjum að sunnanverðu, eru allit merktir stofunum L.M., sem höggvir eru á þá.

Þá er merkjalínan að austan út há-fjallið í svonefndan Litlalæk, sem rennur til vesturs fyrir utan Stóralæk; að norðan ræður þessi litli lækur, þar til hann beygist suðurávið, (sem er lítið neðar en í beinni línu milli bæjanna Fremstagils og Glaumbæjar) að þá ræður bein sjónhending til vesturs í svo nefndan Strítuhól, og úr honum beint vestur í Blöndu, og hún ræður merkjum að vestan.

Þessi landamerki, sem skrásett eru árið 1887, samþykkjum vjer undirritaðir.

Umboðsmaður Þingeyrarklausturs: B.G. Blöndal.

Eigandi jarðarinnar Geitaskarðs: Á.Á. Þorkelsson.

Eigandi jarðarinnar Þórbrandsstaða: J. Jónatansson

Fyrir hönd móður minnar frú Hildar Bjarnadóttur Br. Bjarnason.

Eigandi jarðarinnar Glaumbæjar: Pjetur Oddsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 16. maí 1887, og innfært í landamerkjabók Húnavatns-sýslu Nº 64 fol. 34.

Vottar

Lárus Blöndal



1887.

Nº 65

Merkjaskrá fyrir jörðinni Enni á Refasveit í Engihlíðarhreppi.

Að austanverðu eru merkin úr Þórdísarbrekku við Blöndu bein stefna norður í garðlag vestanvert við Breiðavaðsnúpana, þaðan í stóran stein í Rjettarvatnsmýrinni, þaðan í vestara keldudragið norðanvert við Rjettarvatn, svo þaðan bein stefna í Laufskálanes. Að norðanverðu eru merkin úr Laufskálanesi bein stefna í stóran stein á Áshausnum, þaðan eptir sömu línu í Mógilslæk niður við sjó. Að vestanverðu ræður merkjum sjáfarströndin að Blönduós, svo ræður Blanda merkjum að Þórdísarbrekku. –

Enni, 20. apríl 1887.

Sveinn Kristófersson

E. Eggertsson.

J. Jónsson

E. Arnason

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð hinn 16. maí 1887, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, Nº 65, fol. 34.

Vottar

Lárus Blöndal



1887.

N^o 66

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Króki með Króksseli í Vindhælishreppi.

Að sunnan milli Hróarstaðalands ræður landamerkjagarður frá sjó (norðan við Naustavelli) til Skollhamars og vörðu norðanvert á honum; frá henni sjónhending út á Bruna, í syðri vörðu; frá henni sjónhending yfir Seldal, Seldalsholt, og vestanvert við vörðu á Hrísholti og á mitt Hellisgil; þaðan í vörðu við Fossá á mel fyrir norðan Hellisgil; þaðan í vörðu við Fossá, þar sem hún rennur í krók til norðurs; þaðan ræður Fossá til sjáfar; ræður svo sjór að vestan til nefnds landamerkjagarðs. –

Þessi landamerkja-skrá er samþykkt með hlutaðeigandi undirskriptum
Staddir að Viðvík 18. júní 1886.

Í umboði eiganda jarðarinnar Króks og Krókssels frá 25/9. 1885

Árni Jónsson hreppstjóri.

Hróarstaða eigandi og ábúandi Gísli Benediktsson (handsalað.)

Handsalað vottar: Björn Magnússon. Guðmundur Gíslason

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 17. maí 1887 og innfært í landamerkjabók
Húnavatnssýslu, N^o 66, fol. 35.

Vottar:

Lárus Blöndal



1887.

N^o 67

Landamerkjaskrá fyrir Valdalæk í Þverárhreppi.

Að sunnan, milli Valdalækjar og Súluvalla, eru landamerki úr Rauðalæk, sunnan við Stórhöfða, þar sem hann (s: Rauðilækur) fellur fram af bökkunum við sjóinn, og þaðan beina línu til vesturs upp í vörðu, sem ber við lopt, að sjá frá Rauðalæk á bökkunum, og stendur á svonefndri Háuborg, og frá nefndri vörðu, sömu stefnulínu, vestur í Þórsá, og ræður hún þá merkjum að vestan og norðan, sem hún fellur, allt í sjó niður. –

Valdalæk; 16. maí 1887.

Vigdís Ámundadóttir (eigandi.)

Samþykkur B.G. Blöndal, umboðsmaður yfir þjóðjörðinni Súluvöllum.

Jón Jónsson, eigandi jarðarinnar Krossaness.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg hinn 11. júlí 1887, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 67. fol. 35.

Vottar:

Lárus Blöndal



1887.

N^o 68_.

Merkjaskrá fyrir landi Þjóðjarðarinnar Hrísa í Þorkelshólshreppi.

Að norðan, frá kletti við Fitjaá, (nefndum Hesti,) vestur í Rjúpuhól, sem einkenndur er með vörðu, þaðan í Sighvatshól, sem eins er einkenndur, og frá honum vestur í vörðu, sem stendur í miðri keldu; frá henni suður miðjan Kárdal, fram í Kárdalsdrög, svo í Bessaborgarhögg austanvert, og þaðan suður í grjótvörðu á vestanverðum Jafnhólum; frá vörðunni austur stóra Jafnhól í litla Grástein, úr honum austur í stóra Grástein, og frá honum í grjótvörðu á melnýpu við Fitjá, fyrir sunnan Grásteinstjarnarlæk; að austan ræður Fitjá merkjum.

Hvammi, 10. febr. 1885.

B.G. Blöndal, umboðsmaður Þingeyrarklaustursjarða.

Ofanritaðri merkjaskrá fyrir Þjóðjörðinni Hrísum erum vjer undirskrifaðir samþykkir.

Kristján Jónsson; Páll Pállsson, umráðendur Sporðs.

Finnur Finnsson, Jakob Finnsson, Gísli Finnsson, eigendur Fitja.

Jóhann E. Einarsson, vegna S. Gísladóttur

E. Helgason, Eggert Eggertsson, eigendur Torfastaða.

Sigfús B. Guðmundsson, Jón Jónsson, eigendur Auðunnarstaða.

Sem umboðsmaður háyfirdómara Jóns Pjeturssonar Daníel Jónsson

Umboðsmaður ritstjóra Björns Jónssonar Hjörtur Líndal.

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli hinn 12. júlí 1887, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 68, fol. 36.

Vottar

Lárus Blöndal



1887.

N^o 69.

Skrá um landamerki fyrir jörðinni Hlíð í Kirkjuhvammshreppi.

- 1.) Að norðan, móts við Sauðadalsá eru landamerkin: frá steini þeim, er stendur á mel við Hamarsárgilið, sunnanvert við Ytrikrókálág, sem auðkenndur er með stafnum L, beint að Þorsteinsvörðu; þaðan sama stefna beint á stein norðvestan á Hlíðarfjallinu, og enn sama stefna yfir nefnt fjall austur á Þröskuld, suður af Ambáttardal. –
- 2.) Að vestan, móts við Almanning og Dalkot ræður merkjum ofannefnd Hamarsá frá því gegnt fyrstnefndum steini, og fram til þess að Guðdalsá rennur saman við hana frá austri.
- 3.) Síðan er Guðdalsá merki millum Hlíðar og Tungukots neðan frá Hamarsá, _sem þar og er af sumum nefnd Dalkotsá_ upp þangað sem Klofalækur fellur í hana frá norðri, er hann svo merki, eins og hann rennur norðan Klofann frá upptökum; svo eru merki sem lægst liggur norður á, og yfir, Þröskuldinn, þangað sem fyrstnefnd merki enda.

Hlíð, dag 29. maí 1886.

Sveinn Jónsson (eigandi að Hlíð. –)

Samþykkir:

Eggert Ámundason eigandi að Sauðadalsá

Þorvaldur Bjarnason, prestur að Mel (umboðsmaður Dalkots og Tungukots.)

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi hinn 14. júlí 1887, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 69, fol. 36.

Vottar:

Lárus Blöndal



1887

N^o 70.

Hjer með lýsi jeg undirskrifaður landamerkjum á eignar og ábylisjörð minni
Saurum í Miðfirði.

og eru þau þessi

Að norðan móti Stóraós-mönnum er stór flatur steinn við Miðfjarðará sem er merkjasteinn; þaðan beint í stóran stein, ofar í hlíðinni, sem heitir „Kerling“; þaðan rjettsýnis um Glymjandavörðu og í Stóra-grástein; þaðan móti Reykjamönnum til suðurs í strítuhól, sem er á austurbrún hálsins, og nú er kallaður Kolbeinshóll; úr þessum sama hól rjettsýnis ofan yfir hálsinn í tóptarbrot eða heygarð, sem er við syðsta enda Sauradalsins við Miðfjarðará, og ræður sama stefna til árinna; að vestan skiptir Miðfjarðará löndum milli Melstaðar og Saura, og alla eiga Saurar veiði fyrir sínu landi til jafns við Melstað. Engin hefur jörðin ítök annarsstaðar, ekki eiga heldur aðrar jarðir neitt tilkall til neinna afnota af landi hennar.

Þessu til staðfestu er nafn mitt

Saurum, 7. júní 1887.

Björn Jónsson

Ofangreind landamerki milli Stóraóss og Saura viðurkenni jeg, sem ábúandi á Stóraósi, og eigandi 1/3 af jörð þeirri, rjett að vera.

Stóraósi, 8. júní 1887

Arnbjörn Bjarnason.

Ofangreind landamerki milli Saura og Ytri Reykja viðurkenni jeg rjett að vera, sem eigandi að hálfum Ytri Reykjum.

Ytri Reykjum, 9. júní 1887.

Halldór Brynjólfsson

Samþykkir:

Guðlaugur Árnason.

Benedikt Theódór Þórðarson eigendur Syðri Reykja.

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli hinn 15. júlí 1887, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 70 fol. 37.

vottar

Lárus Blöndal



1887.

Nº 71.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Þverá í Núpsdal.

Á sú, er rennur út dalinn, fyrir neðan túnið á Þverá, sem kölluð er Núpsá, aðskilur Þverárland frá Fosskotslandi, alla leið fram að svonefndum Lambaás; þar tekur við Efranúpsland vestan árinna, en Þverárland að austan allt fram í dalsbotn; ofan í dalsbotninn fellur lækur úr suðaustri, sem kallast Kvíslavatnaskvísl, og er Efranúpsland að sunnan en Þverá að norðanverðu kvíslarinnar; frá upptökum hennar (kvíslarmynninu) ræður merkjum bein sjónhending yfir syðra Kvíslarvatnið, í eystri endann á Kvíslarvatnsás, og er þar suðausturhornmerki á Þverárlandi; þaðan ræður bein sjónhending í Hestlækjarós, og ræður svo Hestlækur merkjum norður í Þverárvatn; úr vatni þessu rennur vatnsfall, sem kallað er Þverá; liggur hún fyrst til norðurs, og beygist síðan til vesturs, skammt fyrir sunnan Efranúpsel, og fellur í Núpsá, skammt fyrir utan túnið á Þverá.

Eptir framangreindum merkjum verður nokkur partur af syðra Kvíslarvatni og allt norðara vatnið liggjandi í Þverárlandi. En þess ber að geta, að núverandi eigendur Efranúps og Þverár gjöra það að samningi sín á milli, að silungsveiði og önnur afnot þessara svokölluðu Kvíslarvatna skuli vera til helmingaskipta brúkuð af ábúendum Efranúps og Þverár, sem hver önnur sameign, en ekki mega þeir ljá eða leigja öðrum veiðina.

Þessu til staðfestu eru undirskrifuð nöfn allra hlutaðeigenda.

Litlabakka, 31. maímán. 1887

Pjetur Guðlaugsson meðráðamaður stúlkunnar Helgu Jósefínu Jósefsdóttur (sem er) eigandi.

Eigandi Efranúps: Hjörtur Líndal.

Eigandi Fosskots: Jón Jónsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, hinn 18. júlí 1887, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu Nº. 71, fol. 37.

Vottar.

Lárus Blöndal



1887.

N^o 72.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Akri í Torfalækjarhrepp.

Að sunnan úr þúfnalæk fyrir neðan lestavegin, eptir línu, sem vörður benda til, vestur að Akurssýki (Ferginsýki), og svo beint áfram sömu línu yfir sýkið, vestur að vörðu, sem stendur við Húnavatn. Að vestan ræður Húnavatn norður að grjótvörðu við vatnið, beint vestur undan Gyltuskarði, sem er sandhólaskarðið stóra milli Mógils og Brandaskarðs; frá síðastnefndri vörðu við Húnavatn, austur að Gyltu- eða Kiða-skarði, er það líka er kallað, og eptir sem það liggur; síðan frá því í landsuður til grjótvörðu á Hrísholti, og frá henni sömu stefnu í grjótvörðu á melhorninu hjá Háugötum, síðan þaðan til suðurs, eptir því sem lestavegurinn liggur fram að Gullsteini.

Akur á teig til slægna á eyjunum (Saurhólma), vestan til við Axlarkvísl; ræður þar nefnd kvísl merkjum að austan, norðan og sunnan, en að vestari er merkjalínan, frá merki því, sem hlaðið er upp á norðurbakkanum við kvíslina, og beint suður í lægð eða drag, sem er í suðurbakkann við Kvíslina og er þar einnig upphlaðið merki. Lína þessi frá norðri til suðurs, er í miðju Skriðuvaðsins, eða að sjá milli hóla þeirra, sem standa sinn hvoru megin við Skriðuvaðið.

Hvammi, 25. apríl, 1884.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Jónas Pjetursson, Sigurbjörn Jónsson, Guðrún Jónsdóttir, eigendur að pörtum úr Stórugilá.
Erlendur Eysteinnsson eigandi að Beinakeldu og Stórugilá.

Lesið upp á manntalsþingi að Torfalæk, hinn 21. júlí 1887 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 72, fol. 38.

Lárus Blöndal



1887

N^o 73.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Kringlu í Torfalækjarhreppi.

Að sunnan frá Helluvörðu beina línu í fossinn í Þúfnalæk, og svo sem hann ræður niður að Reiðgötum eða lestaveginum; þá eptir því sem lestavegurinn liggur norður að grjótvörðu á brekkuhorninu hjá Háugötum; frá þessari vörðu í austur beint sem vörður sýna í vörðu þá, er stendur við Rauðalækjakeldu, og frá henni í suður að Hælshól og Hælsvörðu, og þaðan rjettsýnis að fyrrnefndri Helluvörðu.

Kringla á teig til slægna á svo nefndum Eyjum í Þingi, og er hann afmarkaður frá öðru engi þar með glöggum vörðum.

Hvammi, 25. apr. 1884.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarklaustursjarða.

Ofanritaðri merkjaskrá fyrir Kringluland erum við undirrituð samþykkt.

Jónas Pjetursson, Sigurbjörn Jónsson, Guðrún Jónsdóttir, eigendur að pörtum úr Stórugilá
Erlendur Eysteinnsson, eigandi að Beinakeldu og Stórugilá

Lesið upp á manntalsþingi að Torfalæk hinn 21. júlí 1887 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 73, fol. 38.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 74.

Landamerki kirkjujarðarinnar Litladals í Svínavatnshreppi.

Að norðan ræður úr Svínavatni svo nefnd Dæld, er liggur yfir þveran Auðkúluskóg á háls upp; þaðan úr svonefndum Dældarhaus fram hálsinn austanverðan, beinleiðis í vörðu, sem hlaðin er á hálsbrún uppi beint upp undan læk þeim, er rennur af hálsi ofan næst fyrir utan svo nefnt Ingibjargar-sel: lækur þessi er merki Litladalslands að sunnan; að austan takmarkast landið af Sljettá, þar til hún fellur í Svínavatn, en þaðan og að neðri Dældarenda, takmarkar vatnið land jarðarinnar.

Auðkúlu, 17. maí 1889

Stefán M. Jónson, umráðamaður.

Við undirrituð, sem ráðum yfir og eigum lönd að Litladalslandi, samþykkjum landlýsingu þessa með undirskript okkar.

Stefán M. Jónsson (vegna Auðkúlustaðar).

I.S. Þorleifsdóttir (eigandi Stóradals.)

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni hinn 18. maí 1889 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 74 folio 39.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 75.

Landamerkjalysing fyrir kirkjujörðinni Gaflí í Svínavatnshreppi.

Á móts við Marðarnúp ræður að sunnan sjónhending úr svo kölluðum Snaga, kletti, er stendur niður við kvíslina, og beint í vestur upp í fjallsbrún; að austan ræður fyrst vesturkvíslin, og síðan Svínadalsá, þegar kvíslarnar sameinast út að Seljá, er ræður merkjum á fjall upp að norðan-verðu móts við Ljótshóla.

Auðkúlu, 29. apr. 1887.

(L.S.) Stefán M. Jónsson (umráðamaður Gafls.).

Vjer undirritaðir, sem eigum lönd að Gafls-landi, samþykkjum lýsingu þessa með nöfnum vorum.

Lárus Blöndal umráðamaður Kristfjárjarðarinnar Marðarnúps

Hjörli. Einarsson

Guðbjörg Pjetursdóttir eigandi Ljótshóla

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni hinn 18. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 75, fol. 39b

Vottar.

Lárus Blöndal



1889.

N^o 76.

Landamerki fyrir Gunnfríðarstöðum í Svínavatnshreppi.

Að norðanverðu ræður garður, er liggur frá Blöndu, og enn sjest greinilega fyrir; úr garðsenda þessum ræður merkjum bein stefna í svokallaða Tindspúfu, á Tindatindi, svo til suðurs beina stefnu í syðra horn á svokallaðri Stóruborg; síðan til austurs beina stefnu í uppsprettu-dýjalæk norðan til í svokölluðum Keldudal; svo úr dýjalæk þessum eptir læk, er fellur í Blöndu.

Litladal, 16. maí 1889.

Sigríður Eiríksdóttir, eigandi að Gunnfríðarstöðum.

Jónas Erlindsson, eigandi Tinda, er þessum landamerkjum samþykkur.

J. Jónatansson, eigandi að 2/3 Holtastaða. –

Lárus Blöndal, umráðamaður kristfárjarðarinnar Hamars.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni hinn 18.maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 76, fol. 40.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 77.

Þessi eru landamerki fyrir jörðinni Skottastöðum í Bergstaðasókn innan
Bólstaðarhlíðarþinghár.

Að norðanverðu úr vörðu á ytra Hvammshorni, upp með sunnanverðri Landamerkjalág í vörðu á brúninni; þaðan beint í vörðu sunnan við svo kallaðan Grænamó; síðan enn beina stefnu austur yfir hraunið og fjallið eptir vörðum, í vörðu á melnum sunnan við Ásaflá; þaðan í klauf, er lækur rennur í úr Gamlaselsflá; síðan beint yfir Leifsstaðafell og Hrossadal á sýslumót. Að austan ráða sýslumót landamerkjum; en að sunnanverðu eru merkin í Landamerkjalág og vörðu á Berjakinn; síðan beina stefnu austur yfir fjallið á sjerstakan hól í ytri Hólaflá; þaðan beint í merki á miðjum Landamerkjahrygg vestan í Leifsstaðafjalli; síðan beint yfir tjeð fell og Hrossadal á sýslumót. Vestanvert ræður Svartá.

Skottastöðum, 18. maí 1889.

Ólafur Árnason (eigandi og umráðamaður.)

Ofanritaðri merkjalýsing erum vjer undirritaðir samþykkir:

Guðmundur Jónsson, eigandi að Hvammi.

Vegna kirkjujarðarinnar Leifsstaða: Björn Jónsson (beneficiarius.)

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 20. maí 1889 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 77, fol. 40.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 78

Landamerkjabrjef fyrir kirkjujörðinni Leifsstöðum.

Landamerki á Leifsstöðum eru þessi:

Að norðan: – Úr miðju Hrómundarskarði, og þaðan beina stefnu vestur fjallið, eptir uppsettum vörðum, í garð þann, er hlaðinn hefur verið neðan frá Svartá, og liggur milli túnanna á Bergsstöðum og Leifsstöðum.

Að sunnan: – Á melnum, sunnanvert hina svokölluðu Selklauf gegnt mosadýi í miðju Leifsstaðafelli; þaðan eptir hlöðnum vörðum beinlínis vestur fjallið í vörðubrot, sunnanvert við hinn svonefnda Grænamó, og þaðan ofan hlíðina að sunnanverðu við svokallað Merkjalág.

Að austan eru merkin á sýslumótum.

Að vestan ræður Svartá.

Bergsstöðum, 8. maí 1889.

Björn Jónsson (beneficiarius.)

Ólafur Ólafsson, eigandi og umráðamaður Skottastaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 20. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 78, fol. 41. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 79.

Landamerki á Fossum eru þessi:

Að utan: – Úr hinni svonefndu Gömlu-rjett og þaðan beina stefnu vestur í Sauðabungu. Að vestan eru merkin fram eptir Fossárdalsbrúninni í svonefndan Hlóðarstein fram í svokallað Smjörmótsgil; ræður gil þetta merkjum að sunnan ofan í Fossá; að austan ræður Fossá merkjum.

Bergsstöðum, 16. maí 1889.

Vegna kirkjujarðarinnar Fossa: Björn Jónsson prestur.

Gísli Ólafsson eigandi og umráðamaður Eyvindarstaðaheiðar.

Bjarni Ólafsson, eigandi að Stafni.

Brynjólfur Bjarnason, fyrir hönd eiganda Hóls, frú Hildar Bjarnadóttur.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 20. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 79, fol. 41. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 80.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Hóli í Svartárdal.

Að utan úr Svartá og upp svokallaða Merkjalág upp á reiðgötur; þar fram og í Háuvörðu, svo sjónhending í Háhólsbungu, úr henni í há Hanzkafell; úr Hanzkafelli í austur að Hlóðarsteini á Fossadalsbrúnum; þaðan í norður út brúnir í Sauðabungu, þaðan beina stefnu í Oxakúlu, svo þaðan í austur og í horn við Svartá móti Kiðagili; þaðan ræður Svartá merkjum út á móts við svokallaða Merkjalág.

Hóli, 17. maí 1889.

fyrir hönd eiganda, frú Hildar Bjarnadóttur Brynjólfur Bjarnason

Framanskrifaðri merkjaskrá erum við undirritaðir samþykkir að öllu leyti.

Björn Jónsson, vegna kirkjujarðarinnar Fossa.

Magnús Pálsson, eigandi Teigakots. –

Sem ábúandi Steinár, Stefán Magnússon.

Gísli Ólafsson, vegna Eyvindarstaðaheiðar.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, 20. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 80, fol. 42.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 81

Landamerkjabrjef fyrir Eyvindarstaðaheiði, sem liggur undir Eyvindastaði.

Að norðanverðu milli Rugludals og Eyvindarstaðaheiðar eru merki við Blöndu frá syðra Kolluhvammsgreni; þaðan beint austur, sunnanvert við Rugludalsbungu í svokallaðan syðri Austurdal; þaðan rjettsýni austur í Hanzkafell, þar sem það er hæst; þaðan í Hlóðarstein, þann er stendur á Fossadalsbrún að vestan; þaðan beina stefnu í Hólmamýrarvatn; þaðan í austur, beina stefnu í Aðalsmannsvatnalækjarós; ræður svo lækurinn til Svartár; ræður svo áin fram í Svörtutjörn; þaðan beina stefnu í suðaustur upp að Hofsjökli; ræður svo jökullinn alla leið til Blöndu upptaka, en Blanda ræður að sunnan og vestan merkjum gagnvart fyrstskrifuðu syðra Kolluhvammsgreni.

Eyvindarstöðum, 28. sept. 1886.

Gíslí Ólafsson (eigandi að ½ Eyvindarstaðaheiði)

Jóhann P. Pjetursson (eigandi ½ heiðinni og Eyvindarstöðum.)

Vegna Reynistaðaklaustursjarðarinnar Rugludals er jeg landamerkjaskrá þessari að öllu samþykkuð.

Ási, 15. apríl 1887.

Ólafur Sigurðsson, umboðsmaður Reynist.kl.

Vegna Bergsstaðakirkjujarðar Fossa.

Bergstöðum 18. apríl 1889

Björn Jónsson

Bjarni Ólafsson, eigandi að Stafni. –

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, 20. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 81, fol. 42.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 82.

Merkjalýsing fyrir jörðinni Miðgili í Engihlíðarhreppi.

Að sunnan milli Engihlíðar og Miðgils ræður merkjum neðan frá Blöndu svonefndur ytri Svepphólslækur, allt til fjalls upp, þangað til hann fyrst rennur ofanjarðar; en frá upptökum hans til austurs ræður bein sjónhending í stóran stein á sunnanverðri Háubungu, og þaðan beint til austurs á fjall upp, þar sem það er hæst; þaðan frá norður eptir beint austur undan yzta hluta Dýhóla; þaðan frá til vesturs beina línu í vörðu þá, er stendur á Hraunbrekkubrún utanverðri; síðan úr vörðunni niður í mitt Tjaldholt í steina þá, er mannaverk sjást á vera, og úr steinum þessum til vesturs beina línu, sem vörður vísa niður í grjótvörðu, sem stendur á mel, skammt frá Blöndu, fyrir sunnan og neðan Yztagil, og úr vörðu þessari niður fyrir melbrekkuna í ytri skurð þann eða forarkeldu, sem liggur fram úr grasbakkanum fast við Blöndu, fyrir utan Yztagilsvað; að vestan ræður Blanda landamerkjum.

Þessa merkjalýsingu, sem samin er 14. maí árið 1887, samþykkjum vjer undirritaðir:

Eigandi að jörðinni Miðgili: Magnús Pjetursson.

Eigandi að jörðinni Yztagil: Jónas Erlendsson (handsalað.)

Eigandi að jörðinni Engihlíð: Kristófer Jónsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 22. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 82, fol. 43

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

Nº 83

Merkjalýsing fyrir jörðinni Engihlíð í Engihlíðarhreppi.

Að sunnan milli Glaumbæjar og Engihlíðar ræður garðlag gamalt neðan frá Blönduárbakka til austurs í fjall upp, um sunnanvert Háagerði, sem er stór grashóll fyrir utan og neðan Glaumbæ; þaðan til fjalls upp beina sjónhending í svonefndan Strítuhól, og úr honum beina línu í svonefndan Engihlíðarhnjúk, og þaðan til austurs í sunnanverða svonefnda Hrafnakletta, og þaðan austur á fjall, sem það er hæst. – Að norðan ræður ytri Svepphólslækur allt frá Blöndu til austur í fjall upp svo lengi sem hann sumpart er alveg ofan jarðar og sumpart undir jarðbrún, allt þar til hann fyrst kemur upp, að þaðan frá er stefnan til austurs í stóran, jarðfastan stein á sunnanverðri Háubungu, og þaðan beina sjónhending á fjall austur, þar sem það er hæst. – Að austan er merkjalínan eptir háfjallinu, eins og vötnum hallar til beggja hliða, og eptir því bein lína til norðurs og suðurs milli enda hliðarlínanna. Að vestan ræður Blanda landamerkjum.

Þessa merkjalýsingu, sem samin er 14. maí árið 1887, samþykkjum vjer undirritaðir:

Eigandi jarðarinnar Engihlíðar: Kristófer Jónsson.

Eigandi jarðarinnar Glaumbæjar og Miðgils: Pjetur Oddson.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð hinn 22.maí 1889 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, Nº 83, fol. 43.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 84.

Merkjalýsing fyrir jörðinni Glaumbæ í Engihlíðarhreppi.

Að norðan milli Glaumbæjar og Engihlíðar ræður gamalt garðlag neðan frá Blönduósbakka til austurs í fjall upp, um sunnanvert Háagerði, sem er stór grashóll fyrir utan og neðan Glaumbæ; þaðan til fjalls upp beina sjónhending í svonefndan Strítuhól, og úr honum beina línu í svonefndan Engihlíðarhnjúk, og þaðan til austurs í sunnanverða svonefnda Hrafnakletta, og þaðan austur á fjall, sem það er hæst. – Að austan eru merkin til suðurs eptir háfjallinu, þar til komið er beint í austur á móts við upptök Litlalækjar, en hann ræður merkjum að sunnan til vesturs, allt þar til hann beygist suður á við, sem er lítið vestar en í beinni línu milli Glaumbæjar og Fremstagils, að þaðan ræður til vesturs bein stefna í svonefndan Strítuhól, og úr honum beint vestur í Blöndu, en hún ræður merkjum að vestan.

Þessa merkjalýsingu, sem samin er 14. maí árið 1887, samþykkjum vjer undirritaðir:

Eigandi jarðarinnar Glaumbæjar: Pjetur Oddsson.

Vegna klausturjarðarinnar Fremstagils: B.G. Blöndal, umboðsmaður Þingeyraklausturs.

Eigandi jarðarinnar Engihlíðar: Kristófer Jónsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 22.maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 84, fol. 44.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 85

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Litlavatnsskarð í Engihlíðahreppi.

Samkvæmt áreiðargjörð 22. júlí 1885, og samþykki allra eigenda og umráðamanna jarða þeirra, er liggja að landi Litlavatnsskarðs, eru landamerki fyrir jörð þessari, sem hér segir:

Að sunnan, milli Litlavatnsskarðs og Merkur, ræður landamerkjum lækur eða Vatnsskarðsá, er fellur úr Móbergsselstjörn til vesturs gagnvart litlum mel að sunnanverðu við ána í skarðsmynninu; þar eð áin hefur þaðan ekki neinn vissan farveg, ræður merkjum bein stefna til vesturs (frá áðurnefndum mel) yfir Buga allt að gömlum farveg, er liggur frá norðri til suðurs; er þar hlaðið upp merki úr torfi. Frá merki þessu ræður bein lína milli Litlavatnsskarðs og Gunnsteinsstaða til norðurs að hundapúfu á næsta holti; þaðan yfir mýrarsund í fornan veg (Reiðgötur), er liggur vestan á Langholti, að læk, sem fellur út Laxárdal, og er uppspretta Laxár. Frá Langholti ræður merkjum áminntur lækur allt að jarðföstum steini, sem er á vesturbakka lækjarins móts við Illukeldu; ræður svo Illakelda merkjum milli Litlavatnsskarðs og Refsstaða upp í fjallshlíð að austan, og svo bein stefna yfir Vatnsskarðskatla á vestari brún Laxárdalsfjalla og þaðan austur á háfjallið; eru svo merki eptir beinni línu suður á nyrðri brún Litlavatnsskarðs í klett, sem nefndur er Skuggi; þaðan bein stefna á stóran stein í skarðshlíðinni og svo ofan að Móbergsselstjörn. Suðurlína þessi og tilgreind merki á henni eru milli Móbergssels og Litlavatnsskarðs. Að síðustu ræður tjörnin merkjum að sunnan að fyrstnefndum læk eða Vatnsskarðsá. – Í umboði eiganda jarðarinnar Litlavatnsskarðs.

Mjóadal, 3. maí 1887.

Jóh. Fr. Sigvaldason.

Framanritaðri landamerkjaskrá fyrir Litlavatnsskarð eru hlutaðeigendur nærliggjandi jarða samþykkir.

Guðmundur Jónsson, eigandi að jörðinni Mörk. –

Brynjólfur Bjarnason, fyrir hönd eiganda Refsstaða.

Pjetur Pjetursson, eigandi Gunnsteinsstaða. –

Hannes Kristjánsson, eigandi jarðarinnar Móbergssels (hands.)

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð hinn 22. maí 1889 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 85, fol. 44.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

Nº 86

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Höfnum í Vindhælishreppi.

Að vestan og sunnan meðfram Tjarnarlandi frá stapa, er stendur í fjöru rjett upp undan kletti þeim, er stendur í sjó norðarlega undir Kerlingarbjargi og Kerling er kallaður, í Rjúpnadal; þaðan í hól eða þúfu fyrir ofan Nesvatn syðra og svo í ósinn á efsta Hafnavatni; þaðan sjónhending í tjörn þá, sem er í flánni fyrir sunnan Þrándarlæk, og í tjörn þá, er Heytjörn heitir; þaðan í Fuglapúfu. – Að norðan girðir sjór Hafnarland frá fyrrnefndum Stapa, að Rekavatnsós; ræður þá Rekavatn og Hafnaá, fram til Faxalækjar; síðan aptur Hafnaá til Neðstavatns, og svo til Miðvatns og þaðan til efsta eða fremsta Hafnavatns; þá ræður Þrándarlækur til Heytjarnarsunds, og þaðan í fyrnefnda Fuglapúfu. – Höfnum fylgja allar eyjar og sker fyrir landi jarðarinnar, samt reki allur.

Hvammi, 4. ágúst 1886.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Ofanritaðri merkja skrá fyrir Höfnum er jeg undirritaður samþykkur:

Jón Gíslason ábúandi á Tjörn.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík hinn 23. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu Nº 86, fol. 45.

Vottar:

Lárus Blöndal.



1889.

N^o 87.

Landamerkjaskrá fyrir Þjóðjörðinni Tjörn í Vindhælishreppi.

Að norðan frá stapa í fjörunni upp undan Kerlingu, norðarlega undir Kerlingarbjargi, í Hest og þaðan í Rjúpnadal; þaðan í hól eða þúfu fyrir ofan Nesvatn syðra og svo í vestari ósinn á efsta Hafnavatni; þaðan í tjörn þá, er stendur á flánni fyrir sunnan Þrándarlæk og í tjörn þá, er Heytjörn heitir; þaðan beint í Fuglaþúfu; þá úr Fuglaþúfu í Svínafellshorn norðara; svo sem Svínafell ræður að vestan í Langalækjarhól; þaðan í stein, er stendur í eða við Laxá og nefndur er Sladdur; svo sem Laxá heldur í Laxárvatnsós; svo beint í Brúnkolluþúfu; þaðan í þúfu á Brekkuhorninu svo beint í Ran(hól)a-skála við sjó, milli Tjarnar og Óss; að vestan girðir sjór landið. – Reka allan á Tjörn fyrir landi sínu. –

Hvammi, 4. ágúst 1886

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.jarða.

Ofanritaðri merkjaskrá fyrir Tjörn erum við undirrituð samþykkt:

Jóhanna Þ. Jónsdóttir ábúandi Hafna.

Jósep Magnússon eigandi Óss.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík hinn 23. maí 1889 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 87, fol. 45.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 88

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Kurfi í Vindhælishreppi.

Milli Örlygsstaða og Kurfs frá steinum í fjörumálinu, sem kallast Bræður, og standa hjerumbil tíu faðma fyrir norðan Votulág, sjónhending í túngarð milli Örlygsstaða og Kurfs; þaðan sjónhending fyrir sunnan Háubungu í suðurenda Brunavatns; úr þessum Brunavatnsenda í norðurenda Bláhóls; þaðan beinlínis í Fossá. – Milli Kurfs og Hróarsstaða eru merki úr túngarði milli tjeðra jarða þverlínu beint niður til sjáfar; frá sama túngarði til austurs í norðurenda Háubruna; þaðan í syðri enda Kurfshóls; þaðan sjónhending í Fossá beina línu; ræður svo Fossá merkjum til framan umgetinna landamerkja milli Örlygsstaða og Kurfs. Spákonuurfur er fyrir landi jarðarinnar. –

Hvammi, 20. júní 1888.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Jón Jóhannesson (handsalað) eigandi Örlygsstaða.

Gísli Benediktsson (handsalað.) eigandi Hróarsstaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík hinn 23. maí 1889 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 88, fol. 46.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 89.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Hvammkoti í Vindhælishreppi.

Að vestan og norðan frá vörðu á brekkunni fyrir utan Stórhól um Gunnumó og yfir Reyrlág til vörðu á melunum utan og vestantil við túnið og nefnd er Hornvarða; þaðan til landnorðurs til Sölvavörðu, sem er fyrir norðan Sjónarhól; frá Sölvavörðu sömu stefnulínu yfir Hestás í Lómatjarnir, sem eru vestan undir norðari Mosásenda; frá þeim ennþá sömu stefnulínu yfir flá fyrir norðan Mosás að vörðu við Fjallsland. – Að sunnan frá fyrstnefndri vörðu á brekkunni til vörðu á ásnum fyrir austan sunnið og ofan Presthól, og síðan áfram sömu stefnulínu, sem miðuð er við Litlaskarð til Norðurár; þá norður með Fjallslandi í Kringlumýri og Miðaptansvörðu á Ásabrun, og norður í vörðu á nyrðri Mosásenda til fyrnefndrar vörðu við Fjallsland.

Hvammi 4. ágúst 1886

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.jarða.

Ofanritaðri merkjaskrá fyrir Hvammkotslandi erum vjer undirritaðir samþykkir.

Vegna Hofs-staðar Eggert Ó. Brím

Vegna Örlygsstaða Jón Jóhannesson (handsalað.)

Vegna Fjalls Ólafur Briem (umboðsmaður)

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 23. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 89, fol. 46.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

Nº 90.

Skrá yfir landamerki Höfðahóla.

Að sunnan frá sjó ræður Hrafnaldsá á milli Árbakkalands og Höfðahóla, til vörðu, er hlaðin er að norðanverðu við ána; frá þeirri vörðu liggja merki norður flóana eptir sem vörður vísa til Sandlækjar, og ræður hann þá til sjáfar, og er þá Spákonufellsland að ofan og norðan. Innfrá Sandlæk er Höfðahólaland til vörðu, sem hlaðin er austanvert við grjótrjettina; frá þeirri vörðu liggur merkjalínan í suður fyrir austan rjettina til vegarins, og ræður þá vegurinn fyrir austan Spákonufellshöfða merkjum til Skagastrandar-kaupstaðar, og er þá merkjalínan ígegn um sund það, sem er á milli húsa þeirra, sem nefnd eru „Kornhús“ og „Assistentsstofa“, beint suður til bryggjunnar, og er þá Spákonufellsland að vestan við þessa merkjalínu.

Fyrir Höfðahólalandi á Spákonufell fimmtung alls reka, en Höfðahólar eiga í móti fimmtung alls reka fyrir Spákonufellslandi að undanteknu því, er rekur við varpland Spákonufells.

Fyrir utan Sandlæk á Spákonufell þrjá engja teiga afmarkaða, og eiga Höfðahólar einn teiginn til slæгна, eða einn þriðja part af þeim öllum, en Spákonufell á í móti torfskurð (mótak) í Höfðahólalandi. –

Viðvík, 14. júní 1887.

Ó. Möller (ábúandi Höfðahóla).

Ofanritaðri merkjaskrá fyrir Höfðahólum erum vjer undirritaðir samþykkir:

Jakob Jósefsson. Jóhann Jósefsson. Jens Jósefsson eigendur Spákonufells.

B.G. Blöndal, umboðsmaður yfir þjóðjörðinni Höfðahólum.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 23.maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, Nº 90, fol. 47.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 91. –

Skrá um landamerki og ítök Spákonufells.

Að sunnan á milli Spákonufells og Árbakka ræður Hrafnaldalsá upp að Tungufelli, þar til er Kambadalsá eða Kambaá rennur í hana, og þaðan ræður Kambaá austur að Smiðjugili, og er þá þrotið Árbakkaland. Tekur þá við að sunnan Sæunnarstaða og Bergsstaða lönd, og ræður þá sjónhending austur lágdalinn að Kambadalstjörnum og svo norðanvert við tjarnirnar. Þaðan ganga merkin gagnvart Almanning í Skagaheiði norðaustur lægðina fyrir vestan Fossbundu, þar til er fyrst myndast gil að Fossdalsá, og ræður þá Fossdalsá til Fjallabaksár. Þaðan ræður Fjallabaksá til ytri Botnalækjar við Botnaflá, og er gagnvart að vestan Hofslandi, ásamt landspildu er Litlabakka er eignuð. Þaðan ganga merki beina skálínu yfir Botnaflá ofan til við Ölduhól suðvestur hina neðri stallbrún í Brandaskarðsgilbotn, og er Harrastaðaland að norðvestan. Þaðan ganga merki fyrst í suðvestur og svo í vestur norðan í fjallsbrúnunum til klettastritu þeirrar, sem er fyrir norðan Leynidali norðan vert við Borgar-haus; þá beina stefnu yfir nyrðri enda Grenjadals til Landamerkjagils, og þar sem það endar sjer fyrir garði til sjáfar, er stefnir norðanvert við Sandlækjarós, og er þá Finnsstaða og Háagerðisland fyrir norðan.

Á landamerkjum Spákonufells og Höfðahóla hafa verið hlaðnar vörður frá Kelduós hjá Hrafnaldalsá, er ganga norður flóann til Sandlækjar, og ræður hann þá til sjáfar. Inn frá læknum er Höfðahólaland til vörðu, sem hlaðin er austanvert við grjótrjettina, en frá þeirri vörðu liggur merkjalínan í suður fyrir austan Grjótrjettina til vegarins, og ræður þá vegurinn fyrir austan Spákonufellshöfða til Skagastrandarkaupstaðar, og er þá merkjalínan í gegn um sund það, sem er á milli húsa þeirra, sem nefnd eru „Kornhús“ og „Assistentstofa“, beint suður til bryggjunnar, og er þá Spákonufellsland fyrir vestan þá merkjalínu. – Sá hluti þess svæðis, sem kaupstaðarhúsin standa á og meiri hluti kaupstaðartúnsins, nefnil. Þríhyrnd spilda, sem er 110 faðmar á einn veg, 212 faðmar á annan, og 116 faðmar á hinn þriðja, hefur verið selt undan Spákonufelli, en mjög þykir vafasamt, að sú sala hafi verið lögmæt.

Spákonufell á þrjá teiga fyrir utan Sandlæk út að Sandenda, og svo langt upp í flóann, sem vörður, er settar eru, til vísa, ásamt öllum reka fyrir teigunum. Torfskurð á Spákonufelli í Höfðahólalandi, og ljær einn teiginn til slægna, og hrísrif í Vindhælislandi, og ljær í móti annan teiginn ef það er notað. – Fyrir Höfðahólalandi á Spákonufell fimmtung alls reka, en Höfðahólar á móti fimmtung alls reka fyrir Spákonufellslandi. – Spákonufell á varpeyna suður undan Skagastrandar kaupstað, og svonefndan Árbakkastein, og allan reka við varplandið. –

Reka-ítök Spákonufells og kirkjunnar þar að Hrauni eru þrír áttundu viðreka frá Fornuvör til Þriggjasteinamarks, og helmingur viðreka frá Þriggjasteinamarki til Langatanga, og fimm áttundu partar viðreka frá Langatanga til Deildarhamars, – öll þessi ítök á móts við eigendur Hrauns og móts við Höskuldsstaðkirkju.

Um eignarhlut Spákonufellskirkju í Spákonuarfi verður gjörð sjerstök skrá. –
Árbakka, 25. júlí 1885.

J. Jósefsson. Jóhann Jósefsson. Jens Jósefsson (eigendur Spákonufells.)

Framan og ofanritaðri merkjaskrá fyrir Spákonufelli erum vjer undirritaðir samþykkir.

Jósef Jósefsson. Jóhann Jósefsson (eigendur Finnstaða)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Daníel Andrjesson. Margrjet Jónsdóttir (eigendur og ábúendur Harrastaða.)
K.S. Þorbergsson. Jakob Jósefsson (eigendur Sæunnarstaða.)
Tómas Pálsson, ábúandi Háagerðis.
Fyrir hönd Sölfa Sölfasonar, meðeiganda Hrauns Jónatan Jónatansson (handsalað.)
Að svo miklu leyti sem Hofs-staðar og Spákonufellslönd ná sama við Fjallabaksá, –
samþykkur vegna Hofs-staðar Eggert B. Brím (þjónandi prestur Hofsprestakalls).
O.P. Chr. Möller, ábúandi Höfðahóla.
Á. Sigurðsson, eigandi Bergsstaða.
B.G. Blöndal, umboðsmaður þjóðjarðanna Árbakka og Höfðahóla.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefur með brjefi 28. marz þ.á. falið mjer að athuga og undirskrifa landamerkjaskrá fyrir Hrauni á Skaga, að því er rekatakörkin gagnvart Spákonufelli snertir. Þar sem jeg hef nú borið saman þau skjöl, sem ég hef getað fengið þeim viðvíkjandi, finn jeg ekkert að athuga rekamerkjunum viðvíkjandi og skrifa því undir, í umboði hreppsnefndar Vindhælishrepps.

P.t. Viðvík, 28. maí 1888.

Árni Jónsson hreppstj.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, 23. maí 1889 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 91, fol. 47-48.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 92

Skrá um landamerki Sæunnarstaða.

Að vestan, norðan Hallár, ræður merkjum Seljadalslækur upp í Seljadalsbotn; þaðan liggja merki beina sjónhending upp á há fjallsbrún; vestan línu þessarar er Vakursstaðaland; svo liggja merki austur háfjallabrúnir til móts við Smiðjugil; þaðan beina stefnu í Smiðjugilslæk, og ræður hann þá til Kambadalsár; er þá Árbakkaland að vestan; svo liggja merki í austur með Kambadalsá, og sunnan við Kambadalstjarnir, til móts við gil það, er liggur norðan í Ranafelli; er þá Spákonufellsland að norðan; svo ganga merki til suðurs beina sjónhending til áðurnefnds gils norðan í Ranafelli; svo liggja merki yfir há Ranafell til Ranaskálarlækjar, og ræður hann svo þar til að litlum fossi kemur, og lækurinn beygist í vestur; svo liggja merki frá áðurnefndum fossi eptir sem vörður vísa beina stefnu til Hallár, vestan við Grænutópt; austan línu þessarar er Bergsstaðaland; svo ræður Hallá merkjum til Smjörskálarlækjar, er fellur í hana að sunnan; ræður hann svo til Smjörskálar; austan línu þessarar er Þverárland; svo liggja merki frá upptökum Smjörskálarlækjar beina línu upp á Hamarshlíðarbrúnina; svo ganga merki suður Hamarshlíðarbrúnina, þar til kemur miðja vegu að bera á milli Fagrafells og Söndugahóls; svo liggur merkjalínan í vestur yfir Haukaskarð, beina sjónhending til há Mosagilshnjúks; svo ganga merki þaðan efst í Nóngil; er þá Hafursstaðaland sunnan línu þessarar; þá ræður Nóngilslækur til Hallár, og fellur hann í hana næstum á móti áðurnefndum Seljadalslæk; er þá Blálandsland að vestan.

Árbakka, 6. maí 1889.

J. Jósefsson. Kr. Þorbergsson (handsalað) eigendur Sæunnarstaða.

Ofanritaðri merkjaskrá fyrir Sæunnarstöðum erum vjer undirritaðir samþykkir:

Jakob Jósefsson. Jens Jósefsson. Jóhann Jósefsson, eigendur Spákonufells.

B.G. Blöndal, umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Kristmundur Þorbergsson, eigandi Blálands (hands.)

María Guðmundsdóttir, meðeigandi Hafursstaðatorfunnar (handsalað.)

Handsalsvottar: Nikulás Helgason. Júlíus Guðmundsson.

Í umboði eiganda Hafursstaða Andrjes Árnason.

Árni Jónsson, eigandi Þverár. –

Árni Jónsson, eptir umboði eiganda Bergsstaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, 23. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 92, fol. 48.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 93

Landamerkjaskrá fyrir Bláland í Halladal.

Neðan frá steini þeim, sem er í oddanum á Stóranesi, norðan við Halladalsá, ræður áin landamerkjum milli Blálands og Vakursstaða, upp Halladal, ~~aust~~ austur í Nóngil; svo ræður Nóngil merkjum milli Blálands og Sæunnarstaða, frá Halladalsá upp á fjall; þaðan er merkjalínan vestur mitt fjallið, vestur á vestasta hnjúk Hafurfells; þaðan eru merkin milli Blálands og Kjararlands beint ofan fjallið, ofan í kringlóttan vörðumel, fyrir austan Kjararlandsdökkir; þaðan beint í áðurnefndan stein í oddanum á Stóranesi.

Auk þess á Bláland engjateig austur frá Nóngilsskriðu, upp með Halladalsá, austur í vik það, sem er austan við Mosaskriðu; þaðan eru merki teigsins upp læk, sem rennur úr fjallinu ofan í áðurnefnt vik vestan við tvo jarðfasta steina í fjallsrótunum.

Kjararlandi og Vakurstöðum, 21. maí 1889.

Eigandi Blálands og ½ Sæunnarstaða: Kr. Fr. Þorbergsson. –

Eigandi Kjararlands: Frímann Guðmundsson. –

Jakob Jósefsson, meðeigandi Sæunnarstaða. –

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 23. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 93, fol. 49.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 94.

Landamerkjaskrá fyrir Kjarlandi á Skagaströnd.

Úr Sláttuhvammi við Halladalsá ræður áin merkjum milli Kjarlands og Vindhælis upp í stein í oddanum á Stóranesi, norðan við ána; þaðan ræður bein stefna til suðurs yfir um, upp í kringlóttan mel fyrir austan Kjarlandsdökkir; svo þaðan í hátoppinn á Hafurfelli, sem er vestasti hnjúkur á fjallgarði þeim, er skilur Halladal og Brunnárdal. Þessi merkjalína er auðkennd með merkjavörðum.

Að sunnan ræður merkjum, milli Kjarlands og Hafursstaða, bein lína úr áðurnefndum Sláttuhvammi, yfir Klofasteina, suður og upp í Hrafnabrík, eins og merkjavörður sýna; þaðan ræður Brunná merkjum upp Brunnárdal, upp að Hrísgili við Hrísholt; svo upp með gilinu á fjall upp og vestur mitt fjallið, vestur á áðurnefndan vestasta Hafurfellshnjúk.

Kjarlandi, 20. maí 1889.

Eigandi Kjarlands: Frímann Guðmundsson.

Eigandi Blálands og Kambakots: Kr. Fr. Þorbergsson. –

Samkvæmt umboði eiganda Hafursstaða: Andrjes Árnason. –

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 23. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 94. fol. 49.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 95.

Merkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Njálstöðum í Vindhælishreppi.

Milli Njálstaða og Syðrahóls eru merki úr vörðu við Laxá, er stendur á Nöfinni suðaustanvert við Ranahvamm, beina línu upp að Landamerkjalæk, þar sem hann fellur niður úr fjallshlíðinni eða brekkunum, og þá sömu beinu línu í merkjavörðu á brúninni, sunnanhallt við Rauðanúp, (og ber sú varða við lopt að sjá frá fyrnefndri vörðu á Nöfinni;) þá enn sömu stefnulínu í vörðu á fjallshrygg þeim, sem Einbúi nefnist. Fyrir ofan Einbúa ræður merkjum móts við Höskuldsstaði gamalt og glögggt garðlag upp í Dínufjall. Milli Njálstaða og Neðribæjar ræður svonefndur Merkjalækur frá Dínufjalli niður til Norðurár; þá Norðurá og Laxá, sem þær falla, niður til fyrnefndrar Nafar, suðvestanvert við Ranahvamm.

Hvammi, 10. apríl 1889.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Framanskriafaðri landamerkjaskrá erum við undirritaðir, vegna Syðrahóls og Höskuldsstaða og Neðstabæjar, samþykkir:

Höskuldsstöðum og Neðstabæ, 12. maí 1889

Eggert Ó. Brím.

S. Jónatansson.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 23. maí 1889 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 95, fol. 50. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 96.

Landamerkjaskrá fyrir Neðstabæ í Norðurárdal í Húnavatnssýslu.

Að austanverðu eru merkin, milli Neðstabæjar og Kirkjubæjar, úr svokölluðum Merkjabotni austarlega sunnan í Dínufjalli, og eptir læk, er þaðan rennur, ofan hjá Svartabakka allt til Norðurár, skammt fyrir neðan Laugarhól; ræður svo Norðurá að sunnan ofan að Merkjalæk, er fellur í hana austanvert við Stóranes; síðan ræður merkjum að vestan, móts við Njálstaðaland áminntur Merkjalækur, alla leið til upptaka sinna, sem eru suðvestan undir Dínufjallsrótum (Dínufjallshöggi), en að norðan vísa fjallabrúnir til áðurtaðra ummerkja

Þessi hjer skráðu landamerki samþykkjum vjer undirritaðir hlutaðeigendur
(sine anno.)

Björn Þorláksson fjárhaldsmaður Albert Bjarnarsonar, eigandi Neðstabæjar. –

Þessum landamerkjum er samþykkur B.G. Blöndal, umboðsmaður yfir Njálstöðum.

Ofangreindum landamerkjum er samþykkur

Ingvar Þorsteinsson eigandi Kirkjubæjar.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 23. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 96 fol. 50. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

Nº 97.

Landamerkjaskrá fyrir Öxl í Sveinsstaðahreppi.

Að sunnan úr syðsta heygarði á Slúbakka austan Árfars beina stefnu í Markstein á Axlarböllum og Kerlingu á Axlarhjalla, og þá sömu línu til háfjallsins. Að norðan ræður Grásteinn niður undir Axlar- eða Brekkukvísl, og frá honum út og upp í vörðu vestan við svonefnt Tjarnstæði, fyrir sunnan Brekkukotsmel; frá þessari vörðu beint í stein upp á mýrunum, merktan L, og frá honum í vörðu á hjallabrúninni, og þaðan upp á há öxlina. – Að austan eru merki há fjallið, en að vestan mitt Árfar og Axlarkvísl.

Öxl, 27. maí 1889.

Guðrún Einarsdóttir.

Ofanritaðri merkjaskrá erum við samþykkir:

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklausturjarða.

Sem eigandi Hnausa Magnús Steindórsson.

Sem skipaður meðráðamaður hinna ómyndugu meðeigenda Axlar er jeg samþykkur:

J. Einarsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum hinn 28. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, Nº 97, fol. 51.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 98.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðunum Brekku og Brekkukoti í Sveinsstaðahreppi.

Að sunnan úr stórum steini niður undir Axlar- eða Brekku-kvísl, er nefnist Grásteinn og merktur er L, til landnorðurs að vörðu, sem er á melnum vestanvert við grasbolla, sem nefndur er Tjarnstæði; frá henni í stóran stein upp á mýrinni, sem einnig er merktur L, og frá honum sömu stefnu í vörðu á Hjallabrúninni; þá aptur frá henni uppá norðvesturhorn Axlarinnar, sem er norðurendi Vatnsdalsfjalls; þaðan beina stefnu suðaustur að Hjalpargili, og sem það ræður; þá frá því þvert niður til Gilár; ræður hún þá merkjum niður að Sellækjarós. – Milli Brekku og Litlugilár eru þessi merki: Fyrir sunnan Sellækjarós eru tveir stórir steinar, og er annar þeirra merktur L; frá honum beina leið í miðjan Langadalsenda austari, og þá eptir honum miðjum niður til Krossdals, þar sem lækurinn fellur yfir göturnar; þá þaðan niður til Skriðugils, og eptir því, sem það ræður; þá frá merkjasteini í miðjum Skriðugilsenda neðri, eptir stefnu þeirri, er merkjavörður benda til, að vörðu við landnorðurenda Sortuvíks; þá sem það ræður til suðvesturs að vörðu, er stendur við suðvesturenda þess; frá henni þvert yfir hólmann að vörðu, sem er vestur við Brekkukvísl, og ræður hún þá merkjum fram til fyrnefnds Grásteins, er merktur er L.

Hvammi, 3. maí 1889

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Þorsteinn Jónsson. Gísli Jónsson eigendur Litlugilár.

J. Einarsson fjárhaldsmaður ómyndugra eigenda ½ jarðarinnar Axlar.

Guðrún Einarsdóttir, eigandi ½ jarðarinnar Axlar.

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum, hinn 28. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 98, fol. 51.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 99

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Guðrúnarstöðum í Vatnsdal, með hjáleigunni Vöglum.

Að norðan eru merki þannig: Grjótvarða vestur undir Tunguá, austanvert við Prestamýri; þaðan austur til marksteins, neðarlega í hlíðinni milli Marðarnúps og Guðrúnarstaða; svo til Rauðahamars á Miðhjalla, og eru þessi merki í líkri stefnu; þaðan austur á austasta Borgarhöfuð, vestanvert við Sauðadalslæk; þá beina sjónhending til Marksteins austur við Selkvísl; þá liggja merkin í suður með kvíslinni og beinustu stefnu suður að Karyðlingatjörn; þá enn í suður að Skammbeinstjörn; svo í vestur að Úlfkellsvatni sem Skammbeinslækur ræður, og úr þeim lækjarósi í Úlfkellshöfða; frá Úlfkellshöfða eru merkin eptir hæsta hálsinum í norður fyrir vestan Vagli, norður í Grástein, vestur undan Vöglum; þá sjónhending niður Landamerkjalág niður til Vaglakvíslar sunnan við Kárdal; svo ræður Vaglakvísl niður að Tunguá, og þá Tunguá niður að vörðu þeirri, er upphaflega um getur að sje austanvert við Prestamýri.

Guðlaugsstöðum og Hnausum, 28. febr. 1888.

Elín Arnljótsdóttir (eigandi Guðrúnarstaða)

Magnús B. Steindórsson (eigandi Vagla.)

Lárus Blöndal umráðamaður kristfjárjarðarinnar Marðarnúps.

Bjarni Snæbjarnarson eigandi Þórormstungu.

Hjörli. Einarsson sem umráðamaður kirkjujarðarinnar Kárdalstungu.

Stefán M. Jónsson sem umráðamaður Auðkúluheiðar. –

Lesið upp á manntalsþingi að Ási, hinn 29. maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 99, fol. 52.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 100.

Landamerki jarðarinnar Hnusa í Sveinstaðahreppi, innan Húnavatnssýslu samkvæmt kaupbrjefi og afsalsbrjefi, dagsettu að Kornsó, 1. júní 1883, eru þessi:

Að sunnan og vestan ræður áin eða Kvíslin, norður að skurði þeim, sem liggur úr Álptatjörn og vestur í Kvíslina, og úr Álptatjörn aptur ræður Markkelda norður beint í Þverkvísl; þá Þverkvísl austur í Árfar sem þá ræður suður að syðsta Heygarði á Slýjubakkanum, austan Árfars; þaðan aptur bein stefna í Markstein á Axlarböllum og Kerlingu á Axlarhjalla; að austan ræður sem vötnum hallar í vestur af fjallinu fram til Bæjargils, og þá Bæjargil og Bæjargilslækur að sunnan niður í Skriðuvað, og svo sem Austurkvísl ræður. Þó er jörðinni Bjarnastöðum heimilt slægna-ítak í Lindartjörn og Slýjubakka, samkvæmt þinglesnu yfirlýsingarskjali, dags. 3. júní 1880.

Landamerki Sauðadals, sem nú er sameign okkar Erlendar Eysteinsonar á Beinakeldu, eiganda Stórugiljár, eru samkvæmt lögfestu 24. maí 1875, þinglesinni að Tindum sama dag, og Miðhúsum 26. s.mán, þessi, sem nú skal greina:

Að norðan og austan Sauðadalsár ráða svo kallaðar Skertlur, er skerast vestur úr Reykjanybbu; þaðan fram og austur á Svínadalsfjall, allt hvað vötn að draga til vesturs, fram móts við svo kallaðan klett Snagga, er stendur við Hrafnabjargakvísl, móts við Marðarnúpsmenn; þaðan rjettsýni vestur á Vatnsdalsfjall móti merkisteini þeim, er stendur í Gilár- eður í Marðarnúps-hlíð, þar vötnum veitir til austurs; þaðan norður háfjallið allt að Hjálpargili sem einnig er kallað Kötlunúpagil; þaðan austur í Sauðadalsá. –

Hnuseum, 20. júní 1883.

Þorvaldur Ásgeirsson eigandi Hnusa og hálf Sauðadals. –

Vjer, sem erum eigendur og umráðendur jarða þeirra, er lönd eiga að ofannefndri jörð Hnuseum, og Sauðadal, ritum nöfn vor hjer undir til samþykkis og staðfestingar framan skrifuðum landamerkjum

Sigurður Hafsteinsson, eigandi að Öxl.

Sem umráðamenn kristfjárjarðanna Mársstaða, Hofs, Kötlustaða, Gilár og Marðarnúps:

Lárus Blöndal. Hjörl. Einarsson. –

Sem eigandi Eyjólfstaða og Bakka: F. Guðmundsson

Jósep Einarsson fyrir Grundarkot og Hjallaland.

B.G. Blöndal eigandi að Hvammi og umboðsmaður yfir Þingeyraklaustursjörðunum:

Brekka og Brekkukoti.

Sem eigandi Stórugiljár og Beinakeldu, Erl. Eysteinson. –

Sem eigandi Bjarnastaða, Jórunn Magnúsdóttir (handsalað.)

Kristján Kristjánsson, eigandi Snæringsstaða.

Guðbjörg Pjetursdóttir (handsalað.) eigandi Ljótshóla.

Þorsteinn Þorsteinsson, eigandi Grundar.

Sveinn Pjetursson, eigandi Geithamra. –

St. M. Jónsson umráðamaður Gafls í Svínadal. –

E. Halldórsson eigandi Reykja og Mosfells. –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þessa landamerkjaskrá undirskrifa jeg að Steinnesi, 13. nóv. 1886 –
Þorvaldur Ásgeirsson

samkvæmt amtsbrjefi 6. marzmán. þ.á., og brjefi landshöfðingja 10. júní 1884. –

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum hinn 28. maí 1889, og innfært í landamerkjabók
Húnavatnssýslu, N^o 100, fol. 52 og 53. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 101

Landamerkjalyásing yfir merki að Lækjarmóts-landi í Þorkelshólshreppi

Að sunnanverðu ræður lækur, sem tekur sig upp á háfjalli, og fellur eptir Merkgili, sem er skammt fyrir norðan Þríhyrndadý; hann ræður þar til hann beygir suður á við fyrir ofan Merkgilsbala, yfir áminnztan bala sjónhending í Merkgilsstein, sem er neðantil við balann; þaðan sjónhending í syðri hádegisstein, þaðan sjónhending í Kælislæk, sem ræður að Víðidalsá, og Víðidalsá að Grafarlæk; Grafarlækur gegnt vörðu eður þúfu þeirri, sem, hlaðin er upp úr torfi fyrir norðvestan lækinn; þaðan sjónhending í Rjúpuhól, þaðan sjónhending í Sitjanda, sem er varða norðantil á Lækjarmótsmelum við stóra grasþúfu; þaðan sjónhending í Grástein, sem er sunnantil í litlu holti norðan við kelduna, skammt fyrir neðan Dalsgrafir; frá Grásteini sjónhending í vörðu, sem stendur á merktum steini L.M. á vestanverðu taglinu; þaðan sjónhending til suðausturs í Sjónarhól, svo og fram háfjallið, eptir sem vötnum hallar til austurs og vesturs, allt að áðurnefndum Merkgilslæk.

Þannig eru þessi landamerki samþykkt og undirskrifuð
að Lækjarmóti 29. maí 1889

Eigandi Lækjarmóts: J. Sigurður Jónsson.

Eigandi Þórukots: Ó. Sigurðsson.

Daníel Daníelsson, eigandi Melrakkadals.

G. Sigurbjartsson, eigandi að ½ Þorkelshóli og ábúandi á allri jörðinni.

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31.maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 101, fol. 53.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 102.

Landamerkjalyásing fyrir jörðinni Galtanesi í Þorkelshólshreppi.

Að sunnan ræður bein stefna úr miðjum Tóukletti, (sem er hæsta klettaborg fyrir sunnan klauf þá, sem Prestsvegurinn liggur eptir, og er lítill tjarnarpollur norðan við klettinn), í vörðu, sem er á taglinu suður undan Hrafnaborg; þaðan bein sjónhending í Merkjapúfu, (sem er skammt frá Víðidalsá, og er stór steinn austan í þúfunni), og frá þúfunni sama sjónhending í Víðidalsá. Að austan ræður Víðidalsárkvísl, sem rennur fyrir austan Galtarneshólma; svo ræður áin fyrir sunnan Hornkotshólma, þaðan árfarvegur suður með Galtarnestanga í sýki fyrir austan sama tanga; þaðan ræður áin út í krókinn fyrir neðan Steinsvað. Að norðarn ræður bein lína úr árkróknum í gamlan landamerkjagarð á flóanum, þaðan í vörðu uppi á bungunni, og úr þeirri vörðu bein sjónhending í vörðu fyrir norðan Skálsflöt á vestari Bjargabrún; að vestan ræður Bjargabrún suður í áðurnefndan Tóuklett.

Galtanesi, 22. maí 1889.

Hannes Þórðarson (eigandi Galtarness.)

Guðlaugur Halldórsson, prestur að Breiðabólstað. –

J. Guðmundsson Auðunnarstöðum.

Gunnar Ingvarsson, Ásgeirsá,

Sigurður Jónsson, Lækjarmóti,

Eigendur og umráðamenn jarðanna Ásgeirsár og Lækjamóts. –

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31.maí 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 102, fol. 54.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 103

Landamerki jarðarinnar Stóruborgar í Þverárhreppi.

Við Vesturhópsvatn ræður Grænilækur merkjum að sunnan; frá þeim læk eru merki beina sjónhending í suðurhorn Borgarvirkis, og þaðan aptur í vörðu þá, sem hlaðin er við Víðidalsá, skammt frá Titlingastaðavaði; að austan ræður Víðidalsá merkjum of að svokölluðum Grjóthólma; þá ræður austari kvísl árinna merkjum, fyrir austan Grjóthólma og Borgareyju, en vestan Refsteinsstaðahólma út í Hóp. Þá tilheyrir og Stóruborg svokallaður Stóruborgarhólmi, er liggur fyrir vestan Borgareyju en sunnan Gottorpshólma. Dragið milli Stóruborgarhólma og Gottorpshólma tilheyrir hálf þvorum hólmanum. Fyrir vestan Víðidalsá eru merki að norðan úr Landamerkjasyki í Merkjastein við Hlífartjörn og þaðan beina sjónhending í Gottorpslæk, og þaðan aptur í Stuttugötu og vörðu þá, sem hlaðin er þar vestur í flóajaðrinum, og sem er hornmerki milli Stóruborgar og Vatnsenda. Frá þeirri vörðu eru merki sjónhending suður í Vesturhópsvatn, þar sem í það sjer austast; ræður svo vatnið merkjum suður til áðurnefnds Grænalækjar.

Í Stóruborgarengi liggur engjateigur sem tilheyrir Vatnsenda með þessum merkjum: Að norðan og austan er Hlífartjörn; að sunnan er skurður, sem liggur vestur úr suðurenda Hlífartjarnar, vestur að steini í skurðbakkanum, og að vestan eru þá merkin úr þeim steini norður í lítinn sýkisstokk, er gengur þar suður úr viki á Hlífartjörn.

Stóruborg, 27. maí 1889. –

P. Christophersson eigandi jarðanna Stóruborgar, Litluborgar og Refsteinstaða.

Björn Jóhannesson, ábúandi á Vatnsenda (handsalað).

Jón Th. Þorláksson eptir umboði frá eiganda Gottorps.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg hinn 1. maí 1889 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 103, fol. 54.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 104.

Landamerki jarðarinnar Litluborgar í Þverárhreppi

Að austan ræður Víðidalsá merkjum þannig, að hólmar þeir, sem eru í ánni, tilheyra Litluborg; að sunnan Faxalækur; að vestan Vesturhópsvatn norður að Grænalæk; að norðan ræður Grænilækur merkjum, og svo eru merki frá þeim læk beina sjónhending í suðurhorn Borgarvirkis, og þaðan aptur í vörðu þá, sem hlaðin er við Víðidalsá, skammt frá Titlingastaðavaði.

Stóruborg 27. maí 1889.

P. Christophersson eigandi Litluborgar.

Gunnl. Halldórsson, prestur að Breiðabólstað. –

G. Sigurbjartsson

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg hinn 1. júní 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 104, fol. 55. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 105.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Böðvarshólum í Þverárhreppi. –

Að sunnanverðu ræður Hörghólsá fram að Lestamannalæk á Böðvarshóladal, og svo þaðan beint vestur á háfjallið; þaðan beint til norðurs um Tangavatn, norður á Heydalseggjar; síðan austur eggjarnar í ytri Hlassöxlina, lítið fyrir norðan há Hlassið, og svo beina línu yfir Kotstekkjargöng í markstein á Grundar- eða Böðvarshóla-holti, og frá honum beina línu er stefnir í Rauðuskriðu í Bjarghúsabjörgum. Að austan ræður Reiðarlækur til Hörghólsár.

Hvammi, 19. maí 1885.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Jón Th. Þorláksson, eigandi Þóreyjarnúps. –

Gunnl. Halldórsson, prestur að Breiðabólstað.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg hinn 1. júní 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 105, fol. 55.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 106.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Kistu í Þverárhreppi.

Að sunnan eru merki bein lína úr Slálækjarós, (sem er austan við Hólaá), í Rauðusteina, er standa norður á Hólabrún; svo beint úr þeim í Djúpulág, og þaðan upp í Kistubjörg norðan við Tjarnardal, og þar beint upp á fjallsbrún. Að vestan ræður fjallsbrúnin merkjum. Að norðan ræður torfvarða, sem er við Sigríðarstaðavatn, lítið fyrir norðan Lambaklett; svo beina línu eptir torfuvörðum í gjá, sem er upp í fjallsbrún milli Rauðaskarðs og Grasaskarðs. Að austan ræður Sigríðarstaðavatn og Hólaá fram að þeirri fyrstnefndu línu.

Kistu, 25. maí 1889 –

Eigendur jarðarinnar:

Guðbjörg Jónsdóttir (handsalað). J. Jóhannsson. H. Jóhannsdóttir (handsalað.)

Framanritaðri merkjaskrá er jeg samþykkur vegna jarðarinnar Vesturhópshóla

Þ.S. Þorláksson, bóndi að Vesturhólum.

Samþykkur B.G. Blöndal, umboðsmaður þjóðjarðarinnar Ægissíðu.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, hinn 1. júní 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 106, fol. 56. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 107

Skrá um landamerki fyrir jörðinni Sauðadalsá í Kirkjuhvammshreppi.

Að norðanverðu ræður landamerkjum móts við Bergsstaði svonefnd Brandaskarðsá allt frá sjó á fjall upp á svo nefndan Þröskuld í þessu Brandaskarði; þaðan beina stefnu í suður yfir svokallað Miðfell austanvert og eptir öðrum Þröskuld í svonefndu Grunnaskarði suður að Hlíðarlandi. –

Að sunnan ræður merkjum móts við jörðina Almanning svokölluð Hamarsá allt frá sjó og fram fyrir Ytrikrókalág; framanvert við nefnda lág er steinn á móholti við árgilið, merktur steinn með stafnum L, hvar Hlíðarland byrjar; síðan eru merki milli Sauðadalsá og Hlíðar, bein lína í austur frá þessum steini í Þorsteinsvörðu, og þaðan áfram eptir sömu stefnu á stein norðan á Hlíðarfjalli, sem líka er merktur með stafnum L, og enn beina stefnu í austur frá þessum steini á móts við áðurnefnda Þröskulda í Grunnaskarði og Brandaskarði.

Sauðadalsá, dag 4. febrúar 1889.

Eggert Ámundason eigandi að Sauðadalsá. –

Ofanritaðri merkjaskrá fyrir Sauðadalsá er jeg undirritaður samþykkur.

B.G. Blöndal umboðsmaður yfir þjóðjörðinni Bergstöðum.

Sömuleiðis jeg: Gunnl. Halldórsson, prestur að Breiðabólstað yfir kirkjujarðirnar Almanning og Þorgrímsstaði.

Sömuleiðis jeg: Jónas Jónasson umráðandi og eigandi Hlíðar.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Kirkjuhvammi hinn 3. júní 1889, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 107, fol. 56.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 108

Landamerki jarðarinnar Heggstaða í Melstaðarsókn og Ytri Torfustaðahreppi. –

Milli Útibleiksstaða og tjeðra jarðar liggja merkin úr fremsta flöguodda á svokölluðum Landamerkjatanga beina sjónhendingu, norðanvert í böllum, í flatan stein á Lyngás, norðurundan Árnaþúfu, á hvern að eru klappaðir stafirnir L.M, og svo áfram allt upp á tanga, sem gengur norður í Þorgeirsvatn. Beri hval eða anna reka að landi, á flögu þá, er merkin liggja um, skal hann tilheyra báðum jörðunum, sinn helmingurinn hvorri.

Milli Bálkastaða og tjeðrar jarðar liggja merkin úr áðurnefndum Þorgeirsvatnstanga beina sjónhending í norður um þúfu, sem stendur suðvestan á Heggstaðaheiði, og þá beint áfram um slakka, er liggur frá norðri til suðurs vestanvert við háheiðina, og er þar settur marksteinn með stöfunum L.M., og svo alla leið, beina línu, í vörðu, sem stendur vestanvert á Neskollinum, og þá í stein, merktan L.M., sem stendur austanvert í miðri vík, sem er sú næsta fyrir austan Hvítabjarnargjá. Flaga gengur í sjó fram undan steininum; beri hval eða annan reka á þá flögu, skal hann til helminga skiptast milli jarðanna.

Tólf vætta ítak í tvítugum hval og stærri telur fjárráðari Gilsbakkakirkju í Hvítársíðu hana eiga í hvalreka á Heggstöðum.

Heggstöðum, 20. maí 1889.

P. Leví, eigandi jarðarinnar Heggstaða.

Jón Skúlason, eigandi Útibleiksstaða.

Jóhann Zakariasson eigandi ½ Bálkastaða.

Þorvaldur Bjarnarson, prestur að Mel, umráðandi ½ Bálkastaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli hinn 4. júní 1889 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 108, fol. 57.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 109.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Litluþverá í Torfustaðahreppi fremri. –

Að sunnan milli Litluþverár og Skeggjastaða ræður Hakalækur neðan frá Vesturá upp til Hakavatns; þá frá því austur yfir ásinn til fossins í Þverá, og frá honum beina línu norðaustur í Hyrningatjörn; úr henni norður í Stóra-Einbúa; þaðan í Landamerkjaborg; þá í Landamerkjaklett; þaðan norður í Sandhól við Landamerkjakeldu, og er hóll þessi einkenndur með vörðu, sem er hornmerki að norðan og austan á Litluþverárlandi; frá nefndri vörðu á hólnum í kollóttan stein, (merktan LM.) á mel, og ber hann í Stóravaðhól vestan Vesturár og frá honum sömu línu niður til Vesturár. Að vestan ræður Vesturá sem hún fellur.

Hvammi, 20. ágúst 1888.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Ofanritaðri merkjaskrá fyrir Litluþverárlandi erum við undirritaðir samþykkir:

Hjörtur Líndal eigandi Litlutungu. –

Í umboði eigenda Spena. S.J. Hjaltalín.

Jóhann Ásmundsson, eigandi Haugs. –

Þuríður Gunnarsdóttir, eigandi Skeggjastaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, hinn 6. júní 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 109, fol. 57.

Vottar:

Lárus Blöndal



1889.

N^o 110

Landamerkjaskrá jarðarinnar Litlutungu í fremri Torfustaðahreppi.

Að austan ræður Miðfjarðará frá því Vesturá fellur í hana, fram í vörðu, sem stendur við ána, og er merkjavarða milli Spenalands og Litlutungu; þaðan ræður bein lína í skarð í melnum, þar sem lækur fellur fram; í lækjarfarveginum ofan til við veginn er steinn, merktur L.M., úr steini þessum ræður bein lína í svokallaðan Landamerkjahól, sem er hornmerki milli Litluþverár og Spena; þá ræður bein lína úr nefndum Landamerkjahól merkjum milli Litlutungu og Litluþverár í svokallaðan Landamerkjaklett, merktan L.M., þaðan ræður sama lína í Vesturá, austur undan svonefndum Vaðshól í Huppahlíðarlandi; þaðan ræður Vesturá merkjum þar til hún fellur í Miðfjarðará. –

Jörðin Litlatunga á veiði í Vesturá móti Huppahlíð og Brekkulæk; sömuleiðis veiði í Miðfjarðará móti Bjargshól og Rófu.

Efranúpi 5. júní 1889.

Hjörtur Líndal eigandi Litlutungu.

Þessa landamerkjaskrá samþykkjum vjer undirskrifaðir:

Að því leiti sem viðkemur landamerkjum milli Litlutungu og Spena, er framanskrifuð merkjaskrá samhljóða merkjaskrá fyrir Spenalandi, dags. 1. júní 1885.

Vitnar og samþykkir eptir umboði S.J. Hjaltalín.

Utan Vesturár, sem mörkum hefur ráðið samþykkir undirskrifaður, sem umráðamaður Brekkulækjar.

Þorvaldur Bjarnarson.

Sigfús B. Guðmundsson, eigandi Rófu og Bjarghóls

B.G. Blöndal umboðsmaður þjóðjarðarinnar Litluþverár.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpðalstungu hinn 6. júní 1889, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 110, fol. 58.

Vottar:

Lárus Blöndal.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

1890.

N^o 111.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Þröm í Svínavatnshreppi: –

Að sunnan er merki Vallgil og samnefndur lækur beint vestur að Fiskilæk, sem er merki að vestan norður að Gilsvatni; merki að norðan er kelda austur frá suðurenda Gilsvatns, rjett austur í vörðu á Grendalsbrún; frá henni í Hæstalæk á Þramarklifi að Blöndu, og er hún merki að austan suður að áður nefndu Vallgili.

Þröm, 12. maí 1890. –

Jón Davíðsson.

Þessum merkjum á landi jarðarinnar Þramar, erum vjer undirritaðir, er lönd eigum að nefndri jörð, samþykkir

Jón Sigurðsson.

St. M. Jónsson, beneficiarius Auðkúlu

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 111, fol. 58. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 112.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Tungunesi í Svínavatnshreppi. –

Að norðan ræður Merkjagil upp frá Blöndu; úr því bein stefna, fyrst í vörðu á Stóratagli, síðan sama stefna í aðra vörðu, er stendur á ásbrúninni fyrir austan Dagmáladrag norðanvert. Frá hornvörðu þessari suður yfir hinn nyrðri enda Sjónarhólsdalsins beinleiðis í Sjónarhól fyrir austan dalinn; frá Sjónarhól suður í vörðu á miðjum Múlaendanum. Þaðan bein stefna austur í Skjólsholt (Hrossholt); þaðan bein stefna í miðjan hamarinn við Blöndu. Síðan ræður Blanda að austan merkjum; rennur hún fyrir austan Hestavígshólma, er Tungunes á. –

Jörðinni tilheyrir hálf veiði í Blending. –

Þessum merkjum erum vjer allir eigendur tjeðar jarðar samþykkir, og sömuleiðis vjer, er lönd eigum að henni, og eru því til staðfestu undirrituð nöfn vor:

Guðmundur Erlendsson.

Guðmundur Klemensson.

Helgi Benediktsson, eigandi Svínavatns og Kárastaða. –

Ingibjörg Guðmundsdóttir. Elísabet Erlendsdóttir. Ragnheiður Erlendsdóttir
allar eigendur Tungunes.

Pálmi Jónsson, eigandi og umráðamaður Ytri Löngumýrar. –

Þorleifur Erlendsson, eigandi Tungunes.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 112, fol. 59.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 113

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Stóradal í Svínavatnshreppi

Að vestanverðu ræður merkjum Litladalsá, frá því hún fellur í Svínavatn og allt að upptökum í tjörnum á miðju Grænasundi; síðan ræður bein stefna til suðurs í vörðu á svonefndum Bungnaás; frá greindri vörðu ræður merkjum til austurs rjett stefna í vörðu norðanvert við Heygarðaflóa; síðan beint til norðurs í vörðu syðst á Stórabarði; frá vörðu þessari eru merkin í landnorður í rjetta stefnu í vörðu milli svonefndra Hjalla fyrir ofan Höllustaði; síðan eru merki bein stefna til norðurs í vörðu á vesturbrún Mjóadals; þaðan liggja merkin til landnorðurs beina stefnu í miðja Múlatjörn; síðan úr norðurenda tjarnarinnar til útvesturs eptir glöggvasta keldudragi því, er úr henni fellur, allt þartil keldudrag þetta kemur í vatnsvíkina rjett fyrir austan Kattartjörn; svo ræður Svínavatn merkjum að norðan allt þar til áður nefnd Litladalsá fellur í það.

Stóradal, 14. maí 1890.

J. Salóme Þorleifsdóttir, eigandi Stóradals. –

Elín Arnljótsdóttir, eigandi Guðlaugsstaða.

Elín Jónsdóttir, eigandi Höllustaða. –

Arnljótur Guðmundsson, eigandi að Syðri Löngumýri.

Pálmi Jónsson, eigandi og ábúandi Ytri Löngumýrar. –

Stefán M. Jónsson, vegna Auðkúlu. –

Helgi Benediktsson, vegna Svínavatns.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 113, fol. 59. –

Vottar:

Lárus Blöndal.



1890.

N^o 114.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Ljótshólum í Svínavatnshreppi. –

Að sunnanverðu ræður Seljaá, frá Svínadalsá til efstu brúnar í Seljaár-skarði; þaðan stefna í útsuður eptir svonefndum Seljaár-drögum til hæstu fjallsbrúnar; þaðan er bein stefna í norður eptir háfjallinu út í Hólsár-skarð, svo ræður Hólsá til Svínadalsár.

Ljótshólum, 10. maí 1890.

Jón Jónsson, eigandi Ljótshóla.

Samþykkir:

Hallgrímur Hallgrímsson, eigandi Snæringstaða. –

St. M. Jónsson, beneficiarius Auðkúlu. –

Sigurður Árnason, eigandi að Rútsstöðum. –

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 114, fol. 60. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 115.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Eldjárnsstöðum í Svínavatnshreppi. –

Að sunnan eru landamerki Hæstilækur á Þramarklifi; þá frá upptökum hans í vörðu á Grenadalsbrún, þvert vestur í keldu, sem er austur frá suðurhorninu á Gilsvatni; að vestan eru merki eptir áðurnefndu vatni norður að Gilsárós; að norðan úr nefndum ós, austur á Einbúa; þaðan sömu stefnu í vörðu á Stráksbrekku; frá henni, sunnan undir Litlubungu; þaðan í læk, er fellur ofan á Eldjárnsstaðaklif við Blöndu, og er hún merki að austan, suður að áðurnefndum Hæstalæk.

Eldjárnsstöðum, 12. maí 1890.

Jón Sigurðsson

Þessum merkjum á landi jarðarinnar Eldjárnsstaða erum vjer undirritaðir, er lönd eigum að nefndri jörð, samþykkir.

Jón Davíðsson.

Hannes Guðmundsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 115, fol. 60. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 116.

Landamerki fyrir Rútsstöðum í Svínavatnshreppi. –

Milli Holts og Rútsstaða ræður lækur sá, sem nefndur er Fremrilækur eða Merkjalækur, og hefur hann upptök í Rútsstaðaklauf, og rennur með glöggum farveg í útvestur ofan fyrir sunnan Skollhól og ofan Skollhólslágar og gegnum Holtsgil og í Svínadalsá fyrir norðan Skeiðmel. – Milli Auðkúlu og Rútsstaða ræður bein lína frá upptökum lækjarins í Rútsstaðaklauf suður um há Klaufarhæð upp undan Merkjavörðu sem stendur á vesturbrún á hálsinum. – Milli Rútsstaða og Hrafnabjarga ræður bein lína frá áðurnefndri Merkjavörðu ofan í vörðu á milli Merkishóla, og þaðan með sömu stefnu ofan um tvær vörður, sem standa með sömu stefnu þar ofan undan, og vísa þar til að glöggur lækur byrjar, sem rennur í Svínadalsá. – Enn að vestan ræður Svínadalsá og aðskilur Rútsstaða- og Ljótshóla- og Rútsstaða- og Snæringsstaða-lönd.

Rútsstöðum, 16. maí 1890.

Sigurður Árnason, eigandi jarðarinnar.

Samþykkur:

Benedikt Helgason, eigandi og ábúandi á Hrafnabjörgum

Guðm. Þorsteinsson, eigandi að Holti. –

Jón Jónsson, eigandi að Ljótshólum.

Hallgrímur Hallgrímsson, eigandi Snæringsstaða. –

St. M. Jónsson (beneficiarius Auðkúlu)

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 116, fol. 61.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 117.

Landamerki fyrir Holti í Svínadal.

Að sunnan ræður merkjum lækur, svonefndur Syðrilækur, sem aðskilur Holts- og Rútsstaða-lönd, en að vestan ræður Svínadalsá; en að norðan varða við áðurnefnda á; síðan í dæld – nefnd Merkjalaut – í Neðra-Langholti við ytri enda þess; þaðan austur á Efra-Langholt, þar kol sjást frá fyrri tímum; þaðan beina stefnu í vörðu á Kúlunni; þá að austan úr nefndri vörðu fram há háls, fram Hornás, þar hann er hæstur; þaðan í vestanverða Tjarnarborg, þaðan í Klaufarhæðir, beina stefnu í Hvannlækjarbungur.

Guðmundur Þorsteinsson eigandi að Holti.

Þessum merkjum erum vjer undirskrifaðir samþykkir: –

St. M. Jónsson (beneficiarius Auðkúlu.) –

Sigurður Árnason, eigandi að Rútsstöðum.

Þorsteinn Þorsteinsson, eigandi Grundar.

Hallgrímur Hallgrímsson, eigandi að Snæringstöðum.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 117, fol. 61. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 118.

Landamerki fyrir jörðinni Geithömrum í Svínavatnshreppi

Að sunnanverðu gagnvart Grundarlandi ræður lækur; sem hefur upptök sín úr hinum svonefndu Þrílækjum upp í fjallsbrún; rennur lækur þessi ofan á milli bæjanna Grundar og Geithamra, þar til hann fellur fram úr þrengslum nokkru neðar en bæirnir standa; ræður svo merkjum bein stefna til austurs, og í þverlækinn, er fellur til norðurs fyrir ofan Grundar-beitarhús; síðan ræður lækur þessi merkjum til norðurs, þar til hann fellur í Vatnsvíkina; svo ræður Svínavatn merkjum, allt út að læk, er fellur í það sunnanvert við klett, sem kallaður er Einbúi; svo ræður lækur þessi merkjum að norðan, móts við Mosfellsland, upp fjallið, eptir Berjabrekkubrún, og svo beina stefnu til fjalls-brúnar; að vestanverðu frá greindu takmarki ræður fjallsbrúnin merkjum til suðurs allt að Þrílækjum.

Sveinn Pjetursson eigandi og ábúandi Geithamra. –

Egill Halldórsson (eigandi og umráðamaður Mosfells.)

Þorsteinn Þorsteinsson, eigandi að Grund.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o. 118, fol. 62. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890

N^o 119.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Snæringstöðum í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu.

Að sunnan eru merki sem að vötn að draga í svokölluðu Hólsárskarði í Svínadalsfjalli, og ræður svo Hólsá merkjum austur í Svínadalsá; – að austan ræður Svínadalsá frá Hólsá norður á móts við stóra Fornmannshól, þar sem hann er hæstur að norðan; þaðan vestur í ytri enda norðara Háholts, og úr því sjónhending í vörðu norðan í svonefndum Ennahaus; þaðan beint í lítinn læk, sem rennur ofan úr fjallinu fyrir norðan lítinn klett, sem er fyrir norðan Setukletta-enda sunnanvert við svonefndan Miðdegisstein; þaðan beina sjónhending fyrir norðan svokallaða Startjörn, og þaðan beina línu vestur til efstu fjallsbrúnar, sem ræður merkjum að vestan.

Snæringstöðum í Svínadal, 13. maí 1890.

Hallgrímur Hallgrímsson eigandi og ábúandi.

Samþykkir:

Guðm. Þorsteinsson, eigandi að Holti. –

Þorsteinn Þorsteinsson, eigandi að Grunð.

Sigurður Árnason, eigandi að Rútsstöðum. –

Jón Jónsson, eigandi að Ljótshólum.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 119, fol. 62. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 120.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Höllustöðum í Svínavatnshreppi. –

Að sunnan eru þessi merki: Varða á Blöndubakka, móts við Brandsstaði; frá henni rjett vestur í vörðu á Bæjarbrún; þaðan í vörðu á Barkarás; þá enn sömu stefnu í vörðu milli Hjallanna. Að vestan: Frá síðastnefndri vörðu rjett norður hálsinn í vörðu vestan Grámanaflá, og er hún hornmerki að norðan; þaðan rjett austur í vörðu á Hálsbrún, þá í Sellæk, og er hann merki niður að Blöndu. Að austan er Blanda landamerki suður að fyrstnefndri vörðu á Blöndubakka. –

Í landi jarðarinnar Guðlaugsstaða á jörðin Höllustaðir beitarítak, framan Stórabarð og Gilsárgil, að ¼ móts við Guðlaugsstaði. –

Í landi jarðarinnar Höllustaða á jörðin Guðlaugsstaðir engjaítak, og eru ummerki þess: Blanda að austan, norður að vörðu á bakkanum, suður og niður frá Höllustöðum; frá henni rjett vestur í lítinn melhól; þá rjettsýnis á brúnina rjett suður frá Höllustaðabæ; þaðan beint suður á landamerki.

Höllustöðum, 12. maí 1890.

Elín Jónsdóttir.

Sigurbjörg Jónsdóttir.

Guðrún Jónsdóttir.

eigendur Höllustaða.

Þessum merkjum á landi Höllustaða erum vjer undirritaðir, er lönd eigum að nefndri jörð, samþykkir.

Elín Arnljótsdóttir.

Jón Guðmundsson, eigendur Guðlaugsstaða.

I. Salome Þorleifsdóttir (vegna Stóradals.) –

Arnljótur Guðmundsson, vegna Syðri-Löngumýrar.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 120, fol. 63.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 121.

Landamerki fyrir jörðinni Grund í Svínavatnshreppi.

Að sunnanverðu, gagnvart Snæringsstaðalandi, ræður bein stefna úr stóra Fornmannshól, er stendur vestanvert við Svínadalsá, í hið svokallaða Merkjaholt; svo úr því holti bein stefna í norðasta klettinn í Setaklettaendum; síðan í rjetta stefnu til vesturs upp á há fjallsbrún; síðan ræður fjallsbrúnin merkjum, allt norður að Þrílækjum. Að norðanverðu, gagnvart Geithamralandi, ræður lækur, er hefur upptök sín úr áðurnefndum Þrílækjum, og rennur ofan fjallið eptir hinu svonefnda Hverfi; síðan fellur lækur þessi ofan í milli bæjanna Grundar og Geithamra, þartil hann fellur fram úr þrengslum og kvíslast út um flóann. Síðan ræður merkjum bein stefna til austurs, frá því lækurinn fellur úr áðurnefndu þrengsli, og í þverlækinn, þarsem hann fellur til norðurs fyrir ofan Grundar-beitahúsin; svo ræður þverlækur þessi merkjum til norðurs þar til hann fellur í Vatnsvíkina fyrir utan og neðan Geithamra; svo ræður Svínavatn til austurs að norðanverðu frá lækjarósnum og austur í Svínadalsá, þarsem hún fellur í vatnið. Að austanverðu, móts við Auðkúlu- og Holts-lönd, ræður Svínadalsá frá Fornmannshól að sunnan og þartil hún rennur í Svínavatn austanvert við Grundarnes.

Þorsteinn Þorsteinsson, eigandi og ábúandi Grundar.

Sveinn Pjetursson, eigandi að Geithömrum.

Guðm. Þorsteinsson, eigandi að Holti. –

H. Hallgrímsson, eigandi Snæringsstaða. –

Stefán M. Jónsson, beneficarius Auðkúlu.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o. 121. fol. 63.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 122.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Ytri Löngumýri í Svínavatnshreppi. –

Landamerkin milli Ytri Löngumýrar og Syðri Löngumýrar liggja úr vörðu á garðlagi niður undir Blöndu, og beina stefnu yfir ytri hólinn á Bekkjunum upp í Litlaklett austan á hálsinum; á þessum merkjum eru tvær vörður hlaðnar, önnur á Byrgisbrún, en hin á milli bæjanna. Úr Litlakletti heldur landamerkjalinan áfram yfir Sjónarhól, þar sem hann er hæstur, og vestur í vörðu á mel, rjett fyrir vestan Mjóadal. Þaðan liggja landamerkin milli Ytri Löngumýrar og Stóradals beina stefnu úr vörðunni út og niður í miðja svokallaða Múlatjörn á sundinu. Milli Ytri Löngumýrar og Svínavatns liggur landamerkjalinan úr viki austan úr syðri endanum á Múlatjörn upp í vörðu á Skollhól uppi í Múlanum, þaðan beint upp í vörðu á Múlabrúninni, og þaðan beina stefnu í vörðu á Múlahyrningunum. Þaðan liggur landamerkjalinan milli Ytri Löngumýrar og Tunguness, beint yfir vörðu á miðju Skjólsholti niður í Blöndu, en Blanda ræður landamerkjum Ytri Löngumýrar að austan.

Þessum landamerkjum erum vjer, eigendur ofanskrifaðra jarða, að öllu leyti samþykkir, og undirskrifum því til staðfestu nöfn vor í viðurvist tilkvaddra vitundarvotta.

Þorleifur Jónsson. –

Pálmi Jónsson. –

Jón Jónsson. –

Guðmundur Erlendsson. –

Ingiríður Jónsdóttir. –

Guðmundur Klemensson. –

I. Salome Þorleifsdóttir. –

Þorleifur P. Erlendsson. –

Ingibjörg Guðmundsdóttir. –

Ragnheiður Erlendsdóttir. –

Elísabet Erlendsdóttir. –

Arnliótur Guðmundsson. –

Helgi Benediktsson. –

Jón Guðmundsson. –

Vitundarvottar:

Sigurður Kristjánsson. Sighvatur Bjarnason. – Stefán M. Jónsson. Ingvar Þorsteinsson. –

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o. 122, fol. 64.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 123.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Eiðsstöðum í Svínavatnshreppi. –

Að sunnan eru landamerki lækur á Eldjárnsstaðaklifi og eptir honum þar til hann þrýtur; þá í vörðu á Stráksbrekku; þaðan beint í Einbúa, og frá honum í Gilsárós; að vestan og norðan ræður Gilsá merkjum að Blöndu, og er hún merki að austan fram að fyrnefndum læk á Eldjárnsstaðaklifi.

Eiðsstöðum, 12. maí 1890.

Jón Sigurðsson. – Hannes Guðmundsson. –
eigendur Eiðsstaða.

Þessum merkjum á landi jarðarinnar Eiðsstaða, erum vjer undirritaðir, sem lönd eigum að nefndri jörð, samþykkir:

Jón Sigurðsson, vegna eiganda Eldjárnsstaða. –

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 123, fol. 64.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 124. –

Landamerki fyrir jörðinni Sólheimum í Svínavatnshreppi.

Að sunnanverðu, móts við Svínavatnsland ræður merkjum garður sá, sem enn sjest fyrir, milli svonefndra Garðshóla, svo úr garði þessum bein stefna ofan í Svínavatn. Úr tjeðum garði til austurs ræður bein stefna til austurs í klofasteina tvo, sem kallaðir eru Bræður, fyrir austan Flattúnlækjarflá. Frá Bræðrum ræður bein stefna norður háls, um Illufláarás og Tjarnarhlíðarbrún, móts við Ásaland, eins og vörður, sem hlaðnar eru á þessu svæði, til vísa, allt þar til kemur móts við vörðu austur undan Auðnufelli; síðan ræður merkjum bein stefna úr Auðnukoti í Kirkjustein, síðan í vörðu sunnanvert við Grjóthól, og svo úr vörðu þessari bein stefna í grjótvörðu, sem stendur á vatnsbakkanum, skammt fyrir utan Sandnes. –

Ingvar Þorsteinsson, eigandi Sólheima.

Jósep Jóhannsson, vegna Litla Búrfells. –

Guðm. Erlendsson, vegna Stóra Búrfells. –

Daníel Sigurðsson, vegna Ása. –

Þorleifur Erlendsson, vegna Stóra Búrfells. –

Helgi Benediktsson, vegna Svínavatns. –

Guðm. Klemensson, vegna Stóra Búrfells. –

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 124. fol. 65. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 125

Landamerki fyrir jörðinni Tindum í Svínavatnshreppi

Að norðan ræður merkjum garður frá Laxá upp í Hafratjörn; þaðan í Landamerkjakeldu, sunnan undir Kerlingarholtum, og er hornmerki í keldunni þar sem vatni byrjar að halla austur og vestur, og svo þaðan rjettlínis suður Torfhóla og í hæstu þúfuna á Tindatindi, svo úr Tindspúfunni í Hlóðarstein, fyrir sunnan Dagmálaborg; síðan sjónhending til vesturs ofan hálsinn og í klett þann, er stendur skammt frá Svínavatni, og kallaður er Einbúi; frá Einbúa ræður bein stefna vestur í Svínavatn; að vestan ræður Svínavatn til norðurs, þar til Laxá fellur úr því; síðan Laxá allt að garði þeim, er fyrst var nefndur.

Tindum, 13. maí 1890.

Jónas Erlindsson, eigandi Tinda.

J. Jónatansson, eigandi að 2/3 úr Holtastöðum

Stefán Jónsson, eigandi að 1/3 úr Holtastöðum og ½ Kagaðarhól.

Sigríður Eiríksdóttir, vegna Tinda.

Þorleifur Erlendsson, vegna Stóra Búrfells.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 125. fol. 65.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 126.

Landamerki fyrir jörðinni Guðlaugsstöðum í Svínavatnshreppi. –

Að sunnan ræður merkjum Gilsá, suður og vestur í Gilsvatn, þá eptir því suður í Fiskilæk, og er hann merki suður að Áshildarlæk, er ræður merkjum vestur í Áshildartjörn. Að vestan eru merki úr nefndri tjörn rjettsýnis norður í vörðu á Bungnaás, þaðan í vörðu norðan Heygarðaflóa; frá henni í vörðu á Stórabarði, beinleiðis norður hálsinn í vörðu millum Hjallanna, sem er hornmerki að norðan. Að norðan eru merki frá síðast nefndri vörðu, þvert austur í vörðu á Barkarás, þaðan í vörðu á Bæjarbrún, beint í vörðu á Blöndubakka móti Brandsstöðum. Að austan ræður Blanda merkjum, suður að áður nefndri Gilsá.

Í landi jarðarinnar Höllustaða á jörðin Guðlaugsstaðir engjaítak, og eru ummerki þess: Blanda að austan, norður að vörðu, sem er á bakkanum suður og niður frá Höllustöðum; frá henni rjett vestur í lítinn melhól; þá rjettsýnis á brúnina, beint suður frá Höllustaðabæ; þaðan eins og brúnin ræður suður á landamerki.

Í landi jarðarinnar Guðlaugsstaða á jörðin Höllustaðir beitarítak framan Stórabarð og Gilsárgil, að ¼ móts við Guðlaugsstaði

Guðlaugsstöðum, 13. maí 1890.

Elín Arnljótsdóttir. Jón Guðmundsson, eigendur jarðarinnar.

Þessum merkjum á landi jarðarinnar Guðlaugsstaða erum vjer undirritaðir, er lönd eigum að nefndri jörð, samþykkir:

Elín Jónsdóttir. Sigurbjörg Jónsdóttir.

Guðrún Jónsdóttir, eigendur Höllustaða.

Stefán M. Jónsson, vegna Auðkúlu.

I. Salóme Þorleifsdóttir, vegna Stóradals.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 126, fol. 66.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 127.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Syðri Löngumýri í Svínavatnshreppi

Að sunnan ræður merkjum svokallaður Sellækur frá Blöndu vestur á austari hálsbrún; þá frá upptökum hans í vörðu, sem er austast á Grámanaflá; þaðan í vörðu, sem er rjett vestur frá nefndri flá. Að vestan eru merki síðast nefnd varða, og beinleiðis norður hálsinn í vörðu á mel á vesturbrún Mjódals; svo rjett í austur yfir Sjónarhól í Litlaklett, sem er austan í hálsinum; þá í vörðu, norður frá Löngumýrabæ; þaðan sömu stefnu í vörðu á Byrgisbrún yfir norðari Merkjahól, í vörðu á garðlagi við Blöndu og er hún landamerki að austan suður að áður nefndum Sellæk.

Syðri Löngumýri, 15. maí 1890.

Arnlfjótur Guðmundsson eigandi jarðarinnar.

Þessum merkjum á landi Syðri Löngumýrar erum vjer undirritaðir, er lönd eigum að nefndri jörð, samþykkir.

Sigurbjörg Jónsdóttir. Elín Jónsdóttir. Guðrún Jónsdóttir, eigendur Höllustaða.

Pálmi Jónsson, eigandi og ábúandi Ytri Löngumýrar.

I. Salome Þorleifsdóttir vegna Stóradals.

Þorleifur Erlendsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 127. fol. 66.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 128.

Landamerki fyrir jörðunum Stóra Búrfelli og Litla Búrfelli í Svínavatnshreppi, sem eiga saman óskipt land.

Að sunnanverðu, móts við Sólheimaland ræður merkjum grjótvarða, sem stendur á vatnsbakkanum, skammt fyrir utan Sandnes. Úr vörðu þessari er bein stefna til austurs í vörðu er stendur sunnanvert við Grjóthól; svo bein stefna úr vörðu þessari í Kirkjustein; síðan eru merki til landnorðurs og í Auðnukot; svo eru merkin til austurs yfir Auðnufell og í vörðu, er stendur austur undan því; svo er stefna til norðurs úr vörðu þessari, og í vörðu er stendur vestanvert á melhól í Messuvegsholtum; svo úr vörðu þessari og í vörðu er stendur á bakka Búrfellstjarnar, austan megin við kelduós þann, er úr tjörninni fellur; svo í vörðu norðan til á Háuborg; síðan enn til norðurs í vörðu, er stendur skammt fyrir utan Háuborg; svo liggja merkin til vesturs móts við Tindaland úr hinni síðast nefndu vörðu og í Hlóðarstein; síðan úr Hlóðarsteini í Einbúa og er það bein stefna til vesturs í Svínavatn.

Ingvar Þorsteinsson, eigandi Sólheima.

Jósep Jóhannsson, vegna Litla Búrfells.

Guðm. Erlendsson, vegna Stóra Búrfells.

Jónas Erlendsson, eigandi að Tindum.

Ingibjörg Guðmundsdóttir Elísabet Erlendsdóttir. Ragnheiður Erlendsdóttir.
allar eigendur Tunguness.

Guðmundur Klemensson, vegna Stóra Búrfells.

Lesið upp á manntalsþingi að Sólheimum Svínavatni, hinn 17. maí 1890 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 128, fol. 67.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 129.

Landamerkjaskrá fyrir heimajörðinni Auðkúlu í Svínavatnshreppi. –

Að norðan ræður Svínavatn, sunnan frá svonefndum Dældarenda í Auðkúluskógi út í Svínadalsárós; ræður síðan áin að vestan merkjum millum Grundar og Auðkúlu, þar til kemur á móts við graslaut vestantil í svo nefndu Langholti, er liggur millum Auðkúlu og Holts. Graslaut þessi, sem nefnd er Merkjalaus, er andspænis vörðu á vesturbakka Svínadalsár, og ræður hún merkjum milli Holts og Auðkúlu austur í Fornmanna kol, er sjást í Langholti, þaðan í vörðu á Hrisbrún; þaðan í vörðu á vestanverðri há Kúlunni, sem nefnd er Miðsmorgunsvarða frá Holti. Frá þessari vörðu liggur Auðkúlu land fram allan hálsinn, milli Svínadals og Sljettárdals; greinir þar Auðkúluland og Holtsland bein sjónhending frá áðurnefndri Miðsmorgunsvörðu fram á há Hornás; af Hornás sjónhending í vestanverða svo nefnda Tjarnarborg; þaðan beinleiðis í miðjar Klaufarhæðir, fram í upptök lækjar í Rútsstaðaklauf; þaðan beinleiðis í há Hvannlækjarsungu; þar fyrir framan tekur við Auðkúluheiði. – Þessi beina lína utanfrá Rútsstaðaklauf, fram á Hvannlækjarsungu greinir og Auðkúluland vestanvert frá Rútsstaða- og Hrafnabjargalöndum austanverðum. – Að austan ræður merkjum Auðkúlulands áðurnefnd Dæld í Auðkúluskógi; liggur hún frá Svínavatni framanverðu, milli Litladalslands og Auðkúlu, upp í hálsbrúnina; þaðan, frá svonefndum Dældarhaus, fram austurbrún hálsins, þar til kemur að vörðu á brúninni uppundan læk þeim, er rennur ofan af hálsi næst fyrir utan svo nefnt Ingibjargarsel á Sljettárdal; lækur þessi, sem er takmörk Litladalslands að sunnan, rennur ofan í Sljettá, og fylgir Auðkúluland honum til árinna ofan frá vörðunni á hálsbrúninni upp undan læknum. Úr því að Sljettá er komið ræður hún merkjum Auðkúlulands að austan og Stóradals að vestan til upptaka hennar, suður á vörðu á Bungnaás; þaðan suður í Áshildartjörn og Áshildarlæk, austur í Fiskilæk; þaðan í Vallgil, og að Blöndu, er síðar ræður merkjum heiðarlandsins að austan. – Auðkúla á rekapláss: Svo nefnda Háumöl fyrir Ásbúðarlandi á Skaga. –

Auðkúlu 17. maí 1890

Stefán M. Jónsson (beneficiarius.)

Þessum merkjum erum við undirritaðir samþykkir:

I. Salome Þorleifsdóttir, vegna Stóradals.

Guðm. Þorsteinsson, vegna Holts. –

Jón Guðmundsson, Elín Arnljótsdóttir, eigendur Guðlaugsstaða.

Sigurður Árnason, eigandi að Rútsstöðum.

Benedikt Helgason, eigandi að Hrafnabjörgum.

Þorsteinn Þorsteinsson, eigandi Grundar.

Jón Davíðsson, eigandi að Þröm.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o. 129, fol. 67 og 68.

Vottar:

Lárus Blöndal



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Takmörk Auðkúluheiðar.

Að austan ræður Blanda og Blöndukvísl fram og austur undir Hofsjökul; þaðan með Hofsjökli suður að Jökulfalli, en það ræður merkjum vestur að Hvítá, og í Hvítárvatn, sem er fast við Langjökul; þá að vestan norður með Langjökli, og norður á Öldur; þar tekur við Dalskvíslaland

Auðkúlu, 4. sept. 1886

Stefán M. Jónsson (L.S.).

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 130, fol. 68.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890

N^o 131.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hrafnabjörgum í Svínavatnshreppi. –

Milli Hrafnabjarga og Rútstaða ræður bein lína ur Merkjavörðu ofan í vörðu milli Merkishóla, og þaðan með sömu stefnu ofan tvær vörður, sem standa þar ofan undan, og vísa þar til, að glöggur lækur byrjar, sem rennur í Svínadalsá. Milli Hrafnabjarga og Auðkúlu úr há Klaufarhæð bein lína í þúfu á há Hvannlækjarsungu ytri, og þaðan beina línu í Helluvörðuás og þaðan í Karyrðlingatjörn; síðan ræður Kvísl ofan í Svínadalsá, sem aðskilur Guðrúnarstaða- og Marðarnúpsland frá Hrafnabjargalandi. Svo ræður Svínadalsá, sem skiptir Gafls- og Hrafnabjargalandi. –

Hrafnabjörgum, 17. maí 1890.

Benedikt Helgason eigandi og ábúandi Hrafnabjarga.

Þessum merkjum samþykkur:

Sigurður Árnason, eigandi og ábúandi á Rútsstöðum.

Elín Arnljótsdóttir, eigandi Guðrúnarstaða. –

Stefán M. Jónsson, beneficiarius Auðkúlu. –

Lárus Blöndal, umráðamaður Marðarnúps.

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, hinn 17. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 131, fol 68.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

No 132.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Kálfárdal í Bólstaðarhlíðarhreppi. –

Milli Kálfárdals og Þverárdals ræður merkjum Hlíðará að utan, gegnt Hlíðarselslandi. –
Milli Kálfárdals og Botnastaða ræður Kálfalækur að vestan gegnt miðjum Grenshöfða. –
Milli Kálfárdals og Gils (Selhaga) ræður merkjum, að sunnan, stefna úr miðjum Grenshöfða
rjettsýnis í Blágrasdæld (dæli), þaðan bein stefna til austurs í Flosaskarðslæk gegnt Moldgili.
Milli Kálfárdals og Hlíðarsels ræður Flosaskarðslækur niður í Hlíðará.

Jörðu þessari fylgja engin ítök í aðrar jarðir, og aðrar jarðir eiga heldur engin ítök í hennar landi.

Bólstaðarhlíð, 3 maí 1890.

Þorleifur Klemensson, eigandi Kálfárdals.

Framangreindum merkjum erum við eigendur aðliggjandi jarða, samþykkir:

Brynjólfur Bjarnason. Guðmundur Klemensson, eigandi Hlíðarsels.

Sigfús Pjetursson, umráðamaður Selhaga.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók
Húnavatnssýslu, N^o 132, fol. 69.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 133.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Fjósum, í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Milli Fjósalands og Gils- og Selhaga-lands ræður bein stefna fyrir sunnan Gilslæg merkjum, frá Svartá upp á fjall, þartil hann myndast af tveimur smálækjum, er koma, annar úr suðaustri, en hinn úr norðaustri; frá samkomu þessara lækja, eða byrjun Gilslægjar, ræður bein stefna upp tunguna milli lækjanna, skammt fyrir norðan leyfar af gömlum húsatóptum, í vörðu austur á Skarðshlíðarhala; stefna þessi er að sjá frá tungusporðinum á norðanverðan Vatnshlíðarhnjúk; frá Skarðshlíðarhala ræður framhaldi bein stefna austur í Kálfatjörn miðja, sem er suður frá Selhaga. Frá Kálfatjörn ræður landamerkjum milli Fjósa og Vatnshlíðar að austan, bein stefna í suður að krók þeim, sem er á Arnarvatnslæk, þar er hann fellur í austur, til Vatnshlíðarvatns, og er þar varða hlaðin. Frá áminntum krók á Arnarvatnslæk eru merkin sem lækurinn vísar, til Arnarvatns, er svo ræður merkjum að markvörðu, sem stendur á hól, nokkuð suður með vatninu. Frá vörðu þessari eru merkin milli Fjósa og Eiríksstaðakots, sem vörður vísa beina stefnu vestur yfir fjall, í ytri enda tjarnar þeirrar sem er milli Fjósa og Eiríksstaðakots. Frá enda tjarnarinnar ræður merkjum gamalt garðlag, eða bein stefna ofan að Svartá, sem afmarkar landið til Gilsmerkja, sem fyrst er getið.

Fjósum, 22. febrúar 1890.

Sigríður Einarsdóttir

Framanritaðri landamerkjaskrá eru við undirskrifaðir eigendur og umráðamenn næstliggjandi jarða að öllu leyti samþykkir:

Vegna Vatnshlíðar: J. Hallsson. –

Vegna Valadals: Eyjólfur Hansson, ábúandi.

Vegna Eiríksstaða: Ólafur Gíslason, ábúandi. –

Vegna Gils: Lárus J. Árnason, eigandi. –

Sigfús Þjetursson, umráðamaður Selhaga. –

S. Sigurðsson, eigandi að Skeggstöðum.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 133, fol. 69.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 134.

Landamerkjaskrá fyrir Torfastöðum í Svartárdal.

Milli Torfastaða og Barkarstaða ræður merkjum svo nefnd Prestspúfa; þaðan er merkjalínan beint austur í vörðu, sem stendur við Svartá, og vestur í vörðu, sem stendur á svo nefndum Járnhrygg; þaðan norður eptir hæstu brún á hálsinum í vörðu, sem einnig stendur á Járnhrygg. Milli Torfastaða og Brúnar ráða merkjum 3 stórir steinar sem standa hjerumbil í beinni röð frá austri til vesturs, og sem standast á við hina síðar nefndu vörðu á Járnhrygg; austasti steinninn heitir Kjölur, (sbr. merkjaskrá fyrir Brún, dags. 19. maí 1884) frá Kjöl (sic) ræður bein lína austur til Svartár; þaðan ræður Svartá merkjum að austan, suður á mót við upphaflega nefnda Prestspúfu.

Sólheimum, 13. maí 1890.

Páll Pálsson, eigandi Torfastaða.

Þessum landamerkjum að Torfastöðum erum við undirskrifaðir nágrannalandeigendur samþykkir:

Halldór Guðmundsson, ~~eigandi Brúnar~~ vegna Brúnar
Jóhann P. Pjetursson, vegna Eyvindarstaðagerðis
vegna Barkarstaða: Þorkell Þorkelsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Bókstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o134 fol. 70.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 135.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Sellandi í Blöndudal.

Að norðan ræður landamerkjum gil það, er Þvergil heitir, frá Blöndu til austurs upp að hinum svo nefnda Sellandsborgavegi; þá ræður vegur þessi austur-merkjum fram á móti örnefni því, er háa-skriða kallast, á svo nefndum Skógarhöfðum; þaðan ræður bein stefna til Blöndu, er ræður merkjum gegnt hinu fyrst nenda norður-örnefni

Bollastöðum, 20. apríl 1890.

Guðmundur Gíslason

Stefán Árnason, ábúandi Rugludals. –

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 135, fol 70.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 136.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Þverárdal í Bólstaðarhlíðarhreppi. –

Að norðanverðu, milli Þverárdals og Mjóadals eru landamerki: Geirbjarnargil í austurhlíð Laxárdals; þar sem gilið endar ræður bein stefna eptir gömlum lækjarfarveg úr gilinu niður að Flóalæk, sunnan-vert við jarðbrýr, þar sem nefnist Kattaraugu. Þaðan til suðurs, móts við Skyttudal, ræður merkjum bein stefna að upptökum Rauðalækjar, og ræður hann merkjum síðan, suður á móts við Þórunnarlæg. – Frá Rauðalæk ræður bein stefna til vesturs upp eptir nefndri Þórunnarlæg móts við landamerkjastein á Dældabrúnum; þaðan ræður merkjum bein stefna til suðurs eptir fyr nefndum Dældabrúnum, og liggja þar stórir steinar eptir merkjalínunni; svo liggur hún í stein vestanvert við Þverárdalshöfða, og síðan ofan Höfðabrekkur, samkvæmt hlöðnum vörðum að upptökum að upptökum Miðlækjar, er fellur ofan Votahvamm, og sem ræður þaðan af merkjum, þar til hann fellur í Hlíðará. Frá fyr nefndu Geirbjarnargili ræður merkjum bein stefna austur yfir fjall, að Útburðarskál; þaðan Útburðarskálarlækur, þartil hann fellur í læk, er rennur suður Víðidal, og ræður hann merkjum þar til hann fellur í Vatnsdalsá, og rennur hún þaðan af að austan og sunnan við Þverárdalsland ofan hjá Þverárdal, og ræður merkjum; þaðan nefnist áin Hlíðará, og ræður hún merkjum þar til fyr nefndur Miðlækur fellur í hana.

Þverárdal, 16. maí 1890.

Í umboði eigenda: frú Hildar Bjarnadóttur

Brynjólfur B. Bjarnason.

Framanskriafaðri landamerkjaskrá erum við undirritaðir eigendur og umráðamenn næstliggjandi jarða að öllu leyti samþykkir.

Jóh. Fr. Sigvaldason. –

Guðm. Klemensson. –

Þorl. Klemensson. –

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 136, fol. 71.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 137.

Landamerkjabrjef fyrir Eyvindarstöðum meðfylgjandi Eyvindarstaðagerði, liggjandi í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Að utan milli Brandsstaða og Eyvindarstaðagerðis er hlaðin varða úr torfi og grjóti á bakkanum niður við Blöndu fyrir utan og neðan Eyvindarstaðagerði; frá þessari vörðu beint upp hrygg þann, er liggur næst fyrir utan Eyvindarstaðagerði; þaðan rjettsýnis á háls upp að vörðu, er þar stendur á brúninni, og þaðan þvert austur, upp á svo kallaðan Járnhrygg, í vörðu, er þar stendur; þaðan rjettsýnis fram drag það, er liggur milli Sauðabungu og Járnhryggs, beina stefnu í austari þúfu er stendur á há þrælsfelli, (er skilur lönd bæjanna, Bollastaða og Eyvindarstaða); frá nefndri þúfu á þrælsfelli, vestur í Ólafsvörðu; þaðan sjónhending í mel þann, er liggur fyrir sunnan svokallaða Gróf á Grófarhólum, og ofan melinn í læk þann, er kemur úr Grófinni; ræður þá nefndur lækur merkjum alla leið til Blöndu; síðan ræður Blanda merkjum alla leið að vestan ofan að fyrst greindum merkjum fyrir utan og neðan Eyvindarstaðagerði.

Eyvindarstöðum, 2. júlí 1887.

Gíslí Ólafsson eigandi að ½ jörðinni Eyvindarstöðum.

Jóhann P. Pjetursson, eigandi að ½ jörðinni Eyvindarstöðum.

Þorkell Þorkelsson, eigandi að Barkarstöðum. –

Guðmundur Gíslason, eigandi Bollastaða.

Elín Jónsdóttir. Guðrún Jónsdóttir. Sigurbjörg Jónsdóttir, – eigendur Brandsstaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 137. fol. 71. –

Vottar:



1890.

N^o 138.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Brandsstöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi. –

Að norðan ræður merkjum svo kallað Landamerkjagil eður Skurður, sem stent á við stein þann, er stendur á Melnum fyrir vestan Blöndu; eru merkin úr gili þessu bein ofan að ánni í stefnu við áður nefndan stein; úr efri enda gils þessa eru merkin rjettsýnis á háls upp; þá eftir hæstu brún á honum suður á Járnhrygg, og er þar hornmerki að sunnan; þaðan rjett vestur í vörðu vestan í hálsbrúninni; svo í vörðu á Blöndubakka, utan og neðan Eyvindarstaðagerði; frá henni og í Blöndu, er ræður merkjum að vestan, norður í áður nefnt Landamerkjagil Höllustöðum, 13. maí 1890.

Sigurbjörg Jónsdóttir. – Guðrún Jónsdóttir. – Elín Jónsdóttir. – eigendur Brandsstaða.

Þessum merkjum á landi (jarðarinnar) Brandsstaða erum vjer undirritaðir, er lönd eigum að nefndri jörð, samþykkir:

Jóhann Pjetursson eigandi (½) Eyvindarstaða

Guðmundur Helgason beneficiarius, vegna Blöndudalshóla

Halldór Guðmundsson eigandi Brúnar.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 138, fol. 72.

Vottar:



1890.

N^o 139.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Bólstaðarhlíð í Bólstaðarhlíðarhreppi. –

Milli Bólstaðarhlíðar og Æsustaða ræður merkjum hryggur sá, sem kallaður er Skerpill, upp skriðuna, frá hyl þeim í Blöndu, er nefnist Blóti, og þaðan rjettsýnis í þann litla hnjúk, er stendur norðan undir Skriðuhnjúk (Rauðahnjúk); þaðan bein stefna á há fjall fyrir vestan yztu Skyttudalsdrög. Milli Bólstaðarhlíðar og Skyttudals ræður bein stefna frá greindum merkjum eptir háfjalli, niður í svo kallaða Þórunnardæld; ræður hún síðan merkjum niður allt að Þverárdalslandi. – Milli Bólstaðarhlíðar og Þverárdals ráða merkjum 3 steinar, er standa í röð, merktir L.M., yzt á Dældabrunum; þaðan rjett stefna í stóran stein, merktan L.M., vestan á Þverárdalshöfða (Miðaptanshól) og þaðan bein stefna eptir vörðum í Miðlæk þann, er fellur ofan í Votahvamm, og þaðan í Hlíðará. – Milli Bólstaðarhlíðar og Botnastaða ræður Hlíðará merkjum til Svartár. – Milli Bólstaðarhlíðar og jarðanna Skeggstaða, Finnstungu og Ytra Tungukots ræður Svartá merkjum til Blöndu. – Milli Bólstaðarhlíðar og Tunguness ræður Blanda merkjum út í fyr nefndan hyl Blóta.

Engin ítök hafa aðrar jarðir í land Bólstaðarhlíðar; en í landi jarðarinnar Botnastaða hefur Bólstaðarhlíð ítak til slægna frá Ylfisgilslæk að sunnan, Löngubrekku að ofan og út undir Þorgilslæk að utan, allt niður í Svartá

Bólstaðarhlíð 3. maí 1890.

Guðmundur Klemensson, eigandi Bólstaðarhlíðar.

Framangreindum merkjum, erum við undirskrifaðir eigendur aðliggjandi jarða, samþykkir.

Brynjólfur Bjarnason.

Guðmundur Erlendsson.

Jónas Jónsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 139, fol. 72.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 140.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Botnastöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Milli Botnastaða og Bólstaðarhlíðar ræður Hlíðará frá Svartá upp gegnt Þverárdalslandi. – Milli Botnastaða og Þverárdals ræður sama á merkjum uns Kálfárdalsland tekur við. – Milli Botnastaða og Kálfárdals ræður merkjum Kálfalækur til suðurs, gegnt miðjum Grenshöfða. – Milli Botnastaða og Gils eru merki úr miðjum Grenshöfða til norðvesturs yfir lægðina næst höfðanum í stóran stein (þann ytri) á lægðarbarminum; þaðan í lítinn hól, með gömlu vörðubroti suður og austur frá Rjúpnadal; þaðan vestur í há-bunguna, í stóran stein og þaðan í Rjúpnadalslæk, rjett fyrir neðan Rjúpnadalinn, þar sem álízt að Ylfigil byrji; úr því ræður Ylfigilslækur niður hlíðina þar til hann beygist út á við; úr þeim bug ræður bein stefna til Svartár. – Milli Botnastaða og Skeggstaða ræður Svartá merkjum út úr gegn. –

Ítak til slæгна hefur Bólstaðarhlíð frá merkjum að sunnan upp á Löngubrekku út undir Þorgilslæk og beint niður í Svartá

Bólstaðarhlíð, 3. maí 1890.

Guðmundur Klemensson eigandi Botnastaða

S. Sigurðsson að Skeggstöðum

Framangreindum merkjum erum við undirskrifaðir eigendur aðliggjandi jarða samþykkir

Brynjólfur Bjarnason.

Lárus J. Árnason.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 140, fol 173.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 141. –

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Skyttudal í Bólstaðarhlíðarhreppi. –

Milli Skyttudals og Mjóadals ræður Smjörskál og lækur þar niður af, til Flóalækjar, svo Flóalækur í Kattaraugu fyrir neðan Skyttudal. – Milli Skyttudals og Þverardals ráða merkjum lítil lækjardrög til suðurs úr Kattaraugum í Sortupytt; þaðan lækjardrag gegnt Þórunnardæld. – Milli Skyttudals og Bólstaðarhlíðar ræður bein stefna úr Lágflóa upp í Þórunnardæld; þaðan rjettsýni á há fjall. – Milli Skyttudals og Æsustaða ræður, fyrir utan ytri Skyttudalsdrög, háfjall merkjum til Smjörskálar.

Jörð þessi hefur engin ítök í annara jarða lönd, nje aðrar jarðir í hennar land.

Bólstaðarhlíð, 3. maí 1890.

Guðmundur Klemensson eigandi Skyttudals.

Framangreindum merkjum erum við undirskrifaðir eigendur aðliggjandi jarða samþykkir:

Brynjólfur Bjarnason.

Guðmundur Erlendsson.

Jóh. Fr. Sigvaldason. –

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 141, fol. 73.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 142.

Landamerkjaskrá fyrir Hlíðarseli í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Millum Hlíðarsels og Kálfárdals ræður Flosaskarðslækur gegnt vestara Moldgili. Millum Hlíðarsels og Selhaga ræður vestara Moldgil á brún upp á Þverfelli; þaðan bein lína í Hrossagilslæk, þar hann fellur í Króksskarðslæk; svo ræður síðast nefndur lækur eða lág-Króksskarð til Valbrandsdalslækjar. Millum Hlíðarsels og Sólheima ræður syðri Valbrandsdalslækur til upptaka; ræður síðan bein lína til upptaka á ytri Valbrandsdalslæk, og ræður svo síðast nefndur lækur þar til hann fellur í Hrossagilslæk; ræður hann síðan eptir Hrossagili til Hlíðarár. – Millum Hlíðarsels og Þverárdals ræður Hlíðará

Þessum framangreindum merkjum er við undirskrifaðir samþykkir:

Guðmundur Klemensson, – eigandi Hlíðarsels.

Brynjólfur Bjarnason. –

Þorleifur Klemensson, eigandi Kálfárdals. –

Árni Sveinbjarnarson, eigandi Sólheima. –

Sigfús Pjetursson, umráðamaður Selhaga. –

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 142, fol. 74. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 143.

Landamerkjaskrá fyrir Mjóadal í Bólstaðarhlíðarhreppi. –

Að sunnan, milli Mjóadals og Þverárdals, er Geirbjarnargil, og úr því gamall farvegur í syðsta Kattarauga í Flóalæk; þaðan ræður nefndur lækur merkjum, þar til Smjörskárlækur fellur í hann; ræður svo síðar nefndur lækur merkjalínu milli Mjóadals og Skyttudals, í vestur-fjallshlíð Laxárdals. Frá upptökum hans í Smjörskál gildir bein stefna vestur á mitt fjallið; þaðan skilur bein stefna til norðurs á Auðólfstaðaskarðsbrún Mjóadals og Æsustaða lönd. Af tjeðri skarðsbrún, þar sem hún er hæst, ræður merkjum milli Mjóadals og Auðólfstaða, bein stefna neðan til um Gautaskálar í vestari endann á Skeiðmel við Gautsdalsá (fremri Laxá); þaðan skilur áin milli Gautsdals og Mjóadals, þar til Oddsá fellur í hana; því næst ræður merkjum milli Hvamms og Mjóadals Oddsá upp að fjallsbrún; þaðan bein stefna um Syðra horn austur yfir fjall í Grákolludal; og Grákolludalslækur til Víðidalsár. Ræður svo merkjum millum Mjóadals og Reynistaðarafrjettar Víðidalsá allt að upptökum hennar fyrir sunnan Mjóadalsskarð; þaðan bein stefna suður yfir Víðidalsflóa til uppsprettu lækjar þess, er fellur til suðurs í Þröngvadal. Með framhaldandi stefnu til suðurs ræður tjeður lækur merkjum þartil Útburðarskárlækur fellur í hann; gildir hann síðan sem landamerki að Útburðarskál; þaðan bein stefna vestur yfir fjall að Geirbjarnargili

Mjóadal, 1. ágúst 1882.

Jóh. Fr. Sigvaldason, eigandi Mjóadals

Ofanskriafaðri landamerkjaskrá erum við undirritaðir eigendur og umráðamenn næstliggjandi jarða að öllu leyti samþykkir:

G. Erlendsson. –

J. Sigurðsson. –

G. Klemensson. –

Pálmi Sigurðsson. –

Gísli Bjarnason. –

Jón Þórðarson. –

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 143, fol. 74.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890

N^o 144.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Grundargerði í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Að austan ræður Laxá merkjum, og að sunnan há Hrafngilsgrund, upp að Hrafngili, og þaðan Hrafngil upp á brún fjallsins; svo til norðurs eins og hæstu brúnir ráða, út í Sauðadalsbotn, og þaðan ræður Sauðadalslækur til Laxár

Bollastöðum, 6. marz 1888

Guðmundur Gíslason vegna eigandans, frú Hildar Bjarnadóttur.

Jón Guðmundsson, vegna Strjúgsstaða.

Lesið upp á manntalsþingi, að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 144, fol. 75.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 145.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Steinárgerði í Bólstaðarhlíðarhreppi, í Húnavatnssýslu.

Að sunnan, milli Steinár og Steinárgerðis ræður merkjum Skjöldulág, upp á Stallabrúnir, og svo bein lína í stein, sem stendur uppi á ás þeim, er liggur út og suður fyrir ofan Stallana; svo þar vestur, í vörðu þá, sem er fyrir utan neðri Tvíhól, og svo fram og upp í svokallaðan Klofastein, sem er út og upp undan efri Tvíhól; þaðan sömu stefnu í Birgisvörðu, sem er út og vestur undan Einbúa, og svo fram vestur yfir Einbúaflá í merkjavörðu þá, sem er skammt fyrir framan Fálkahól á Miðásum, á móts við Bollastaða land. – Að vestan ræður bein lína út Miðása, úr merkjavörðu út á há Þrælsfell, í austari þúfu á því; svo tekur við að norðan Barkarstaða land; þaðan ræður bein lína í ytri Hríshóls þúfu; svo ræður bein lína í sömu stefnu í upphlaðna vörðu uppundan Nóngili, og svo ræður bein lína ofan í Nóngil, svo eptir Nóngili í Svartá sem ræður merkjum að austan. –

Steinárgerði 19. maí 1886

Framan og ofan skrifuðum landamerkjum erum við samþykkir:

Björn Guðmundsson. Dagbjört Kráksdóttir eigendur. –

Magnús Andrjesson vegna Steinár.

Guðmundur Gíslason vegna Bollastaða.

Björn Jónsson vegna prestsetursins Bergsstaða.

Þorkell Þorkelsson, eigandi Barkarstaða (handsalað.)

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 145, fol. 75.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 146

Landamerkjaskrá fyrir jörðunum Eiríksstöðum og Eiríksstaðakoti í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Að norðanverðu milli Eiríksstaðakots og Fjósa ræður garður frá Svartá austur í svo nefnda Eiríksstaðakotstjörn (norðast); þaðan liggur merkjalínan beint austur í svo nefndan Landamerkjahól; þaðan þráðbeina stefnu austur í markvörðu, sem stendur lítið suður með Arnarvatni; – að austan til suðurs ræður þá vatnið til enda, og svo beina línu frá því miðju fram Hólmamýri og eptir Langasundi, beina línu fram fjallið, í hinn svonefnda Klofstein, norðanvert við Grafarlág. – Á milli Eiríksstaða og Bergsstaða liggur merkjalínan frá hinum áðurnefnda Klofasteini beint vestur fjallið í gamalt vörðustæði (vestur á fjallinu), og úr því beint vestur í hið gamla skriðugil, nú nefnt Landamerkjagil; gilið ræður ofan í Svartá, og Svartá að vestan út í áður nefnt garðlag. – Á milli Eiríksstaða og Eiríksstaðakots eru þessi merki: Í landamerkjastein, sem stendur skammt frá Svartá, og þaðan þráðbeina línu austur yfir fjallið í vörðu er stendur sunnantil við svo nefndan Arnarvatnsflóa.

Þessum hjer að ofan og framan skrifuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir hlutaðeigendur að öllu samþykkir:

Eyvindarstöðum 20. januar 1890.

Gísli Ólafsson eigandi Eiríksstaða og Eiríksstaðakots.

Pjetur Pálmason, eigandi Valadals og Valbjarga. –

Sigríður Einarsdóttir, eigandi að Fjósum.

Guðmundur Helgason, beneficiarius vegna Bergsstaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 19. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 146, fol. 76.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 147.

Landamerkjalyásing fyrir Breiðavaði.

Frá Ennis landamerkjum að neðan, frá Blöndu, úr Þórdísarbrekkuhorni, og þaðan beint strik í norður slakkann fyrir vestan Núpana í stein, sem stendur á holti, sunnanvert við Rjettarvaðsmýri, og þaðan sjónhending beint í þúfu, sem stendur norðarlega í Torflág; síðan beint strik til Kúlubrúnar; þaðan beint í Breiðavaðslæk í Bugum; síðan eptir því, sem sami lækur ræður upp í Grundarlækjarskarð; þaðan sjónhending í þann stein, er stendur á svo kölluðum Nónhrygg; þaðan suður beint í vörðubrot, sem stendur á sama hrygg syðst. – Frá Ennis landamerkjum að vestan ræður Blanda í Tjaldhólshorn norðanvert við Rafnseyrarað; þaðan beint strik upp í norðanverðan Grjóthól milli lækja. Úr Grjóthól beina sjónhending í sunnanverðan Stórhól; þaðan í vörðu sem stendur á Steinabrún; þaðan beint í syðri Flóamel; síðan upp norðanvert í Klofsteina; þaðan stefnu í há Breiðavaðs-hnjúk; síðan beint í vörðubrot á fyr nefndum Nónhrygg. –

Þetta framanskrafað, eptir sem menn vita sannast og glöggast, undirskrifar
Breiðavaði, 10. maí 1890.

Einar Árnason, eigandi.

Helga Gísladóttir.

Eggert Ó. Brím. –

Sveinn Kristófersson.

E. Eggertsson. –

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 21. maí 1890, og innfært í landamerkjabók
Húnavatnssýslu, N^o 147. fol. 76.

Vottar:

Lárus Blöndal.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

1890.

N^o 148.

Landamerki jarðarinnar Yztagils í Engihlíðarhreppi.

Merkjalínan að norðan er úr Landamerkjaklauf niður undir Blöndu, og í dý, sem er vestan í svo nefndum Björnúlfsstaðahnjúk; svo þaðan sjónhending í vörðu, er stendur á hnjúksbrúninni og þaðan beint austur yfir Vatnadal upp á háfjall, og svo fram háfjall, sem vötnum hallar, þartil Miðgils land tekur við; gengur svo merkjalínan til vesturs í vörðu, sem er á svo nefndri Hraunbrekkubrún; þaðan bein lína til Blöndu, eptir upphlöðnum merkjavörðum Tindum, 13. maí 1890.

Jónas Erlendsson, eigandi.

Magnús Pjetursson, eigandi Miðgils.

Helga Gísladóttir eigandi Björnúlfsstaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 21. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 148 fol. 77.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 149.

Landamerki Kúskerpis.

Undirritaður eigandi jarðarinnar Kúskerpis í Engihlíðarhreppi lýsi hjermeð yfir því, að þessi eru merki tjeðrar jarðar:

Að sunnan, frá Langavatni og frá Hlóðarsteini á hól skammt frá vatninu upp í stein á svo nefndu Merkjaholti, sem klappaður er á stafurinn L, og þaðan í annan stein í lægð upp á há Töglunum, er einnig er klappað L á; og þaðan beina stefnu upp í Kallbakslæk; þá ræður Kallbakslækur merkjum að austan út í Buga; þá er merkjalínan til vesturs í stein á Töglunum, sem enn er klappað L á, og úr þeim steini í Gildru, og úr Gildru í Fögrubrekkulág, og þaðan beint ofan í hinar fornu Reiðgötur eða svo nefndu Skógargötur; ráða þær merkjum að vestan suður á móts við norðurenda Langavatns, og þá eru merki eptir miðju Langavatni allt suður á móts við áður nefndan Hlóðarstein.

Kúskerpi, 7. dag maíman. 1890

Guðmundur Einarsson

Sem umráðamaður kirkjujarðanna Efri Mýra, ½ Sölvabakka og Svansgrundar, og í umboði Dbrmanns B.G. Blöndals vegna landssjóðshlutans í Sölvabakka:

Eggert Ó Brím.

Sem ábúandi og í umboði eiganda Síðu

Einar Jónsson.

Ingvar Þorsteinsson vegna Efri Lækjardals

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 21. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 149, fol. 77.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890. –

N^o 150.

Landamerki jarðarinnar Sneisar í Laxárdal í Engihlíðar-hreppi.

Merkjalínan að sunnan er úr vörðu á mel niður undir Laxá, og liggur svo merkjalínan þaðan austur í vörðu norðan við Landamerkjálág, og svo þaðan beina sjónhending í vörðu á svo kölluðum Kambi, og svo þaðan rjettlínis yfir Vesturáarskarð og í Digurbungu; svo þaðan á fjall upp og norður fjallið, sem vötn að draga móts við botninn á Vesturáarskarði; svo þar vestur yfir upp á háfjall, og svo fram og vestur í Strimpulækjardrög, sem vötn að draga; ræður svo Strimpulækur, þar til hann fellur fram úr gilinu; þaðan er bein sjónhending í merkjavörðu niður við Laxá móts við læk þann er fellur ofan úr hlíðinni að vestan, norðan við Skollaklett; að vestan ræður Laxá fram að fyrst nefndri vörðu.

Köldukinn 10/5. 1890.

Sigríður Pjetursdóttir eigandi jarðarinnar (handsalað.)

J. Jónatansson eigandi að 2/3 úr Holtastöðum.

Stefán Jónsson eigandi að 1/3 úr Holtastöðum.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 21. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 150, fol. 78.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 151.

Landamerki jarðarinnar Vesturáar á Laxárdal í Engihlíðarhreppi.

Merkin að sunnan frá Laxá, eru úr svokölluðum Kelduskurði, og svo bein sjónhending austur í Stórhól; svo þaðan upp í Grensnybbu, og svo upp á háfjall; liggur svo merkjalínan norður fjallið, sem vötn að draga móts við Digrubungu; ræður svo þaðan bein sjónhending yfir Vesturáarskarð í vörðu á svokölluðum Kambi; þaðan bein lína í vörðu norðan við Landamerkjálág, og þaðan rjettlínis í vörðu á mel niður undir Laxá, og ræður svo Laxá merkjum fram að áður nefndum Kelduskurði

Köldukinn 10/5 1890.

Sigríður Pjetursdóttir, eigandi jarðarinnar (handsalað.)

J. Jónatansson eigandi að 2/3 úr Holtastöðum.

Stefán Jónsson eigandi að 1/3 ú Holtastöðum

Guðmundur Þorkelsson vegna Refsstaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 21. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 151, fol. 78.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 152.

Landamerki fyrir jörðinni Efri Lækjardal í Engihlíðarhreppi. –

Að norðanverðu, móts við Neðri Lækjardal, ræður merkjum Klofasteinn, er stendur í Verslum, svo nefndum; svo úr Klaufasteini þessum beina stefnu til vesturs í vörðu, suðvestanvert við Stóragil; síðan í norðurhorn á Votulág, skammt fyrir neðan Þjóðveginn. Síðan ráða merkjum til suðurs, móts við Sölvabakka land, svo kallaðar Skógar- eða Reiðgötur, allt þartil kemur móts við Gildru, vörðu á Kjölnum fyrir utan Kúskerpi; síðan til austurs í stein, sem stafurinn L er grafinn á, er stendur upp undir brúninni, skammt fyrir sunnan mógrafir, sem þar eru grafnar; síðan til austurs í vörðu, sem stendur á mel, skammt fyrir austan Kallbakslækinn; svo til norðurs, móts við Efrimýraland, beina stefnu úr vörðu þessari í áður nefnda Klofasteina.

Lækjardal efra, 7. maí 1890.

Ingvar Þorsteinsson vegna Efri Lækjardals. –

Eggert Ó. Brím vegna Efri Mýra, Sölvabakka, og Svansgrundar landa, einnig í umboði Dbrmanns Benedikts Blöndals vegna landssjóðshlutans í Sölvabakka.

Lárus Gíslason vegna O.P. Möllers, eiganda Neðri Lækjardals.

Guðmundur Einarsson, vegna Kúskerpis.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 21. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 152, fol. 79. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 153.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Móbergsseli í Engihlíðarhreppi.

Að sunnan ræður landamerkjum Dýjalækur sá, sem fellur í Móbergsselstjörn að norðan; þaðan bein lína norður eptir í Grundarhól og eptir holtum tveim, sem liggja í Merkurflóa; svo eptir læk þeim, sem úr flóanum rennur og fellur í Víðidalsá; þá ræður merkjunum að austan Víðidalsáin, þar til að Grjótá fellur í hana að vestan, sem ræður Landamerkjum að norðan upp að Grjótártungu; þá eptir ytri Grjótárbotni upp á eggjar; svo eptir eggjunum, þar til maður kemur svo langt vestur eptir, að hægt er að draga beina línu um vestari endann á svo kölluðum Þyrli (Skugga) og ofan í Móbergstjörn; en hún ræður merkjum að læk þeim, sem í hana fellur að norðan og fyr var frá sagt, og fellur í norðurendann á Móbergsselstjörn. –

Móbergsseli, dag 10. maí 1890.

Hannes Kristjánsson (handsalað)

Framanritaða landamerkjaskrá samþykkjum við undirritaðir eigendur og umráðamenn næstliggjandi jarða – :

Guðmundur Jónsson vegna Merkur.

Guðmundur Friðriksson vegna jarðarinnar Litla Vatnsskarðs.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 21. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 153, fol. 79.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 154.

Landamerki jarðarinnar Kirkjuskarðs í Engihlíðarhreppi.

Merkjum að norðan ræður lækur sá, er fellur ofan í Laxá milli Núpsaxlar og Kirkjuskarðs, og ræður lækur þessi merkjum austur í Kirkjuskarðsbotninn; þaðan liggur merkjalínan suður fjallið eins og vötn að draga, suður í Strimpulækjardrög; gengur svo merkjalínan í vestur eptir Strimpulæk, þar til hann fellur fram úr gilinu; en þaðan ræður bein sjónhending í merkjavörðu niður við Laxá, (móts við læk þann í hlíðinni að vestan er fellur ofan, norðan við Skollaklett); ræður svo Laxá landamerkjum út að fyrst nefndum læk.

Holtastöðum, 13. maí 1890.

J. Jónatansson eigandi að 2/3 úr Kirkjuskarði

Stefán Jónsson á Kagaðarhóli eigandi að 1/3 úr Kirkjuskarði.

Klemens Sigurðsson frá Skrapatungu, umráðamaður Skrapatunguafrijettar.

Sigríður Pjetursdóttir í Köldukinn eigandi jarðanna Vesturáar og Sneisar (handsal.)

Á. Á. Þorkelsson eigandi Núpsaxlar og Tungubakka.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 21. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 154, fol. 80. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 155

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Björnólfsstöðum í Engihlíðarhreppi. –

Frá Tjaldhólshorni við Blöndu, norðanvert við Rafnseyrarvað beint strik upp í norðanverðan Grjóthól milli lækja; úr Grjóthól beina sjónhending í sunnanverðan Stórhól; þaðan í vörðu sem stendur á Steinabrún; þaðan beint í syðri Flóamel; síðan upp norðanvert við Klofasteina; þaðan stefnu í há Breiðavaðshnjúk; svo beint í vörðubrot, sem stendur syðst á Nónhryggshaus; þaðan suður háfjall í Skálarskarð; þaðan beina stefnu vestur yfir Vatnadal í vörðu sem stendur syðst á Björnólfsstaðahnjúk; svo eins og vörður vísa, ofan í gil, sem liggur fast að Blöndu.

Björnólfsstöðum, 12. maí 1890.

Helga Gísladóttir eigandi.

Framanritaðri merkjaskrá eru samþykkir:

Einar Árnason vegna Breiðavaðs

Jónas Erlendsson (handsalað.) vegna Yztagils.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 21. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 155, fol. 80.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 156.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Bakka í Vindhælishreppi.

Milli jarðanna Skeggjastaða og Bakka ræður merkjum bein lína úr grjótvörðu, er hlaða skal í svokallaðri Lambanöf (milli lækja sunnanvert við Hellna) í Prestssæti á Hofsgötum, og þaðan beint í grjótvörðu, er hlaða skal við Pottlækjargil, sem verður hornmark milli Keldulands og Bakka; en milli jarða þessara ræður merkjum bein lína úr fyr greindri grjótvörðu til suðurs, ofanvert við efri Flæðabrúnir í vörðu, sem hlaða skal á Teigsenda, sem verður hornmark milli jarðanna Harastaða og Bakka; en milli jarða þessara skal merkjum ráða bein lína úr Teigsenda-vörðunni sunnanvert við Sævarholtstjörn í Kolþúfu við sjó niður, og skal þar hlaðin grjótvarða.

Bakkafjall: Norðan að því Hofsland, austan Almenningur; sunnan Harastaðaland, og vestan Keldulandsland.

Vindhælishreppi, 5. maí 1890

Árni Jónsson vegna eiganda Bakka.

Ólafur Ólafsson, eigandi Keldulands, handsalað. –

Eggert Ó. Brím, vegna eiganda Skeggstaða. –

Í umboði Guðjóns Einarssonar, vegna Harastaða, $\frac{3}{4}$ hluta

Andrjes Árnason

Árni Jónsson vegna eiganda $\frac{1}{4}$ Harastaðakots.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 156, fol. 81.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 157.

Landamerkjaskrá fyrir Kaldrana í Vindhælishreppi.

Að vestan og sunnan ræður Rekavatnsós og Rekavatn merkjum, síðan Hafnaá fram til Faxalækjar, og þá ennþá Hafnaá til neðsta Hafnavatns og meðfram Hafnalandi til Miðvatns, og til efsta eða fremsta Hafnavatns; þá ræður Þrándarlækur til Heytjarnarsunds, og þaðan í Fuglabúfu; og frá henni meðfram Tjarnarlandi í Svínafellshorn. Að norðan og vestan er land með sjó fram, frá Rekavatns ósi til Rauðalækjar, og svo sem hann fellur frá Múlavatni; frá því sjónhending fram til Sjónarhóls; frá honum beina stefnu í Svínafell við Almanning, mitt á milli austara og vestara horns þess, og þaðan meðfram Almanningi til vesturs í fyr nefnt Svínafellshorn vestara.

Hvammi, 10. apríl 1890.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Guðmundur Bjarnason, landseti í Víkum á Skaga (handsalað nafn.)

Kristján Sigurðsson, meðeigandi Kaldrana.

Guðmundur Erlendsson, meðeigandi Kaldrana.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 157. fol. 81. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 158.

Landsskipti á Kaldrana milli þjóðeignarhlutans og bænda eignarinnar. –

Jörðin Kaldrani er hálf þjóðeign og hálf bænda eign og skiptist land með sjó þannig: – að þjóðeignarhlutinn á frá Rekavatnsósi austur að rótartrje eða hniðju, sem er á mölinni nálægt fjárhúsunum við Húsavík; þaðan á bænda eignin land með sjó, allt til Rauðalækjar, og Múlaey. – Tún og útauki innan garðs fylgir til helminga hvorum partinum. – Af úthaga og engi tilheyrir þjóðeigninni eptir þessum merkjum: Haginn milli sjáfar og Rekavatns; frá túninu suður melinn í grasþúfu stóra, er stendur á honum; frá henni liggur merkjalínan bein til landsuðurs eptir norðanverðum Kaldranaflóa og yfir Selvatnsurðir austur, beina línu í norðari Selvatnsvík; þá ræður Selvatn til Faxatjarnar, og síðan Faxalækur í Hafnaá er þá ræður merkjum niður til Rekavatns. – Lambhagi hinn syðri í Selvatni tilheyrir þjóðeignarpartinum Hvammi, 8. maí 1890.

B.G: Blöndal. umboðsm. Þingeyrakl.jarða.

Kristján Sigurðarson meðeigandi Kaldrana. –

Guðmundur Erlendsson meðeigandi Kaldrana. –

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 158, fol. 82.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 159.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Sviðningi í Vindhælishreppi

Milli Sviðnings og Kálfhamars eru landamerki þessi: Úr Sviðnings nýrri lækjarfarveg, þar sem hann fellur fram af bjarginu, og er þar varða hlaðin, í Brunnþúfu; þaðan beina stefnu í Grástein; þaðan sömuleiðis í Öfuguggahól, þá í Strítu, og þaðan austur beina sjón hending í Hæðarstein.

Milli Sviðnings og Bjarga eru þessi merki: Þríhyrninginn frá Rauðusvuntu til Landamerkjavörðu og til Hæðarsteins skal brúkast til jafnaðar af ábúendum Sviðnings og Bjarga, án þess hvorugur megi við annars skepnum amast. Engjaberjur á parti þessum skulu brúkast til jafnaðar sitt árið af hvorum, og skal Sviðningur (eða ábúandi þar) ætíð brúka þær staka almanaksárið. Trjá reki fyrir parti þessum skal tilheyra Björgum. – Spákonuarfur er fyrir landi Sviðnings við sjó.

Merkjaskrá þessi fyrir Sviðningi er samkvæm sáttgjörð allra hlutaðeiganda, dags. 25. október 1844, sem lesin er fyrir manntalsþingrjetti að Vindhæli 31. maí 1845, og innfærð í afsals og veðsetningarbók Húnavatnssýslu.

Hvammi, 25. apríl 1889.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Halldór Árnason, eigandi og umráðamaður Kálfshamars.

Guðmundur Helgason, beneficiarius á Bergstöðum, vegna kirkjujarðarinnar Bjarga.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 159, fol. 82

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 160.

Landamerkjaskrá Bergsstaða í Vindhælishreppi.

Að vestan, á milli Bergsstaða og Sæunnarstaða, ræður merkjum bein lína frá Hallárdalsá, vestanvert við Grænutópt, eptir torfuvörðum á Breiðinni til brúnar, um krókinn á Egilsstekkjarlæk, beint í fossinn í Ranaskárlæk, og með honum, sem hann ræður, og þar norður yfir Ranafellið í Stóruskál og þaðan í læk, sem rennur af Kambadalnum ofan í Bergsstaðavatn; þaðan bein lína til austurs í einkennilegt stórt steinbjarg í landnorður undan Bergsstaðavatni, sem er merki á milli Almennings og Bergsstaðalands. Að sunnan frá nefndri Grænutópt ræður Hallárdalsá fram að austari Klofasteinum er standa við ána, ásamt fleiri stórum steinum, og hlaða skal grjóti á, á milli Þverár; þaðan upp brekkurnar, vestanvert við ytri Torflágarenda, og austan við grasbolla framan í Ennunum beina leið til vörðu á há brún, sem stendur rúmum 40 föðmum í norðvestur frá Bleikkollu-vörðuhól; þaðan á há Litlafell; þaðan vestanhalt í Slakka fyrir vestan Gilsás, sem ber við lopt, að sjá af Litlafelli; þaðan beint norður urðir fyrir austan Djúpavatn norður að Almenni, og vestur með honum í fyr nefnt steinbjarg

Staddur að Viðvík á Skagaströnd 17. júní 1889.

Jónína Þórey Jónsdóttir eigandi Bergsstaða.

Árni Jónsson eigandi Þverár. –

Kr. Þorbergsson, meðeigandi Sæunnarstaða. –

J. Jósefsson, meðeigandi Sæunnarstaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 160, fol. 83.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890

N^o 161.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hafursstöðum með hjáleigunum Hafursstaðakoti og Kambakoti. –

Að norðan ræður Halladalsá frá sjó og upp í Sláttuhvamm; úr Sláttuhvammi í Klofasteina; frá Klofasteinum yfir miðja Kjalarmýri, eptir því sem vörður vísa, í Hrafnabírk við Hafursstaðagil; þaðan og í Hrísgil; er allur Brunnárdalur norðan fram, fram hjá Hrísgili, Hafursstaðaland, eptir því sem fjallaeggjar vísa, yfir Haukaskarð og yfir Fagrafildu, miðja vega að bera milli Fagrafildu og Söndugahóls, og allur Brunnárdalur að sunnan fram, svo langt vötn að draga, tilheyrir einnig ofanefndri jörðu, þaðan liggur merkjalínan til suðurs eptir háfjöllum, í Pálsbyrgi; þaðan til vesturs í Marksteina; þaðan og í Grenshjallahöfuð; þaðan í stóran stein á Núpnum; þaðan rjettsýnis í garð í brekkunum; þaðan í Gildru á Borgunum, þaðan í stapa, er stendur í sjó, sunnanvert við svo nefndan Ófærubás. Sunnan línu þessarar, frá Pálsbyrgi og til sjáfar, er Ytrieyjar land.

Með samningi, dagsettum 18. ágúst 1874, og þinglesnum að Viðvík þann 27. maí 1884, hafa sameigendur jarðarinnar Hafursstaða með hjáleigunum, skipt þannig landi jarðarinnar, að Kambakotsland er með öllu frá skipt, og nær það framan frá Smjörskálalæk í sunnanverðum Brunnárdal og ofan svokallað Hjallholt, fyrir neðan bæinn í Kambakoti, og er neðra takmark landsins úr vörðu á Hjallholtinu beina stefnu yfir ofanvert Hellisgil, út í Hrafnaklett í sunnanverðu Hafurstaðaárgili. Milli Hafurstaða og Hafursstaðakots er beitaland óskipt, en slægjulandi er skipt þannig: að Hafursstaðir eiga slægjuland á norðanverðum Brunnárdal fyrir framan Hafursstaðasel, er stendur neðan til við Selhólana; en Hafursstaðakot á slægjur á sunnanverðum Brunnárdal, fyrir framan Smjörskálalæk, fyrir neðan Hafursstaðasel á norðanverðum Brunnárdal; eiga Hafursstaðir slægjuland allt niður að Skriðuskálalæk, en Hafursstaðakot fyrir neðan þann læk til móts við Kjalalandsmerki. Slægjur á Sundunum fyrir ofan ásinn, út af Ytrieyjarnúpnum, upp að Kambakotsmerkjum, er áður eru nefnd, eiga Hafursstaðir; en slægjur í brekkunum fyrir neðan þann ás, og ofan undir Reiðgötur, á Hafursstaðakot. – Á flóanum fyrir neðan bæinn er slægjum svo skipt, að Hafursstaðir eiga hinn syðri hluta, en Hafursstaðakot hinn nyrðri, og eru takmörkin bein stefna frá sjó eptir stórri þúfu ofan til við flóajaðarinn í vörðu á hól upp í Ytrieyjarnúpnum. Landið fyrir utan Hafursstaðaá, og upp á móts við Hrafnaklett er sameiginlegt beitaland fyrir báðar jarðirnar, en þyki þar eitthvað slægt, er Hafursstaðamanni þar heimil slægja.

Með tilliti til selstöðu, móts og sjáfarntja er landi milli Hafursstaða og Hafursstaðakots óskipt. Svo er tóni skipt, að Hafursstaðir eiga tón fyrir ofan götuna er lína liggur norðan í hlaðið og fyrir sunnan skurðinn, er liggur upp eptir tóninu, sunnan til við bæinn, en Hafursstaðakot á tón fyrir norðan þann skurð og neðan þá götu.

Landamerkjaskrá þessi er rituð í marzmanuði 1890 og samþykkt af undirrituðum.

Andrjes Árnason vegna eiganda Hafursstaða

María Guðmundsdóttir eigandi Hafursstaðakots. –

Eggert Ó Brím formaður forstöðunefndar kvennaskólans á Ytriey, vegna þeirrar jarðar.

Kr. Þorbergsson eigandi Kambakots og meðeigandi Sæunnarstaða.

J. Jósefsson meðeigandi Sæunnarstaða.

Frímann Guðmundsson eigandi Kjalalands.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Árni Jónsson eigandi 7/60 af Syðriey.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 161. fol. 83 & 84.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 162.

Landamerki fyrir jörðinni Mánaskál.

Landamerki fyrir jörðinni Mánaskál, liggjandi í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu eru sem hjer segir: – Að norðan ræður Balaskarðsá, og úr henni bein lína í vörðu á miðjum Þröskuld; þaðan í læk, sem fellur austur í Mjóadalsá, og ræður svo Mjóadalsá að austan landamerkjum, suður á móts við svo nefnda Smjörskál eða lækjargil, sem liggur ofan úr áður nefndri Smjörskál. Að sunnan eru merki úr Smjörskál beina línu vestur yfir fjall í Tröllaskarð, vestan í fjallinu; þaðan ræður lækur, sem fellur úr því í Laxá. Að vestan ræður Laxá, þangað til áður nefnd Balaskarðsá fellur í hana.

Ritað að Tungunesi 6. júní 1887

af eigenda jarðarinnar:

E. Pálmason.

Þessari landamerkjaskrá eru undirritaðir samþykki:

Jón Guðmundsson ábúandi á Núpi

Gísli Bjarnason (handsalað) eigandi Balaskarðs.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 162, fol. 84. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 163.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Saurum í Vindhælishreppi. –

(Að sunnan frá sjó ræður bein lína úr hamrinum milli Kálfshamarsness og Einarsness í vörðu á Steinholtinu; þaðan í vörðu, sem hlaðin er í Kálfshamarsflóa; þaðan í Digruvörðu); þaðan í vörðu á Leirdalsbrúninni og þaðan í stein á há Sviðningsborgunum, sem merktur er L.M.; þaðan ræður merkjum bein lína í vörðu, sem hlaðin er norðan í svo kölluðum Selhól; ræður þá merkjum bein lína eptir því, sem vörður vísa í syðri enda Draughylstjarnar, og þaðan í stein á brúninni fyrir austan, sem einnig er merktur með stöfunum L.M.; frá nýnefndum steini ræður merkjum bein lína í vörðu, sem hlaðin er milli Saurasundanna, og þaðan eptir því sem vörður vísa, til Illukeldu við Laxá, og er þar á árbakkanum við kelduna hlaðin varða; frá Illukeldu ræður Laxá merkjum allt til sjáfar. Að vestan, frá Laxárósi suður til Hamarsins milli ofannefndra nesja, ræður sjór merkjum. – Jörðinni Saurum tilheyrir hálf laxveiði í Laxá móts við Ós. –

Spákonuurfur er fyrir landi Saura við sjó. –

Gjört að Viðvík á Skagaströnd, 22. maí 1890

Jóninna Þórey Jónsdóttir eigandi jarðarinnar.

Framanrituðum landamerkjum eru undirritaðir samþykkir:

Halldór Árnason vegna Kálfshamars. –

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða, vegna Tjarnar. –

Jóhann Jósefsson vegna Óss.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 163, fol. 85.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 164.

Landamerkjaskrá fyrir Brandaskarði í Vindhælishreppi.

Að norðan ræður Landamerkjalækur frá Torfvörðu til Hraunhólahvols; þaðan beina sjónhending austur á eystri brúnir á Katlafjalli til móts við Harrastaðaland; þaðan eptir fjallabrunum suður til Tvísteina; þaðan beint í suður til Harrastaðaár; ræður áin síðan til Klappar neðanvert við Brandaskarðstún, sem nefnd er Bolanöf; þaðan beint til norðurs, til Lynghóls; þaðan beina sjónhendingu til áður nefndrar Torfvörðu við Landamerkjalæk Vindhælishreppi, 22. maí 1890.

Ólafur Ólafsson eigandi Brandaskarðs. –

Vegna eiganda Harrastaða Andrjes Árnason

Ólafur Ólafsson eigandi Keldulands og Hofsvalla (handsalað.)

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 164, fol. 85.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 165.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Ósi í Vindhælishreppi. –

Að vestan frá Laxárósi út að Ranaskála ræður sjór merkjum; að norðan úr Ranaskála í svo kallaða Merkjabúfu á sunnanverðu Tjarnarfjalli; þaðan bein línu í Brúnkolluhamarspúfu, norðan til á Brúnkolluhamri; úr Brúnkolluhamarspúfu ræður bein lína til landsuðurs í Laxárvatnsós neðri; – að sunnan, móts við Saura, ræður Laxá merkjum úr fyrnefndum Laxárvatnsós til sjáfar. Jörðinni Ósi tilheyrir hálf laxveiði í Laxá, móts við Saura. –

Höfnum, 27. júlí 1889.

eigandi jarðarinnar Óss:

Jóhann Jósepsson. –

Ofanritaðri landamerkjaskrá erum við undirrituð samþykkt:

Eigandi jarðarinnar Saura:

Jóninna Þórey Jónsdóttir. –

Umboðsmaður klausturjarðarinnar Tjarnar:

B.G. Blöndal.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 165, fol. 86.

Vottar:

Lárus Blöndal.



1890.

N^o 166.

Skrá yfir landamerki jarðarinnar Vindhælis á Skagaströnd í Vindhælishreppi og Spákonufells-
sókn. –

Að norðan byrja landamerki tjeðrar jarðar við sjó, norðanvert við Selatanga, í vörðu sem þar er; þaðan beint í Presthól; svo eins og merkivörður ráða, yfir þveran flóa, í vörðu þá, sem er fyrir norðan Hríshóla og sunnan Stútuhól; síðan úr nefndri vörðu og yfir norðari enda Kolalágar; þaðan í yzta Axlarhnjúk, sem nefnist Stríta; svo þaðan í háa melhrygginn fyrir neðan Litluskál; þá í hnjúkinn fyrir ofan Smjöskál. – Að sunnan, milli Vakursstaða og Vindhælis ræður merkjum Álfagrófarlækur ofan úr Álfagrófarskál og niður í Halladalsá; þá ræður áin til sjáfar, og sjór til áður nefnds Seltanga.

11./7. '83 að Vindhæli.

K.S. Þorbergsson. –

J. Jósefsson. –

I. Hillebrandt. –

B.G. Blöndal, umboðsm. Þingeyrakl.jarða.

Framanskriðuðum merkjum er jeg, nú verandi eigandi Vindhælis, samþykkur, nema jeg áskil mjer viku slægju í svo nefndum Vindhælisteigi, þeim hluta, sem tilheyrir Kristmundi bónda Þorbergssyni á Vakursstöðum.

Staddur að Viðvík, 22.-5. – 1890.

Lárus Þorbergsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 166, fol. 86

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 167.

Landamerki Balaskarðs.

Undirritaður eigandi og ábúandi jarðarinnar Balaskarðs í Vindhælishreppi lýsi hjermeð yfir því, að merki hennar gagnvart aðliggjandi jörðum eru þessi: Vesturtakmörk jarðarinnar er Laxáa, allt þar til er Balaskarðsá rennur í hana; þá ræður Balaskarðsá merkjum að sunnan frá ósi allt upp á Þröskuld, og úr austanverðum Þröskuldi ráða brúnir til norðurs; þá liggja merki til vesturs á milli Svínahnjúks að sunnan og Sauðahnjúks að norðan í Moldgil hið eystra, og úr gili því liggja merkin norðast yfir frá á Urðunum, sem liggur til norðurs, í rúst, sem er norðantil á flánni, og úr þeirri rúst í Moldgil hið vestara og yfir Tunguhnjúk í Stóruskál, og þaðan sem skriða ræður úr henni, í Þorleifssýki þar sem það fellur í Laxá; þá ræður Laxá merkjum fram, sem fyr segir.

Balaskarði, 30. apríl 1890.

Gísli Bjarnason eigandi jarðarinnar (nafn handsalað)

J. Benediktsson búandi á Mánaskál

Sveinn Magnússon búandi á Mánaskál

Klemens Sigurðsson búandi á Skrapatungu.

Ingvar Þorsteinsson eigandi Kirkjubæjar.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 167. fol. 87. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 168.

Landamerki fyrir Örlygsstöðum

Frá Bræðrum, sem standa fyrir utan Votulág við sjó, og þaðan rjettsýnis í túngarð milli Kurfs og Örlygsstaða, og þaðan til landnorðurs í há Brunahöggið syðra; úr því í Brunavatnsendann syðri, og þaðan í Heylæk, rjett fyrir utan Ponturnar; úr honum í norðara Hólstaglið, sem Örlygsstaðasel stendur á; þaðan í norðari Skjaldbreiðarenda; svo í landsuður í norðari ána, fyrir austan Skjaldbreiðarvatn; svo ræður áin að fossi þeim, sem er fyrir norðan og vestan Langavatn; þaðan til útsuðurs í stein þann, sem Trölli heitir, sem er norðarlega á Moldás; úr honum í vörðuna, sem er á norðari Mosásenda; þaðan í Lómatjarnir fyrir vestan Mosás; svo sjónhending þaðan í Sölvavörðu, sem stendur fyrir utan Sjónhól; frá þeirri sömu hornlínu í hornvörðu og svo frá henni til útsuðurs yfir Reyrlág og Gunnumó, sömu stefnu í vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól; úr henni sjónhending til sjáfar, á klöppina innan til við Merkjavík.

Örlygsstöðum 22. maí 1890

Jón Jóhannesson, eigandi jarðarinnar (handsalað)

Jón Jónsson, prestur að Hofi. –

Gísli Benediktsson, eigandi Hróarstaða.

B.G. Blöndal, umboðsmaður Þingeyraklausturjarða.

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvík, hinn 22. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 168, fol. 87. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 169.

Merkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Skinnastöðum í Torfalækjarhreppi.

Að austanverðu frá grjótvörðu við Rauðalækjarós þar sem hann fellur í Hælslæk (Torfalæk), suður til vörðu við Rauðukeldu, sem er í landnorðurhorni Kringlulands; þaðan vestur með Kringlulandi, eptir því sem vörður sýna, beint í grjótvörðu á melhorninu hjá Háugötum, sem er hornmerki milli Kringlu- og Akurs-landa; þaðan meðfram Akurslandi til útnorðurs, beint í vörðu á Hrísholti, og frá henni í Gyltu- eða Kiðaskarð, og sem það ræður; síðan frá því til vesturs í grjótvörðu, sem er við Húnavatn, við útnorðurhorn Akurs lands; ræður þá vatnið að vestan, til þess Torfalækur fellur í það, og þá að norðan Torfalækur upp til fyrnefnds Rauðalækjaróss, eða vörðu við hann. –

Ennfremur eiga Skinnastaðir teig til slægna og eru merki hans þessi: Frá snidduvörðu við Axlarkvísl norður að annari vörðu, sem er á langlínu Akurs teiga; frá henni vestur í keldudrag, sem er glögg, þá í það mitt sem það liggur norðvestur til, eða móts við snidduvörðu sunnan við keldudragið; frá vörðu þessari til suðurs í miðjan hólma í Eyjatjörn, sem einkenndur er með snidduvörðu; frá henni beint í landsuður í vörðu við Axlarkvísl, og deilir sú lína Lágagarðsengi og Skinnastaðateig. Hin síðast nefnda varða er skammt suðvestur frá garðinum í Axlarkvísl. –

Hvammi, 16. maí 1890.

B.G. Blöndal, umboðsmaður þkl.jarða.

Bjarni Pálsson, umráðamaður þjóðjarðarinnar Steinness.

Lesið upp á manntalsþingi að Torfalæk, hinn 24. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 169, fol. 88. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 170.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hnjúkum í Torfalækjarhreppi í Húnavatnssýslu.

Milli Sauðaness og Hnjúka að sunnanverðu, byrja landamerki í Skíðdal, og eru þar hlaðnar þrjár vörður, er mynda þríhyrning; því næst frá þessum vörðum í vörðu, sem er upp á Skíðdalsbarmi; þaðan í vörðu, er stendur upp á svonefndum Langahrygg; þaðan í vörðu, er stendur fyrir ofan Hádegisbrekku, fyrir norðan Miðklett; þaðan beina stefnu í Landamerkjastein, er skilur fyrir ofan mýrarsund þar sem Brekkur enda; þaðan í vörðu, sem er norðan til á Messuvegsholtum; þaðan beina stefnu ofan í Laxholt; þaðan beint í Laxá. Milli Köldukinnar og Hnjúka byrja merki að austan í áður nefndum þremur vörðum, er standa í Skíðdal; þaðan eptir miðjum Skíðdalnum, meðan hann endist; svo þaðan beina stefnu í Byrgislaut; þaðan beina stefnu yfir Hrismó, og í vörðu, sem er hlaðin niður við Blöndu; að norðan ræður Blanda ofan að Hjaltabakkalandi, og byrja merki þar á milli að vestan: bein stefna úr svo nefndri Fálkanöf, rjett fyrir neðan Efríkleyf, suður eptir sundi því, sem gengur á milli svo nefndra Lynghóla, og í vörðu á Melabörmum; síðan sjónhendingu suður móana, eins og vörður vísa, suður Þuríðarkeldu; úr henni beint í sýki, sem gengur til landnorðurs úr Krókhyl. Laxá ræður upp að Sauðaness merkjum.

Þessu erum við undirritaðir samþykkir:

Köldukinn 16. apríl 1890.

Sveinn Jónsson. Jón Hannesson, eigendur jarðarinnar Hnjúka.

Bjarni Pálsson, umráðamaður kirkjujarðarinnar Hjaltabakka

Kristofer Jónsson, eigandi jarðarinnar Köldukinnar. –

B.G. Blöndal, umboðsmaður Þingeyraklaustur jarðarinnar Sauðaness.

Lesið upp á manntalsþingi að Torfalæk, hinn 24. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 170, fol. 88.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 171

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Köldukinn í Torfalækjarhreppi í Húnavatnssýslu.

Milli Sauðaness og Köldukinnar byrjar merkjalínan að norðan við Laxárvatn, eptir keldu sem rennur í vatnið, og er hún látin ráða, meðan hún er glögg; svo úr henni í vörðu, sem er í Skíðdalsflóa; úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu, er stendur í Skíðdalsmynni; þaðan beina stefnu í vörður þrjár er mynda þríhyrning, þar sem Hnjúkaland tekur við, og byrjar merkjalínan úr þessum þremur vörðum, eptir miðjum Skíðdal meðan hann endist, og er þar djúpur jarðfallsskurður; úr honum beint í Byrgislaut; úr henni beina stefnu yfir Hrismó ofan í Blöndu, og er þar hlaðin varða. Að vestan ræður Laxárvatn að Smirlabergslandi, og byrjar merkjalínan að sunnan í nesi, sem skagar fram í vatnið og heitir Reðavíkurnes; úr því beina stefnu í jarðfastan stein, sem er upp á Smirlabergsbungu; úr þessum steini í annan jarðfastan stein, sem er austan til aður nefndri bungu; svo beina stefnu ofan Köldukinnarhóla og ofan í Blöndu, og er þar hlaðin varða; að austan ræður Blanda út að Hnjúka merkjum.

Þessu erum við undirritaðir samþykkir: –

Köldukinn, 16. maí 1890.

Kristófer Jónsson, eigandi jarðarinnar Köldukinnar.

Stefán Jónsson, eigandi jarðarinnar Smirlabergs.

Jón Hannesson, Sveinn Jónsson, eigendur jarðarinnar Hnjúka

B.G. Blöndal, umboðsmaður Þingeyrakl.jarðarinnar Sauðaness.

Lesið upp á manntalsþingi að Torfalæk, hinn 24. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 171. fol. 89.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 172.

Merkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Helgavatni í Sveinstaðahreppi

Að sunnan, milli Flögu og Helgavatns, eru merki úr snidduhlaðinni þúfu eða vörðu, á litlu nesi, er liggur norður í Vatnsdalsá, vestur yfir flóann í stein á mið-melshorninu, sem merktur er L, of svo í stein norðan til á Núpunum, sem merktur er M, og ber hann við lopt að sjá frá fyrnefndri þúfu, og svo síðan sömu stefnulínu vestur yfir hálsinn að Gljúfurá. Að austan ræður Vatnsdalsá norður að hólma eða graseyri, og marksteini á henni sunnanverðri, í annan stein á norðurenda hennar. Að norðan frá snidduhlaðinni þúfu á graseyri þeirri eða hólma í Vatnsdalsá er tilheyrir Helgavatni og Hnjúki, vestur í lítinn en háan grashólma, sem er í vestari kvísl Vatnsdalsár, norðaustur af Helgavatnstjarnarós; þá sem ósinn ræður upp í krókinn á honum, norður beint undan tjörninni. – Frá þessum nefnda óskrók í vörðu á Hrafnakletti, og aðra vörðu á barði því, er ber við lopt að sjá frá Hrafnakletti, og svo áfram sömu stefnulínu vestur yfir hálsinn til Gljúfurár, er ræður merkjum að vestan.

Hvammi, 8. maí 1890.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

J. Einarsson ábúandi og eigandi að Hjallalandi

Árni Erlendsson eigandi Flögu.

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum, hinn 29. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 172, fol. 89.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 173.

Merkjaskrá fyrir þjóðjörðunum Breiðabólstað og Miðhúsum í Sveinsstaðahreppi.

Að sunnan, úr Bolakletti sunnanverðum, austur í Kórbrík, og þaðan sömu stefnu í steina austur í Flóðinu eða á eyrum þess. (Stefnulína þessi er frá Kórbrík í lítið sandgil í Vatnsdalsfjalli, norðanhallt við Grundarkots bæjartóptir). Frá Bolakletti aptur til suðvesturs yfir Hvíthól, og áfram sömu stefnu til Gljúfurár. (Merkjalína þessi stefnir, að sjá frá sunnanverðum Bolakletti, yfir Hvíthól á háa hnjúkinn í Víðidalsfjalli (Kerlingarhnjúk), sem næstur er fyrir sunnan Hólagilslæk). – Að austan er merkjalína eptir Flóðinu frá fyrnefndum steinum á Kórbríkur leiðinni, norður í miðju þeirrar línu, er dregin er milli landa frá Skúlahóli austur undir Steinkot, og eiga jarðirnar Breiðabólstaður og Miðhús austur að þessari langlínu, norður á móts við vörðu, sem hlaðin er sunnan Þórdísarlækjar, skammt upp frá Flóðinu. Þá að norðan frá þessari vörðu, eins og Þórdísarlækur fellur, og beint frá honum efst að merkjalínu Umsvala suður undan Einarsholti; þá fram miðja Umsvalkeldu í keldudragið vestan undir Rjúpnaás, að vörðu á Umsvalaás, og þaðan vestur að Gljúfurá, sem takmarkar land jarðanna að vestan.

Beitiland er óskipt milli Breiðabólstaðar og Miðhúsa, en tún og útheyslægjur hefur hvor jörðin út af fyrir sig. Breiðabólstaður á slægjur allar fyrir sunnan Miðhúsalæk og keldudrag fyrir neðan lestavegin, eða skurð, sem nú er gjörður neðan frá Flóðinu og upp í það, frá honum eða snidduhlaðinni vörðu á flóðbakkanum við skurðinn, beint austur að langlínunni á flóðinu. En Miðhús eiga slægjur allar fyrir norðan þessi nefndu merki.

Hvammi, 8. maí 1890.

B.G. Blöndal, umboðsmaður Þ.kl.jarða.

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinstöðum, hinn 29. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 173, fol. 90. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 174

Merkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Hnjúki í Sveinsstaðahreppi.

Að austan er marklína milli Hnjúks og Hjallalands beint úr marksteinum á Helgavatns og Hjallalands eyri eða hólma, norður í stein á stóru Hnjúkeyri, sem merktur er L; frá honum er sama stefna að steinum austur undan Kórbrík og eru þeir í beinni línu frá Kórbrík í lítið lækjargil rjett fyrir norðan Grundarkots bæjartóptir; frá nefndum steinum beint vestur í Kórbrík, og frá henni í sunnanverðan Bolaklett; frá honum til suðvesturs í Hvíthól, og áfram sömu stefnu fram og vestur á hálsinn. – Að sunnan, frá snidduhlaðinni ~~vörðu~~ þúfu á graseyri þeirri eða hólma í Vatnsdalsá, er tilheyrir Hnjúki og Helgavatni, vestur í lítinn en háan grashólma, sem er í vestari kvísl Vatnsdalsá, norðaustur af Helgavatnstjarnarós; þá sem ósinn ræður upp í krókinn á honum, beint norður undan tjörninni; frá þessum nefnda óskrók í vörðu á Hrafnakletti, og aðra vörðu á barði því, er ber við lopt, að sjá frá Hrafnakletti, og svo áfram sömu stefnulínu vestur á hálsinn. (Að vestan ræður Gljúfurá. –)

Hvammi, 8. maí 1890.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Jósep Einarsson eigandi og ábúandi að Hjallalandi. –

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum, hinn 29. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 174, fol. 90. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 175.

Landamerkjaskrá fyrir Þjóðjörðinni Haga í Sveinsstaðahreppi

Að norðan, úr vörðu við keldudrag það, sem glöggsjeð er, skammt fyrir norðan Rústarhólana og liggur niður að Hópinu, og úr nefndri vörðu beint í aðra vörðu austur á Haganum, og þá sömu línu í stóra stein við veginn á ásnum, og er steinn sá merktur L; þá að austan frá nefndum steini beina línu í grjótvörðu á hól þeim, er Katla heitir, og frá henni sömu eða líka stefnulínu suður í Hagatóptir að Sveinsstaðalandi; þá áfram, samhliða því, í vörðu á Leytisás, sem er hornvarða Haga- og Sveinsstaða-lands; að sunnan, frá þessari vörðu beina línu vestur til annarar vörðu suður undan Steinholtinu, og svo beint í mitt Landamerkjasyki, sem fellur í Hópið, er liggur fyrir Hagalandi að vestanverðu. –

Hvammi, 8. maí 1889.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Bjarni Pálsson prestur í Steinnesi

Guðjón Jónsson eigandi Leysingjastaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum, hinn 29. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 175, fol. 91. –

Vottar:

Lárus Blöndal



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

1890.
N^o. 176.

Merkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Umsvölum í Sveinsstaðahreppi.

Að norðan ur stórum steini merktum L, í svo nefndum Votahvammi vestur undir Gljúfurá austur yfir Umsvalaborgir til vörðu á miðju Einarsholti; þaðan fram miðja Umsvalakeldu í keldudrag vestan undir Rjúpnaás á móts við vörðu á Umsvalaás, og er stór steinn eða klettur vestan og neðan í Rjúpnaásnum austan keldudragsins um það bil andspænis næst nefndri vörðu; að sunnan, frá þessari vörðu, þvert vestur yfir ásinn til Gljúfurár, er þá ræður merkjum að vestan til aður nefnds steins í Votahvammi.

Hvammi, 8. maí 1890.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum, hinn 29. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 176, fol. 91. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 177.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Litlugiljá liggjandi í Sveinsstaðahreppi í Húnavatnssýslu.

Að sunnanverðu frá merkjasteini, merktum með L, við Giljá í vörðu í miðju Langadalsmynni; þaðan eptir miðjum Langadal til vörðu í Krossdal; svo beina línu til vörðu neðan við Skriðugil; þaðan beina línu í Sortuvík; þaðan, frá fremri enda Sortuvíks, í vörðu, er stendur á vesturjaðri Litlugiljánhólma; – að austan og norðan ræður Giljá merkjum til vörðu á Stórugiljáreyrum, og þaðan ráða vörður beina línu til Kænuvíks; ráða svo merki eptir miðju vatni gagnvart vörðu á Litlugiljánhólma.

Staddir á Hæli, 23. maí 1890.

Eigendur og ábúendur: Þorsteinn Jónsson. Gísli Jónsson.

Þessu samþykkir eigandi Stórugiljár og Beinakeldu:

Erlendur Eysteinnsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum, hinn 29. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 177, fol. 92. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 178.

Merkjaskrá fyrir jörðinni Hörghóli í Þverárhreppi innan Húnavatnssýslu.

Að austan ræður Reiðarlækur móti Urðarbaki allt að Reiðtjarnarós; úr Grillu við ósinn, rjettsýni í hæsta höggið norðan á Gullbergi og sömu stefnu áfram í foss í lestamannalæk, þar sem hann fellur af brún; svo ræður Hörghólsá til Reiðarlækjar. – Engin önnur jörð á nokkurt ítak til lands eða vatns innan hjer greindra takmarka.

Hörghóli, 29. maí 1890.

Árni Árnason.

Gunnl. Halldórsson prestur að Breiðabólstað.

J. Guðmundsson fyrir Þóreyjarnúps eiganda.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, hinn 30. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o. 178, fol. 92. –

Vottar:

Lárus Blöndal

Sökum þess, að svo langur tími leið, frá því að landamerkjaskráin fyrir Hörghóli var samin, að eg, sem umboðsmaður fyrir sr. Jón Þorláksson á Tjörn, samdi landamerkjaskrá fyrir Þóreyjarnúpi, var eg búin að gleyma hver örefni voru tilgreind í Hörghólslandamerkjaskránni og hafði hana ekki undir höndum. Lýsi eg því hér með yfir, að sömu örnefni eiga að vera tilgreind í Þóreyjarnúpslandamerkjaskránni, sem eru í Hörghólslandamerkjaskránni.

Auðunnarstöðum 19. jan. 1900

Jóhannes Guðmundsson

Rétt eftirrit vottar:

Gísli Ísleifsson



1890.

N^o 179.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunum Efri- og Neðri-Þverá

Austast að sunnan ræður grjótvarða við Mýrarlæk; þaðan eru merki beina línu í Þverárgil sunnan við Neðri Þverár tún; síðan ræður Þveráin vestur og fram í Heiðardalsbotn; þaðan eru merki í Kambagilsdrög, svo ráða þau og Kambagil norður að Kattarrófu; svo þaðan beina línu í merkjalæk milli Vesturhópshóla og Þverár, þar sem hann fellur fram af fjallsbrún; svo ræður lækurinn og skurður ofan í Hólaá, og hún og Mýrarlækur fram að þeirri fyrst nefndu grjótvörðu. –

Túnmerki á milli jarðanna eru bein lína frá torfvörðu norðast á túnjaðri við traðarenda, og í aðra torfvörðu, sem er á túnjaðri við skurð, fyrir sunnan og neðan Efríþverár bæ. –

Engjamerki eru úr torfvörðu, sem stendur fyrir utan og neðan Grófarhöfuð, og svo eptir torfvörðum við flóajaðar norður að torfvörðu þeirri, er stendur austur undan Grænulág; svo þaðan í vestur til Grænulágar, og eptir henni; svo frá vestari enda hennar til suðurs í torfvörðu, er stendur suður og austur undan Hvítabæ, og svo úr henni beina línu í háa Geirsskarð, sem er í fjallsbrúninni. – Efríþverá á landsspildu vestan við sitt tún að túngarði. –

Efríþverá 29. maí 1890.

Þ.S. Þorláksson eigandi Neðriþverár. –

E.Ó. Jónsson eigandi Efríþverár. –

B. Jónsson ábúandi á Syðriþverá. –

Á.J. Bergþórsson ábúandi á Þernumýri. –

Þ.S. Þorláksson ábúandi Vesturhópshóla. –

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, hinn 30. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 179, fol. 93. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 180.

Landamerki jarðarinnar Tungu í Þverárhreppi.

Að norðan eru merki úr Stórhól við Tungufoss beina sjónhending í Hraunhól á norðan verðu Tungufjalli; þaðan eru merki á fjall upp til suðurs, og þá eptir því sem vötn að draga allt til móts við Seljagil; að sunnan ræður Seljagil merkjum ofan í á; ræður svo áin merkjum út til Stórhóls

Ennfremur til heyrir Tungu engjablettur, svo kölluð Sandeyri, er liggur suður og vestur af Tjarnarhólma, vestan megin árinna; að öðru leyti takmarkast hún af gömlum árfarveg eða sýki.

Innan ofan skrifaðra merkja til heyrir prestssetrinu Tjörn, engjateigur svonefndur Tjarnarhólmi, sem að austan er afmarkaður með fornum árfarveg eða sýki, sem nú er kallað Hólmasýki, en að vestan ræður áin. –

Tjörn á Vatnsnesi, 25. apríl 1889.

J.S. Þorláksson prestur.

Gunnl. Halldórsson prestur að Breiðabólstað

G. Jónsson ábúandi á Tungu.

B.G. Blöndal umboðsmaður yfir þjóðjörðunum Egilsstöðum og Ásbjarnarstöðum.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, hinn 30. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 180, fol. 93. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 181.

Landamerki jarðarinnar Tjarnar á Vatnsnesi

Að norðan eru merkin úr brík þeirri, er stendur við flæði í Hrafnsvík; og Hlein er kölluð; þaðan í klett þann sem Hestur er kallaður; þaðan í þúfu sem er í mýrinni, fyrir norðan ásin; þaðan í Litlalæk, þar sem hann fellur fram úr brekkunum fyrir ofan ásin; eru síðan merki um læk þann upp á brún, og þaðan sjónhending austur yfir fjallið í Klængsskarð; eru þá merki um Klængsskarðslæk austur til gljúfra við Þórsá, ræður svo áin til suðurs, að austanverðu allt fram í Kýrlæki, vestur undan Ósafelli; úr Kýrlækjum til vesturs í grjótásinn fyrir norðan Hellnafell, og þaðan vestur í Illaskurð. Í hlíðinni ræður Illiskurður merkjum; þá eru merki beina línu frá grjótvörðu, er stendur austan Katadalsár, norðan við Illaskurð í Hraunhól á norðanverðu Tungufjalli, og þaðan í Stórhól við Tungufoss. Ræður síðan Tjarnará merkjum til sjáfar. –

Á móts við Ásbjarnarstaði á Tjörn engjateig, svo nefndan Tjarnarhólma; að austan er hann afmarkaður með fornum árfarveg eða sýki, svo kallað Hólmasýki; en að vestan ræður áin eins og hún nú rennur. –

Tjörn á Vatnsnesi, 25. apríl 1889.

J.S. Þorláksson prestur

G. Jónsson ábúandi á Tungu. –

G. Árnason ábúandi í Krossanesi. –

Þorl. S. Guðmundsson eigandi Flatnefsstaða.

B.G. Blöndal, umboðsmaður yfir þjóðjörðinni Katadal. –

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, hinn 30. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 181, fol. 94. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 182.

Landamerki fyrir Víðidalstungu í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu ásamt hjáleigunum Bakkakoti, Litluhlíð og Stóruhlíð, og Víðidalstunguheiði

Að norðan og vestan ræður norðasti farvegur Fitjár, neðan frá ármótum, gegnt Kjálkamel upp til Kera; svo ræður Fitjá fram að Hesti, er stendur að vestanverðu við Fitjá, gegnt Brunnármótum; úr honum beint í Steinaborg; þaðan upp í Tunguás, þar til sjer heim að Valdarási, og svo suður eptir Tunguás, sem sjer heimanað frá Valdarási, og þaðan rjettsýni í vestanvert Sauðholt, og þaðan í Tjarnhólakvíslarbotn; þá ræður hún ofan í Fitjá; þaðan Fitjá fram í Buga, fyrir norðan Geiraldsgnýpu; þá þaðan bein sjónhending suður í Geiraldsgnýpu, og þaðan í Rjettarvatnstanga; úr honum ræður bein sjónhending austur undir Bláfell; svo norður heiðina, eins og vötnum hallar til vesturs norður á Hraungarða; svo ráða þeir meðan endast og úr norðurenda þeirra bein leið í Bergárvatn, úr Bergárvatni í Yxnártjörn; svo ræður Yxná ofan í Víðidalsá; þá ræður hún út í árkrókinn fyrir utan enda Dælisleynifitjar; þá ræður austasti forni farvegur Víðidalsár út með Ásgeirsármóum út til Kjálkamels; (áður nefndur Ásgeirsármelur.)

Samkvæmt máldögum Pjeturs biskups frá 1394 og Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 á Víðidalstunga $\frac{3}{4}$ úr veiði í Steinkerum, alla veiði í Miðkerum, Básam, Strengfossi og Kerafljóti, $\frac{1}{2}$ veiði í Fitjá ofan frá Kerafljóti til Kjálkamels, $\frac{1}{2}$ veiði í Víðidalsá móts við Hvarf og Dæli, og svo alla veiði til Kjálkamels. – Ennfremur á hún reka fyrir eptir skrifuðum jörðum á Vatnsnesi: Allan viðreka fyrir Premi, Sauðadalsá, Illugastöðum og Geitafelli, $\frac{1}{2}$ viðreka fyrir Syðristöpum en $\frac{1}{4}$ fyrir Ytristöpum; hvalreka fyrir öllum þessum jörðum, eptir því sem jörðunum hefur til borið.

Á Víðidalstunguheiði eður í Víðidalstungujörð er fjárupprekstur um allan hreppinn (Þorkelshólshrepp) út að Gljúfurá og ljúka lamb af rekstri til þess eru sex tigur og með sama upp þaðan. –

Auðólfstöðum og Dæli, 23. marz 1890.

Fyrir hönd eigandanna: Þórður Jónsson. Páll Pálsson.

Jón Magnússon, oddviti í Hálsahrepp.

Einar Magnússon, oddviti í Reykholtshrepp.

Guðmundur Guðmundsson, fyrir hönd eiganda Aðalbóls.

Björn Sölfason eigandi Valdaráss.

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 182, fol. 94 og 95. –

Vottar:

Lárus Blöndal



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 183.

Landamerki Yxnatungu (hjáleigu frá Víðidalstungu.)

Að norðan og austan ræður Bergá fram til Bergárvatns; þaðan bein sjónhending í Yxnártjörn; svo ræður Yxná til Víðidalsár; þá ræður Víðidalsá út að áður nefndri Bergá.

Auðólfstöðum og Dæli, 20. marz 1890

Fyrir hönd einandanna

Þórður Jónsson. Páll Pálsson

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 183, fol. 95.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 184.

Landamerki Lækjarkots og Rófuskarðshlíðar, (hjál. frá Víðidalstungu.)

Að norðan ræður fremri Heylækur, þar sem hann fellur í Bergá; svo ræður lækurinn norðaustur á háfjall; þá ræður háfjallið norður til upptaka Rófuskarðsár; þá ræður hún ofan í Gljúfurá; svo ræður Gljúfurá til syðstu Gljúfurárdraga, og úr þeim rjettsýni í Bergárvatn; þá ræður Bergá út að áður nefndum Heylæk.

Auðólfstöðum og Dæli, 20. marz 1890

Fyrir hönd eigandanna

Þórður Jónsson. Páll Pálsson. –

Páll Pálsson Jón Jónsson eigendur Gafls.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða. –

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 184, fol. 95. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 185

Landamerki Hrappsstaða (kirkjujarðar frá Víðidalstungu).

Að sunnan ræður Bergá, þar sem hún fellur í Víðidalsá, og svo upp eptir, upp í svo nefndan Krók; þaðan bein sjónhending, austur á háfjall; þá háfjallið norður eptir í upptök Dyngjugilslækjar, svo ræður hann ofan í Víðidalsá; þá ræður hún fram að Bergá.

Auðólfstöðum og Dæli, 20. marz 1890.

Fyrir hönd eigandanna:

Þórður Jónsson. — Páll Pálsson.

Páll Pálsson. Jón Jónsson, eigendur Gafls

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 185, fol. 96.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 186

Landamerki Sporðs, (kirkjujarðar frá Víðidalstungu).

Að vestan ræður hinn gamli Reyðarlækjar farvegur, vestanvert við svonefndan Sporðshólma til Reyðarlækjar; þá ræður lækurinn fram til Miðfjarðarvatns; svo ræður það fram eptir, til stóra steins, sem stendur á vatnsbakkanum fyrir norðan Riðavík og Riðavíkurhólma; þá ræður bein sjónhending upp í Kagaðarhól; þaðan beint í vestanvert Bessaborgarhöfuð; þaðan yfir í Kálfaldsdrög; þá ræður Kálfadalskelda og Kálfadalslækur út í áður nefndan Reyðarlæk. –

Auðólfstöðum og Dæli, 20. marz 1890.

fyrir hönd eigandanna.

Þórður Jónsson. Páll Pálsson.

Jóhannes Guðmundsson eigandi og umraðamaður Auðunnarstaða.

Guðmundur G. Guðmundsson eigandi og ábúandi að parti á Torfastöðum (handsalað.)

Magnús Jóh. Halldórsson vegna jarðarinnar Vatnshóls. –

Jóhann E. Einarsson bóndi og eigandi að nokkru á Torfastöðum (handsalað.)

Þar sem jeg álit að hin um getnu örnefni í þessari merkjaskrá: Kálfaldsdrög og Kálfadalskelda, sjeu hin sömu, sem nefnd eru í merkjaskrá Hrísa: Kárdalsdrög og Kárdalur, þá undirrita jeg framanstandandi merkjaskrá

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31. mai 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 186, fol. 96. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890

N^o 187.

Landamerki Gafls í Víðidal.

Að framanverðu ræður fremri Heylækur, ofan af háfjalli þar til hann fellur í Bergá; svo ræður Bergá að vestanverðu, út í skarpasta krókinn á henni, þar sem hún fellur til vesturs ofan eptir; úr krók þessum ræður bein sjónhending að norðan upp á háfjall, um stóran stein, merktan LM; svo ræður háfjall að austan til upptaka áður nefnds Heylækjar.

Þóreyjarnúpi og Dæli 3.-5.-1890

Jón Jónsson. Páll Pálsson

Páll Pálsson, umráðandi Víðidalstungueignarinnar. –

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 187, fol. 97. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 188.

Landamerki Dælis, (kirkjujarðar frá Víðidalstungu.)

Að norðan, úr Víðidalsá, norðanhallt við Dælisleynifit, upp eptir, norðanhallt um fornu lögrjett; svo bein sjónhending yfir ásana upp í Jónsvörðu; (hún stendur á sjerstöku holti í flóanum, fyrir ofan Gljátúnsá, suður og upp undan syðri Langamelsenda); úr vörðunni ræður bein sjónhending í austur á fjall upp; svo ræður háfjallið suður eptir, suður í Hvarfsgjá; svo ofan eptir gjánni til upptaka Gljátúnsár; svo ræður Gljátúnsá ofan eptir til króks þess, er verður á henni, lítið eitt fyrir neðan Steinboga, suður og upp undan Gljátúni, nú Dælishúsum; úr krók þessum ræður bein sjónhending ofan ásana, ofan í læk þann, er rennur eptir Breiðulág; svo ræður hann í Víðidalsá; þá ræður hún út fyrir áður nefnda Dælisfit.

Auðólfstöðum og Dæli, 20. marz 1890

fyrir hönd eigandanna:

Þórður Jónsson. Páll Pálsson.

Þorsteinn Hjálmarsson eigandi Hvarfs.

Gunnar Ingvarsson eigandi ½ Ásgeirsár. –

J. Sigurður Jónsson eigandi hálftrar Ásgeirsár. –

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 188, fol. 97.

Lárus Blöndal



1890.

N^o 189.

Landamerki fyrir jörðinni Þorkelshóli í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu, ásamt hjáleigunni Nýpukoti.

Að austan ræður bein stefna úr svo nefndu Klifi í Dalsá, og suður eptir há Finnbjarnarholti um mið Selvörðu og suður í Grástein, sem er sunnan undir holtinu (Finnbjarnarholt) suður við keldu; þaðan sjónhending í þúfu, kallaða Sitjandi, norðanvert á Lækjarmóts melum; þaðan sjónhending suður í svo kallaðan Rjúphól; þaðan í merkjavörðu norðanvert við svokallaðan Grafarlæk; síðan ræður lækurinn, þar til fellur í Víðidalsá, og þá ræður hún út til Dalsár; síðan ræður Dalsá upp í áður nefnt Klif.

Þorkelshóli, 16. apríl 1889.

Guðmundur Sigurbjartsson eigandi að hálfum Þorkelshólum.

Páll Pálsson umráðandi háflendunnar. –

Jósep Jónatansson eigandi og umráðamaður Nýpukots

Daníel Daníelsson eigandi að Melrakkadal. –

J. Sigurður Jónsson eigandi og umráðam. að 2/3 Lækjarmóts.

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 189, fol. 98. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 190.

Landamerkjaskrá fyrir Auðunnarstaða torfunni í Þorkelshólshreppi.

Að austan ræður Víðidalsá að Ásgeirsárdragi; svo eptir miðju draginu í Víðidalsá aptur; svo ræður Víðidalsá suður í Fitjarmót; þaðan ræður Fitjá að kletti þeim, er Hestur heitir, og stendur rjett á móti er Brunná fellur í Fitjá; að sunnan ræður bein stefna frá Hesti vestur í svo nefndan Rjúpuhól; þaðan beina stefnu vestur í Sighvatshól; þaðan ræður aptur sama stefna í Kálfaldskeldu; að vestan ræður Kálfaldslækur og Kálfaldskelda þar til Riðalækur tekur við; svo ræður hann út á móti Englishól; að norðan ræður bein sjónhending norðan til úr Englishóli í Tóuklett, þar sem hann er hæstur; þaðan ræður bein sjónhending í vörðu, sem stendur niður á taglinu; þaðan rjettsýnis í þúfu, sem steinn er austan í, og stendur á mýrunum, skammt frá Víðidalsá; þaðan bein stefna ofan í ána.

Auðunnarstöðum, 31. maí 1890. –

Jóhannes Guðmundsson eigandi og umráðamaður. –

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða

Hannes Þórðarson eigandi Galtarness (handsalað.)

Gunnar Ingvarsson eigandi ½ Ásgeirsár. –

Páll Pálsson umráðandi Víðidalstungueignarinnar.

Gunnl. Halldórsson, prestur að Breiðabólstað.

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 190, fol. 98. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 191.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Refsteinsstöðum í Þorkelshólshreppi. –
(Að mestu numin úr gildi með skránni N^o 259 fol. 135.)

Að sunnan, frá Víðidalsá gagnvart kletti þeim vestan hennar, sem Hamar kallast, beint í vörðu við lestavegin; frá henni sjónhending í Grástein, sem er á börðunum fyrir norðan Enniskot; þaðan í Einbúa, (klett á mýrunum millum Refsteinsstaða og Grafar); frá honum sjónhending í miðja Ullartjörn; ræður þá lækur úr henni norður í Hópið, sem girðir Refsteinsstaðaland að norðan. Að vestan skiptir Víðidalsá löndum, norður að Garðsendavaði, og þá austurkvísl árinna niður fyrir Borgareyju að svo nefndum Refsteinsstaðahólma, er heyrir undir Refsteinsstaði; ræður þá áin til Hópsins. –

Enniskot á slægjuteig á Refsteinsstaða engi, og eins Titlingastaðir, sem nefndir eru með merkjum í merkjaskrá þessara jarða. – Aptur eiga Refsteinsstaðir mánaðarþing fyrir 100 fjár sumar eða vetur í Enniskotslandi og eins Titlingastaðalandi.

Stóruborg, 30. maí 1890.

P. Christophersson eigandi Refsteinsstaða.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða

G. Sigurbjartsson eigandi að 1/3 Titlingastaða

Jón Daníelsson eigandi að 2/3 úr Titlingastöðum.

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, No 191, fol. 99. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 192

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Enniskoti í Þorkelshólshreppi.

Að austan, frá Einbúa (einstökum kletti í flóanum milli Grafar og Refsteinsstaða), meðfram Grafarlandi suður í Rauðanúp; frá honum yfir holt það er Kútur kallast frá honum í suðvestur til Sjónarhóls; þá rjettsýnis norður í grjótvörðu, er stendur á melnum sunnan við veginn mitt á milli Vatnsgötuholts og Borðsteins; frá nefndri grjótvörðu sömu stefnu í vörðu norður á mýrunum og svo áfram beinlínis í grjótvörðu norður við lestavegin milli Tittlingastaða og Refsteinsstaða, og úr henni til austur-landnorðurs í svo nefndan Grástein, sem stendur einstakur á börðunum fyrir norðan Enniskot; síðan frá nefndum steini beint í fyrnefndan Einbúaklett.

Enniskot á slægjuteig á Refsteinsstaða engi, og liggur hann fyrir vestan Refsteinsstaðastekk og norðan Heljarsýki, og er hann afmarkaður með gömlu garðlagi og 3 vörðum úr torfi. – Aptur eiga Refsteinsstaðir mánaðarheit fyrir 100 fjár sumar eða vetur í Enniskotslandi. –

Staddur á Stóruborg, 30. maí 1890.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða. –

P. Christopherson eigandi Refsteinsstaða.

G. Sigurbjartsson eigandi að 1/3 Titlingastaða.

J. Daníelsson eigandi að 2/3 úr Titlingastöðum.

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, hinn 31. maí 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 192, fol. 99. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890

N^o 193.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Þóreyjarnúpi í Kirkjuhvammshreppi.

Að austan ræður Reiðtjörn og Reiðarlækur suður á móts við stein sem er sunnan til við Vaðholtið við Reiðarlæk, og er merktur m L.M.; þaðan beina sjónhending í Lækjarfossinn, sem er suður undan Litlanúpnum; þaðan rjettsýnis í Smalaþúfu sem stendur á Bæjarbrúninni; þaðan upp í klett, er kallaður er Yztiklakkur sunnan við há fellid; síðan á fjallið sem vötn að draga á móts við Stóraóss- og Syðrivallna-lönd, og svo norður eptir háfjallinu, allt gagnvart norðanverðu Gullbergi; þaðan rjettsýnis í vörðu sem stendur við Reiðtjarnarós nyrðri.

Auðunnarstöðum 31. maí 1890.

Jóhannes Guðmundsson fyrir hönd eiganda jarðarinnar,

Árni Árnason, eigandi að Hörgshóli.

Magnús Jóh. Halldórsson. Sigurlína Guðmundsdóttir, eigendur Vatnshóls.

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvamm, hinn 2. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 193, fol. 100. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 194.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Vatnshól í Kirkjuhvammshreppi. –

Að austan ræður Reiðarlækur móti Sporðsmönnum allt að stórum steini á lækjarbakkanum sunnan undir Háubrekkuholti; þaðan rjettsýnis til vesturs sunnanvert á Nónhól, upp í fjárklett; þaðan í strítuhól með kletti á á Bæjarbrúninni; þaðan til norðurs í Smalþúfu, sem stendur á Bæjarbrúninni; þaðan rjettsýnis í Lækjarfossinn, sem er suður undan Litlanúpnum; þaðan beina sjónhending í stein, sem er sunnan til við Vaðholtið, við Reiðarlæk og er merktur með L.M._.

Vatnshól, 31. maí 1890.

Magnús Jóh. Halldórsson. Sigurlína Guðmundsdóttir eigendur jarðarinnar Vatnshóls

Í umboði eiganda jarðarinnar Póreyjarnúps: Jóhannes Guðmundsson.

Ragnildur Snorradóttir eigandi Efra Vatnshorns.

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, hinn 2. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 194, fol. 100. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.
N^o 195.

Merkjaskrá Syðrivallna.

Að sunnanverðu, móts við Litlaós, eru merkin bein lína úr kletti í sjáfarbakkanum utarlega í svo nefndum Merkjahvammi, merktum L.M.; í jarðfastan stein í mýrarjaðri sunnanhallt á Leytinu, og suður og upp frá Grásteini, sem einnig er merktur L.M., þá til suðurs, eptir línu, sem fellur beint frá þessum steini í svo nefnda Strítu, til þess komið er þar, sem efsti Ölvershóll og Grjóthóll bera saman; þá eru merkin móts við Vigdísarstaði, bein lína frá nefndum stað, á Ölvershól (efsta), svo bein lína þaðan á Kýrhól; bein lína þaðan á Grjóthól; þá er bein lína af honum á stóran stein, upp undir Snjófannabrún, merktan L, og loksins þessi hin sama lína upp á fjall, og austur svo langt sem vötnum hallar vestur af. – Að norðan, móts við Ytrivelli eru merkin bein lína úr svo nefndum Landamerkjakletti, sem er við sjóinn fyrir sunnan Vallanaust, á holt sunnantil við Ytrivalla tún, þar sem holtið er hæst; þaðan bein lína í jarðfall hjá fornastekk sunnan undir Selvörðum; þaðan bein lína um Löngubrekkuöxl syðri á Lönguhlíðarsnaga, sem er klettnybba á Lönguhlíðarbrúninni lítinn spöl norður frá Lækjarfossi er fellur ofan sunnan við nefnda hlíð, og síðan hin sama stefnulína austur á fjallið, svo langt sem vötnum hallar til vesturs; þá eru takmörkin suður eptir háfjallinu, sem vötn skilur, móts við Böðvarshóla- og Þóreyjarnúps-lönd, allt til hinnar fyr um töluðu merkjalínu að sunnan. – Vestan undir snaga þeim eða klettnybba, sem að ofan er nefnd á Lönguhlíðarbrúninni er föst klöpp merkt með L.M.

Syðrivöllum, hinn 23. maí 1890.

Guðmundur Jónsson, eigandi jarðarinnar.

Helga Eiríksdóttir eigandi Ytrivallna.

Eggert Ámundason, eigandi Litlaóss.

Sveinn Guðmundsson. Signý Magnúsdóttir. eigendur Vigdísarstaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, hinn 2. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 195, fol. 101

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.
N^o 196

Landamerkjaskrá Vigdísarstaða.

Land nefndrar jarðar er innan þessara takmarka: Syðst og efst (á móts við Grafarkotsland) eru merki beina stefnu úr syðri Klettásenda í vörðu sunnan til á há Snjófannabrún; frá nefndri vörðu beina stefnu í Lestalæk, þar sem hann fellur ofan með nyrzta horni á Gatnaás; ræður svo nefndur lækur þaðan og ofan í Króksá; ræður svo nefnd á (á móts við Stóróss land) ofan að svo nefndum Viggukletti, er stendur fast við ána í gilinu; frá þeim kletti aptur (móts við Litlaóss land) beina stefnu norður í Strítu; svo úr Strítu norður eptir því sem lína fellur í landamerkja hornstein fyrir Litlaóss landi, þar til yzta Ölvershól og Grjóthól ber saman; svo af nefndum stað til austurs (móts við Syðrivallna land) beina stefnu í yzta Ölvershól; þaðan beina stefnu á Kýrhól; frá Kýrhól beina stefnu á Grjóthól, og frá Grjóthól beina stefnu í stein í lækjunum rjett fyrir neðan Snjófannabrún, merktan L.M. ræður svo sama stefna í áður nefndan Klettás. –

Vigdísarstöðum, 24. maí 1890. –

Sveinn Guðmundsson. Signý Magnúsdóttir (eigendur jarðarinnar.)

Samþykkir:

Arnbjörn Ólafsson Bjarnason bóndi á Stóraósi og eigandi að 1/3 jarðarinnar.

Eggert Ámundason á Sauðadalsá eigandi að Sauðdalsá.

Ólafur Ólafsson bóndi í Grafarkoti.

Guðmundur Jónsson, eigandi að Syðrivöllum (handsalað).

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, hinn 2. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 196, fol. 101

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 197.

Merkjaskrá fyrir jörðinni Grafarkoti í Kirkjuhvammshreppi. –

Að norðan, móti Vigdísarstöðum, skiptir Lestalækur löndum upp á móts við Gatnaás, eða svo lengi sem lækurinn er í einu lagi; þaðan sem hann skiptist sjónhending í vörðu á sunnanverðri Snjófannabrún; þan í syðri Klettásenda, og svo sömu stefnu á háfjall; þaðan suður fjallið í Strák, svokallaðan stein á Stráksbrún; þaðan til vesturs móti Múlamönnum rjettsýni yfir Hálfánarvörðu þaðan eptir gjörðum landamerkjavörðum beina stefnu ofan hlíðina allt ofan í keldu, sem nefnd hefur verið Græniflóa; neðsta varðan er í miðjum þessum flóa, suðaustur af Litlagrásteini, en norðaustur af Stóragrásteini; frá þessari síðastnefndu vörðu norður á móti Stóraósi eptir gjörðum landamerkjavörðum fyrst ofan flóann og svo lítið fyrir ofan hann og ána, sem úr honum fellur, allt þar til að stefna þessi kemur í fyrst nefndan Lestalæk. – Engin önnur jörð á nokkurt ítak til landsnytja innan hjer greindra takmarka.

Grafarkoti, 31. maí 1890. –

Ólafur Ólafsson eigandi og ábúandi Grafarkots.

Framanskriðuð landamerki játa rjett vera:

Arnbjörn Bjarnason, bóndi á Stóraósi

Sveinn Guðmundsson Signý Magnúsdóttir. eigendur Vigdísarstaða.

Björn Gunnlaugsson eigandi Múla.

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, hinn 2. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 197, fol. 102.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890

N^o 198.

Merkjaskrá fyrir Ytri- og Syðri-Kárastöðum í Kirkjuhvammshreppi.

Að norðan ræður Grímsá frá sjó til upptaka hennar, og þaðan bein lína um Tannsvörðu í Hestálæk, er þá ræður merkjum upp á Sandfell; síðan er sama stefnulína gegn um Hrútaskál austur á fjall, sem vötn að draga, og þá að austan suður eptir háfjallinu, að Grafarlandi í Hnappslæk, sunnan til við Mjóadalsskarð; að sunnan ræður Landamerkjælækur frá sjó og upp hjá vörðu sem er syðst á Móholtinu; þaðan beint í merkjavörðu á brún þeirri á fjallinu, er ber við lopt, að sjá frá Móholtinu; frá nýnefndri vörðu í vörðu á Grjóthól, og svo í fyrnefndan Hnappslæk, og eptir honum upp undir Mjóadalsskarð.

Milli Ytri- og Syðri-Kárastaða er óskipt beitiland, en engjamerki eru þessi: Neðan frá sjó ræður Ytrikárastaðalækur upp að Selásenda; þaðan er bein stefna innanvert við Lómatjarnarklett í Lómatjörn norðanverða, og þaðan beina línu í stein, sem klappaður er á kross (+), og sem stendur á mel við veginn suður og austur af Ytrikárastaða heytópt; frá nefndum steini beina línu upp yfir Sandfell í stórt dý efst á Dýjabrekkunum. – Túni skiptir skurður. – Ytrikárastaðalækur skiptir fjöru, að viðreka, en hvalreki er sameiginlegur Þingeyraklausturs umboð á þriðjung alls hvalreka á fjörum beggja Kárastaðanna. – Ytrikárastöðum, 5. júní 1889.

Þ. Jónatansson eigandi Ytrikárastaða.

Sigurgeir Magnússon eigandi ½ Syðrikárastaða

Eggert Jónsson, Jóhannes Jónsson. – eigendur Ánastaða

P.J. Halldórsson eigandi Klambra.

Framanritaðri merkjaskrá er ég samþykkur:

B.G. Blöndal, umboðsmaður þjóðjarðanna Grafar og ½ Syðrikárastaða. –

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, hinn 2. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 198, fol. 102. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 199.

Landamerkjaskrá fyrir Kirkjuhvammi.

Að norðan ræður frá sjó Rauðilækur upp á veg, og er þar varða rjett fyrir ofan veginn; úr vörðunni bein lína í Grænutópt; yfir Grænutópt í Þúfnalæk; ræður svo Þúfnalækur merkjum upp fyrir utan Hvammsholt, beina línu yfir Hest í klöpp á Hvammsbarmi, merkta L., úr klöpp þessari í klettnybbu sunnan í Hnausabrúninni, merkta L.; úr klettnybbu þessari rjetta sjónhending norðarlega á Efstahnaus, í vörðu þar, og úr vörðu þessari sömu stefnu á fjall austur, eins og vötn að draga; svo suður háfjallið á móts við Kirkjuhvammsvatn; svo beinlínis ofan í nefnt vatn; úr Kirkjuhvammsvatni ræður merkjum að sunnan á sú, er rennur úr Kirkjuhvammsvatni ofan milli Kirkjuhvamms og Syðstahvamms alla leið ofan fyrir Kirkjuhvammstún og ofan í árkrók þann, sem er skammt fyrir ofan ás þann, er vegurinn liggur eftir, og úr árkróknum ofan í sömu á rjétt á veginum; á þessum kafla er stefna landamerkjanna sett með þremur steinum; – frá veginum ræður svo sama á alla leið til sjóar, er áin fellur í sjó við klöpp sunnanvert við Hvammstanga. – Allur reki á landi Kirkjuhvamms fylgir óskertur. – Engin ítök eiga aðrar jarðir í Kirkjuhvammi. – Kirkjuhvammur á engin ítök í öðrum jörðum. –

Kirkjuhvammi 24. maí 1890.

S. Árnason. Ingimundur Jakobsson. Andrjes Einarsson. Ragnhildur Einarsdóttir
eigendur Kirkjuhvamms.

E. Helgason, eigandi að nokkrum hluta Helguhv. og Kothvamms.

B. Eggertsson eigandi að nokkrum hluta Helguhvamms.

Helga Eiríksdóttir eigandi Ytrivallna

Davíð Jónsson. Sigurbjörn Jónsson. Jóhannes Jónsson. Sigurlaug Jónsdóttir.

Anna Jónsdóttir. Gestur Guðmundsson.

eigendur Syðstahvamms.

P. Leví, vegna Kothvamms.

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, hinn 2. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 199. fol. 103. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 200.

Merkjaskrá fyrir Gröf í Kirkjuhvammshreppi. –

Að sunnan, úr læknum þar sem hann beygir ofan fyrir norðan Klakkhól, (sem er fyrir ofan fjöruna og spökorn fyrir norðan Helguhvammsbúð), beina línu í klöpp, sem er sunnanvert í Brunaskarði, og hún merkt M.; þaðan beint í stein á brúninni, (suður af Káraborg), sem kallast Latur, og klappað er á L.; frá honum beint í Grákollutjörn, og svo upp á Þrælsfell; – að norðan ræður Merkjælækur neðan frá sjó og upp hjá vörðu, sem er syðst á Móholtinu; þaðan beint í vörðu á brún þeirri í fjallinu, en ber við lopt, að sjá frá Móholtinu; frá nýnefndri vörðu í Merkjavörðu á Grjóthól, og þá í Hnappslæg, og eptir honum upp undir Mjóadalsskarð; svo að austan suður eptir Þrælsfellsseggjum í Grákollutjörn. –

Hvammi, 11. júní 1889.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða. –

Framan ritaðri merkjaskrá erum vjer undirskrifaðir samþykkir:

P. Jónatansson eigandi Ytrikárastaða.

St. Þorsteinsson ábúandi á Gröf

E. Helgason eigandi og ábúandi á nokkru af Helguhvammi

B. Eggertsson eigandi og ábúandi á hinum hluta Helguhvamms.

Sigurgeir Magnússon eigandi ½ Syðrikárastaða.

Gunnlaugur Halldórsson prestur að Breiðabólstað

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, hinn 2. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 200, fol. 103. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 201.

Merkjaskrá fyrir jörðinni Litlaósi, liggjandi í Kirkjuhvammshreppi innan Húnavatnssýslu. –

Að norðan, við sjó í svo kölluðum Landamerkjahvammi norðanverðum er klettur á bakkanum, sem nefndur er Landamerkjaklettur og merktur L.M.; þaðan beina stefnu austur í jarðfastan stein í mýrarjaðri sunnan í Syðrivallnaleytnu; þaðan rjettsýni, suður í hól, sem nefndur er Stríta; þaðan sömu stefnu í svo kallaðan Vigguklett við Króksá; þaðan til vesturs beina stefnu í tilbúnar merkjavörður; – hin efri á grasbarði á Skeiðmel, sú neðri í sömu línu niður á sjóarbakka –; og svo sömu stefnu til sjóar. – Veiði og reká á jörðin fyrir landi sínu innan hjer greindra takmarka. – Engin önnur jörð á neitt ítak í landsnytjum jarðarinnar.

Sauðadalsá, 31. maí 1890.

Eggert Ámundason, – eigandi jarðarinnar Litlaóss.

Framanskriðuð landamerki samþykkjum við:

Arnbjörn Bjarnason, bóndi á Stóraósi og eigandi að nokkrum hluta þeirrar jarðar.

Sveinn Guðmundsson. Signý Magnúsdóttir. eigendur Vigdísarstaða.

Í umboði eiganda Syðrivallna: E. Helgason.

Eptir því sem landamerkjaskrá fyrir Sanda tilgreinir um Sandhólmana norður af Sandarifi, samþykkir þessa merkjaskrá:

Jón Skúlason, eigandi Sanda. –

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, hinn 2. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 201, fol. 104. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 202.

Landamerkjaskrá fyrir Bálkastöðum, í Melssókn og Ytri Torfustaðahreppi
er sem hér greinir: –

1. Milli Heggstaða og tjeðrar jarðar liggja merkin úr steini, sem stendur austanvert í miðri vík, sem er sú næsta fyrir austan Hvítabjarnargjá, á hvern að eru klappaðir stafirnir L.M.; þá til suðurs í vörðu, sem stendur vestan á neskollinum; frá henni sjónhendingu í stein, sem færður hefur verið í austanverðan slakka, sem liggur frá norðri til suðurs vestanvert á Heggstaðaheiði, og á hvern að klappaðir eru stafirnir L.M.; þá sjónhending suður um þúfu er stendur suðvestan á heiðinni, og svo sömu línu suður í tanga, er gengur norður í svokallað Þorgeirsvatn.

Flaga liggur í sjó fram undan steini þeim, sem merkin liggja úr. Beri hval eða annan reka á þá flögu, skal hann til helminga skiptast milli jarðanna.

2. Milli Útbleiksstaða og Bálkastaða beina stefnu úr Þorgeirsvatnstanga suður há vatnsásinn, beina stefnu suður í vörðu sunnarlega á Grenshól. –
3. Milli Bessastaða og Bálkastaða úr fyr nefndri vörðu á Grenshól; þaðan beint í vestur, norðanhallt við stóran stein, í Vatnshólatjörn; þaðan beina stefnu gegn um vörðu og í holtnybbu þar fyrir neðan, og þaðan beina stefnu þangað sem Syðri fosslækur nær glöggum farveg sunnan til ur Neðraengi fyrir sunnan Neðraengisholt; ræður svo fosslækur til fjöru fyrir sunnan Skallabúðir.

Norðan og vestan að landinu liggur sjór.

Í jörð þessa eiga engar jarðir ítök, nema hvað Staðarbakka kirkja á tólftung alls reka fyrir jörðunni, hvals og við, og skerðir það ítak eingöngu rekavon Melskirkju hálfleundunnar. –

Bálkastöðum, 3. júní 1890.

Jóhann Zakaríasson eigandi að ½ Bálkastöðum. –

Eptir umboði B.G. Blöndal umboðsmanns Þingeyrarklaustursjarða:

J. Skúlason.

Eigandi Útbleiksstaða: J. Skúlason.

P. Leví eigandi Heggstaða. –

Þorvaldur Bjarnason sem umráðamaður Melskirkjuhálfleundunnar. –

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli, hinn 3. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 202, fol. 104 og 105. –

Vottar:

Lárus Blöndal



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1890.

N^o 203.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Mýrum í Ytri Torfustaðahreppi í Húnavatnssýslu. –

Að sunnan ræður mörkum milli Tannstaða og Mýra svo kölluð Grímsá, frá því hún fellur í sjó til efsta bugs á henni, sem er rjett við upptök hennar; úr efsta bug í stóran hól er stendur þar rjett við; úr hól þessum beina sjónhendingu í stein, sem merktur er L.M. sem er austnorðurtakmark Tannstaðalands. – Milli Tjarnarkots og tjeðrar jarðar ræður sjónhending úr áður nefndum steini, allt upp á Mýraásenda syðri, hvar eð hlaðin er varða. – Milli Svertingsstaða og Mýra ræður bein lína úr fyr greindri vörðu í Einbúa, sem er einstakur hól, suðaustur undan Mýravatni; úr Einbúa ræður bein lína í stóra Gyllishól, sem einkenndur er með vörðu. – Milli Bessastaða og Mýra ræður bein lína úr stóra Gyllishól, er stendur norðaustur af yzta Mýravatn niður um klettanybbu fyrir norðan Tvívörður og ofan í Markhöfða miðjan, hvar varða er hlaðin, og svo til sjáfar. –

Heggstöðum, 27. maí 1890

P. Leví

fyrir hönd ómyndugra eiganda hálftrar jarðarinnar, og samkvæmt umboði eiganda hinnar helftarinnar. –

Framanritaða landamerkjaskrá samþykkjum vjer undirritaðir:

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.jarða

Þorvaldur Bjarnarson fyrir Tjarnarkot.

Sigurður Jónasson eigandi Svertingsstaða. –

Jón Brandsson, eigandi Tannstaða

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli, hinn 3. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 203, fol. 105.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890

N^o 204.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Útibleiksstöðum í Húnavatnssýslu.

Að norðanverðu, móts við Heggstaðaland: Úr Landamerkjatanga, sem er ekki næsti heldur annar tangi fyrir norðan Grænutóttar- eða Fúlu-vík, til vesturs rjettsýni í lágan stein, ofan til við Lyngás brúnina fyrir norðan Árnafúfu, sem merktur er L.M., þaðan rjettsýni í tanga þann, sem gengur norður í Þorgeirsvatn; þaðan móts við Bálkastaðaland, rjettsýni suður yfir Vatnsás, í stein á Grenshól, sem er í flóanum austan til við Vatnshólatjörn, og sá steinn merktur L.M.; þaðan móts við Bessastaðaland, rjettsýni ~~aust~~^{suð}ur í Grástein, sem er austan í holti á há hálsinum, merktur L.M.; þaðan, móts við Sandaland til austurs í syðri nybbuna á Selhól, sem er fyrir neðan brúnina; þaðan í stein á Steinaborg merktan L.M.; þaðan í Landamerkjælæk þar sem hann rennur í sjóinn, og eptir sömu stefnu á sjó út. –

Eins og jörð þessi á engin ítök í önnur lönd, eins er engin ítök í hennar land hvorki til lands nje sjóar.

Söndum í Miðfirði, 16. maí 1890.

J. Skúlason eigandi Útibleiksstaða

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Jóhann Zakaríasson eigandi ½ Bálkastöðum.

P. Leví eigandi Heggstaða. –

Þorvaldur Bjarnason sem umráðamaður ½ Bálkastaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli, hinn 3. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 204, fol. 106. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 205.

Merkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Bessastöðum í Ytri Torfustaðahreppi.

Að norðan er merki syðri Fosslækur fyrir sunnan Skollabúðir, frá upptökum hans til sjáfar; aftur frá Lækjarupptökum beina línu um vörðu sem gjörð er á brúninni, austur í vörðu, sem er sunnarlega á Grenshól; ber þessa línu yfir yztu Vatnshólatjörnina, norðan til við stein, sem stendur upp úr tjörninni; svo til suðurs úr nefndri vörðu á Grenshól, um Grástein, sem merktur er L.M., og sömu línu um Landamerkjavörðu allt suður í stóra Gyllishól, sem stendur norðaustur af yzta Mýrvatni, og auðkenndur er með vörðu; þá að sunnan frá Gyllishól er bein lína niður um klettneybbu fyrir norðan Tvívörður og ofan í Markhöfða miðjan, hvar varða er hlaðin. – Sjór girðir land að vestan. –

Hvammi 30. maí 1890.

Samkvæmt skriflegu umboði B.G. Blöndals umboðsmanns Þingeyraklaustursjarða:
J. Skúlason

Ofanritaða merkjaskrá samþykkir J. Skúlason eigandi Sanda og Útibleiksstaða.

P. Leví fyrir hönd ómyndugra eiganda hálftrar jarðarinnar Mýra, og eptir umboði eiganda hinnar helftarinnar. –

Jóhann Zakaríasson – eigandi ½ Balkastöðum.

Þorvaldur Bjarnason sem umráðamaður ½ Bálkastaða.

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli, hinn 3. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 205 fol. 106. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890

N^o 206.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Söndum í Húnavatnssýslu.

Að norðanverðu, móts við Útibleiksstaðaland, úr Landamerkjælæk þar sem hann fellur í sjó, rjettsýni til vesturs í stein á Steinaborg, sem merktur er L.M.; þaðan rjettsýni í syðri nybbuna á Selhól, sem er neðan til við brúnina; þaðan rjettsýni í Grástein, sem er austan til í holti á há hálsinum, og sem merktur er L.M.; þaðan til suðurs, móts við Bessastaði, rjettsýni í Landamerkjavörðu og sömu línu í stóra Gyllishól (v: Gellishól), sem auðkenndur er með vörðu; (hann stendur í flóanum austnorður frá yzta Mýravatni); þaðan móts við Svertingsstaði til austurs í litla Gyllishól, (það er lítill, nokkuð grasi vaxinn hóll, með steinum upp úr); þaðan til austurs nokkuð norðlægari stefnu, rjettsýni í Landamerkjavörðu; hún er á holtinu fyrir sunnan Möngulág, og þaðan eptir sömu stefnu í Miðkúlu; þaðan í gljúfrið í Steinsstaðaárgili; þaðan ræður sú á til móts við Melsland, eins og hún fellur til austurs, fyrir sunnan Urriðaárnes og út með því að austanverðu, þar til hún fellur saman við Miðfjarðará; og hún svo á milli Sanda- og Stóraóss-lands til sjóar. – Þess skal og getið að Sandhólmar þeir og grynningar, sem liggja norður af Sandarifi, vestantil við stefnu þá, sem liggur rjett til norðurs úr Miðfjarðarárás, til heyra Söndum.

Söndum fylgir ekkert ítak í önnur lönd; ekki heldur eru nein ítök í Sandaland, hvorki til lands nje sjóar. –

Söndum í Miðfirði, 17. maí 1890.

J. Skúlason, eigandi Sanda. –

B.G. Blöndal, umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Eggert Ámundason eigandi Litlaóss. –

Þorvaldur Bjarnarson prestur á Mel. –

Arnbjörn Bjarnason bóndi á Stóraósi. –

Sigurður Jónasson eigandi Svertingsstaða. –

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli, hinn 3. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 206. fol. 107.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 207.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Haugi í Fremri Torfustaðahreppi innan Húnavatnssýslu

Við Núpsá vestanverða er hlaðin torfvarða; við hana byrja merki milli Haugs og Torfustaða; þaðan ræður sjónhending til vesturs, í stóran stein, Grástein, merktan L.M.; þaðan ræður sjónhending í Gunnlaugsklett; þaðan í Kýrlágarvörðu, sem stendur á klöpp, sunnan til á Kýrlágarbrúninni; – á klöppina er höggvið L.M.; þaðan ræður sjónhending til vesturs í nybbu, sem er á holti, er sjest frá síðast greindu merki; þaðan ræður sjónhending í syðri enda Lynghjallatjarnar; þaðan beint í stóran stein við austari bakka Þverár, sem er merktur L.M., og er hann hornmerki milli Haugs og Torfustaða; þaðan ræður Þverá merkjum milli Haugs og Skeggjastaða norður í svo nefnda Fossa; þar mætist Litluþverár land við Haugs land, og ræður þá bein lína merkjum frá Fossunum norðaustur í Hyrningstjörn, og við vestari enda tjarnarinnar er hornmerki milli Haugs, Litluþverár og Spena; þaðan ræður sjónhending merkjum, milli Haugs og Spena, austur yfir til Grjóthóla; þeir eru þrír með því nafni og er nybbuklöpp á miðhólum, merkt L.M.; þaðan sjónhending í Háuvörðu; þaðan í jarðfastan stein í flóanum, merktan L.M.; þaðan í grjót- og torf-vörðu við Núpsá; þaðan ræður áin merkjum milli Haugs og Núpdalstungu, til hinna fyrst greindu merkja, og eiga þessar jarðir veiði saman í Núpsá. –

Haugi, 3. júní 1890.

Jóhann Ásmundsson, eigandi jarðarinnar.

Framanskrifaðri landamerkjaskrá erum við að öllu leyti samþykkir:

Guðmundur Sigmundsson, bóndi á Litluþverá (handsalað.)

Guðfinna Jónsdóttir, ekkja, eigandi Núpdalstungu.

Hjörtur Línadal eptir umboði frá eiganda Spena.

Jón Jónsson ábúandi á Torfustöðum.

Puríður Gunnarsdóttir, eigandi Skeggjastaða. –

B.G. Blöndal, umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, hinn 4. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 207, fol 107. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 208.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Fremrifitja í Fremri Torfustaðahreppi í Húnavatnssýslu

Að norðan og austan er hornmerki svo kölluð Klettaborg við Fitjá; úr henni beina sjónhending upp í Grástein; þaðan beina sjónhending í austari Stórafjnhól, sem er hornmerki norðan og vestan; þaðan sjónhending í Sjónarhól; þaðan sjónhending í Mólækjarósinn, sem fellur í sunnanvert Grunnavatn; þá ræður lækurinn fram í Hólmavatn; þá ræður bein lína yfir Hólmavatn í Hamralækjarósinn; þá ræður Hamralækur fram að Álatjörn, sem er hornmerki að sunnan og vestan; þaðan ræður bein sjónhending í Klett vestanvert við Fitjá, utanvert við Stórahvamm; hvammur þessi er á móti bænum Stórahvarfi; kletturinn er merktur L.M., og er hann suður- og austur-hornmerki jarðarinnar; frá klettinum ræður Fitjá út að áður nefndri Klettaborg.

Fremrifitjum, 24. maí 1890.

Finnur Finnsson. Skarphéðinn Finnsson. Hjörtur Líndal
eigendur og umráðamenn Fremrifitja.

Guðmundur Jónsson eigandi Urriðaár.

Björn Jónson eigandi að Barkarstöðum

Ólöf Jónsdóttir eigandi Bjargs

Sigfús B. Guðmundsson eigandi Rófu.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, hinn 4. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 208, fol. 108. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 209.

Landamerki jarðarinnar Neðranúps í Fremri Torfustaðahreppi

Milli Núpdalstungu og Neðranúps, niður við Núpsá á móti Djúpahvammi eru landamerki í svokallaða Merkjabúfu eða Merkjavörðu; frá Merkjavörðu er bein sjónhending í Lynghól; úr Lynghól, bein lína í stein fyrir norðan Borgartögl; steininn er merktur L.M., og er hann hornmerki að austan milli fyrgreindra jarða; frá steininum ræður bein lína merkjum milli Hnausakots og Neðranúps, fram Borgina í Slögustein; frá Slögusteini ræður bein lína eptir hæstum Borgum í Merarhamra, og eru þeir hornmerki að austan milli Efranúps og Neðranúps; þaðan ræður bein sjónhending ofan í Rjúpnalág (Rjúpnadæld); ræður svo Rjúpnalág ofan til Núpsár

Milli Neðranúps og Torfustaða er hornmerki klettur niður við Núpsá, merktur L.M.; frá klettinum er bein lína í Prestsvörðustein; þaðan rjettsýnis í tvo steina, sem kallaðir eru Strákar; frá Strákum beina sjónhending í stein austanvert við Torfustaðavatn, sem merktur er L.M.; þaðan ræður bein lína yfir Torfustaðavatn í Núpslækjarós; þá ræður Núpslækur fram í Núpsvatn; þá ræður Maratjarnarkvísl frá vatninu upp til Marartjarnar; þá ræður bein lína merkjum frá Marartjörn austur í Áshólgil neðra; þá ræður Áshóls-gil ofan til Núpsár. –

Ítök eru þessi:

Jörðin Neðrinúpur á upprekstur fyrir geldfé og hross á Efranúpsheiði sömuleiðis graslestur. – Efrinúpur á móti þessu torfskurð í Neðranupsjörð, svo sem þarf, og tveggja mánaða beit fyrir geldfje í landspartinum milli Rjúpnalágar og Breiðulágar, sem er næsta dæld fyrir utan yzta Sandhól, og svo sjónhending beint austur í Borgina fyrir norðan Messuskarð. – Að vestanverðu við Núpsá, frá Áshólgili neðra úti á Beinabakka, og þaðan rjettsýnis upp í Seljafjall, eiga Núparnir sameiginlegt beitiland fyrir sauðfé og hross. –

Neðranúpi, 4. júní 1890.

Jónas Hafliðason eigandi Neðranúps (handsalað.)

Hjörtur Línadal eigandi Hnausakots og Efranúps. –

Guðfinna Jónsdóttir ekkja; eigandi Núpdalstungu. –

Jón Jónsson ábúandi á Torfustöðum.

Stefán Sveinsson eigandi Dalgeirsstaða. –

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, hinn 4. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 209, fol. 108 og 109. –

Vottar:

Lárus Blöndal



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1890.

N^o 210.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Bjargastaða í Fremri Torfustaðahreppi.

Suður- og austur-hornmerki jarðarinnar er grjóthóll við Þorvaldsá, sem nefndur er Kastali; frá honum ræður bein lína móti Efranúps landi norður hálsinn í Merkjavörðu; frá Merkjavörðu ræður sjónhending út á Steinheiði í svo kallaða Bræður; frá Bræðrum er bein lína í vörðu á Steinheiði; þessi varða er norður- og vestur-hornmerki milli Bjargastaða og Hnausakots; úr vörðu þessari ræður bein sjónhending merkjum áður greindra jarða austur í Toppstein; hann er merktur L.M.; frá steinunum ræður sama lína í vörðu utan-vert við Reiðhól; úr vörðu þessari er bein sjónhending í syðri enda Svarthamars við Austurá; þá ræður austasti farvegur Austurár, þar til Þorvaldsá fellur í hana; þaðan ræður Þorvaldsá fram að áður greindum Kastala.

Bjargastöðum, 2. júní 1890.

Benedikt Jónsson eigandi og umráðamaður Bjargastaða.

Hjörtur Líndal eigandi og umráðamaður Efranúps og Hnausakots.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, hinn 4. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 210, fol 109. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 211

Landamerki jarðarinnar Barkarstaða í Fremri Torfustaðahreppi innan Húnavatnssýslu.

Að norðan, frá Miðfjarðará, rjettsýni austur um vörðu fyrir neðan Langhólana upp í Hvasshaug; þaðan beint í Grenshól; þaðan beint í norðari Álatjarnarós; þaðan sjónhending í klett austur við Fitjaá, norðan við Stórahvamm, sem er á móti bænum Stórahvarfi; klettur þessi merkist L.M.; þaðan ræður Fitjaá suður að stórum steini í ánni, sunnan til við melshornið fyrir utan Gilsbakka; þaðan til vesturs sjónhending ^{í vörðu} á Brúnunum; svo sömu stefnu um Grillu fyrir ofan Hrossabeinsflóann ofan í Fosslæk; ræður svo lækur sá til Austurár; svo áin til fyrst greindra merkja. –

Barkarstöðum, 24. maí 1890.

Björn Jónsson eigandi. –

Sigurgeir Pálsson eigandi og umboðsmaður Skærastaða

Pjetur Guðlaugsson eigandi Litlabakka.

Skarphéðinn Finnsson. Finnur Finnsson. eigendur Fremrifitja

Sigfús B. Guðmundsson eigandi Rófu.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, hinn 4. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 211, fol. 110.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 212.

Landamerki jarðarinnar Dalgeirsstaða í Fremri Torfastaðahreppi. –

Að norðan móti Skeggjastaðalandi eru tveir steinar vestur við Vesturá, sem kallaðir eru Bræður, og merktir L.M., sem þýðir landamerki; frá þeim rjettsýnis lína upp í vörðu á Slægjuhól; þá sjónhending úr nefndri vörðu í efsta og norðasta Hesthól; þaðan beina stefnu í vörðu sunnarlega á Treyjuborg; úr vörðunum sjónhending austur í Hornvörðu á Landsendaborg og er varða þessi norður- og austur-hornmerki jarðarinnar; þá ræður bein lína suður, móti Torfastaðalandi, í stein sem merktur er L.M.; frá steini þessum sjónhending í stein, hjá Gvendarkoti og Núpslæk, steinninn er merktur L.M.; þá ræður Núpslækur merkjum, móti Neðranúpslandi suður í Núpsvatn; þá yfir Núpsvatn, móti Efranúpslandi, bein lína yfir vatnið og fram í vörðu á stóra Kistuvatnshól; hóll þessi er suður- og austur-hornmerki jarðarinnar; úr vörðunni á hólnum ræður bein lína niður í stein merktan L.M. á holti ofan til við upptök lækjar þess, er fellur ofan Sandgil til Vesturár; þá ræður Vesturá merkjum frá því lækurinn fellur í hana út að áður nefndum Bræðrum

Dalgeirsstöðum, 28. maí 1890.

Stefán Sveinsson eigandi Dalgeirsstaða.

Fyrir hönd Staðarbakkakirkju Þorvaldur Bjarnason.

Hjörtur Líndal eigandi Efranúps.

Þuríður Gunnarsdóttir eigandi Skeggjastaða.

Jón Jónsson á Torfastöðum.

Jónas Hafliðason eigandi Neðranúps.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, hinn 4. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 212. fol. 110. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 213

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Skeggjastöðum í Fremri Torfastaðahreppi.

Að norðan, milli Skeggjastaða og Litluþverár, ræður svo nefndur Hakalækur frá Vesturá og til Hakatjarnar; þaðan sjónhending beint í foss í Þverá; að austan ræður Þverá merkjum fram í Sandhól, sem er á vestari bakka árinna austur undir syðri enda Lönguborgar; hóll þessi er suður- og austur-hornmerki Skeggjastaðalands; þaðan ræður sjónhending vestur í Hornvörðu á Landsendaborg; þá ræður mörkum milli Skeggjastaða og Dalgeirsstaða bein lína úr Hornvörðu í vörðu á suður enda Treyjuborgar; þaðan beina línu í miðjan norðasta Hesthól; þaðan beina línu í vörðu á Slægjuhól; þaðan í tvo steina, sem kallaðir eru Bræður, niður við Vesturá; steinar þessir eru merktir L.M., sem þýðir landamerki; að vestan ræður merkjum Vesturá, þar til Hakalækur fellur í hana. –

Skeggjastöðum, 17. maí 1890.

Puríður Gunnarsdóttir eigandi Skeggjastaða.

Framan skrifaðri landamerkjaskrá samþykkir:

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða. –

Stefán Sveinsson eigandi Dalgeirsstaða. –

Jóhann Ásmundsson, eigandi Haugs. –

Jón Jónsson á Torfastöðum. –

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, hinn 4. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 213, fol. 111. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 214.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Torfastöðum í Fremri Torfastaðahreppi í Húnavatnssýslu. –

Milli Neðranúps og Torfastaða er hornmerki klettur við Núpsá, merktur L.M.; frá klettinum er bein lína í Prestsvörðustein; þaðan rjettsýnis í steina tvo, kallaða Stráka; frá Strákum beina sjónhending í stein austanvert við Torfastaðavatn, sem merktur er L.M.; þaðan ræður bein lína yfir Torfastaðavatn í Núpslækjarós; þá ræður nefndur lækur í stein, sunnan og vestan Gvendarkot, sem er hornmerki milli Dalgeirsstaðalands og Torfastaða; frá þessum síðast nefnda steini rjettsýnis til norðurs í stein hjá svo kallaðri Hornavörðu á Skeggjastaðaborgum, sem einnig er merktur L.M, og er hornmerki að vestan; frá þessum steini sjónhending til austurs í Sandhól við Þverá; þá ræður nefnd á merkjum í stóran stein við austurbakka árinna, sem merktur er L.M.; þessi steinn er hornmerki milli Haugs og Torfastaða; frá þessum síðast nefnda steini er sjónhending til austurs í syðri enda Lynghjallatjarnar; þaðan í nybbu skammt fyrir austan tjörnina; frá þessari nybbu sjónhending í vörðu, er stendur á klöpp, merktri L.M. sunnan til á svo kallaðri Kýrlágarbrún og þaðan í Gunnlaugsklett; þá í Grástein, sem einnig er merktur L.M.; þaðan í torfvörðu við Núpsá; þá ræður nefnd á merkjum í þann klett, er upphaflega var nefndur; og til heyrir Torfastöðum hálf veiði í ánni móts við löndin að austanverðu. –

Torfastöðum, 3. júní 1890.

Jón Jónsson ábúandi. –

Guðfinna, eigandi Núpdalstungu.

Jónas Hafliðason, eigandi Neðranúps.

Þuríður Gunnarsdóttir, eigandi Skeggjastaða. –

Stefán Sveinsson eigandi Dalgeirsstaða. –

Jóhann Ásmundsson eigandi Haugs. –

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, hinn 4. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 214 fol. 111.

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 215.

Landamerkjaskrá fyrir Þóroddsstöðum í Hrútafirði. –

Að austanverðu, milli Reykja og Þóroddsstaða eru merki frá Arnarhöfða sem skammt er frá sjó og einkenndur með vörðu; þaðan í aðra vörðu á næstu melbrún fyrir ofan, og sömu línu í vörðu á hálsbrúninni; frá henni í stóran stein sunnan og neðan í Hrossabeinshól (– merktur L. –); frá honum í annan stóran stein á syðsta og neðsta Lestamannahól, og svo austur með hólunum austur í vörðu á Hrauninu, sem er hornmerki milli Reykja, Þóroddsstaða og Sveðjustaða. – Að austanverðu eru merki, a.) milli Sveðjustaða og Þóroddsstaða úr fyrrnefndri vörðu í Grettistak; þaðan í Reiðtjarnarhól; b.) milli Huppahlíðar og Þóroddsstaða sömu sjónhending í Klettaborg; þaðan sömu stefnu suður í læk þann, sem rennur úr Landamerkjavatni; (þar er hlaðið merki.) – Að framanverðu, milli Fallandastaða og Þóroddsstaða, úr fyr nefndu merki við lækinn beina sjónhending í Vatnshól; þaðan sömu stefnu í stóran stein hjá efri götunni í Spottanum, og af þeim steini beina línu í þúfu á sjáfarbakkanum. –

Þóroddsstöðum, 8. maí 1890.

Valgerður Tómasdóttir, eigandi

S. Árnason ábúandi. –

Fyrir hönd Sveðjustaða ábúanda: Þorvaldur Bjarnason.

Þorvaldur Ólafsson, ábúandi Reykja.

Jón Jónsson eigandi Huppahlíðar.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.jarða. –

Lesið upp á manntalsþingi að Þóroddsstöðum, hinn 6. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 215, fol. 112. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 216.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Óspaksstöðum í Staðarhreppi.

- 1) Að norðanverðu, milli Hrútatungu og Óspaksstaða er sjónhending úr svo nefndum Landamerkjamel, sem er rjett við Hrútafjarðará í Landamerkjahól og þaðan í Landamerkjaás, og svo í Landamerkjasteina og þaðan sjónhending í Steinaborg.
- 2) Að austanverðu, úr Steinaborg, suður Hátungu í Gatnahól, og svo sjónhending úr Gatnahól í há Skjaldbreið, þaðan sjónhending í Hveraborgarhæðir, það sem þær eru hæstar; þaðan sjónhending í krók á Tungukvísl, þar sem hún kemur úr suðri, og beygist í austur, síðan austur með henni að sunnan að kvíslamótum, þar sem Sýká byrjar; síðan beina sjónhending frá þeim kvíslamótum suður í há Garð; síðan beina sjónhending austur Garðinn, norðan til á Skiptabrekkur; þaðan beina sjónhending vestanvert í svo nefnt Tangavatn, þar sem Skútakvísl rennur úr fyr nefndu vatni.
- 3) Að sunnanverðu ræður Skútakvísl og Skútagil vestur í Hrútafjarðará.
- 4) Að vestan ræður Hrútafjarðará.

Þessa landamerkjaskrá samþykkja eigendur jarðarinnar.

Óspaksstöðum 5.-6.-1890.

Sveinn Jónsson á Oddsstöðum.

Björn Gunnlaugsson á Óspaksstöðum. –

Í umboði prestsins á Stað, séra Páls Ólafssonar, samþykkir

Ásgeir Jónsson

Þorsteinn Jónsson, bóndi á Hrútatungu – (handsalað.)

Lesið upp á manntalsþingi að Þóroddsstöðum, hinn 6. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 216, fol. 112. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 217.

Merkjaskrá fyrir jörðinni Tannstöðum í Staðarhreppi.

Að sunnan, móti Tannstaðabakka, eru merki í lítið sker, sem er norðan við svo kallað Djúpsker og þaðan rjettsýni austur í Stórhól; þaðan móti Melstaðar kirkjujörðunum Sveðjustöðum og Tjarnarkoti, úr keldu rjett austan undir nefndum Stórhól norður beina stefnu á Bessastaðahraun, allt norður í stóran stein flatan, sem merkjast á L.M.; þaðan til vesturs, móti Mýramönnum, rjettsýni í Merkjahól við Grímsá; ræður svo nefnd á merkjum í sjó fram.

Tannstöðum, 24.d. aprílmán. 1889.

Jón Brandsson

Þorvaldur Bjarnarson fyrir Sveðjustaði og Tjarnarkot.

P. Leví fyrir Mýrar.

Einar Skúlason fyrir Tannstaðabakka.

Lesið upp á manntalsþingi að Þóroddsstöðum, hinn 6. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 217, fol. 113. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 218.

Landamerki um Tannstaðabakka.

Móts við Tannstaði bein sjónhending úr blindskeri eða boða, sem er fáa faðma fyrir norðan Djúpsker, um vörðu, sem gjörist á sjábökkunum, í nybbuna (hæstu þúfuna) á Stórhól, austur á hálsinum; þaðan í keldu, næstu fyrir austan; þá móts við Sveðjustaðaland, úr miðjum farveg nefndrar keldu, til suðurs, bein lína í gamlan lækjarfarveg (nú þurann) syðst í Djúpadal, og enn sama lína í læk, sem þar fellur frá suðri (úr merkjakeldu millum Reykja og Sveðjustaða); ræður svo lækur sá merkjum að lítilli Leirtjörn eða polli, sem hann rennur í gegn um og sem er norðanvert við lágt og lítið nybbuholt; og svo, móts við Reykjaland úr nefndum tjarnarpolli til vesturs, um norðari Hraunásenda í vörðu á Sjónarhól, frá þeirri vörðu bein lína á stein á Hádegishól, merktan L.M.; þaðan í vörðu á Kálfastapa, og þaðan á Laugastapa, svo á Efstahaug og loks á klett við sjóinn, um flotinn um flæður, merktan L.M.

Þessum landamerkjum erum vjer undirritaðir hlutaðeigendur samþykkir:

Tannstaðabakka, 1. maí 1890.

Einar Skúlason eigandi og ábúandi. –

Þorvaldur Bjarnarson, fyrir Sveðjustaði.

Jón Brandsson, fyrir Tannstaði

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Lesið upp á manntalsþingi að Þóroddsstöðum, hinn 6. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 218, fol. 113. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 219. –

Merkjaskrá fyrir jörðinni Oddstöðum. –

- 1) Landamerkja takmörk eru að sunnanverðu þessi: Frá sjónum til hálsbrúnar er Hvalshöfðagil; þá af brúninni og upp í svokallaðar Kvíslir, sem önnur kemur fyrst úr landsuðri, en hin önnur úr landnorðri, en þegar lengra kemur austur eptir rjett úr austri; úr oddanum milli sagðra Kvísla austur í svokallaðan Engisá, eptir hverjum að eru Fuglastapaþúfur austur eptir, allt að Helluhól, sjónhending í há Stóruhæðir norðan til;
- 2) að austanverðu frá Stóruhæðum til norðurs í vörðu á flötu holti, sem er austanvert við austasta Oddsstaðavatnshól; úr þessari vörðu sjónhending til norðurs í Hvalhól, sem virðist vera landnorðurhorn landsins;
- 3) að norðanverðu úr Hvalhól sjónhending til vesturs ofan á Fífilshól þann efsta, og svo eptir þeim þremur hólum til vesturs; síðan ræður ás, er liggur vestur frá þeim að Fuglastapaþúfu, sem er við hans vesturenda; þaðan ræður sjónhending til vesturs á lítinn grjóthól, sem er nær því áfastur við þann svokallaða yzta Grafarhól; frá tjeðum Grjóthól til vesturs ofan að Hrútsvörðu, þaðan yzt í Stekkjargrjóthól, sem er fyrir sunnan Fallandastaða stekk; þaðan í Grástein þann nyrðri á Grásteinsmýri, og þaðan til sjáfar.

Oddstöðum, 4. júní 1890

eigandi jarðarinnar Sveinn Jónsson. –

Þessa merkjaskrá samþykkja: Björn Jónsson á Kollufossi, (handsalað.)

Guðrún Jónsdóttir, Huppahlíð (handsalað.)

Ásbjörn Jónsson eigandi Geithóls (handsalað).

Björn Jónsson á Fallandastöðum.

Magnús Magnússon Fallandastöðum (handsalað)

Lesið upp á manntalsþingi að Þóroddsstöðum, hinn 6. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 219, fol. 114. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 220.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Reykjum í Hrútafirði

Að norðan, milli Reykja og Tannstaðabakka, úr steini á sjáfarbökkunum, sem klappað er á L.M., upp í kollóttan hól, er nefnist Efsti Haugur; þaðan beint í Laugastapa; þá austur í vörðu á Kálfastapa; þaðan austur í stein á Hádegishól, sem merktu er L.M.; þá þaðan í vörðu á Sjónarhól; þaðan austur í vörðu norðast á Hraunsásenda; síðan í keldudrag austan undir nefndum ásenda, og er lítil tjörn nokkru sunnar í draginu; þá sjónhending suður eptir svo nefndri Landamerkjakeldu fyrir austan Stróka (2 steina); þá sömu línu suður, fyrir vestan Sandhóla í vörðu á hrauninu, sem er hornmerki Reykjaland. Að sunnan, milli Reykja og Þóroddsstaða eru merki frá Arnarhöfða, sem er skammt frá sjó og einkenndur er með vörðu; þaðan í aðra vörðu á næstu melbrún fyrir ofan og sömu línu í vörðu á hálsbrúninni; frá henni í stóran stein, sunnan og neðan í Hrossabeinshól, (– merktur L. –); frá honum í annan stóran stein á syðsta og neðsta Lestamannahól, og svo austur með hólunum austur á hraunið í fyr nefnda vörðu.

Hvammi, 28. marz 1890

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Að því er Sveðjustaði snertir samþykkir Þorvaldur Bjarnarson á Mel 5./4. 1890.

Valgerður Tómasdóttir eigandi Þóroddsstaða. –

Einar Skúlason fyrir Tannstaðabakka. –

Lesið upp á manntalsþingi að Þóroddsstöðum, hinn 6. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 220 fol. 114. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 221.

Landamerkjaskrá fyrir Grímstungu heimalandi og heiðarlandi, eign Undornfellskirkju, –
liggjandi í Áshreppi í Húnavatnssýslu.

Að vestanverðu ræður Álptaskálará allt þar til Búkarkvísl í hana rennur; síðan ræður Búkarkvísl til sinna upptaka, og svo til suðurs, eptir því sem vötn að draga, svo allar hálfar Lambatungur móts við Haukagilsheiðar eiganda. Úr Álptaskálarárgili er stefnan eptir fornum farveg, er liggur fyrir sunnan svo nefndan Rjettarhólma, og stefnir til landnorðurs úr gilinu, og beint í Pollshamar austan Vatnsdalsár; er sá klettur niður við láglendið nokkru utar en Sauðarskjól. Að austanverðu ræður Vatnsdalsá allt til hennar upptaka, og svo beint til suðurs, til jökla.

Undornfelli, 10. júní 1890. –

Hjörleifur Einarsson vegna prestakallsins.

J. Hannesson, vegna eiganda og umráðamanns Haukagils. –

Lesið upp á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal, hinn 10. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 221, fol. 115. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 222.

Landamerkjaskrá fyrir Kárdalstungu, Undornfellskirkjuförð í Áshreppi og Húnavatnssýslu. –

Að sunnan og austan er Landamerkjálág; síðan eptir henni og í Grástein; frá honum eptir há hálsinum beina stefnu í Úlfkelshöfða og úr honum í norðausturhornið á Úlfkelsvatni; ræður þá vatnið takmörkum að sunnan, en að vestan og norðan Úlfkelskvísl alla leið þar til hún rennur í Vaglakvísl, sem þá heitir Tunguá. –

Sem ítak í land þetta á Þórormstunga selstæði á svo nefndu Tunguseli á allra annara afnota af landinu. –

Ási í Vatnsdal, 10. júní 1890.

Hjörleifur Einarsson beneficiarius.

Bjarni Snæbjörnsson eigandi og ábúandi Þórormstungu, handsalað.

Sigvaldi Þorkelsson í umboði Elínar Arnljótsdóttur, eiganda Guðrúnarstaða. –

Lesið upp á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal, hinn 10. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 222 fol. 115. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1890.

N^o 223.

Landamerkjaskrá fyrir Koti, Undornfellskirkjuförð liggjandi í Áshreppi í Húnavatnssýslu.
(hið forna Torfustaðaland.)

Að norðan ræður Merkidæld, sunnanvert við Tunguklyf, upp á há hálsinn, og eptir honum, sem vötn að draga að austan; að sunnan er gamall landamerkjagarður, og úr honum þversýnis upp á há hálsinn; að vestan ræður Vatnsdalsá.

Ási í Vatnsdal, 10. júní 1890.

Hjörleifur Einarsson beneficiarius

J. Hannesson vegna eiganda og umráðamanns Forsæludals. –

Bjarni Snæbjörnsson eigandi og ábúandi Þórormstungu. –

Lesið upp á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal, hinn 10. júní 1890, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 223 fol. 116.

Vottar:

Lárus Blöndal



1891.

N^o 224.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Æsustöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Að sunnan, milli Æsustaða og Bólstaðarhlíðar, ræður merkjum bein lína úr Blöndu í hrygg í skriðunni er Skerpill heitir, sem liggur upp undir þann litla Skriðuhnjúk, sem næstur er fyrir norðan Rauðahnjúk; þaðan eru merki þvert austur á háfjall, allt að Skyttudalslandi; síðan liggur merkjalínan norður eptir háfjallinu, gegnt Mjóadalslandi, allt norður í Háuöxl á fjallsbrúninni. Úr Háuöxl bein stefna í Sjónarhól (– hár melhóll í Skarðsmunnum –); þaðan bein lína í Melshornið fyrir neðan Auðólsstaðaárgilið, og úr því rjettlínis í vörðu við Blöndu. Þess skal getið, að fyrir rúmum þrjátíu árum síðan braut Blanda sig gegn um Æsustaðaengi, og skar þannig af því stóran grashólma, sem síðan liggur fyrir vestan meginána, og eru því merki til suðurs í vörðu vestanvert á hólma þessum, en þá honum sleppur ræður Blanda merkjum allt að fyrst greindum örnefnum

Æsustöðum, 9. maí 1891.

Guðm. Erlendsson eigandi jarðarinnar.

Ofanritaðri landamerkjaskrá erum vjer undirritaðir eigendur næst liggjandi jarða að öllu leyti samþykkir:

Jón Þórðarson vegna Auðólsstaða.

Jóh. Fr. Sigvaldason vegna Mjóadals.

Guðm. Klemensson vegna Bólstaðarhlíðar og Skyttudals. –

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 20. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 224. fol. 116. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891

N^o 225.

Landamerkjaskrá fyrir Auðólfstöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi

Að vestan ræður Blanda, (eða miðjar eyjar í henni) frá Auðólfstaðarósi út undir Hólana; úr Blöndu bein stefna í lækjarósinn (við sýkið) yzt á Karlstaðamýri; þaðan beint í Jarðfallalæk neðst; svo ræður hann upp á Selbreiðarbrúnir; þaðan bein sjónhending í Tröllaskarð; úr því (að austan) ræður syðri Seljadalslækur, og úr Seljadalnum neðst bein stefna ofan í á; svo ræður hún (áin) suður í Bjálgagilslæk, svo lækurinn upp í Bjálgagilsbotn; úr þeim botni ræður bein stefna í Smjörskál; úr henni ræður Smjörskálarlækur ofan í Auðólfstaðaá; svo ræður hún upp að neðri Skeiðmelsenda, (sem er að sunnanverðu, móti Gautsdal;) frá tjeðum Skeiðmelsenda ræður bein sjónhending í Háastaðahnúk (þar sem fjallið er hæst að austan); úr honum bein stefna í Háuöxl (fjallið hæst að vestan); úr Háuöxl ræður bein sjónhending í Sjónarhól, (hár hóll með vörðu, vestanvert við Lækina); úr honum bein stefna í neðsta melhornið við Auðólfstaðaá; svo ræður hún (eins og hún nú rennur) til Blöndu. –

Auðólfstöðum, 16. maí 1891.

Jón Þórðarson.

Framanskriðuðum landamerkjum erum vjer undirritaðir eigendur og umráðendur næstliggjandi jarða að öðru leyti samþykkir: –

Pjetur Pjetursson, eigandi Gunnsteinsstaða.

Guðm. Erlendsson, eigandi Æsustaða.

Guðmundur Jónsson, eigandi Merkur.

Jóh. Fr. Sigvaldason, eigandi Mjóadals.

Pálmi Sigurðsson, ábúandi á Gautsdal.

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð, hinn 20. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 225, fol. 117. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891.

N^o 226.

Merkjaskrá fyrir jörðinni Núpsöxl í Engihlíðarhreppi.

Að norðan eru merkin úr vörðu neðst í Illagilsskriðu, beint til austurs upp skriðu þessa, og eptir Illagili á fjall upp; þaðan úr miðjum botninum rjettlínis í austur í Mjóadalsá, sem ræður merkjum að austan; að sunnan liggur merkjalínan úr Mjóadalsbotni vestur Kirkjuskarð í Hólslæk, sem ræður merkjum til vesturs eptir há skriðunni, allt til Laxár, sem ræður merkjum að vestan. –

Merki þessi er skrásett í aprílmán. 1891.

Á.Á. Þorkelsson, eigandi að Núpsöxl og Núpi.

J. Jónatansson eigandi og umráðamaður Kirkjuskarðs.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 22. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 226, fol. 117. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891.

N^o 227.

Þessi eru landamerki Sölvabakka og Svansgrundar á Refasveit í Engihlíðarhreppi.

Að vestan ræður Húnafjörður; að sunnan, gagnvart Blöndubakka með Bakkakoti ræður stefna úr Landsendanöf hinni syðri við sjó, eptir Beinulág í miðjan Bolapoll, og þá í mitt Langavatn; að austan eru merki eptir miðju Langavatni til norðurs, og úr norðurenda þess í Skógargötur eða Reiðgötur hinar fornu, – í stefnu á Brúarvelli við Laxá –, að hæsta melshorni eða melhrygg sunnan fram við Lækjardalslæk; þá ræður lækurinn merkjum að norðan beint til sjáfar.

Sölvabakki á engjateig í landi Lækjardals hins neðra, í norðanverðum Lækjardalsdal, frá Leirdal upp að Neðstahvammi. – Rekamark milli Sölvabakka og Svansgrundar er lækur fyrir sunnan Bóndaklett í fjörunni, en að öðru leyti er útjörð óskipt. Spákonuarfur er fyrir landi jarðanna allt inn í miðja Selvík, sem er rjett fyrir norðan Friðvík, en ofan undan Svansgrund.

Höskuldsstöðum, 20. ágúst 1886.

Eggert Ó. Brím, umráðamaður Höskuldsstaðakirkju. –

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða

Kr. Þorbergsson varaoddviti í Vindhælishreppi. –

Ingvar Þorsteinsson vegna Efrilækjardals

Guðmundur Einarsson vegna Kúskerpis. –

Ó.P. Möller eigandi Neðri Lækjardals.

Lesið upp á manntalsþingi að Engihlíð, hinn 22. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 227. fol. 118. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891

N^o 228.

Landamerkjaskrá fyrir kirkjujörðinni Hjaltabakka í Torfalækjarhreppi.

Að norðan ræður áin Blanda frá sjó upp að svo nefndri Fálkanöf, rjett fyrir neðan Efri Klyf; þaðan beint í suður eptir sundi því, sem gengur á milli svonefndra Lynghóla og í vörðu á Melbörmunum; síðan sjónhendingu suður móana, eins og vörður vísa, og suður í Puríðarkeldu; úr henni beint í sýki, sem gengur til landnorðurs úr Krókhyl í Laxá; að sunnan ræður Laxá; að vestan eru merki sjónhending af sandinum við flóðfar, eptir því sem merkjavarða sýnir, í Undirfellstind, þegar hann ber í lægðina austan til við hinn hæsta og vestasta af Akurshólum; en Þingeyrakirkja á hálfan hvalreka á næstu 320 föðmum austur frá miði þessu, eða svo langt austur eptir sandinum frá tjeðu miði, að melshornið Arnarnöf fyrir norðan Laxá og neðan lestavegin ber í miðjan Húnsstaða bæ, þegar staðið er við flóðfar.

Ennfremur á Hjaltabakkakirkja alla Hrutey, sem liggur í Blöndu og 4 slægnahólma, sem liggja í Laxá, nokkru fyrir neðan Krókhyl. –

Steinnesi í marzmánuði 1889.

Bjarni Pálsson umráðamaður kirkjujarðarinnar Hjaltabakka.

Framangreindum landamerkjum erum vjer undirritaðir samþykkir:

Köldukinn 9. des. 1889.

Kristófer Jónsson, fyrir hönd Hnjúka eiganda samkvæmt fullmakt. –

Jón Ásgeirsson, eigandi Þingeyra og Geirastaða. –

Lesið upp á manntalsþingi að Blönduósi hinn 26. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 228, fol. 118. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891.

N^o 229.

Landamerkjaskrá fyrir kristfjórjörðinni Meðalheimi í Torfalækjarhreppi. –

Að sunnan ræður merkjum, gagnvart Reykjum á Reykjabraut, bein lína úr vörðu í miðjum Álptartanga í Torfalækjarós, vestur að Merkjapalli; frá honum eru merki að vestan, gagnvart Hæli, bein lína í Moshól, og þaðan beint í Hryggkeldu og Hæslæk, sem þá ræður merkjum til Bakkakeldu; frá henni eru merki, gagnvart Torfalæk, bein lína norður í Kerlingarhól til Brúarlækjar, yfir merkjavörðu sem stendur í línu þessari; að austan ræður merkjum, gagnvart Orrastöðum, Deildarkelda frá Torfavatni norður að Deildartjörn; þá tjörnin til leirviks, sem er í útnorðurhorni hennar; þá bein stefna úr leirvikinu norðaustur undan Miðósi í grjótvörðu á litlu holti, skammt fyrir sunnan Brúarlæk, og frá grjótvörðunni bein stefna í læk þennan, sem þá ræður merkjum að norðan, niður á móts við fyr nefndan Kerlingarhól. –

Kornsá, 25. júlí 1890.

Lárus Blöndal. –

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða, og vegna eiganda Orrastaða, Guðrúnar Erlendsdóttur, eptir umboði frá henni

Egill Halldórsson eigandi Reykja. –

Lesið upp á manntalsþingi að Blönduósi, hinn 26. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 229, fol. 119. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891.

N^o 230.

Landamerkjaskrá fyrir Stórugiljá og Beinakeldu.

Norður frá Beinakeldu er svo kallaður Þúfnalækur, sem landi skiptir að norðan frá fossi norður undan Beinakeldu og það vestur á Lestavað yfir lækinn norður undan Stórugiljá gagnvart miðju Lækjargili; þaðan í vestur beina línu í mitt Akurssýki, sem vísar á stein vestan undir sýkinu, og svo sem merkjavörður ráða eptir sömu línu til Húnavatns miðju; í austur frá Þúfnalækjarfossi beina línu til Helluvörðu; svo frá Helluvörðu í vörðu á Egilsholti; þaðan í Grástein austan á Stóramó; svo úr Grásteini í steina tvo í Vatnsgötu á Reykjabrautar vegi suður undan Langhóla enda; síðan beina línu norðaustan í há Skertlufjall; þaðan fram og austur á Svínadalsfjall, allt sem vötn að draga af fjallseggjum til vesturs, móts við klett, er stendur við Hrafnabjargakvísl, við Marðarnúps land; þaðan rjettsýni vestur á Vesturdalsfjall, móti merkisteini þeim, sem stendur á Giljár- eða Marðarnúps-hlíð; svo það vötnum veitir til austurs norður eptir öllu fjallinu út að Kötlunúpagili eða Hjálpargili; svo sem gil ræður austur í Sauðadalsá; ræður svo áin alla leið að merki því, er stendur á Giljár eyrum, vestan til við ána, suðvestur frá Stórugiljá; frá því merki svo beina línu eptir vörðum norðan við Hallstópt í mitt Kænuvik, og það svo gagnvart miðju Húnavatni; ræður svo lína eptir miðju vatni, móts við norður merkjalínu Stórugiljár og Beinakeldu. – Norðurmerki Sauðdals er úr Skertlufjalli í Hjálpargil. – Ofanskrifaðar jarðir eiga frían upprekstur á Auðkúluheiði. –

Beinakeldu 12. maí 1890.

Erlendur Eysteinnsson

Magnús Steindórsson eigandi að ½ Sauðadals.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Egill Halldórsson eigandi Reykja.

Jón Jónsson

Guðrún Jónsdóttir

Kristján Sigurðsson meðeigandi Sauðdals.

Þorsteinn Jónsson eigandi Litlugiljár

Gísli Jónsson eigandi Litlugiljár. –

Lesið upp á manntalsþingi að Blönduósi, hinn 26. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 230 fol. 119.

Vottar:

Lárus Blöndal



1891. –
N^o 231.

Merkjaskrá fyrir jörðinni Reykjum í Torfalækjarhreppi

Að austan, móts við Orrastaðaland, eru merki frá Jörundarþúfu til norðurs á vörðu, er stendur norðast á holtum milli Orrastaða og Reykja; síðan enn til norðurs á vörðu þá, er stendur skammt fyrir vestan svo kallað Hrísholt; þá liggja merkin til útvesturs í vörðu þá, er stendur í miðjum Álptatanga; síðan liggja merkin þaðan í Torfalækjarós, þar sem hann fellur úr Torfavatni; svo eiga Reykir land ofan með Torfalæk að sunnan, móts við Meðalheims land, allt þar til kemur ofan að þverlæk, sem fellur í Torfalæk, og nú stendur varða hjá; svo er stefna rjett til vesturs í svo nefndan Grenshól; síðan til útvesturs í vörðu á Egilsholti; svo úr Egilsholti til útsuðurs í Grástein móts við Beinakelduland; svo ennþá í sömu stefnu og í steina tvo, sem standa í svo nefndum Vatnsgötum á veginum, rjett fyrir vestan Langhól; svo eru merkin til suðurs úr nefndum steinum, og sjónhending í há Skertlufjall; svo liggja merki til austurs og í miðja Jórunnarskál; svo ofan hóla þá, sem eru fyrir neðan skálina allt að melhorni því sem lengst gengur niður úr hólunum; svo eru merki að sunnanverðu, gagnvart Mosfellslandi, svo kölluð Merkjakelda og til vísa vörður með keldunni merkin allt að Svínavatni; síðan liggur land með Svínavatni allt að hinni fyrst nefndu Jörundarþúfu.

Reykjum, 25. maí 1891,

Egill Halldórsson eigandi Reykja og Mosfells. –

Erlendur Eysteinnsson eigandi Beinakeldu og Stórugiljár.

Jórunn Erlendsdóttir eigandi Orrastaða.

Lárus Blöndal vegna kristfjárjarðarinnar Meðalheims.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl. jarða.

Lesið upp á manntalsþingi að Blönduósi, hinn 26. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 231, fol. 120. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891.

N^o 232.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Steinnesi í Sveinstaðahreppi. –

Að sunnan ræður bein lína frá uppsprettu þeirri við Kvíslina, sem Syngjandi nefnist, og í svo nefndan Hól í götu; þaðan beina leið í Hagatóptir; frá Hagatóptum norður í grjótvörðu á hól þeim, sem Katla heitir, og frá henni sömu stefnulínu í stein þann við Ásgötu, sem er merkjasteinn á milli Haga og Leysingjastaða og merktur L.; síðan frá nefndum steini eins og bein lína ræður yfir Hagann og norðurenda Steintjarnar í snidduvörðu, sem hlaðin er fremst á Landengjatánni. Austan Kvíslar er merkin á þessa leið: Skammt fyrir sunnan Geirastaðakofa er hlaðin merkjavarða á Meginkvíslarbakkanum, og ræður frá henni bein lína austur engið í merkjavörðuna, sem greinir Steinness engið frá Skinnastaðapartinum; frá síðast nefndri merkjavörðu beina línu í miðjan Tjarnarhólma; síðan úr miðjum Tjarnarhólma beina línu suður í Þverkvísl og er á Þverkvíslar bakkannum hlaðin upp merkjavarða; þá ræður Þverkvíslin merkjum vestur að merkjavörðu, sem hlaðin er á Suðurþverkvíslar bakkannum við vik eitt, sem gengur upp í bakkann; frá vörðu þessari sjónhendingu eins og Markkelda bendir til, suður í Álptatjörn, og er við tjörnina hlaðin merkjavarða; þá beina línu frá síðast nefndri merkjavörðu yfir enda tjarnarinnar í skurðinn, sem gengur úr tjörninni; ræður svo skurðurinn merkjum og liggur hann til Meginkvíslar.

Steinnesi í júlímánuði 1890.

Bjarni Pálsson prestur í Þingeyra- og Hjaltabakkaprestakalli

Landamerkjaskrá þessi samþykkist hjer með af oss undirskrifuðum: –

Magnús Steindórsson eigandi Hnausa.

Jón Ásgeirsson eigandi Þingeyra og Geirastaða.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum, hinn 27. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 232. fol. 120 –

Vottar: –

Lárus Blöndal



1891

N^o 233.

Landamerkjaskrá fyrir Leysingjastöðum í Sveinsstaðahreppi.

Að sunnan úr vörðu við keldudrag það, sem glöggsjeð er, skammt fyrir norðan Rústarhólma, og liggur niður að Hópinu, beint í aðra vörðu austur á Haganum, þá sömu línu beint í stóran stein við veginn á Ásnum, og er steinn sá merktur L.; síðan beina línu frá nefndum steini yfir norðurenda Steintjarnar í snidduvörðu, sem hlaðin er á Landengjatánni. Að norðan ræður bein lína úr Hestakrók og vestur í Hóp, og er við Hópið hlaðin upp merkjavarða úr grjóti; úr nefndum Hestakrók ræður ennfremur bein lína yfir Hagann í svo nefndan Fornastekk; þá ræður Fornastekkjarkvíslin, öðru nafni Langhólmakvísl, merkjum fram að skurði, sem er rjett fyrir sunnan svo kallaðan Leysingjastaða garð, og er við skurðinn hlaðin merkjavarða; frá nefndri vörðu ræður bein lína til austurs í aðra vörðu, sem hlaðin er á Meginkvíslar bakkanum; að austanverðu ræður Meginkvíslin merkjum, að öðru leyti en því, að fyrir austan Meginkvíslina eiga Leysingjastaðir hólmann Seig, sem nú er að mestu leyti samvaxinn Saurhólma; glöggsjeð starardrag ræður þar merkjum.

Leysingjastöðum, 28. maí 1890.

Guðjón I. Jónsson, eigandi Leysingjastaða.

Landamerkjaskrá þessi samþykkist hjer með: –

Steinnesi, 7. júní 1890.

Bjarni Pálsson, prestur í Þingeyraklaustursbrauði.

Þingeyrum, 8. júní 1890,

Jón Ásgeirsson, eigandi Þingeyra.

B.G. Blöndal, umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum, hinn 27. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 233, fol. 121.

Vottar:

Lárus Blöndal



1891

N^o 234.

Merkjaskrá fyrir Mársstöðum í Sveinsstaðahreppi

Milli Mársstaða og Grundarkots eru þessi merki: Landamerkjaskurður frá Flóðinu, upp undir flóajaðra; sem stefnir í lítið lækjargil í brekkunni fyrir ofan veginn, og þá sömu línu á fjall upp; úr fyr nefndum skurði, vestur í Flóðið í stein, er þar stendur á merkjum milli jarðanna austan og vestan við Flóðið; frá þessum steini norður að grjótvörðu í Flóðinu, sem er hornmerki milli Mársstaða, Bjarnastaða og Vatnsdalsholá, og er frá austur- og vestur-landi 330 faðmar að nefndri vörðu; frá þessari vörðu gengur merkjalínan í vörðu, sem er sunnarlega á Bjarnarstaðahólum nálægt veginum; þaðan í Tvífoss, upp í Nautabúfu; ræður þá háfjallið, sem vötn að falla, millum greindra merkja sunnan og norðan.

Kornsá og Undirfelli, 30. maí 1890. –

Lárus Blöndal. Hjörleifur Einarsson umráðamenn kristfjárjarðarinnar Mársstaða.

Magnús Steindórsson eigandi að hálfum Sauðadal.

Jósep Einarsson eigandi Grundarkots. –

Magnús Steindórsson umboðsmaður yfir Bjarnastöðum fyrir Jórinni Magnúsdóttur.

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum, hinn 27. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 234, fol. 121. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891

N^o 235.

Merkjaskrá fyrir jörðinni Hjallalandi í Sveinsstaðahreppi og Húnavatnssýslu

Að sunnan, milli Hjallalands og Hvamms, eru merki úr vörðu á litlum melhól í fjallshlíðinni, skammt fyrir ofan veginn, og beint vestur í merkjastein á Partskvíslarbakkanum, frá honum í annan merkjastein, sem nú stendur norðast á Stórhólmatá; frá fyr nefndri vörðu gengur línan beint í fjall upp; frá merkjasteini þeim, sem áður er nefndur á Stórhólmatá, ræður Vatnsdalsá, sem fellur fyrir vestan Hnappeyri, norður að hólma þeim, sem liggur milli Hjallalands og Helgavatns, og merkjasteinn stendur á; frá honum bein lína til norðurs í merkjastein, sem stendur á austanverðri stóru Hnjúkseyri, og sem er hornmerki milli Hjallalands og Grundarkots; frá þessum merkjasteini gengur merkjalínan til austurs í gamalt garðlag, sem er í millum nýnefndra bæja, og þá áfram sömu stefnulínu á fjall upp; ræður þá háfjallið sem vötn að falla, fram til fyr nefndrar merkjalínu milli Hjallalands og Hvamms. – Jörðin Hjallaland á beit og slægjur í Grundarkotslandi.

Hjallaland, 18. júlí 1890.

Jósep Einarsson eigandi. –

B.G. Blöndal eigandi Hvamms. –

Magnús Steindórsson eigandi að ½ Sauðadal –

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum, hinn 27. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 235, fol. 122.

Vottar:

Lárus Blöndal



1891.

N^o 236.

Landamerkjaskrá Bjarnastaða í Sveinsstaðahreppi innan Húnavatnssýslu. –

Að norðan ræður merkjum svo kallaður Hryggglækur, er hefur upptök sín í svo kallaðri Skriðuskarðstjörn, fellur gegn um Bæjargil í austari Skriðuvaðskvísl. Að austan ræður háfjall frá fyr nefndri Skriðuskarðstjörn til svo kallaðrar Nautapúfu, og ræður merkjum að sunnan bein lína frá henni í Tvífossa; þaðan bein stefna í vörðu eður stein sunnarlega í Bjarnastaðahólum; þaðan í lítinn markstein á Flóðbakkanum; þaðan í vörðu á Flóðinu; en sjónhending úr henni í miðjan Skriðuvaðsós ræður merkjum að vestan. Skriðuvaðshólminn liggur undir Bjarnastaði.

Ennfremur eiga Bjarnastaðir ítök í Hnausalandi: Lindartjörn og Slíjubakka austan árfars til allra slæгна. Merkjum á hinu síðarnefnda ítaki ræður árfar að vestan og sunnan, að austan svo nefndur efri Gunnlaugshylur, og úr honum bein stefna norður í Hnappa, en að norðan bein stefna úr Hnöppum vestur í Heygarð eður árfar. Torfrista er Hnausamanni heimil í ítakinu. –

Helgavatni, 30.-5.-1890. –

Jórunn Magnúsdóttir, eigandi Bjarnastaða (handsalað.)

Magnús Steindórsson, eigandi Hnausa. –

Lesið upp á manntalsþingi að Sveinsstöðum, hinn 27. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 236, fol. 122. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891.

N^o 237. –

Merkjaskrá fyrir Gilstöðum í Áshreppi.

Austur að Vatnsdalsá ræður garður og skurður að Rauðkutjörn, og þaðan í Forholt, og svo sömu stefnu í Grjótvörðu á hálsinum norður undan Náttmálaborg; þaðan sömu stefnu yfir Hrásís fyrir norðan Þverlæki yfir Flögutjarnarflóa sunnanverðan vestur á Múlavatnshöfða; frá honum helzt áfram sama stefna til Gljúfurár. Þessi merki er milli Gilsstaða og Flögu. – Að sunnan, milli Gilsstaða og Kornsár, frá snidduvörðu við ána í Oddanesi, beina línu yfir fornt garðlag, neðanvert við Stekkjargil, í grjótvörðu á Gilsstaðaborg; síðan heldur áfram sama stefna vestur yfir hálsinn til Gljúfurár – Að austanverðu ræður Vatnsdalsá, og vestan Gljúfurá.

Hnausum, dag. 26. september 1890.

Magnús Steindórsson eigandi Gilsstaða.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða

Árni Erlendsson eigandi Flögu.

Lesið upp á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal hinn 28. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 237. fol. 123. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891.

No 238.

Landamerkjaskrá fyrir Þórormstungu.

Að austanverðu ræður merkjum forn farvegur, er liggur í Vatnsdalsá austanvert við Mislingstanga við Tunguárós; að skilur nefndur farvegur Mislingstanga, þar til hann slitnar á litlum kafla, sem Vatnsdalsá er búin að brjóta af fyrir fáum árum; síðan byrjar nefndur farvegur aptur, og liggur í Tunguá hjá Merkjavörðu norðan við Sljettabakka; svo ræður Tunguá merkjum fram að Tungusporði, og þaðan Úlfkelskvísl fram í Úlfkelsvatn; úr Úlfkelsvatni eptir Skammbeinslæk í Skammbeinstjörn og þaðan beint í austur, þar til hittir merkjalínu Auðkúluheiðar að vestan, (sem er úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl, þar sem Kólukvísl rennur í hana,) og svo eptir þeirri línu fram fremst á Friðmundarhöfða; þaðan byrja aftur merkin að vestan, beina línu í hól, sem er vestan á há Úlfkelshæðinni; svo í stóra grasþúfu, sem er á ásnúm, fyrir vestan austara Hallarvatnið, og þaðan í Dalsbungu, þar sem hún er hæst; úr henni í vörðu, sem er hornmerki milli Forsæludals og Torfustaða; svo beint út í Klapparþúfu, og þaðan eptir há Múlanum, þar til kemur undan Merkjadæld í Sunnhlíð, og eptir henni ofan í syðri enda Tunguklyfs; þaðan ræður Vatnsdalsá norður fyrir Haukagilsrjettarhólma; þaðan norður eptir, þar til Saurbæjarland þrýtur, ræður bein lína úr rjettarbroti norðan í hólmanum í vörðu á Ásbrekku; frá Saurbæjarlandi norður og austur að Tunguárósi, ræður Vatnsdalsá, (eða fá farvegur, sem hún rennur nú í,) merkjum milli Áss og Þórormstungu.

Heimil er Forsæludals ábúanda beit fyrir kví-fje sitt í Þórormstungu heimalandi fyrir framan beina línu af Dalsbungu í Úlfkelskvísl, þar sem Hallarvatnslækur kemur í hana, þegar ábúandi Þórormstungu ekki brúkar það sjálfur; sömuleiðis hefur Forsæludals ábúandi allar slægiur á austari Hallarvatnsflánni, fyrir framan og vestan vatnið, en ábúandi Þórormstungu hefur hana til beitar vetur og vor, og sömuleiðis er Þórormstungu ábúanda heimil beit fyrir framan Friðmundará hvenær sem hann vill. Silungsveiði í Friðmundará, Tungnalæk og vötnunum Friðmundarvatni og Eyjavatni, eptir því sem veiðirjettur jarðanna Þórormstungu og Forsæludals getur náð til tjeðra vatna, eiga báðar jarðirnar jafnt.

Þórormstunga á selstæði í Káradalstungu landi, og fjárupprekstur í Dalskvíslar. –
Þórormstungu, 28. júlí 1890.

Bjarni Snæbjörnsson eigandi Þórormstungu.

Sigvaldi Þorkelsson vegna Guðrúnarstaða.

Guðm. Jónasson vegna eiganda Áss. –

Vegna eigna og umráðamanns Forsæludals, Haukagils og Saurbæjar:

T. Hannesson.

Hjörleifur Einarsson

sem umráðandi Undornfellskirkjujarðar Káradalstungu og Torfustaðakots.

Lárus Blöndal. Hjörl. Einarsson umráðamenn kristfjárjarðarinnar Marðanúps

Lesið upp á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal, hinn 28. maí 1891 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 238, fol. 123 og 124



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vottar:

Lárus Blöndal



1891.

N^o 239.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Forsæludal, í Vatnsdal, liggjandi í Húnavatnssýslu.

Að norðan ræður, neðan frá Rjettarkletti nýr merkjagarður; þaðan upp hlíðina svo kölluð Merkjalaut, og úr því bein lína upp á há hálsinn í merkjavörðu sem hlaðast á á hornmerki Torfustaðakots og Forsæludals. –

Að norðaustan og austan ræður, bein lína frá áður nefndri vörðu upp á há Dalsbungu; þaðan beina leið í stóra þúfu á ásnum fyrir vestan austara Hallarvatnið, og þaðan beina leið suðaustur í háan hól upp á svo nefndri Úlfkelshæð, og beina sjónleið þaðan um suðvesturhöggið á Friðmundarhöfðanum í merkjalínu þá, sem skilur land milli Auðkúluheiðar og Þórormstungu, Forsæludals og Dalskvísla, er liggur beina sjónleið úr Karyrðlingatjörn í Fellakvísl, þar sem Kólkukvísl rennur í hana. –

Að sunnan ræður bein lína frá vörðu á há Bótarfjalli austur um norðanvert Eyjavatn, miðja vega frá tanga þeim, sem gengur lengst i suður fyrir austan vík þá, er Túnalækur fellur úr, og hólma sem eru í vatninu. Í vestur frá vörðunni af Bótarfjalli ræður bein lína til Vatnsdalsár móti Svínavatnslækjarós. –

Að vestan ræður Vatnsdalsá merkjum. –

Til sumarþeirra fyrir kvífe (ásauði) hefur ábúandinn í Forsæludal endurgjaldslaust úr heimalandi Þórormstungu land það, sem liggur fyrir sunnan þá línu, sem miðuð er af há Dalsbungu í Hallarvatnslækinn, þar sem hann fellur í Hólkotskvísl, hverja þá stund, sem ábúandinn í Þórormstungu eigi notar hana sjálfur. Ennfremur hefur Forsæludalur þann hluta af flánni fyrir vestan og sunnan austara Hallarvatnið, sem eigi er innan merkjalínunnar, til slæгна endurgjaldslaust. Aptur á móti hefur ábúandinn í Þórormstungu endurgjaldslaust. –

Aptur á móti hefur ábúandinn í Þórormstungu endurgjaldslaust jafnrjetti við ábúandann í Forsæludal til veiði í Friðmundará, Túnalæk, Friðmundavatni og Eyjavatni; einnig endurgjaldslaust hrossagöngu framan Friðmundará á öllum tímum árs, sömuleiðis á flánni kring um austara Hallarvatnið frá veturóttum til krossmessu (vinnuhjúaskildaga.) – Forsæludalur á fjárupprekstur í Dalskvíslar.

Haukagili, 29. júlí 1890.

J. Hannesson vegna eigna umráðamanns Forsæludals.

Bjarni Snæbjörnsson eigandi Þórormstungu.

Hjörli. Einarsson, sem umráðandi Undornfellskirkjuarðar Torfustaðakots.

Lesið upp á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal, hinn 28. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 239, fol. 124 & 125.

Vottar:

Lárus Blöndal



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1891.

N^o 240.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Ási í Vatnsdal, liggjandi í Húnavatnssýslu

Að norðan ræður bein lína frá vörðu á Ljótunnarmel í vörðu á miðju Langholti; þaðan í vörðu á Miðdegishæð, og þaðan beina leið vestur í Kornárkvísl; síðan ræður Kornárkvísl fram á þá línu, sem tekin er beint vestur frá steini, sem er á ásnum fyrir austan austari Ástjörnina og vestur í Kornárkvísl; síðan ræður þegar greind lína austur í áður nefndan stein fyrir austan austari Ástjörn, og þaðan bein lína í upptök Brekkulækjar; úr því Brekkulækur til Vatnsdalsár, og þaðan Vatnsdalsá til á móts við Ljótunnarmel.

Ási 29. júlí 1890.

Guðm. Jónasson vegna eiganda Áss.

J. Hannesson vegna eiganda og umráðamanns Saurbæjar.

Bjarni Snæbjörnsson eigandi Þórormstungu.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrarkl.jarða. –

Lesið upp á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal, hinn 28. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 240, fol. 125. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891

N^o 241. –

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Saurbæ í Vatnsdal, liggjandi í Húnavatnssýslu.

Að sunnan ræður bein lína vestan frá Kvísl, um Saurbæjarstein og Merkjavörðu austur undir Brún, og þaðan beint ofan í merkjaskurð, sem er í flóanum milli Haukagils og Saurbæjar; og úr austurenda skurðsins beint austur í línu þá, er skilur land milli Þórormstungu, og Haukagils og Saurbæjar, miðuð frá vörðu vestan til á Ássmóhellu í fornar fjárrjettar rústir á svo nefndum Rjettarhólma. Að austan ræður fyr nefnd merkjalína út á móts við Brekkulæk. Að norðan ræður bein lína frá merkjalínunni að austan vestur í Brekkulæk þar sem hann rennur í Vatnsdalsá; þaðan Brekkulækur, og frá upptökum Brekkulækjar í stein sem er á ásnum fyrir austan austari Ástjörnina, heldur sunnar er undan miðri tjörninni, og frá steininum beint vestur í Kvísl; þaðan ræður Kvíslin suður til Saurbæjarsteins. –

p.t. Ási, 29. júlí 1890.

Vegna eigna og umráðamanns Saurbæjar og Haukagils.

J. Hannesson

Guðm. Jónasson vegna eiganda Áss.

Bjarni Snæbjörnsson eigandi Þórormstungu

Lesið upp á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal, hinn 28. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 241, fol. 126. –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891.

N^o 242.

Merkjaskrá fyrir Hvammi í Vatnsdal.

Að sunnan, milli Hvamms og Eyjófsstaða, eru merki úr steini á gömlu heygarðs- eða tóptar-broti við Vatnsdalsá, sunnan til við Stóranes og í annan stein ofar eða fjær ánni, og í merkjavörðu á Skinnhúfuklettum og svo sömu leið upp á Vatnsdalsfjall. Að vestan ræður Vatnsdalsá merkjum sem hún fellur norður fyrir Stórhólma; þá í stein er stendur norðast á Stórhólmatá; þá í merkjastein norðanvert við Partskvísl, og frá honum í landamerkvörðu á litlum melhól í fjallshlíðinni skammt fyrir ofan veginn; heldur þá áfram sama merkjalína upp á há Vatnsdalsfjall. Að austan er merkjalínan eptir háfjallinu sem vatn fellur til vesturs, milli áður greindra þverlína að sunnan og norðan.

Hvammi, 31. júlí 1890.

B.G. Blöndal eigandi Hvamms. –

Jónas Guðmundsson, eigandi Eyjófsstaða. –

Ítök: Hvammur á reka á Þingeyrasandi móts við Undirfellskirkju, sem liggur milli Kerlingareka og Geirastaðareka.

Ennfremur á Hvammur í Spákonuarfi, að því sem reka- og landamerkjaskráa Þingeyraklausturs sýnir í „Íslenzku fornbrjefasafni N^o 120,“ útgefnu 1890.

Hvammi, 31. júlí 1890.

B.G. Blöndal.

Lesið upp á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal, hinn 28. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 242. fol 126.

Vottar:

Lárus Blöndal



1891.

N^o 243.

Merkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Kornsó í Áshreppi

Að austan ræður Vatnsdalsá. Að norðan, milli Gilsstaða og Kornsár, eru merki frá snidduvörðu við ána í Oddanesinu, beint í gamalt garðlag neðan til við Stekkjargil, og þaðan sömu stefnulínu yfir gilið og hálsinn vestur að Gljúfurá. – Að sunnan, milli Kornsár og Undirfells, frá neðanverðu Kornsár-gili eptir því sem hinn forni farvegur Kornsár liggur niður til Vatnsdalsár; þó telst svo nefnd Þórdísareyri sem er fyrir norðan nefndan farveg, til Undirfells. Frá Kornsárvatni ræður Kornsó merkjum, eins og hún fellur niður fyrir neðsta fossinn í henni, rjett fyrir ofan hinn forna farveg. Frá upptökum Kornsár eru merki yfir Kornsárvatn í Bergárvatn; þá að vestan, frá því til upptaka Gljúfurár, og sem hún fellur norður á móts við fyr greind merki milli Kornsár og Gilsstaða. –

Auk þessa á Kornsó, móts við Haukagil, hálf það land, sem liggur milli Kornsár- og Kleppukvíslar.

Hvammi, 25. maí 1891.

B.G. Blöndal, umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Magnús Steindórsson vegna Gilsstaða.

Hjörli. Einarsson vegna Undornfells.

Umráðandi Víðidalstungueignar Páll Pálsson. –

Lesið upp á manntalsþingi að Ási í Vatnsdal, hinn 28. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 243, fol. 127 –

Vottar:

Lárus Blöndal



1891. –

N^o 244

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Eyjófsstöðum í Vatnsdal

Að sunnan, milli Eyjófsstaða og Bakka ræður merkjum Bakkalækur, og úr neðri enda lækjarins beina línu í flóðgarð á norðanverðri Bakkaeyri, og að ofan úr efsta fossi í Bakkalækjargili beina línu upp á fjallsbrúnina og þar austur á fjallið. Að vestan ræður Vatnsdalsá. En að norðan milli Eyjófsstaða og Hvamms ræður merkjum stór steinn á gömlum heygarði sunnanvert við Stóranesið við árkrókin, og þaðan austur í annan stóran stein ofan á engjunum eða fjær ánni; þaðan beina línu í vörðu á Skinnhúfuklettum og þaðan upp á fjallsbrúnina austur á Vatnsdalsfjall, svo langt sem ýtrast vötn að draga; þá fram fjallið að fyrnefndri þverlínu milli Eyjófsstaða og Bakka. –

Eyjófsstöðum 24. júlí 1890. –

Jónas Guðmundsson, eigandi Eyjófsstaða

B.G. Blöndal, eigandi Hvamms. –

Lesið upp á manntalsþingi að Ási hinn 28. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 244, fol. 127. –

Vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur



1891. –

N^o 245.

Landamerkjaskrá fyrir kristfjárjörðinni Hofi í Vatnsdal.

Að sunnan ræður Grjótá allt frá Vatnsdalsá upp í svo kölluð Þrengsli milli Svartfells og Sandfells, beint til austurs eins og vötn að draga. Að vestan ræður Vatnsdalsá að vestasta farveg eins og hún nú rennur. Að norðan ^{eru} merkin bein lína úr snidduhlaðinni vörðu á hólmanum fyrir vestan Kristínarbakka í markstein þann, sem settur er á bakka þennan og merktur er stöfunum L.M; þaðan ræður merkjum sjónhending í neðanverða Geitagjá, sem er efst á fjallsbrúninni. Að austan ræður merkjum eins og vötn að draga.

Kornsá og Undirfelli, 25. júlí 1890. –

Lárus Blöndal. Hjörl. Einarsson

umráðamenn kristfjárjarðanna Hofs og Kötlustaða. –

Magnús Steindórsson eigandi að ½ Sauðadal. –

Jónas Guðmundsson eigandi Bakka.

Lesið upp á manntalsþingi að Ási hinn 28. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 245, fol. 128.

Vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891 –

N^o 246.

Landamerkjaskrá fyrir kristfjárjörðinni Kötlustöðum í Vatnsdal.

Að sunnan eru merki gagnvart Gilá bein stefna úr jarðföstum steini við veginn, merktum L.M í markstein í Kötlustaðahlíð, og þaðan í Illugjá, þar sem hún myndast í fjallsbrúninni; þá bein lína yfir Svartfell austur í Sauðadalslæk. Að vestan ræður Vatnsdalsá, þar til Grjótá fellur í hana. Að norðan ræður Grjótá allt frá Vatnsdalsá upp í svo kölluð Þrengslin milli Svartfells og Sandfells, beint til austurs, eins og vötn að draga. Að austan ræður merkjum eins og vötn að draga.

Kornsá og Undirfelli 25. júlí 1890. –

Lárus Blöndal. Hjörl. Einarsson

umráðamenn kristfjárjarðanna Kötlustaða, Gilár og Hofs. –

Magnús Steindórsson eigandi að ½ Sauðadal.

Lesið á manntalspingi að Ási 28. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 246 fol. 128.

Vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur



1891. –

N^o 247.

Landamerkjaskrá fyrir kristfjárjörðinni Gilá í Vatnsdal.

Að sunnan ræður merkjum gagnvart Marðarnúpi Gilárgil á fjall upp, meðan til endist, þá bein stefna fyrir norðan Gilárfell í Fremstalæk; ræður þá lækur þessi beint í Snaga við Selkvísl. Að sunnan og neðan, þar sem Gilárlaut gengur úr Gilárfarveginum, ræður laut þessi merkjum allt vestur í sýkiskrók; þá ræður sýkið til vörðu, sem stendur á sýkisbakkanum, og úr vörðunni bein stefna í Tunguá, sem ræður merkjum til Vatnsdalsár. Að vestan ræður Vatnsdalsá, allt að jarðföstum steini, sem er við veginn og merktur er bókstöfunum L.M. Að norðan ræður merkjum gagnvart Kötlustöðum bein stefna úr nefndum steini í markstein í Kötlustaðahlíð; þaðan í Illugjá, þar sem hún myndast í fjallsbrúninni, þá bein lína yfir Svartfell austur í Sauðadalslæk. Að austan ræður Sauðadalslækur, þar til hann beygist og nefnist Fremstilækur. – Gilá á slægnaítak í Marðarnúpsengi vestan Tunguár, sem er afmarkað með 3 vörðum. –

Kornsá og Undirfelli, 25. júlí 1890. –

Lárus Blöndal. Hjörl. Einarsson

umráðamenn kristfjárjarðanna Gilár, Marðanúps og Kötlustaða. –

Magnús Steindórsson, eigandi að ½ Sauðadal. –

Lesið á manntalsþingi að Ási, 28. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 247. fol. 129. –

Vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 248.

Landamerkjaskrá fyrir kristfjárjörðinni Marðarnúpi í Vatnsdal.

Að sunnanverðu, gagnvart Guðrúnarstöðum, ræður merkjum lína úr grjótvörðu vestur undir Tunguá austanvert við Prestamýri; þaðan austur til marksteins neðarlega í hlíðinni milli Marðarnúps og Guðrúnarstaða; þá til Rauðahamars á Miðhjalla, þaðan austur í austasta Borgarhöfuð, vestanvert við Sauðdalslæk; þá bein sjónhending til marksteins austur við Selkvísl. Gagnvart Þórormstungu ræður merkjum Tunguá frá áðurnefndri grjótvörðu allt niður að grjótvörðu, sem stendur við upptök hins forna farvegs árinna, vestan árinna, eins og hún nú rennur; ræður svo farvegur þessi allt til Vatnsdalsár, og svo Vatnsdalsá til Myslingshólma (-tanga), sem er eign Þórormstungu. Að austan ræður merkjum Hrafnabjargakvísl. Að norðan ræður merkjum, gagnvart Gilá, Gilárgil á fjall upp, meðan til endist; þá bein stefna fyrir norðan Gilárfell í Fremstalæk, sem þá ræður merkjum beint í Snaga við Selkvísl. Þar sem Gilárlaut gengur úr Gilárfarveginum, ræður laut þessi merkjum allt vestur í Sýkiskrók; þá ræður sýkið til vörðu, sem stendur á sýkisbakkanum, og úr vörðunni bein stefna í Tunguá, sem ræður merkjum til Vatnsdalsár. –

Kornsá og Undirfelli, 25. júlí 1890.

Lárus Blöndal. Hjörl. Einarsson

umráðamenn kristfjárjarðanna Marðarnúps og Gilár.

Bjarni Snæbjörnsson eigandi Þórormstungu.

Sigv. Þorkelsson, vegna Guðrunarstaða. –

Lesið á manntalsþingi að Ási 28. maí 1891 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 248 fol 129. –

Vottar:



1891. –

N^o 249.

Landamerkjaskrá fyrir Harastöðum með Harastaðakoti.

Að norðan eru merki við sjó varða við Kolpúfu, þaðan til austurs til sunnanverðrar Sævarholtstjarnar, þaðan beina sjónhending til torfvörðu á Teigsenda; þaðan sem Harastaðabrekkubrúnir ráða til Landamerkjælækjar; síðan upp með læknum til vörðu beint norður af Lynghól; frá vörðunni liggja merkin suður í Lynghól, þaðan í klöpp neðanvert við Brandaskarðstún við Harastaðaá; ræður síðan Harastaðaá upp til Miðhryggjar; þaðan beint norður til Tvísteina, þaðan upp á fjallsbrún; ráða fjallsbrúnir síðan til Ytribotna; þaðan ræður Ytribotnalækur til Botnaflár; þaðan liggja merkin til suðvesturs yfir Botnaflá, og ofan til við Öldhóla; þaðan einnig til suðvesturs hina neðri Stallbrún í Brandaskarðsgilbotn; þaðan til vesturs sunnanvert á Selhrygg sunnan við Háagerðissel, þaðan sjónhending til vörðu á Hrossamýrarhrygg; þaðan og í vörðu á Hólkotsbrekku, þaðan beina sjónhending til sjáfar til vörðu við Gullhellisnöf.

Tilkall til hvalreka hefur verið gjört af eigendum Spákonuvarfs á rekasvæði nokkru fyrir landi jarðarinnar, frá merkjum að sunnan til Helluvíkur. –

Ofanrituðum landamerkjum eru samþykkir undirritaðir:
Vindhælishreppi í maimánuði 1890.

Í umboði eiganda Hágerðis, J. Jósefsson.

Í umboði eiganda $\frac{3}{4}$ Harastaða, Andrjes Árnason.

Jóhann Jósefsson, eigandi Finnsstaða.

Ó. Ólafsson, eigandi Brandaskarðs.

Ólafur Ólafsson, eigandi Keldulands og Hrafnsvalla.

Árni Jónsson umráðamaður Bakka og $\frac{1}{4}$ Harastaða.

Lesið á manntalsþingi að Viðvíki 23. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 249 fol. 130. –

Vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur



1891. –
N^o 250.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Ytríey á Skagaströnd.

Að vestan ræður sjóarströndin. Neðst að norðan við sjó ræður nöf innst við svonefndan Ófærubás, en kippkorn utar en Kálfshamarinn; þaðan í garðlag, er liggur upp og ofan í Núpabrekkunni, spölkorn fyrir utan gerðið Ketilsárgrund; þaðan í stóran stein, er stendur á Grensás; þaðan í háan hól þar austur undan; þaðan sjónhending í Pálsbyrgi, út og ofan undan Lómatjörnum. Að sunnan ræður neðst Svartasker í sjó fram, norðan undan Syðrieyjarnesi; þaðan í Nónberg, þaðan í melshornið sunnanvert við Ytríeyjarlæk, þaðan í stein, er stendur sunnarlega á Grensás; þaðan í Selkonuhól, þaðan í Djúpadalsdrög; þaðan norður fyrir ofan Lómatjarnir í áður nefnt Pálsbyrgi. –

Jörðin Ytríey hefur ókeypis mótak í Syðrieyjarlandi handa kvennaskólanum, eptir því sem hann þarfnast, og fylgir þar með rjettur til út reiðslu á haganlegan þurkvöll.

p.t. Ytríey, 16. maí 1891. –

Í umboði forstöðunefndar Kvennaskólans á Ytríey Á. Á. Þorkelsson, fyrir hönd Kvennaskólans, sem eiganda að Ytríey. –

Andrjes Árnason umráðamaður Hafursstaða.

Árni B. Knudsen, meðeigandi Syðrieyjar.

Elísabet Sigurðardóttir meðeigandi Syðrieyjar.

Kristmundur Þorbergsson, eigandi Kambakots.

Árni Jónsson meðeigandi Syðrieyjar.

Lesið á manntalsþingi að Viðvíki, 23. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 250, fol 130. –

Vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 251.

Landamerkjalysing fyrir Keldulands og Hafsvallalöndum

Að norðan er torfuvarða á mel fyrir utan Pottlækjargil; þaðan bein sjónhending í Tvísteina; eiga Skeggjastaðir þar land að norðan; úr Tvísteinum í stefnu á torfuvörðu, er setjast á ofanvert við lítið melhorn, er ber milli Tvísteina, rjett fyrir utan Bræðrakeldu; þaðan bein sjónhending í Hlóðarstein á ofanverðum Stólbekk; þaðan í vörðu á Snjógilsbungu vestanverðri, og þaðan utan við Hraunagjótur, eins og Hofs lögfestingar til vísa; þá suður háfjallið til syðra Katlafjallshorns; þaðan beint vestur yfir Hraunhólahvolf til lækjar þess, sem kallaður er Landamerkjælækur; eiga land að honum að norðan Hafsvellir (Hafursvellir) til Harastaðabrekkubrúna, og út allar þær brúnir til Teigsenda; svo úr Teigsenda til torfuvörðu, sem stendur á ofanverðum Flæðabrúnum; þaðan beina sjónhending í áður nefnda torfuvörðu fyrir utan Pottlækjargil

Keldulandi 18. júlí 1889. –

Ólafur Ólafsson eigandi Keldulands og Hafsvalla.

Árni Jónsson vegna eiganda Bakka.

Andrjes Árnason vegna Guðjóns Einarssonar eiganda Harastaða.

Eggert Ó. Brím vegna eiganda jarðarinnar Skeggjastaða.

Ólafur Ólafsson eigandi Brandaskarðs.

Jón Jónsson prestur að Hofi. –

Lesið á manntalspingi að Viðvíki, 23. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 251, fol. 131. –

Vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 252.

Skrá um landamerki Háagerðis og Finnsstaða.

Að norðan byrja merki á Gullhellisnöf við sjó, og er þar grjótvarða hlaðin á bakkanum; þaðan liggja merki beina sjónhending fyrir sunnan Hólkot, til vörðu, sem hlaðin er uppá Hólkotsbrekku; þaðan beina stefnu til vörðu á Hrossamýrarhrygg; þaðan ganga merki beina stefnu austur Brandaskarð, sunnan við Háagerðissel til vörðu á Selhrygg; þaðan liggja merki í Brandaskarðsgilbotn; þá ganga merki til vesturs norðan í fjallsbrúnum til klettastrýtu fyrir norðan Leynidali, fyrir norðan Borgarhaus; þaðan liggja merki beina stefnu yfir norðurenda Grenjadals, til Landamerkjagils, og þar sem það endar, sjer fyrir garði til sjóar, er stefnir norðanvert í Sandlækjarós. – Í Finnsstaðalandi á Spákonufell þrjá teiga fyrir utan Sandlæk út að Sandenda, og upp í flóann, eptir sem vörður vísa, ásamt öllum reka fyrir teigunum. Spákonuarfur er að nokkru leyti fyrir landi jarðanna, að undanteknum þeim hluta, sem liggur fyrir áður nefndum teigum, er heyra Spákonufelli til. –

Árbakka í maí 1890.

J. Jósefsson, meðeigandi og í umboði meðeiganda minna að Háagerði

J. Jósefsson. Jens Jósefsson. Jóhann Jósefsson eigendur Spákonufells.

Árni Jónsson í umboði meðeiganda Harastaða.

Jóhann Jósefsson eigandi Finnsstaða.

Fyrir hönd eiganda $\frac{3}{4}$ Harastaða: Andrjes Árnason. –

Lesið upp á manntalsþingi að Viðvíki, 23. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 252 fol. 131. –

Vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891.

N^o 253.

Merkjaskrá fyrir jörðunni Núpi á Laxárdal í Vindhælishrepp.

Að vestan ræður Laxá landamerkjum. Að norðan ræður bein lína úr vörðu, sem hlaðin er austan megin Laxár neðst á skriðu þeirri, sem fallið hefur úr svo nefndu Tröllaskarði; frá vörðu þessari rjettlínis til austurs í Tröllaskarð, og þaðan til austurs um miðja Smjörskál og beint í Mjóadalsá sem ræður landamerkjum að austan. Að sunnan eru landamerkin hið svo nefnda Illagil til vesturs eptir háskriðunni í vörðu við Laxá; til austurs úr Illagilsbotninum rjettlínis í Mjóadalsá.

Merki þessi eru skrásett í apríl 1891.

Á.Á. Þorkelsson eigandi að Núpi og Núpsöxl.

Framanritaðri landamerkjaskrá eru vjer undirritaðir eigendur næst liggjandi jarða að öllu leyti samþykkir:

Klemens Sigurðsson ábúandi Skrapatungu (handsalað)

Guðm. Erlendsson vegna Mánaskálar

Lesið á manntalsþingi að Viðvíki 23. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 253 fol. 132. –

Vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 254.

Landamerki Ásgeirsár (stærri) í Þorkelshólshreppi.

Að norðan ræður Kvestarskurður við Víðidalsá, þaðan sjónhending í Sjónarhól; þaðan sjónhending norðanhallt í ~~Krosshól~~ Hrosshól, þaðan beint til fjalls í Hrosshólslæk, sem ræður merkjum til háfjalls; þaðan eptir háfjalli gegnt svokölluðum Merkjamel, sem er næsti melur fyrir norðan Jónsvörðu, og til landsuðurs frá Ásgeirsárseli; þaðan beint til vesturs í Ásgeirsá, sem ræður merkjum til Víðidalsár; svo eptir miðjum árfarveg fyrir vestan Bæjareyrarhólma, sem nú er í Auðunnarstaðanesi til Víðidalsár sem ræður merkjum fyrir austan og sunnan Galtaneshólma, þrjá að tölu, allt að áðurnefndum Kvestarskurði. –

Staddir að Lækjarmóti 20. maí 1891

Eigendur Ásgeirsár: J. Sigurður Jónsson.

G. Ingvarsson. –

Eigandi Þórukots: Ólafur Sigurðsson.

Umboðsmaður Litlu Ásgeirsár: Páll Pálsson

Eigandi Auðunnarstaða: J. Guðmundsson.

Lesið á manntalsþingi að Þorkelshóli, 30. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 254. fol. 132.

Vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 255.

Landamerki Þórukots í Þorkelshólshreppi.

Að norðan ræður Kælislækur og syðri Hádegissteinn; þaðan sjónhending í Merkigilsstein, þaðan sjónhending beint til fjalls í Merkigili, sem ræður til háfjalls; þaðan eptir háfjalli gegnt Hrosshólslæk, sem er landamerki að sunnanverðu, og ræður þar til hann kvíslast fyrir ofan Hrosshól; þaðan norðanhallt yfir Hrosshól, þaðan sjónhending í Sjónarhól, sem er efst á ásunum; þaðan beint ofan í Víðidalsá, þar sem svokallaður Kvestarskurður er við hana; þaðan ræður Víðidalsá til ofanefnds Kælislækjar. –

Þessi landamerki samþykkjast af undirskrifuðum

Staddir að Lækjarmóti, 20. maí 1891. –

Eigandi jarðarinnar: Ólafur Sigurðsson.

Vegna Lækjarmóts: J. Sigurður Jónsson.

Eigendur Ásgeirsár J. Sigurður Jónsson. Gunnar Ingvarsson

Lesið á manntalsþingi að Þorkelshóli, 30. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 255, fol. 133. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

Nº 256.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Hvarf í Víðidal

Að vestan ræður Víðidalsá að læk þeim, er fellur úr Breiðulág fyrir norðan Fírimarksklett; þaðan beina línu í merkjavörðu, sem er við hinn forna Gjátúnsárkrók; þaðan beina sjónhending í Steinboga; þá ræður Gjátúnsá upp í Drög; úr Gjátúnsárdrögum beina línu í Klettahól austast í Hvarfsgjáar botni; þaðan í klettaröðul þann, er liggur að sunnanverðri Hvarfsgjá, og vestur eptir honum, þar til hann endar; þaðan beina línu vestur í Skessu, (sem er stór varða uppi á Bekkjunum); úr henni beina línu niður í Merkjavörðu; (varða þessi er fjörutíu faðma fyrir sunnan lækjarskurð, sem fellur ofan skammt fyrir sunnan Kirkjustein, og er hlaðin úr hnaus, með viðarkolum í.) Úr vörðu þessari ræður bein sjónhending í ytri Króklæk, þar sem hann fellur ofan í Kolugljúfur og Víðidalsá.

Hvarfi, 2. apríl 1891. –

Þorsteinn Hjálmarsson ábúandi og eigandi Hvarfs.

Páll Pálsson, Þórður Jónsson: umráðendur Víðdalstungueignarinnar.

Lesið á manntalsþingi að Þorkelshóli, 30. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, Nº 256, fol. 133. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 257.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Kolugil í Víðidal í Húnavatnssýslu.

Að norðan ræður hinn ytri Króklækur, þar sem hann fellur í Kolugljúfur og þaðan bein sjónhending í vörðu neðan til í Bekkjunum, sem er hlaðin úr hnausum með viðarkolum. Varða þessi er 40 faðma fyrir sunnan lækjarskurð, sem fellur ofan lítið fyrir sunnan Kirkjustein. Úr vörðu þessari ræður bein sjónhending í aðra vörðu, sem nefnd er Skessa, upp á Bekkjunum; úr Skessu ræður bein sjónhending í vestanvert syðra gjáarhöggið, og svo klettaröðullinn sunnan við gjána austur á háfjall; þaðan háfjallið suður á móts við upptök Dyngjugilslækjar; þá ræður að sunnan Dyngjugilslækur ofan í Víðidalsá, og svo ræður hún norður að áðurnefndum Króklæk. –

Merki þessi eru afgjörð við opinbera sætt í september 1890. Landamerki höfum við umráðendur Víðidalstungueignarinnar samið og samþykkt. –

Auðólfstöðum og Dæli, 2. apr. 1891.

Þórður Jónsson. Páll Pálsson.

Þorsteinn Hjálmarsson, eigandi Hvarfs. –

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, 30. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 257. fol. 134.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 258

Landamerki Litluásgeirsár.

Að norðanverðu ræður Litluásgeirsá þar sem hún rennur í Víðidalsá, og svo ræður áin upp eptir, upp fyrir sel það, er Stóraásgeirsá áður brúkaði; þá ræður bein sjónhending upp í stóran mel með vörðu á suður og upp frá selinu, og svo bein sjónhending upp á háfjall um norðari selhól, svo ræður háfjall suður á móts við Skriðu þá, er nýlega hefur fallið ofan úr selklettum, svo ræður skriðan ofan eptir beint í Jónsvörðu; svo ræður bein sjónhending ofan ásana, norðanhallt við forna lögrjett, ofan í Víðidalsá; svo ræður austasti farvegur Víðidalsár út með Ásgeirsármóum til Kjálkamels, svo ræður Víðidalsá út að áður nefndum ármótum p.t. á Þorkelshóli 30. maí 1891. –

Páll Pálsson umráðandi Litluásgeirsár

Eigendur að hálfri Ásgeirsá stærri:

J.S. Jónson og G. Ingvarsson.

Lesið á manntalsþingi að Þorkelshóli, 30. maí 1891 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 258, fol. 134.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 259.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Refsteinsstaði.

Að sunnan ræður merkjum lína úr svo kölluðum Hamri við Víðidalsá í vörðu sunnanvert við Svörtugötur á lestaveginum; þaðan bein lína í Grástein, úr honum í Einbúa; þaðan bein sjónhending í miðja Ullartjörn; þá ræður merkjum lækur sá, kallaður Kirkjusýki, sem fellur í Grafarlæk við Hópið. Að vestan ræður austasti farvegur Víðidalsár, eins og hún nú rennur, þannig að Grjóthólmi tilheyrir Stóruborg, en Lambhólmi, sem liggur út undir Hópi, Refsteinsstöðum. –

Stóruborg, 30. maím. 1891. –

P. Christopherson eigandi Stóruborgar og Refsteinsstaða og sameigandi Titlingastaða.

Jón Daníelsson, sameigandi Titlingastaða.

Lesið á manntalsþingi að Þorkelshóli, 30. maí 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 259, fol. 135.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891

N^o 260.

Landamerki jarðarinnar Síðu í Víðidal, sem er eign Breiðabólstaðarkirkju.

Að vestan ræður vestari Bjargabrún, og er þeim sleppir, bein lína úr hæstum Björgum að norðanverðu norðaustur á hæst Síðutagl, þar sem Nýpukotsvegurinn liggur yfir það, og svo eptir hátaglinu útí Faxalækjarós; að norðan ræður Faxalækur, að austan Víðidalsá suður í Árkrók fyrir neðan Steinsvað; að sunnan bein lína úr Árkróknum í gamlan landamerkjagarð á flóanum; þaðan í vörðu uppi á Bungunni, og frá henni í aðra vörðu fyrir norðan Skálsflöt á vestari Bjargbrún.

Breiðabólstað í Vesturhópi, 29. maí 1889. –
Gunnl. Halldórsson, prestur að Breiðabólstað.

Landamerkjaskrá þessari erum við undirritaðir samþykkir:
Jósep Jónatansson, eigandi og umboðsmaður Nýpukots.
Hannes Þórðarson, eigandi Galtarness (handsalað.)

Lesið á manntalsþingi að Stóruborg, 1. júní 1891, og innfært í landamerkjabók
Húnavatnssýslu, N^o 260, fol 135. –

vottar:
Jóh. Jóhannesson.
settur.



1891.

N^o 261.

Landamerki jarðarinnar Urðarbaks í Þverárhreppi – sem er eign Breiðabólstaðarkirkju.

Að vestan ræður Reiðarlækur frá syðra Mómelahorni suður í svonefndan Engishól (melhól vestan við Reiðarlæk); að sunnan bein lína úr norðanverðum Engishól í hæstan Tóklett (sem er syðri kletturinn í svo nefndri Urðarbaksklauf, og er lítil tjörn norðan við klettinn); að austan ræður bein lína úr Tókletti í vestari Bjargabrún, og út eptir henni að Óspakshelli; að norðan beint frá nefndum helli vestur í syðra Mómelahorn.

Breiðabólstað í Vesturhópi 20. maí 1890.

Gunnl. Halldórsson prestur á Breiðabólstað.

Landamerkjaskrá þessari erum vjer undirritaðir samþykkir:

Á. Árnason eigandi Hörgshóls.

Hannes Þórðarson eigandi Galtarness (handsalað.)

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða

Lesið á manntalsþingi að Stóruborg, 1. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 261, fol. 136.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 262.

Landamerki jarðarinnar Grundar í Vesturhópi, sem er eign Breiðabólstaðarkirkju.

Að norðan ræður Grundará upp eptir Heydal, og vestur á fjall, svo sem vörn að draga; þaðan ráða að sunnan Grundarhlasseggjar austur eptir, og er þeim sleppir, ræður bein lína af ytri Hlassöxlinni, lítið fyrir norðan há Hlassið, yfir Kotstekkjargborg í Markstein á Grundar- (eða Böðvarshóla-) holti, og frá honum ofan í Reiðarlæk eptir línu, er stefnir í Rauðuskoru í Bjarghúsabjörgum; að austan ræður Reiðarlækur út í Grundará

Breiðabólstað, 29. maí 1889.

Gunnl. Halldórsson prestur að Breiðabólstað.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, 1. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 262, fol. 136.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891.

N^o 263.

Landamerki jarðarinnar Þorgrímsstaða á Vatnsnesi og Breiðabólstaðarafrettar, sem hvorttveggja er eign Breiðabólstaðarkirkju. –

Fyrir austan Þorgrímsstaðaá ræður að norðanverðu Seljagil á fjall upp; þaðan lína suður há fjallið (eptir því sem vötnum hallar) fram á móts við Þröskuld, úr Ásgarðsdalsbotninum og beint vestur í Kaldaklofapröskuld; þaðan norður háfjallið fyrir vestan Ambáttardal, norður í Brunahóla, í svo nefndan Landamerkjastein, merktan L.M, og svo sjónhending frá honum austur í Brún þar sem Merkjagil fellur ofan, og eins og það ræður ofan í Þorgrímsstaðaá.

Breiðabólstað 6. júlí 1887.

Gunnlaugur Halldórsson prestur að Breiðabólstað.

Samþykkir landamerkjaskrá þessari erum vjer:

B.G. Blöndal umboðsmaður þjóðjarðanna: Egilsstaða Bergsstaða, Illugastaða og Ásbjarnastaða. –

Eggert Ámundason eigandi Sauðadalsár. –

Jón St. Þorláksson prestur á Tjörn. –

B. Jónsson bóndi á Syðri-Þverá. –

E.Ó. Jónsson eigandi að Efri Þverá.

Þ.S. Þorláksson eigandi Neðri Þverár.

Lesið á manntalsþingi að Stóruborg, 1. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 263 fol. 137.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891.

N^o 264.

Landamerki jarðarinnar Sigríðarstaða í Vesturhópi, sem er eign Breiðabólstaðarkirkju.

Að sunnan ræður lína í vestur úr Selklett um Fögrubrekku og í Einbúa; þaðan garðlag norður í Slíalæk, og svo lækurinn vestur í Hólaá; að vestan ræður Hólaá og Sigríðarstaðavatn út í sjó, og að austan bein lína úr miðju Selskeri suður í mitt Brandslón, og suður úr því meðfram læk þeim, er í það rennur, og svo eptir miðri keldu þeirri, er lækurinn kemur úr suður í Selsklett, svo sem 3 vörður sína. –

Breiðabólstað, 21. maí 1891.

Gunnl. Halldórsson prestur að Breiðabólstað.

Jón Ásgeirsson eigandi Ásbjarnarness. –

Jón St. Þorláksson prestur að Tjörn.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, 1. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 264, fol 137.

vottar:

Jón. Jóhannesson

settur.



1891.

N^o 265

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Vatnsenda.

Austast að norðan ræður grjótvarða sem stendur við vestari enda á Stuttugötu; þaðan eru merki til vesturs í grjótvörðu, sem stendur á Vatnsendahól, og úr henni beina línu í Þrælagötu, og svo til suðurs eptir vestari Bjargabrún fram í Vesturhópsvatn; svo ræður vatnið út og austur í austara Báruhörn, vestan við Borgarháls, og þaðan bein lína í þá fyrstnefndu grjótvörðu við Stuttugötu.

Í Stóruborgar engi liggur engjateigur, sem til heyrir Vatnsenda með þessum merkjum: Að norðan og austan er Hlífartjörn; að sunnan er skurður, sem liggur vestur úr suðurenda Hlífartjarnar vestur að steini í skurðbakkanum, og að vestan eru þá merkin úr þeim steini norður í lítinn sýkisstokk, er gengur þar suður úr viki á Hlífartjörn. –

Vatnsenda 29. maí 1890

Björn Jóhannesson eigandi ½ Vatnsenda og ábúandi allrar jarðarinnar.

P. Christopherson eigandi Stóruborgar. –

Á.J. Bergþórsson ábúandi Þernumýrar

Þ.S. Þorláksson ábúandi Vesturhópshóla

J.St. Þorláksson samkvæmt umboði fyrir eiganda Gottorps.

J. Ásgeirsson, eigandi Ásbjarnarness.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, 1. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 265. fol. 138.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891.

N^o 266.

Landamerkjaskrá.

Samkvæmt samningum milli eiganda jarðarinnar Gottorps í Þverár hreppi og eiganda jarðanna Ásbjarnarness og Stóruborgar í sama hreppi, eru landamerki Gottops þau, sem nú skal greina:

A. Gagnvart Ásbjarnarnesi:

1. Engjar skiptast eptir beinni sjónhending frá gömlum merkjasteini við Hlífartjörn upp frá Tjarnarósnum, sem einnig er merkjasteinn Gottorps og Ásbjarnarness gagnvart Stóruborg, – í merki sem sett var 9. júlí 1884 uppi á vestanverðum stærsta klettinum ávala á Skollanesi. Gottorp á allar engjar fyrir vestan þessa beinu merkjalínu, en Ásbjarnarnes allar engjar fyrir austan hana niður að Víðidalsá að austan, en að vestan upp undir Kerlingarsýki, og skurð þann og garð, sem fyrir nokkru hefur verið gjörður vestur úr Kerlingarsýkis endanum að skurðinum meðtöldum. Þó heldur Gottorp svo kölluðum Gottorpshólma óátöldum og á alla veiði í ánni og Hópinu undan landi sem lög ákveða.
2. Gottorp á hagbeitarland frá áður nefndum skurði vestanverðum út með honum og Kerlingarsýki, og þegar því sleppir, með Víðidalsá allt út í Hóp. Þá ræður Hópið allt norður að vörðu, sem er á melbungu eða klöpp nálægt Hópinu norðvestur undan Ólafarkletti; þaðan ganga merkin beina sjónhending í stein sem skorðaður var 9. júlí 1884 á landsuðurhorni Neshóls norðaustur frá dæld, sem gengur sunnanvert við hólinn; þaðan aftur sjónhending í vörðu á Vatnsendahól, vart 100 faðma frá Vatnsendatúni.

- B. Gagnvart Stóruborg: Frá áðurnefndum merkjasteini við Hlífartjörn ræður bein sjónhending í Gottorpslæk og þaðan í svo kallaða Stuttugötu og úr Stuttugötu beint í vörðu þá sem fyr var getið og stendur á Vatnsendahól. – Gottorpshólma fylgir auk þess hálftr dragið milli hans og Borgarhólma. – p.t. Stóruborg 18. júlí 1890. – Jón St. Þorláksson samkvæmt umboði eiganda Gottorps.

P. Christopherson eigandi Stóruborgar. –

Jón Ásgeirsson eigandi Ásbjarnarness.

Björn Jóhannesson eigandi og ábúandi Vatnsenda. (handsalað.)

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, 1. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 266 fol. 138-9.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1891.

N^o 267. –

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Harastaðir í Vesturhópi

Úr merkjum samþykktum milli Harastaða og Klambra (sjá viðlagt skjal) meðfram Vesturhópsvatni út í vörðu hjá Sílavík gegnt Hrutatanga; þaðan beint til vesturs í vörðu á Mýrarholti, þaðan upp í vörðu vestanvert við Klambraá, þaðan í vörðu norðanvert við Grillir beina línu sunnan til í kletta eður hamra þá, sem liggja framan undir efri Nautahjallann, beina línu til fjalls, norðanvert á Nónfell; þá eptir háfjallinu til suðurs, svo sem vötnum hallar, suður á merkin milli Klambra og Harastaða.

Klömbrum, 27.d. maim. 1891.

P.J. Halldórsson

eigandi að nokkrum hluta Harastaða og fjárráðamaður Ingfinnu Bjarnadóttur.

P.S. Þorláksson samkv. gefinni fullmakt vegna jarðarinnar Syðri Þverár.

Árni J. Bergþórsson ábúandi á Þernumýri (handsalað)

Guðmundur Snorrason, bóndi að Harastöðum. –

B. Jónsson, á Syðri Þverá. –

Lesið á manntalsþingi að Stóruborg, 1. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 267, fol. 139. –

vottar:

Jóh. Jóhannsson

settur.



1891.

N^o 268.

Merkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Katadal í Þverárhreppi. –

Að norðan ræður Illiskurður merkjum neðan frá Katadalsá upp á fjallsbrúnina, og þá sjónhending austur í grjótásinn fyrir norðan Hellnafell; þá suður há fjallið um Hellnafell sem vötn að draga, allt suður á móts við Hrafnagil ^{þá vestur beint í nefnt Hrafnagil} fyrir norðan Katadalsrófu; ræður svo þaðan Katadalsá merkjum að vestan, norður á móts við Illaskurð.

Hvammi, 3. desember 1889

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Þ.S. Þorláksson, eigandi Neðri Þverár, umboðsmaður Vesturhópshóla.

Jón St. Þorláksson prestur að Tjörn. –

E.Ó. Jónsson eigandi Efri Þverár.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, 1. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 268, fol. 140.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891.

N^o 269.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Múla í Kirkjuhvammshreppi. –

Að sunnan og austan móti Gauksmýrar landi úr Strák á Stráksbrún beina línu í miðjan Grenshamar; úr honum sömu línu í miðja Landamerkjalaus, sem liggur fyrir austan Fornastekk; úr lautinni sömu línu í vörðu, sem stendur við holtsjaðar suðvestur af Gauksmýri; varða þessi er hornmerki Múla og Gauksmýrar. Úr þessari vörðu mót Reykjalandi norðvestur holtjaðrana eptir gjörðum merkjavörðum í vörðu, sem stendur í laut niður undan Stóragrásteini; varða þessi er hornmerki Reykjalands að norðan og austan; úr þessari vörðu sniðlínu í vörðu, sem stendur í miðri keldu í svokölluðum Grænflóa; varða þessi er hornmerki Múlalands að norðan og vestan móti Stóraósi og Grafarkoti; úr þessari vörðu móti Grafarkotslandi beina línu í vörðu, sem stendur sunnan til við há Enni; úr henni sömu línu í Hálfánarvörðu; úr henni í sömu línu í áður nefndan Strák á Stráksbrún. –

Haga, 28. júní 1899. –

B. Gunnlaugsson eigandi Múla

E. Jónsson fyrir hönd eiganda Gauksmýrar

Ólafur Ólafsson Björn Guðmundsson eigendur að nokkrum hluta Grafarkots.

Arnbjörn Bjarnarson ráðamaður nokkurs hluta af Grafarkoti.

Eigendur Reykja: Benedikt Th. Þórðarson (handsalað), Carl Möller. E. Jónsson.

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, 3. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 269, fol. 140. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891.

N^o 270.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Vatnshorn í Kirkjuhvammshreppi. –

Að vestan ræður sjónhending úr svo nefndri Merkjavörðu, sem er við Miðfjarðarvatn, í Lóklett; úr Lókletti upp í Gauksmýrarklakk, og að norðan ræður sjónhending úr Gauksmýrarklakk austur í Ystaklakk (sunnanvert í Fellsendanum), strýtuhol með kletti, á Bæjarbrúninni; þaðan ræður að austan sjónhending úr Fellsendanum í áður nefndan strýtuhol og suður í Fjárklett; þaðan sunnanvert á Nónhól, úr Nónhól sjónhending í stóran stein á lækjarbakkanum, sunnan undir Háubrekkuholti; og að sunnan ræður Reiðarlækur alla leið fram í Miðfjarðarvatn; úr því ræður vatnið.

Vatnshorni, 21. júlí 1890. –

Árni Snorrason. Ragnhildur Snorradóttir, eigendur Vatnshorns.

Magnús Jóhann Halldórsson, Sigurlína Guðmundsdóttir, eigendur Vatnshóls.

E. Jónsson, fyrir hönd eigenda Gauksmýrar.

I. Guðmundsson, fyrir hönd eigenda Þóreyjarnúps. –

Páll Pálsson, umráðandi Sporðs. –

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, 3. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 270, fol. 141. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

setttur.



1891.

N^o 271. –

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Stöpum í Kirkjuhvammshreppi.

Að sunnan ræður merkjum svo nefndur Markhöfði, er stendur við sjó skammt fyrir norðan ós á læk, er fellur úr Stapavatni, og frá nefndum Markhöfða bein lína í grjótvörðu á Langahjalla vestur undan Flóabyrgi; síðan er sama stefnulína austur á há fjall, er vötn að draga. Að norðan frá klöpp, er stendur í Marklækjarós, þaðan í klett, er nefndur er Einbúi; frá honum í Markdæld, sem stendur á neðstu brún fjallsins, þaðan í grjótvörðu, sem stendur í Rauðuskriðu; svo í stein, er stendur í svo kölluðum Brunahólum, merktur með stöfunum L.M.; frá þeim steini ræður há Bruni samhliða Þorgrímsstaðalandi í sömu línu og áður er um getið á há fjallinu. –

Stöpum, 24. maí 1890.

Eigendur: Árni Jónsson. Jón Pétursson.

B.G. Blöndal umboðsmaður yfir þjóðjörðunum Bergstöðum og Illugastöðum. –

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, 3. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 271, fol.141

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891 –

N^o 272.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Gauksmýri í Kirkjuhvammshreppi.

Að norðan mót Vatnshornunum, hinu efra og neðra, varða við Miðfjarðarvatn, sem er á nesi undan svo kölluðum Landhólma, þaðan í Lóklett, þaðan í Gauksmýrarklakk; mót Múla, í svo kallaðan Strák á Stráksbrún, þaðan í miðjan Grenshamar, sem liggur austur fyrir neðan Múlahrygg, þaðan í Merkjalaut austanhallt við svo kallaðan Fornastekk; úr Fornastekk í vörðu, sem er hornmerki milli Múla og Gauksmýrar; mót ytri og syðri Reykjum, úr nýnefndri vörðu í lítinn hól með stórum steini, sem er merktur L.M.; þaðan yfir Gauksmýrartjörn í syðsta vik, sem vatn fellur í kýlinn, og sem auðkennt verður með merkjavörðu; þaðan í lágan stein í syðsta Kænulækjardragi og þaðan sama sjónhending til Miðfjarðarvatns. –

Á sáttarfundum á Gauksmýri, 29. júlí 1890. –

Elín Jónsdóttir eigandi Gauksmýrar (hands.)

Eigendur Reykja: Carl Möller. Benedikt Th. Þórðarson (hands.). E. Jónsson.

B. Gunnlaugsson, eigandi Múla.

R. Snorradóttir, eigandi að Efravatnshorni (hands.)

Árni Snorrason, eigandi Neðravatnshorn.

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, 3. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 272, fol. 142

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891.

N^o 273.

Landamerkjaskrá fyrir Svertingsstöðum í Miðfirði í Ytri Torfustaðahreppi.

Að norðan milli Sanda og Svertingsstaða, úr Steinsstaða árgljúfri til vesturs rjettsýnis í Miðkúlu, hvar hún er hæst; úr Miðkúlu beina línu um vörðu á holtinu fyrir sunnan Möngulág í minni Gellishól; úr minni Gellishól, eptir nokkuð norðlægari stefnu, beint í stóra Gellishól, sem auðkenndur er með vörðu; þaðan til suðurs, móts við Mýra land, beina línu í Einbúa, sem er hóll austan til á Mýraás, þaðan beina línu í vörðu, sem er syðst á Mýrarás; úr nefndri vörðu á Mýrarás, – til austurs móts við Tjarnarkots land –, beina línu í vörðu á Stórahól, þaðan beina línu í vörðu hæst á melholti fyrir austan Steinsstaðaá; holt þetta er suðvestur af svo nefndum Krútjörnum; frá þessari línu ræður Steinsstaðaá milli Svertingsstaða og Melstaðar niður eptir til fyrst nefndra merkja, nefnil gljúfursins

Svertingsstöðum, 17. júní 1890.

Sigurður Jónasson eigandi Svertingsstaða. –

J. Skúlason, eigandi Sanda. –

Þorvaldur Bjarnarson, umráðamaður Mels og Tjarnarkots

P. Leví, fyrir hönd ómyndugra eigenda hálftrar jarðarinnar Mýra, og samkvæmt umboði eigenda hinar helftarinnar.

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli, 5. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 273, fol. 142. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891.

N^o 274.

Merkjaskrá fyrir Urriðaá.

Jörðin Urriðaá í Ytri Torfustaðahreppi innan Húnavatnssýslu hefur landamerki sem hjer greinir: Að norðan móti Torfustaðamönnum frá Miðfjarðará beina stefnu í vörðu á Helgahól austur í syðstu Brunavörðu; þaðan í austari stóra Jafnhól; þaðan til suðurs móti Fremri Fitjum í Sjónarhól; úr honum í mitt Grunnvatn; úr því vatni fellur Urriðaá, sem ræður mörkum að sunnan ofan til Miðfjarðaráar; ræður svo Miðfjarðará að vestan út til Langhólma, svo sú kvísl, er fellur fyrir austan nefndan hólma, og kölluð er Langhólmaqvísl, út á móts við áður greindan Helguhól.

Urriðaá, 24. maí 1890. –

Guðmundur Jónsson eigandi Urriðaár. –

Finnur Finnsson. Skarphjeðinn Finnsson eigendur Fremrifitja.

Hjörtur Línadal (eptir umboði) Baldv. Eggertsson

vegna eigenda að hluta úr Efri Torfastöðum.

Guðmundur Gísli Guðmundsson, Jóhann E. Einarsson,

eigendur og umráðamenn Torfustaða.

Ólöf Jónsdóttir eigandi að Bjargi. –

Að því er snertir Staðarbakkaland Þorvaldur Bjarnarson.

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli, 5. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 274, fol. 143.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891.

N^o 275.

Samföst eign Staðarbakkakirkju í Miðfirði Ytri Torfustaðahrepp, Húnavatnssýslu: Staðarbakki með Skarfshóli og Króksstöðum.

- 1.) Að norðan ræður merkjum milli Staðarbakka og Mels sjónhending úr norðurenda forns vatnsveitingaskurðs, er grafinn var vestur úr Teigakvíslinni, upp í Rauðugróf í Barðabrúnni þar beint vestur af; úr Rauðugróf sjónhending sunnanhallt við Þrætutóptarholt vestur um holt þau, er Ranhólagötturnar liggja eptir í stóran stein, merktan L.M., sem er á útnorðurhorni Staðarbakka lands, þar sem Staðarbakkaland mætir Ranhólalandi að vestan.
- 2.) Að vestan ræður merkjum milli Staðarbakkakirkju lands og Ranhóla sjónhending úr fyr nefndum landamerkjasteini á Hrísás, þar sem hann er hæstur; af Hrísás á vestanverða Bolahóla, af Bolahólum á Þórarinshól; er á milli Staðarbakkakirkju lands (Skarfshóls) og Búrfells, sjónhending af Þórarinshól efst í glöggan farveg Landamerkjælækjarins upp í Heygarðsholtsflóanum, ræður svo Landamerkjælækurinn ofan á móts við stóra flata klöpp, merкта L.M., sunnan í Hrísássendanum, en úr þeirri klöpp sjónhending í Landamerkjavörðu á efra Hríshól.
- 3.) Að sunnan ræður merkjum milli Staðarbakkakirkju lands (Króksstaða) og Brekkulækjar, sjónhending úr Landamerkjavörðunni á efra Hríshólum í Melalæk, þar sem hann fyrst fær skýran farveg vestur undan Stórhól, og ræður svo Melalækur alla leið merkjum þangað til hann fellur í Miðfjarðará sunnan undir landsuðurhorni Króksstaðamela fyrir austan syðsta ketilinn. –
- 4.) Að austan ræður merkjum Miðfjarðará austasti farvegur út undir svo nefnda Teigakvísl, en úr því ræður Teigakvísl til fyrst greindra merkja
NB. Staðarbakkakirkja á mánaðar selför fyrir búpening sinn í Aurriðadal (Búrfells og Ranhólalöndum.)
Mel, 20. júní 1890.
Þorvaldur Bjarnarson
sem umráðamaður Melskirkju eigna Mels, Ranhóla, Búrfells og Brekkulækjar.
Hjörtur Línal eptir umboði prófasts vegna Staðarbakkakirkjulands.

Jóhann E. Einarsson, eigandi Torfustaða. –
Karl Á. Sigurgeirsson, fyrir hönd Bjargs eiganda. –
Guðmundur Jónsson, eigandi Urriðaár (handsalað.)

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli, 5. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 275, fol 143-4 –

vottar:
Jóh. Jóhannesson
settur.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1891.

N^o 276.

Landamerkjaskrá fyrir Efri og Neðri Torfastaði

1. Að norðan og neðan á milli Torfastaða og Bergsstaða er bein sjónhending úr vörðubroti á Einstakahól fram flóann í Lækjarós, þá landamerkja farvegur þrýtur; ræður svo Landamerkjalækurinn upp á milli bæjanna, þar til farvegurinn þrýtur; þaðan ræður sjónhending í Miðnybbu á brúninni, í Grímsvörðu, úr Grímsvörðu beint í miðja Blátjörn. –
2. Milli Torfastaða og Reykja: Úr Blátjörn í Blátjarnarmel; úr Blátjarnarmel bein sjónhending í Grákolluholt, úr Grákolluholti beint austur í Miðfjarðarvatn; svo ræður vatnið austur í stein fyrir austan Riðavík.
3. Milli Sporðs og Torfastaða, úr steininum bein sjónhending upp í Kagaðarhól og þaðan sjónhending í vestanvert Bessaborgarhöfuð. –
4. Milli Hrísa og Torfastaða, úr Bessaborgarhöfði rjettsýni í Grjótholt, sem er skammt fyrir vestan Stóra-jafnhól, sem er hornmerki. –
5. Milli Urriðaár og Torfastaða úr Grjótholti bein sjónhending í syðstu Brunavörðu; þaðan rjettsýni í vörðu á Helguhól, og þaðan rjettsýni í Langhólmakvísl, er áður hafði verið aðalfarvegur Miðfjarðarár; ræður svo áður nefnd Langhólmakvísl út fyrir Eldhúshólma; ræður svo þessi kvíslar-farvegur, þar til hann lendir í aðalfarveg árinna; ræður svo áin þar til opnar sig hennar gamli farvegur, sem liggur til útvesturs fyrir sunnan og vestan Torfastaða teiga, ræður svo þessi kvíslarfarvegur, sem Miðfjarðará hefur átt að renna til forna, þar til hann lendir í aðalfarveg árinna fyrir utan áður nefnda Torfastaða teiga; ræður svo sjónhending til austurs í Miðgarðinn á Ísólfsmel, sem nú er almennt kallaður Trumbumelur; ræður svo Miðgarður á Trumbumel, og úr norðurenda Miðgarðsins rjett-sýni upp í vörðubrot á Einstakahól. –

Efri og Neðri Torfastöðum, 24. júlí 1890.

Jóhann E. Einarsson eigandi að parti í Neðri Torfastöðum. –

Guðmundur Gísli Guðmundsson sem eigandi og ábúandi á parti á Efri Torfastöðum.

Hjörtur Líndal sem umboðsmaður eiganda að parti úr Neðri og Efri Torfastöðum. –

Guðmundur Jónsson, eigandi Urriðaár.

Páll Pálsson umráðandi Sporðs. –

Benedikt Th. Þórðarson eigandi að hálfum Syðri Reykjum.

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða.

Þorvaldur Bjarnarson fyrir Mel og skipaður fyrir Staðarbakka.

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli, 5. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 276, fol. 144-5.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1891.

N^o 277.

Samföst eign Melskirkju í Miðfirði, Ytra Torfastaðahrepp, Húnavatnssýslu.

1. Melur í Miðfirði með hjáleigunni Svarðbæli:

Að sunnan ræður landamerkjum, milli Mels og Torfastaða, forn árfarvegur fyrir vestan Torfastaðateig, það á móts við, er áveizluskurður hefur verið grafinn úr þeim farveg vestur í árbakkann, úr þeim skurði, sem er á merkjum milli Mels og Staðarbakka, sjónhending í Rauðugróf í Barðabrúninni, þar beint vestur af, úr Rauðugróf sjónhending sunnanhalt við Þrætutóptarholt vestur um holt þau, er Ranhólagötturnar liggja eptir í stóran stein, merktan L.M, sem er á útnorðurhorni Staðarbakka lands, þar sem Staðarbakka land mætir Ranhóllandi að vestan, úr þeim steini ræður svo merkjum, milli Mels og Ranhóla, sjónhending á grjótvörðu hæst á Þrengslaholtinu, er liggur fyrir sunnan Urriðaá eða Sveðjustaðaá og myndar hin svo nefndu Þrengsl við ána, en Hríás að norðanverðu; að vestan ræður landamerkjum milli Mels og Tjarnarkots, sjónhending af Hríás beint norður af fyr nefndri Þrengslaholtsvörðu í hnausagrillu, sem er hlaðin upp norður og vestur af vestara Langholts endanum; sú hnausagrilla er hornmark milli Mels og Tjarnarkots, en Svertingsstaðir eiga þar land norður af; að norðan ræður merkjum, fyrst milli Mels og Svertingsstaða, sjónhending úr fyr nefndri grillu í grjótvörðu hæst á Kríutjarnarholtinu fyrir austan ána, en úr því að ánni (Aurriðaá eða Sveðjustaða á ^{Steinastaðaá}) nær, ræður hún merkjum milli Mels og Svertingsstaða, þangað til komið er í árkrókinn fyrir neðan Sandakúlu; úr því ræður áin enn merkjum milli Mels og Sanda, þangað til hún fellur í Miðfjarðará, en úr því ræður fyrir austan Aurriðaárnes milli þess og hólmanna vestasti farvegur Miðfjarðará norður að Langhólma, og þaðan til suðausturs milli Saurahólma og Ósshólma austur í austasta farveg Miðfjarðará; ræður svo merkjum að austan árinna austasti farvegur á móti Sauralandi, þangað til kemur suður undir svo nefnda Vestureyri, vestur undan Saurum; þá ræður merkjum forn árfarvegur fyrir norðan og vestan eyrina, úr því ræður svo aðalfarvegur árinna þangað til komið er fram að Kvíslamótum fyrir sunnan Vestureyri, þá farvegur árinna suður með Landeyrinni, og síðan suður með Laugarbökkum, eins og Reykir eiga land á móti; þegar komið er suður fyrir Laugarbakka, eiga Reykir land að vestasta farveg árinna upp á móts við Djáknasýkisós, ræður svo merkjum alla leið milli Mels og Reykja aðalfarvegur árinna eins og hún nú fellur, allt þangað til kemur suður að fyrst nefndum forna árfarvegi. – Undir Melskirkju liggja tvær varpeyjar á Hnútafirði, er Hnúteyjar nefnast, vestur af Tannstaðabakka, og sker suður af þeim, sem einnig er góður varphólmi. –

2. Tjarnarkot: –

Að austan ræður merkjum, milli Tjarnarkots og Mels fyr nefnd sjónhending af suðurenda Hríás við Þrengslin norður í hnausagrillu, hlaðna norður og vestur af vestara Langholtsendanum; að norðan ræður merkjum, fyrst milli Tjarnarkots og Svertingsstaða, sjónhending úr nýnefndri hnausagrillu í grjótvörðu á Stórhól, úr þeirri vörðu sjónhending vestur í syðstu vörðu á Mýrarás, – milli Tjarnarkots og Mýra –, þaðan beina stefnu vestur yfir vestari Vegarhólatjörn á Landamerkjahól; að vestan ræður merkjum, milli Tjarnarkots og Tannstaða, sjónhending úr steini, merktum L.M., sem er hornmark milli Tjarnarkots og Tannstaða, og sem er á sjónhendingarlínunni milli há Bessastaðahrauns og grillu í miðri



Landamerkjakeldu austur undan Stórhól; að sunnan ræður, milli Tjarnarkots og Sveðjustaða, sjónhending úr grjótvörðu á holti við Landamerkjakeldu fyrir sunnan Háubrekkufen í Náttmálahól, úr Náttmálahól sjónhending í Káphól, úr Káphól í Strút, úr Strút í ána (Aurriðaa) í Prengslunum suður undan syðra Hrisássenda. –

3. Sveðjustaðir: –

Að norðan ræður merkjum, milli Sveðjustaða og Tjarnarkots, sjónhending frá ánni í Prengslunum sunnan undir syðri enda Hrisáss í Strút, úr Strút í Káphól, úr Káphól í Náttmálahól, úr Náttmálahól í grjótvörðu á holti við Landamerkjakeldu fyrir sunnan Háubrekkufen; að vestan ræður merkjum milli Sveðjustaða að austan en Tannstaða, Tannstaðabakka, Reykja og Þóroddsstaða að vestan, sjónhending úr nýnefndri grjótvörðu í grillu í miðri Landamerkjakeldu austur undan Stórhól, úr þeirri grillu í stóran stein, merktan L.M. er stendur í tungu þeirri, er hinn forni og nýi farvegur Landamerkjálækjarins hefur myndað á brúninni fyrir sunnan Djúpadalinn, úr þeim steini þar sem skemmst er í hinn núverandi farveg lækjarins; ræður svo lækurinn merkjum meðan hann hefur skýran farveg, en úr því sjónhending suður eptir Landamerkjakeldu fyrir austan Stráka; þaðan bein stefna á Grettishaf á há Sandhólahrauni, þaðan sjónhending á Reiðtjarnarhól, og úr honum í Aurriðaa þar beint suður af, en að sunnan og austan ræður merkjum milli Sveðjustaða að norðan og vestan er Búrfells og Ranhóla að sunnan og austan Aurriðaa frá Reiðtjarnarhól allt norður í Þrengsli, þar sem mætast fjögur löndin, Mels, Tjarnarkots, Sveðjustaða og Ranhóla. –

4. Ranhólar: –

Að vestanverðu ræður merkjum milli Ranhóla og Sveðjustaða, Aurriðaa þaðan sem þjóðvegurinn á Hrutafjarðarhálsi liggur yfir hana, og norður í Þrengsli; að norðanverðu ræður merkjum milli Ranhóla og Mels sjónhending úr grjótvörðu hæst á Þrengslaholtinu í stein merktan L.M. við Ranhólaslóðirnar beint norður af Hrisás, þarsem hann er hæstur; að austan ræður merkjum milli Ranhóla og Staðarbakkakirkjulands sjónhending úr nefndum Landamerkjasteini á Hrisás, þar sem hann er hæstur, af Hrisás á vestanverða Bolahóla, af Bolahólum á Þórarinshól; að sunnan ræður merkjum, milli Ranhóla og Búrfells, þjóðvegurinn yfir Hrutafjarðarháls, frá því norðan undir Þórarinshól og þangað sem hann liggur yfir Aurriðaa, austur af löngu brúnni fyrir vestan ána. –

5. Búrfell: –

Að norðan ræður merkjum milli Búrfells og Ranhóla, þjóðvegurinn yfir Hrutafjarðarháls frá því norðan undir Þórarinshól og þangað til hann liggur yfir Aurriðaa; að vestan ræður merkjum milli Búrfells og Sveðjustaða Aurriðaa, frá því er þjóðvegurinn liggur yfir ána og þar til er hún fellur sunnan undir Reiðtjarnarhól; að sunnan ræður merkjum milli Búrfells og Huppahlíðar, sjónhending frá Aurriðaa, þar sem hún fellur sunnan undir Reiðtjarnarhól á sunnanverðan Moldbrekkuhól, þaðan sjónhending í Selhólstjörn, þaðan sjónhending í Háuvörðu, úr Háuvörðu sjónhending í Fjálág; að austan ræður merkjum milli Búrfells að vestan en Brekkulækjar og Staðarbakkakirkjueignar að austan, sjónhending úr Fjálág í Þrístapa, úr Þrístöpum sjónhending í landamerkjavörðu á efra Hríshól, úr þeirri merkjavörðu sjónhending í flata klöpp sunnan í Hrisásendanum, merkta +; út því ræður landamerkjálækurinn (Melalækurinn) meðan hann hefur glöggvan farveg upp í Heygarðsholtsflóa, en síðan ræður sjónhending efst úr farveg lækjarins upp í Þórarinshól. NB.



Staðarbakkakirkja á ítak á Aurriðadal, mánaðar selför fyrir búpening sinn, og snertir það að líkindum jafnt lönd beggja jarðanna, Búrfells og Ranhóla.

6. Brekkulækur: –

Að vestan ræður merkjum milli Brekkulækjar að austan, en Huppahlíðar og Búrfells að vestan sjónhending úr litla Bláhyl í Vesturárgili í stóra Bláhylshól, úr stóra Bálhylshól í Fjálág, úr Fjálág í Þrístapa, úr Þrístöpum sjónhending í Landamerkjavörðu á efra Hrísholti; að norðan ræður merkjum milli Brekkulækjar Krókstaða sjónhending úr nýnefndri Landamerkjavörðu á efra Hríshólnum (eða holtinu) í Melalæk, þar sem hann fyrst fær skýran farveg vestur undan Stórhól, og ræður svo Melalækur alla leið merkjum þangað til hann fellur í Miðfjarðará sunnan undir landsuðrhorni Krókstaðamela fyrir austan syðsta ketilinn; að austan ræður merkjum milli Brekkulækjar að vestan en Bjargs og Bjargshóls að austan Miðfjarðará austasti farvegur, þangað til komið er suður á móts við suðurenda Leirhöfða, þá ræður forn farvegur árinna, er fallið hefur sunnan með vestanverðri Ullareyri, suður fyrir suðurodda hennar, sem er í sjónhending frá Landamerkjalækjarós vestan til við suðurhorn Krókstaðamela, en beint vestur af; úr því ræður árinna austasti farvegur, þangað til komið er suður fyrir landsuðrhorn Brekkulækjarhólma (Rjettarhólmans); að sunnan ræður merkjum milli Brekkulækjar að norðan en Bjargshóls og Litlutungu að sunnan Miðfjarðará austasti farvegur til ármóta Miðfjarðará og Vesturá, en úr ræður Vesturá upp í fyr nefndan litla Bláhyl.

Mel 20. júní 1890.

Þorvaldur Bjarnarson prestur að Mel.

Framanskriðuð merki Mels og aðliggjandi kirkjujarða samþykkja:

Ólöf Jónsdóttir, eigandi Bjargs. –

Sigfús B. Guðmundsson, eigandi Bjargshóls. –

P. Leví, fyrir hönd ómyndugra eigenda hálfra Mýra og samkvæmt umboði eigenda hinnar helftarinnar. –

Hjörtur Línal, eigandi Litlutungu, og eptir umboði prófasts vegna Staðarbakkakirkjulands.

Jón Jónsson, eigandi Huppahlíðar. –

Jón Brandsson eigandi Tannstaða. –

Einar Skúlason eigandi Tannstaðabakka. –

Þorvaldur Ólafsson ábúandi Reykja. –

S. Árnason, ábúandi Þoroddsstaða. –

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyrakl.jarða. –

Jónas Bjarnason, eigandi Saura. –

J. Skúlason, eigandi Sanda. –

Benedikt Þórðarson eigandi að hálfum Syðri Reykjum. –

Sigurður Jónasson eigandi Svertingsstaða. –

Í umboði Carls Möllers, eigandi að Ytri Reykjum og hálfum Syðri Reykjum: –

Þorvaldur Bjarnarson.

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli, 5. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 277 – fol. 145-148.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891.

N^o 278.

Merkjaskrá fyrir jörðinni Stóra Ósi í Ytri Torfastaðahreppi. –

Að norðan upp frá ósnum skammt fyrir utan Króksá; er bein lína eptir gjörðum merkjavörðum upp í klett við Króksá, sem nefndur er Vigguklettur; þaðan ræður áin til Lestalækjar, svo lækur sá um lítinn spöl upp á móts við merkjavörður milli Stóra Óss og Grafarkots, og svo eptir þeim í suðaustur, skammt fyrir ofan Króksá og í vörðu á Grænaflóa á suðvesturhorni Grafarkotslands; þaðan sniðlínu til útsuðurs í vörðu rjett niður frá Stóragrásteini; úr þeirri vörðu til vesturs í nefndan stein, úr þeim steini rjettsýni vestur yfir hálsbunguna norðanverða í vörðu sem nefnd er Glymjandi, þaðan í stóran stein vestan við veginn milli Óss og Saura, sem nefndur er Kerling, þaðan beina stefnu í stóran stein við Miðfjarðará og svo vestur farveginn fyrir sunnan Óshólma og Langhólmatá, svo að hólmar þessir til heyra Stóra Ósi; ræður svo vestasti farvegur Miðfjarðará norður í ós, en úr því ósinn norður til móts við fyr greindar merkjavörður. –

Alla á jörðin veiði fyrir sínu landi, og engin önnur jörð á nein ítök til lands eða vatns innan hjer greindra merkja. –

Stóra Ósi, 1. dag júnímánaðar 1890.

Arnbjörn Ólafsson

Framanskriðuð merki samþykkja:

Eggert Ámundason, eigandi Litla Óss. –

Sveinn Guðmundsson, Signý Magnúsdóttir, eigendur Vigdísarstaða.

Björn Gunnlaugsson, eigandi Múla.

Ólafur Ólafsson, Björn Guðmundsson, eigendur Grafarkots.

Jónas Bjarnason, eigandi að Saurum.

Jón Skúlason, eigandi Sanda.

Þorvaldur Bjarnarson, umráðamaður Mels. –

Lesið upp á manntalsþingi að Svarðbæli, 5. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 278 fol. 148.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 279

Landamerkjaskrá jarðarinnar Fosskots í Fremri Torfastaðahreppi í Húnavatnssýslu.

Að norðan ræður Kotlækur frá Núpsá merkjum milli Efranúps upp á há brún, þá ræður bein stefna vestur Kotlækjardrög, fyrir sunnan Kotlæk, vestur í vörðu á melhól, sem er suður af Miðhæðum; þá ræður bein lína vestur í stóra Kistuvatnshól, sem er hornmerki fjöggra jarða: Dalgeirsstaða, Lækjabæjar, Efranúps og Fosskots. Úr Kistuvatnshól ræður bein lína fram hálsinn fram til Túnaselja við Vesturá undan Öfundarfitjum, sem er hornmerki að sunnan og vestan; þá ræður bein lína austur hálsinn í Lambás; þá ræður Lambás ofan undir Núpsá; eptir það ræður Núpsá merkjum út að Kotlæk. –

Fosskoti 19. júlí 1890. –

Jón Jónsson (eigandi Fosskots.)

Ofanritaðri landamerkjaskrá erum við samþykkir:

Hjörtur Líndal, eigandi Efranúps.

Stefán Sveinsson, eigandi Dalgeirsstaða.

Þorvaldur Bjarnarson (sem umráðamaður Lækjabæjar.)

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, 8. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 279 fol 149.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 280

Landamerkjaskrá fyrir bændaeygninni Bjargslandi í Fremra Torfastaðahreppi í
Húnavatnssýslu. –

Að norðanverðu ræður Aurriðaá frá Miðfjarðará upp að Grunnvatni, frá Grunnvatni ræður Móalækur suður í Hólmavatn, og liggja merkin eptir Hólmavatni þannig að vestari hólminn í vatninu liggur undir Bjarg; frá vatninu ræður Hamralækur suður á móts við Grettistak; þaðan til vesturs sjónhending um Grettistak í vörðu á há Austurhömrnum; úr fyrnefndri vörðu sjónhending í stein sunnantil á Berjabrekkuhól merktan L.M.; sömu stefnu úr steininum ofan í Duflukeldu; ræður svo vestara drag Duflukeldu í hnausagrillu upp undan Selgilsbotni, þaðan til norðurs í aðra hnausagrillu, sem er hjá tjarnarpolli, og úr síðarnefndri grillu til vesturs í neðra krók Selgils; þaðan ræður Selgislækur þangað til hann kvíslast í Spottanum við vörðu, og þaðan ræður sjónhending í aðra vörðu norðantil á Spottaholti, þaðan í grillu ofan til við Landamerkjalæk, úr því ræður lækurinn til Miðfjarðará; ræður svo merkjum austasti farvegur Miðfjarðará út á móts við suðurodda Ullareyrar sem er í sjónhendingu frá Landamerkjalækjarós vestan til við suðurhorn Króksstaðamela, þar norður af ræður sá farvegur árinna, er liggur norður með Ullareyri að vestan, þangað til farvegirnir mætast fyrir norðan Ullareyri við sunnanverðan Leirhöfða, úr því ræður Miðfjarðará merkjum norður að Aurriðaárós. –

Bjargi 20. júlí 1890.

Ólöf Jónsdóttir, eigandi jarðarinnar.

Guðmundur Jónsson, eigandi Urriðaár. –

Gísli Magnússon, Fremri Fitjum.

Finnur Finnsson, Finnmörk. –

Skarphéðinn Finnsson, handsalað. –

Sigfús B. Guðmundsson, eigandi Rófu og Bjargshóls. –

Þorvaldur Bjarnarson,

umráðamaður Brekkulækjar, og settur umráðamaður Staðarbakkajarða. –

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, 8. júní 1891 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 280 fol. 149. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 281.

Landamerkjalyýsing jarðarinnar Bjargshóls

Sunnantil við Bjargseyrar fellur lækur úr austri ofan í Miðfjarðará sem nefnist Landamerkjælækur, sem er fyrir austan Brekkulækjarhólma utanverðan, og er það útnorðurhorn Bjargshólslands, í austasta farveg árinna; síðan skiptir landi lækur sá, milli Bjargshóls og Bjargs alla leið upp sunnan til við Arnarhóla og sunnanhalt við Digurhól, þar austur í lón, sem er þar í læknum og er þar hnausgrilla; svo í vörðubrot utarlega á Spottaholti, svo beina sjónhending austur í Selgil, svo ræður Selgilið fyrst vestantil og austur í gráan stein, sem er á áshalanum, og austur í hnausagrillu hjá syðsta tjarnarpólli, sem er skammt fyrir ofan steininn, og er það landnorðurhorn Bjargshólslands; svo beina sjónhending suður í Duflukeldu, og er þar hnausagrilla; síðan ræður vestara drag Duflukeldu fram á móts við svo kallaðan Heygarð, síðan til vesturs beina stefnu í Karl, svo beina sjónhending ofan í Miðfjarðará austantil við Litlutunguhólma, og er það útsuðurs hornmerki Bjargshólslands; síðan ræður miðkvísl árinna, og er svo samið, að svo langt sem Bjargshóll og Litlatunga eigast lönd á móti, sje helmingaveiði í ánni; frá ármótum ræður svo austasti farvegur Miðfjarðará, fyrir austan Brekkulækjarhólma út á móts við fyr nefndan Landamerkjælækjarós. –

Rófu 28. júní 1890. –

Sigfús B. Guðmundsson, eigandi. –

Ólöf Jónsdóttir, eigandi Bjargs.

Þorvaldur Bjarnarson, umráðamaður Brekkulækjar.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpðalstungu, 8. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 281, fol. 150. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur



1891. –

N^o 282.

Landamerki Fallandastaða í Staðarhrepp, sem eru eign Melskirkju í Miðfirði

Að norðan ræður merkjum milli Fallandastaða og Þóroddastaða sjónhending úr Landamerkjapúfu niðri við sjó í svo nefndum Spotta, í Grástein nálægt efri slóðinni í Spottanum; úr Grásteini sjónhending í Hæðavörðu, úr henni sjónhending í Vatnhól, úr Vatnhól í Klettaborg; að austanverðu ræður merkjum milli Fallandastaða að vestan en Huppahlíðar og Kollafoss að austan sjónhending úr Klettaborg í þúfu, er ber rjettsýnis í nes, er skerst sunnan í syðra Landamerkjavatn, úr nesi því sjónhending í Hvalhól; að sunnan ræður merkjum milli Fallandastaða og Oddastaða sjónhending úr Hvalhól í Fífilhól, úr Fífilhól sjónhending í Merkjastapa, úr Merkjastapa sjónhending í Hrútsvörðu, úr Hrútsvörðu sjónhending í Grjóthól, úr Grjóthól, sjónhending í Grástein, úr Grástein bein stefna til sjáfar; að vestan ræður Hrútafjörður merkjum fyrir Fallandastaðalandi. –

Mel, 12. apríl 1889.

Þorvaldur Bjarnarson

S. Árnason, ábúandi Þóroddastaða. –

Guðrún Jónsdóttir, eigandi Kollafoss. –

Jón Jónsson, eigandi Huppahlíðar. –

Sveinn Jónsson, eigandi Oddastaða. –

Lesið á manntalsþingi að Þóroddstöðum 10. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 282 fol. 150. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 283.

Landamerki jarðarinnar Bálkastaða í Staðarhrepp. –

1. Að norðanverðu: Sjónhending úr Arnstapa í vörðu ofan til við götuna, þaðan sjónhending í Prísteina á hálsbrún, þaðan beina sjónhending yfir Grensvatn og Illuflá í Helganybbu austustu. –
2. Að austanverðu, úr áður nefndri Helganybbu í Barnhússás hinn eystri. –
3. Að sunnanverðu, úr eystri Barnhússás sjónhending í vörðu norðanvert við Votukeldu, þaðan sjónhending í nybbu á Hesthól, síðan í nybbu á gilsbakka Sýkár framantvert við svo nefndan Landamerkjælæk, og hefur sú nybba verið nefnd Fuglstapi. –
4. Að vestanverðu ræður Sýká frá Fuglstapa til Arnstapa. –
Bálkastöðum 1. júní 1885. –
eigandi að Bálkastöðum Ólafur Brandsson.

Samþykkur fyrir heimaland Staðar í Hrútafirði: Páll Ólafsson, prestur á Stað. –

Húks umboðsmaður: Lárus Eysteinnsson

Eigandi jarðarinnar Foss: Jón Jónsson. –

Lesið á manntalsþingi að Þóroddstöðum, 10. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 283 fol. 151. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1891. –

N^o 284.

Landamerki Bálkastaðaspottans. –

Að utanverðu ræður Fitjalækur upp frá Sýká, þar til bugur verður á honum; þaðan ræður Hyrnuás, gegnt Prísteinavatnshrygg; þaðan sjónhending suður í Erringafannabrún; þaðan ræður sjónhending úr vesturenda Erringafanna í bug á Brennkvísl, skammt fyrir ofan Brennkvíslarhól; ræður síðan Brennkvísl til Sýkár, og Sýká til Fitjalækjar. –

Vatni, 11. okt. 1890.

Sem eigari Bálkastaða Ólafur Brandsson. –

Samþykkur fyrir Staðarkirkjuland: Páll Ólafsson. –

Samþykkur fyrir Staðarbakkakirkju: Eyjólfur Kolbeins.

Jón Jónsson, eigandi Foss. –

Lesið upp á manntalsþingi að Þóroddsstöðum, 10. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 284, fol. 151. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1892.

N^o 285.

Landamerki fyrir kristfjórðinni Hamri í Svínavatnshreppi.

Að sunnanverðu móts við Ásaland ræður Gálgagil, svo úr því til austurs bein stefna í Blöndu; svo ræður merkjum til vesturs lítill lækur eða keldudrag, er fellur í Gálgagil úr Ásatjörn; síðan eru merki yfir Ásatjörn norðantil og í vörðu, er stendur í holti upp undan tjörninni, og er sú varða í beinni stefnu til vesturs úr áður nefndum kelduós, sem fellur úr Ásatjörn; svo liggja merki þess til norðurs móts við Búrfellslönd í beina stefnu frá hinni nefndu vörðu, og í vörðu vestanvert á melhól í Messuvegsholtum, síðan í vörðu er stendur austanvert við kelduós þann, er fellur úr Búrfellstjörn, svo ræður bein stefna í vörðu á Háuborg, svo enn til norðurs þar til kemur upp undan syðra horni Stóruborgar, síðan eru merkin til austurs móts við Gunnfríðarstaðaland að norðan bein stefna úr syðra horni Stóruborgar í uppsprettu-dýjalæk norðan til í Keldudal, svo eptir læk þeim þar til hann fellur í Blöndu. –

Lárus Blöndal, umráðamaður Hamars. –

Guðmundur Erlendsson vegna Stórabúrfells. –

Jósep Jóhannsson vegna Litlabúrfells.

Þorleifur Erlendsson, vegna Stórabúrfells. –

Guðmundur Klemensson, vegna Stórabúrfells

Daníel Sigurðsson, vegna Ása. –

Ingibjörg Guðmundsdóttir vegna Stórabúrfells. –

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni 19. maí 1892 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 285, fol. 152. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1892.

N^o 286

Landamerki fyrir jörðinni Mosfelli í Svínavatnshreppi

Að sunnan, móts við Geithamra land, eru merki úr vörðu, er stendur á bakkanum við Svínavatn og í stein rjett þar fyrir ofan er verða höggvir á stafirnir L.M.; svo liggja merki í lækjardrag rjett fyrir sunnan Einbúa, þaðan upp í Merkjælæk, sem fellur ofan Berjabrekku, svo úr Merkjælæk beina línu upp í há hnjúk, (Miðdegishögg); þá liggja merki til norðurs út háfjall og í miðja Jórunnarskál, svo ofan miðja hólana, sem eru fyrir neðan skálina; síðan eru merki ofan með Merkikeldu, eins og vörður til vísa, ofan til Svínavatns á móts við Reykjaland; liggur svo land með Svínavatni allt á móts við fyrst nefndu vörðu á vatnsbakkanum. –

Mosfelli, 1. febr. 1891. –

E. Halldórsson eigandi Mosfells og Reykja. –

Þorsteinn Þorsteinsson, umráðamaður Geithamars. –

Lesið upp á manntalsþingi að Svínavatni, 19. maí 1892 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 286, fol. 152. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1892.

N^o 287.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Syðriþverá

Austast að sunnan ræður merkjum varða, er stendur við Klambraá og frá henni bein lína til vesturs í grjótvörðu, er stendur á holti rjett fyrir norðan klettinn Grilli; þaðan sama lína sunnan til í kletta þá eða hamra, sem liggja framan undir efri Nautahjalla, og beint til fjalls, norðanvert á Nónfell; svo eptir því sem vötn að draga til Þverár, og ræður hún svo merkjum alla leið, ofan á móts við Neðriþverár tún, þar sem það gengur lengst til suðurs; þaðan bein lína í grjótvörðu, er stendur við Mýrarlæk eða Klambraá, sem er hið sama og ræður merkjum fram að þeirri fyrst nefndu vörðu. –

Syðriþverá 28. júlí 1890. –

B. Jónsson, ábúandi.

Guðný Sigurðardóttir eigandi. –

Samþykkir landamerkjaskrá þessari erum vjer:

P.S. Þorláksson, eigandi Neðriþverár. –

E.Ó. Jónsson, eigandi Efriþverár. –

P.J. Halldórsson eigandi að parti af Harastöðum og sem fjárráðamaður Ingfinnu Bjarnadóttur.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, 31. maí 1892, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 287 fol. 153. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1892.

N^o 288

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Klömbrum í Þverárhreppi.

Að norðan eru merki milli Harastaða og Klambra úr vörðu við Vesturhópsvatn í vörðu á Mýrarholti, þaðan í garðspotta í flóanum og skurð, er liggur upp undir túnið á Harastöðum; þaðan upp með ánni gegnt vörðu á Árhól, þaðan upp í neðri Hrafnabjörg og þá beint vestur á há fjall. –

Að sunnan eru merki, milli Klambra að norðan og Hvals og Breiðabólstaðar að sunnan, úr vörðu við Vesturhópsvatn skammt fyrir sunnan Ljósaskjónu sýki beina sjónhending í vörður tvær í flóanum og í vörðu á há Hvolsholti; þaðan beina sjónhending um Einbúa í Settu, þaðan beina stefnu upp á há Sótafellskúlu; þá í vestur eptir há fjallinu, vestur á þröskuldinn milli Ormsdals og Heydals og beina stefnu úr vestanverðum Þröskuldi í grjótvörðu vestanvert á Þrælfellshala.

Klömbrum, 30. maí 1892.

P.J. Halldórsson

eigandi Klambra og ábúandi; eigandi að parti af Harastöðum og umráðamaður fyrir hönd stúlkunnar Ingfinnu Bjarnadóttur, sem er eigandi að parti af Harastöðum. –

G.J.Ó. Halldórsson prestur að Breiðabólstað.

Bjarni Bjarnarson eigandi og ábúandi að Hvoli. –

Guðmundur Snorrason, eigandi að parti á Harastöðum og ábúandi. –

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg 31. maí 1892, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 288 fol. 153

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1892.

N^o 289.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Breiðabólstað, í Þverárhreppi, sem er eign Breiðabólstaðarkirkju, ásamt hjáleigum hennar: Fossi og Bjarghúsum.

Að sunnan ræður merkjum Grundará upp eptir Heydal, vestur á fjall, eins og vötn að draga og ofan í Reiðarlæk; þaðan (frá ármótunum) ræður Reiðarlækur suður eptir að syðra Mómelahorni, þaðan bein lína austur í Óspakshelli vestan í Bjarghúsabjörgum; að austan ræður merkjum norður eptir vestari brún þessara bjarga og, er þeim sleppir, þá bein lína úr hæstum björgum norðaustur á mel þann á Síðutagli er Nýpukotsvegurinn liggur um, og þaðan hæst taglið út í Faxalækjarós. Að norðan ræður merkjum Vesturhópsvatn, og upp frá því neðri Kýrlág; en er henni sleppir, þá bein lína frá vörðu, er stendur efst í láginni upp í vörðu, er stendur sunnaní Lágabergi; úr þeirri vörðu aptur bein lína í efri Kýrlág og upp úr henni bein lína í Sótafellskúlu norðanverða; frá kúlunni ræður há fellið vestur í Þröskuld milli Heydals og Ormsdals, og úr vestanverðum Þröskuldinum bein lína í vörðu vestanvert á Þrælfellshala. Að vestan ræður Þrælfellshali og hæst fjall. –

Breiðabólstað, 30. maí 1892.

G.J.Ó. Halldórsson prestur að Breiðabólstað. –

P.J. Halldórsson eigandi að Klömbrum og ábúandi. –

Bjarni Bjarnarson eigandi og ábúandi.

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, 31. maí 1892, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 289, fol. 154. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1892.

N^o 290.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hvoli í Þverárhreppi.

Að norðan eru merki milli Hvols og Klambra úr vörðu við Vesturhópsvatn, rjett fyrir sunnan Ljósaskjónusýki, beina sjónhending í vörður tvær í flóanum í vörðu á há Hvolsholti, þaðan beina sjónhending um Einbúa í Settu, þaðan beina stefnu upp í Sótafellskúlu. – Að sunnan eru merki milli Hvols og Breiðabólsstaðar frá Vesturhópsvatni upp eptir Kýrlág í vörðu efst í Kýrlág og þaðan beina sjónhending í vörðu á Lágabergi; þaðan beina sjónhending í efri Kýrlág, og þaðan aptur beina stefnu upp í Sótafellskúlu norðanverða. –

Hvoli, 30. maí 1892. –

Bjarni Bjarnarson eigandi og ábúandi á Hvoli. –

P.J. Halldórsson eigandi og ábúandi á Klömbrum

G.J.Ó. Halldórsson prestur á Breiðabólsstað. –

Lesið upp á manntalsþingi að Stóruborg, 31. maí 1892, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 290, fol. 154. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1892. –

N^o 291. –

Landamerkjaskrá fyrir heimalandi jarðarinnar Efranúps í Fremri Torfastaðahreppi í
Húnavatnssýslu

Frá Núpsá að austanverðu ræður bein lína upp til svo nefndrar Rjúpnalágar (Rjúpnadældar); þá ræður Rjúpnalág merkjum upp Brekkur og sama stefna frá henni uppí Merarhamra við Messuskarð; þeir eru hornmerki á norður og austur horni landsins, milli jarðanna Neðranúps og Hnausakots. Frá Merarhömrum ræður bein lína fram Steinheiði í þrjá steina, sem nefndir eru Bræður; frá Bræðrum ræður bein lína fram hálsinn í Grjóthól við Þorvaldsá, sem nefndur er Kastali; hann er hornmerki að austan og sunnan milli heimalandsins og Efranúpsheiðar og jarðarinnar Bjargastaða. Frá Kastala ræður bein lína vestur á Kvíslavatnsás í stein, sem merktur er L.M. steinn þessi er hornmerki heimalandsins að sunnan og vestan milli Þverár; frá steini þessum ræður bein lína norður hálsinn í Hestvatn og Hestlækjarós; frá því ræður sama stefna norður hálsinn í Hestlæk fyrir sunnan Skollhólsflá, eptir það ræður Hestlækur til Þverárvatns og bein lína yfir vatnið í ósinn á Þverá; þá ræður Þverá merkjum í Núpsár. Að vestanverðu við Núpsá milli Fosskots og Efranúps ræður Kotlækur merkjum frá Núpsá upp á brún þaðan ræður bein lína merkjum vestur hálsinn í vörðu á melholti suður af Miðhæðum; frá nefndri vörðu ræður bein lína í stóra Kistuvatnshól, sem er hornmerki milli Efranúps, Fosskots, Lækjabæjarlands og Dalgeirsstaða; frá Kistuvatnshól ræður bein stefna norður hálsinn í Núpsvatn, sem er hornmerki milli Neðranúps og Efranúps; frá Núpsvatni ræður bein lína austur hálsinn merkjum milli Núpanna í Maratjörn, frá Maratjörn bein stefna í Áshólsgil; þá ræður Áshólsgil neðra merkjum niður til Núpsár

Samkvæmt gömlum máldrögum og nýgjörðum samningum eru ítök þessi:

1. Efrinúpur á samkvæmt vísitáti Steingríms biskups skálagjörð tveimur mönnum við Arnarvatn, eða rúm í skála þar og eldivið sem þarf, og tveggja króka hald í vatni. –
2. Samkvæmt dómi 14. júní 1724 upplesnum fyrir rjettinum, sem haldinn var á Skriðnesenni, settu áreiðarþingi, af Orni Daðasyni, sömuleiðis í lögrjettu upplesinn þann 13. júlí 1726 af S. Sigurðssyni –, á kirkjan fimm hdr. í reka á Skriðnesenni við Bitrufjörð móti Staðarbakkakirkju til helminga skipta, milli Stigakletts og Rauðuskriðu. Sömuleiðis á Efrinúpur torfskurð í Neðranúps jörð, svo sem þarf; einnig tveggja mánaða beit fyrir geldfje milli Rjúpnalágar og Breiðulágar, sem er næsta dæld fyrir utan yzta Sandhól, þaðan rjettsýnis upp í borgir fyrir utan Messuskarð. Að vestanverðu við Núpsá eiga Núparnir sameiginlegt beitiland frá Áshólsgili neðra út á svo kallaðan Beinabakka við Núpsá, þaðan beina línu vestur á Seljafjall; enn aptur á móti þessu á Neðrinúpur upprekstur fyrir geldfje á Önundarfitjar á Núpsheiði, hvannskurð og grasaleitar.
3. Upprekestur á Efranúpsheiði hafa ábúendur þessara jarða mót síðarnefndri borgun:
 1. Núpdalstunga, heiðartollur þaðan fyrir hvert ár 10 áln.
 2. Torfastaðir í Núpsdal - - - 7 -
 3. Haugur - - - 7 -
 4. Speni - - - 6 -
 5. Litlatunga - - - 5 -
 6. Þverá í Núpsdal - - - 4 -



Efranúpi, 28. maí 1892.

Hjörtur Líndal, eigandi Efranúps og Hnausakots

Framanskráða merkjaskrá samþykkjum vjer undirskrifaðir hlutaðeigendur: –

Sesselja Ingibjörg Jónsdóttir eigandi Bjargarstaða (handsal.) –

Jón Jónsson eigandi Fosskots. –

Stefán Sveinsson eigandi Dalgeirsstaða. –

Jón Hafliðason eigandi Neðranúps (handsal.)

Jósefína Jósefsdóttir eigandi Þverár í Núpssdal. –

Guðfinna Jónsdóttir eigandi Núpssdalstungu. –

Jón Jónsson eigandi Torfastaða. –

Jóhann Ásmundsson eigandi Haugs. –

Lesið upp á manntalsþingi að Núpssdalstungu, 7. júní 1892, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 291, fol. 155 og 156.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1892.

N^o 292.

Landamerkjaskrá Efranúpsheiðar

Að austan milli Aðalbólsheiðar ræður Þorvaldsá frá svo nefndum Kastala fram í Þorvaldsvatn; þá ræður bein lína yfir vatnið suður heiði ofan til við Dýjaskurði yfir Hraungarða að Strípalónslæk rjett fyrir ofan Hávaðavötn; frá Strípalónslæk ræður bein lína vestur í stóran stein á Hraungörðum; steinninn er merktur L.M., sem þýðir landamerki; frá þessum steini ráða Gnúpdælagötur merkjum suður á móts við Urðhæðavatn, þá ræður bein lína merkjum yfir Urðhæðavatn og um tanga, sem fram í vatnið gengur í stóra Hvannstóð sem er við vesturenda Urðhæða; úr stóra Hvannstóði ræður bein lína merkjum vestur heiði fyrir norðan Kvíslavötn í Flóavatn hið stóra, og er það hornmerki Efranúpsheiðar að sunnan og vestan; frá Flóavatni ræður bein lína norður Flóakvísl, eptir það ræður Flóakvísl merkjum þar til hún fellur í Blöndukýl; þá ræður Blöndukýll merkjum þar til hann fellur í Vesturárvísl, þá ræður Vesturárvísl merkjum út að Galtarseli eða Túnaseljum, sem eru við kvíslina, þar sem hún beygist í vestur utanvert við Öndarfitjar, og er það norðvesturhornmerki heiðarinnar; þá ræður bein lína merkjum austur á Lambás, eptir það ræður Lambás til Núpsár; þá ræður Núpsá þar til Kvíslvatnkvísl fellur í hana, eptir það ræður Kvíslvatnkvísl til Kvíslvatna, þá bein lína úr Kvíslarósnum yfir vatnið í stein, sem er á ásum milli vatnanna, merktur L.M. (landamerki); frá þessum steini ræður bein lína austur í áður nefndan Kastala við Þorvaldsá sem er hornmerki að norðan og austan Núpsheiðar. –

Efranúpi 16. febrúar 1891.

Hjörtur Líndal eigandi Efranúps. –

Framanskriafaðri merkjaskrá erum vjer samþykkir:

Benedikt Jónsson, eigandi Bjargarstaða

Jón Jónsson eigandi Fosskots.

Samþykkur vegna prestsetursins Gilsbakka í Hvítársíðu

Magnús Andrjesson prestur að Gilsbakka. –

Samkvæmt umboði, sem hreppsnefndirnar í Hvítársíðuhreppi, Stafholtstungnahreppi, Þverárhlíðarhreppi og Norðurárdalshreppi hafa gefið mjer, samþykki jeg framanskriafaða landamerkjaskrá fyrir hönd hreppsnefnda þessara sem umráðenda Þverárrjettar upprekstrarlands.

Magnús Andrjesson oddviti í Hvítársíðuhreppi. –

Framanskriafaðri merkjaskrá samþykkur

Sigurður Benediktsson eigandi Aðalbóls –

Sömuleiðis Jósefína Jósefsdóttir, eigandi Þverár í Núpsdal

Sömuleiðis Eyjólfur Kolbeins sem umráðamaður Húksheiðar og Lækjabæjar.

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, 7. júní 1892 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 292 fol. 156-57. –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1892.

N^o 293.

Landamerkjalysing.

Vjer sem ritum nöfn okkar hjer undir höfum komið okkur saman um landamerki þessi fyrir Aðalbóli, sem nú skal greina:

Að norðan ræður Haugslækur þar til hann beygist í landnorður, fyrir norðan svo nefndan Sýkishól; þá bein stefna í tvo steina með litlu millibili, er standa á svo kölluðum Bruna og sama stefna austur í Fitjá; þá ræður Fitjá alla leið þar til hún er komin í hánorður frá Geiraldsgnýpum; þá bein stefna fram há Geiraldsgnýpur og yfir Búðará og fram fyrir austan Hliðskjálfr fram í Rjettarvatn og bein stefna yfir það fram í Fjárundurdráttartanga til móts við Sunnlendinga; þá vestur hæðir bein stefna í stein merktan L.M. sem stendur á svo kallaðri Svarthæð fyrir suðvestan Arnarvatn stóra þaðan bein stefna norðan til yfir Gunnarssonavatn vestur norðanvert með Hlíðarvatni beina stefnu vestur heiði og yfir Strípalónslæk rjett fyrir ofan Hávaðavatn; þaðan beina stefnu norður yfir Hraungarða, ofantil yfir Dýjaskurði, beina stefnu fyrir austan Lestaveg norður í suðurhorn á Þorvaldsvatni, þaðan í fremri ósinn á Þorvaldsá; svo ræður Þorvaldsá ofan í Austurá, þá Austurá að fyr greindum Haugslæk. –

Ítök, sem hvíla á Aðalbólseign eru þessi:

Skárastaðir eiga frían upprekstur fyrir hross og fje á Aðalbólshéiði, silungsveiði og grasatekju.

Húsafellskirkja á silungsveiði í Sesseljuvík í Arnarvatni stóra; það er úr tanga, sem gengur sunnan í mitt vatnið, þvert vestur yfir útsuðurhorn vatnsins. –

Samþykkir:

Sigurður Benediktsson eigandi Aðalbóls

Sigurgeir Pálsson eigandi og ábúandi Skárastaða

Páll Pálsson. Þórður Jónsson umráðendur Víðidalstungu.

Samþykkir:

Þorsteinn Magnússon, hreppsnefndarmaður í Hálsahreppi. –

Jón Magnússon, oddviti í Hálsahreppi. –

Guðmundur Sigurðsson, hreppsnefndarm. í Hálsahr. –

Einar Magnússon, oddviti í Reykholtsdalshr. –

Guðmundur Helgason, prestur í Reykholti. –

Þórður Sigurðsson hreppsnefndarmaður í Reykholtshr. –

Bjarni Þorsteinsson hreppsnefndarmaður í Reykholtsdalshr. –

Ennfremur eiga allir Austursíðumenn fyrir framan Króksá upprekstur fyrir geldfje sitt og hross á Aðalbólshéiði mót fullri borgun. – Einnig á Efranúpskirkja tveggja króka hald á Arnarvatni stóra. –

Samþykkir: Sigurður Benediktsson (eigandi Aðalbóls.)

Framanskrifaða landamerkjaskrá samþykkir H. Línadal eigandi Efranúps. –

Lesið upp á manntalsþingi að Núpdalstungu, 7. júní 1892, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 293, fol. 157-158. –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

vottar:
Jóh. Jóhannesson
settur.



1892. –

N^o 294. –

Skrá yfir „Ítök Staðarkirkju“ í Hrutafirði

1. Landstykki

á vestanverðu Sljettafelli. – Merkin eru þessi: Að norðanverðu ræður Brennkvísl, þar til bugur verður á henni fyrir ofan Brennkvíslarhól; úr bugunum sjónhending í vesturenda Erringafanna. Að vestanverðu ræður Sýká svo langt fram sem farvegur hennar liggur í suður, þaðan sjónhending í svonefndan Garð. Að sunnan ræður Garður austur á móts við Skiptabrekku; að austanverðu sjónhending úr Garðinum og Skiptabrekku yfir vestanvert Sljettafell norður í Erringafannir.

Samþykkir eigandi hálftrar Óspaksstaða:
Sveinn Jónsson.

2. Rekar.

Eptir máldögum Auðunnar biskups 1318, Jóns biskups Eiríkssonar skalla 1360, Pjeturs biskups 1394 og fjölda mörgum yngri á Staðarkirkja þessa reka: –

Á Brandagili hálfan reka.

- Geitahóli fjórðung alls reka.
- Fallandastöðum fjórðung alls reka.
- Þóroddsstöðum fjórðung alls reka.
- Tannstaðabakka hálfan reka.
- Bessastöðum fjórðung hvalreka.

Í Saltvík (í Tannstaðalandi) fjórðung hvalreka.

Á Fjarðarhorni tólfta hlut í hvalreka.

Prestbakka 23. apr. 1891.

Páll Ólafsson.

Samþykkur eigandi Þóroddsstaða og ½ Tannstaðabakka

Valgerður Tómasdóttir (handsalað.)

Einar Skúlason, eigandi að ½ Tannstaðabakka. –

Jón Brandsson eigandi Tannstaða. –

Björn Gunnlaugsson, eigandi að ½ Óspaksstöðum. –

Ásbjörn Jónsson eigandi Geithóls. –

Samþykkur eigandi Bálkastaða: Ólafur Brandsson. –

Samþykkur fyrir hönd Staðarbakkaprestakalls: Eyjólfur Kolbeins

Samþykkur fyrir hönd Melsprestakalls: Þorvaldur Bjarnarson

Samþykkur: B.G. Blöndal vegna umboðsjarðarinnar Bessastaða. –

Lesið upp á manntalsþingi að Þóroddsstöðum 9. júní 1892, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, N^o 294 – fol. 158-159. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

settur.



1893. –

N^o 295.

Landamerki bændajarðarinnar Kambhóls í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu.

Að vestan ræður Fitjaá merkjum frá Leitisholti til norðurs í Kambármót; þaðan ræður Kambá að norðan og austan móts við Kambsholtið; þaðan beina sjónhending í Kimbilsholt, þaðan í Kerlingu, þaðan sjónhending í fyr nefnt Leitisholt. –

Kambhóli, 28. júlí 1890. –

Benóní Jónsson.

Þorvaldur Bjarnarson settur umráðamaður Neðrifitja. –

Björn Sölfason eigandi Valdaráss. –

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, 29. maí 1893 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 295. fol. 159.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1893. –

N^o 296.

Landamerki Staðarbakkakirkjujarðarinnar Neðrifitja í Þorkelshólshreppi innan
Húnavatnssýslu.

Að vestan ræður Fitjaá merkjum allt frá því er Tjarnarhólakvísl rennur í hana og niður að Leitisholti; úr Leitisholti ræður bein sjónhending í Kimbilsholt og úr Kimbilsholti sjónhending í Kambholt; þaðan bein sjónhending eptir sömu stefnu í Kambá, – þessi merki eru bein sjónhending milli ána –; þá ræður Kambá merkjum að norðan austur á móts við Hvarfsás, þaðan rjettsýnis í Hvarfshól, úr Hvarfshól beint austur í Kambá; þaðan ræður bein sjónhending til Tjarnhólakvíslar gegnt Víðidalstungulandi; – að sunnan ræður Tjarnhólakvísl merkjum vestur á Fitjaá

Staddur á Neðrifitjum 27. júlí 1890. –

Porvaldur Bjarnarson, settur umráðamaður Neðrifitja. –

Framanskriðu landamerki samþykkja:

Björn Sölfason eigandi Valdaráss.

Benóní Jónsson

Páll Pálsson fyrir hönd eigenda Víðidalstungu.

Finnur Finnsson, handsalað

Gísli Magnússon.

Skarphéðinn Finnsson handsalað

eigendur Fremrifitja.

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, 29. maí 1893, og innfært í landamerkjabók
Húnavatnssýslu N^o 296 fol. 160 –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



1893. –

N^o 297.

Landamerki bændajarðarinnar Valdaráss í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu.

Að norðanverðu ræður Brunnármót í Fitjaá gegnt kletti þeim sem Hestur heitir; þaðan til austurs í Steinaborg; úr Steinaborginni suður og upp í vörðuna, sem merkt er norðantil á há Tunguási; frá þeirri vörðu eptir sama ás til suðurs sem sjest heiman frá Valdarási; þaðan beina línu sjónhending í vestanvert Sauðholt, af þeirri línu frá vörðu þeirri, sem sett er á takmörkum Valdaráss og Víðidalstungu lands að sunnan og austan, bein lína til vesturs í Hesthól; þaðan beina sjónhending vestur í Hvarfshól; úr Hvarfshól norður Hvarfsás, beina línu í Kambá, þá ræður Kambá til Fitjaár, og síðan ræður hinn vestasti forni farvegur Fitjaár fyrir vestan alla svo kallaða Harðeyri allt að áður nefndum ármótum Fitjaár og Brunnár.

Valdarási, dag 28. júlí 1890. –

Björn Sölfason eigandi Valdaráss. –

Framanskriðuð landamerki samþykkja:

Benóní Jónsson umráðandi Kambahóls. –

Páll Pálsson umráðandi Víðidalstungu. –

Þorvaldur Bjarnarson skipaður umráðamaður Neðrifitja. –

Lesið upp á manntalsþingi að Þorkelshóli, 29. maí 1893, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu – N^o 297. – fol. 160. –

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.



Landamerkjaskrá jarðanna Helguhvamms og Kothvamms, sem hafa óskipt beitiland.

1. Að sunnan, móts við Kirkjuhvamms land: Frá sjó skilur löndin svo nefndur Rauðilækur, allt upp að aðalvegi hreppsins, svo varða, sem þar er og þarf að endurbætast, um lækjardrögin; síðan bein lína frá vörðu þessari á miðja Grænutópt, og yfir hana í Þúfnalækinn; ræður hann svo merkjunum allt upp hjá Hvammsholti og Hesti. Síðan bein lína úr læk þessum neðanvert við Hest upp á Hvammsbarminn á stóran stein eða klett, sem þar er merktur L, og vörðu, sem það hjá sje gjörð; svo aptur þaðan bein lína í sömu stefnu austur á Austasta-hnaus, sem er stór kletthóll austur á fjallinu, hvar vörðu skal gjöra, er nákvæmar sýni, hvar á Austasta-hnausinn merkin liggi; þá enn sama stefna sunnanvert við Helguhvamms vötn austur á fjallið, svo langt sem vötnum hallar vestur af.
2. Að norðan, móts við Grafarland: Við sjóinn er lítill lækur, sem fellur niður í fjöruna norðanvert við kletthól, skammt fyrir norðan Helguhvammsbúð. Eru landamerkin hjer bein lína úr læk þessum, þar sem hann beygist ofan, norðan við hólinn, á vörðu sunnarlega í Brunaskarðinu; þaðan bein lína á Lat, sem er stór steinn á fjallsbrúninni suður frá Káraborg við veginn, sem liggur úr hvömmunum austur yfir fjallið að Breiðabólstað; svo er bein lína frá nefndum steini austur fjallið, á miðja Grákollutjörn, yfir hana og á eggjar upp: –

Á fjalli uppi skilur lönd þessi frá Breiðabólstaðar- og Grundarlöndum að austan eptir sem vötnum hallar til beggja hliða. –

Innbyrðis aðgreining jarða þessara, Helguhvamms og Kothvamms, eru þessi: Helguhvammi til heyrir beitiland að þrem fjórðu pörtum en Kothvammi að einum fjórða. Engjamerki Kothvamms eru: Brunalækurinn, þaðan sem hann beygist ofan sunnan við Brunataglið, niður að krók á honum, hvar hann beygist til suðurs, út og upp frá Kothvammi; þá skurður, sem hjá króknum byrjar, og liggur vestur fyrir norðan Kothvamms tún, vestur að skurðamótum, út og vestur frá Kothvamms bæ, síðan suður, framhald af hinum, suður með Kothvamms túni að vestan, suður gegnt suðri enda þess, þá lítið eitt vestur á við, síðan eptir skurði, sem þar liggur, niður gamlan lækjar farveg niður með Kothholtinu suður í Þúfnalækinn; svo ræður Þúfnalækurinn upp eptir, til þess er Kotlækurinn fellur í hann frá norðri, þá Kotlækurinn lítinn spotta, þar til að Laugalækurinn kemur að ofan í hann; svo bein lína úr oddanum við samkomur þeirra, skammt fyrir norðan Laugalækinn, upp í litla dýholu undir brekkunni norður frá neðri Sláttuhamrinum, út og upp frá mógröfum, sem nú eru þar við lækinn; úr þessari dýholu í aðra dýholu undir Litlahamrinum, sem er fyrir ofan áminnzta brekku; þaðan bein stefna í syðri enda Skeljahamarsins, og svo aptur bein stefna úr þeim hamri að norðan í Brunalækinn á fyrst nefndum stað sunnanvert við Brunataglið. Innan þessara ummerkja er Kothvamms engjaland. – Auk þessa er nú og skal framvegis talið þeirri jörðinni til slægna allt fyrir neðan aðalveg hreppsins sunnan frá landamerkjunum, norður að Helguhvamms búð og Digruvörðu.

Engjaland Helguhvamms er: Í fyrsta lagi allt hið ónefnda af landeigninni, neðan frá sjó upp gegnt bæjunum á báðar síður og upp að hinum nefndu Kothvamms engjamerkjum;



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

og í öðru lagi hinir svo nefndu Partar, efri og neðri, er liggja suður og upp frá bæjunum, millum Kotengjanna og Þúfnalækjarins, – landamerkjanna að sunnan, allt neðan frá Kotlæknum og upp hjá efri Sláttuhamri, á báðar hliðar hans.

Reki og aðrar fjörunytjar er óskipt eign beggja jarðanna, og til heyrir Helguhvammi að þrem fjórðu pörtum og Kothvammi að einum fjórða parti.

Þetta staðfestist með undirrituðum nöfnum allra hlutaðeigenda,
E. Helgason eigandi og ábúandi nokkurs hluta Helguhvamms og eigandi Kothvamms.
B. Eggertsson eigandi nokkurs hluta Helguhvamms.

Framanritaðri landamerkjaskrá erum vjer undirritaðir hlutaðeigendur samþykkir:

B.G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða.

Gunnl. Halldórsson prestur að Breiðabólstað.

S. Árnason. Í Jakobsson. Andrjes Einarsson. Ragnhildur Einarsdóttir.

Jóhannes Jónsson sameigendur Kirkjuhvamms.

Lesið upp á manntalsþingi að Kirkjuhvammi, 15. júní 1894, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 298, fol. 161-2.

vottar:

Jóh. Jóhannesson

settur.

Skoðuð 26. ágúst 1897

Páll Briem



1911.

N^o 299.

Landamerkjaskrá Staðarbakka

Að norðan ræður merkjum milli Staðarbakka og Melstaðar sjónhending úr norðurenda forns vatnsveitingaskurðar er grafinn var vestur úr Teigakvíslinni uppí Rauðugróf í Barðastrandasýslubruninni, þar beint vestur af; úr Rauðugróf sjónhending sunnanhalt við þræðutóptarholt, vestur um holt þau, er Ranhólagötturnar liggja eftir í stóran stein merktan LM, sem er í útnorðurhorni Staðarbakkalands þar sem Staðarbakkaland mætir Ranhólalandi að vestan.

Að vestan ræður merkjum milli Staðarbakka og Ranhóla sjónhending úr fyrnefndum landamerkjasteini á Hríás, þar sem hann er hæstur af Hríás á vestanverða Bolahóla og er Stóri-Bolhóll suðvesturhorn Staðarbakkalands. Úr Stóra-Bolhól ræður merkjum sjónhending þaðan í holtsnibbu fyrir sunnan Hrafshúsakeldu, úr þeirri nibbu í norðasta vikið vestur úr Torfsvatni, úr syðsta viki, sem gengur austur úr Torfsvatni, svo sem Stafalækur ræður til Stafahóla; úr syðsta Stafhól sjónhending í brúarræsið yfir landamerkjalaus, úr því nesi sjónhending á stein á Langhólma merktan LM.,

Í stjórnarráði Íslands 26. jan. 1911.

F.h.r.

Kl. Jónsson / Eggert Briem

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Húnavatnssýslu að Melstað 7. júní 1911 og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 299 bls. 162.

vottar:

Gísli Ísleifsson



1912.

N^o 300.

Landamerki kirkjujarðarinnar Skarfhóls í Ytri Torfustaðahreppi.

- 1) Að norðan og vestan ræður merkjum milli Staðarbakka og Skarfhóls úr syðsta Stafhól, svo sem Stafalælur ræður uppí syðsta vikið austur úr Torfsvatni; svo úr norðasta vikinu vestur úr Torfsvatni sjónhending í holtnibbu sunnan við Hrafnshúsaól keldu. Þaðan sjónhending í Stóra-Bolhól, úr Bolahólum í Þórarinshól.
- 2) Að sunnan milli Skarfhóls og Búrfells eru landamerki eins og meðfylgjandi útdráttur úr landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 275 tilgreinir. „Sjónhending af Þórarinshól efst í glöggan farveg Landamerkjalækjarins ^{uppí Heygarðshólts flóanum ræður svo Landamerkjalækurinn} ofan á móts við stóra flata klöpp merкта L.M. sunnan í Hríásendanum.“
- 3) Að austan milli Skarfhóls og Króksstaða ræður merkjum sjónhending norður fýrgreindri klöpp sunnan í Hríásendanum í litla þúfu neðarlega á Torfholti. Þaðan norður í syðsta Stafhól, sunnan vert við Stafalæk.

Skarfshóli 15. júní 1911.

Guðm. Gíslason (eigandi Staðarbakka).

Ólafur Ólafsson (ábúandi á Skarfshóli.)

Eyjólfur Kolbeins prestur á Mel

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Húnavatnssýslu að Melstað 31. maí 1912 og innfært í landamerkjabók sýslunnar nr. 300 bls 163.

Vottar.



1914.

N^o 301

Við undirritaðir: Jónas Illugason bóndi á Brattahlíð og Gunnar Jónsson bóndi á Fjósum, sem nú erum eigendur að ábýlisjörðum okkar, gjörum hér með um landamerki jarðanna svofelldan

samning:

1. Landamerki þau sem verið hafa milli Fjósa og Brattahlíðar og tilgreind eru í landamerkjabrjefum jarðanna skulu eigi lengur í gildi vera.
2. Gaddavírgirðing sú sem nú er verið að setja upp alla leið milli Svartár og Arnarvatns og sem að nokkru leyti er þegar full gerð, skal héðan í frá ráða merkjum milli jarðanna, þrátt fyrir það þó hún ekki liggi í beinni línu.
3. Þegar girðing þessi er fullgerð, sem hún skal vera orðin fyrir lok næstk. júlímánaðar, skal henni vel við haldið að viðum og vír og undirhleðslu svo hún geti ætíð álitist í jafngóðu ásigkomulagi og hún upphaflega var.
4. Kostnaður sá sem viðhald girðingarinnar útheimtir, skal að jöfnu greiddur af ábúendum beggja jarðanna, enda hafa þeir jafna skyldu til eftirlits með girðingunni.
5. Samningi þessum skal þinglýst á kostnað beggja hlutaðeigenda.

Gjört að Brattahlíð 27. okt. 1913.

Jónas Illugason. Gunnar Jónsson

Vottar:

Pétur Pétursson

Sigurjón Jóhannsson

Lesið fyrir manntalsþingi að Bólstaðarhlíð 23. maí 1914 og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 301 fol. 163.

Vottar:

Gjald

2 – tvær – krónur

Borgað



1921

N^o 302

Landamerkjabrjef
fyrir landamerkjum milli jarðanna Eyvindarstaða og Austurhlíðar (áður Eyvindastaðagerðis) í
Bólstaðarhlíðarhreppi.

Á bakkanum niður við Blöndu í við sunnar en á móti Guðlaugsstaðabæjarlækjarósnum, eru merkin í garðstúf hlaðinn úr grjóti og torfi, frá garði þessum liggja merkin upp hálsinn um vörðu úr grjóti, á melbrún rjett fyrir sunnan Sjónarþúfu, og um aðra vörðu hlaðna úr torfi, á brúninni fyrir utan og ofan Nautastall, þaðan liggja merkin upp á melana fyrir sunnan og ofan svokallaða Dæld, á staksteinóttan melhrygg, sunnan til á melhrygg þessum stendur garður hlaðinn úr grjóti, og er hann aðalmerkið uppá hálsinum, því þaðan er örskammt austur að Torfustaðalandi eptir flötum gróðurlitlum mel, og ræður þar merkjum svipuð stefna sem ofan nefnd merki mynda neðan frá Blöndu. Að öðruleiti eru merki áðurgreindra jarða, einsog þeim er lýst í landamerkjabrjefi dags. 2. júlí 1887, og þinglesnu að Bólstaðarhlíð 19. maí 1890.

Eyvindarstöðum 6. júní 1921.

Jón Jónsson (eigandi Eyvindarstaða)

Sigurjón Jóhannsson (eigandi Austurhlíðar)

Lesið upp á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð 7. júní 1921 og innfært í landamerkjabók
Húnavatnssýslu N^o 302. fol. 164

Vottar:

BBrynjólfsson

Gjald 3 – þrjár – krónur

Greitt

BB:



1921.

N^o 303

Landamerkjaskrá fyrir Bergstöðum í Miðfirði.

Við eigendur jarðanna Bergsstaða, Reykja og Torfustaða. Jeg Hafsteinn Sigurbjörnsson eigandi Bergsstaða, jeg Helga Arnbjarnardóttir ábúandi og eigandi Syðri-Reykja, jeg Guðmundur Jónasson ábúandi og eigandi Ytri-Reykja, jeg Benedikt Jóhannsson ábúandi og eigandi Neðri-Torfustaða, jeg Guðmundur Jóhannsson eigandi Neðri-Torfustaða, jeg Jóhann Jóhannsson eigandi Neðri-Torfustaða, jeg Magnús Ólafsson eigandi og ábúandi Efri-Torfustaða, komum okkur saman um, að landamerki milli tjeðra jarða, skuli hjer eptir teljast þannig:

Milli Bergstaða og Reykja, bein sjónhending úr Klívaltjörn, er gengur nú undir nafninu Blátjörn, í merkjagrillu sunnan í Reykjabungunni, og þaðan bein lína í vörðu á holti fyrir ofan stekk á hálsbrúninni, og þaðan bein lína í vörðu á Einstakahól þar sem lönd Torfustaða og Reykja mætast.

Milli Bergsstaða og Torfustaða, bein lína úr tjeðri Blátjörn í vörðu á Grímsu, og þaðan bein lína í miðvörðu á brúninni og þaðan bein lína suður í upptök merkjalækjarins, og ræður sá lækur niður í svokallaðan merkjapitt, sem er í keldunni fyrir ofan efri endann á Torfustaðamelunum, og úr honum bein lína í vörðu á Einstakahól.

Skulu þetta vera talin landamerki milli tjeðra jarða hjereptir.

Bergstöðum 24. maí 1921.

Hafsteinn Sigurbjörnsson.

Helga Arnbjarnardóttir.

Guðmundur Jónasson

Benedikt Jóhannsson.

Guðmundur Jóhannsson.

Magnús Ólafsson.

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Húnavatnssýslu að Melstað 16. júní 1921, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 303. fol. 165.

Vottar:

BBrynjólfsson.

Þingl. og stimpilgjald

3 – þrjár – kr.

Greitt

BB.



1921

N^o 304

Breytingar á landamerkjum, annarsvegar milli jarðanna Ytri- og Syðri-Reykja, og hinsvegar Bergsstaða, allir liggjandi í Ytri-Torfustaðahreppi, er gjörð voru með landamerkjaskrá fyrir Ytri- og Syðri-Reykjum dags. 29. júlí 1890, og síðustu landamerkjaskrá er gjörð hefir verið fyrir Bergstöðum.

Við undirrituð: jeg Helga Arnbjarnardóttir eigandi og ábúandi á Syðri-Reykjum, Guðmundur Jónasson eigandi og ábúandi á 10 hndr. 54 2/5 ál. úr Ytri-Reykjum, og jeg Hafsteinn Sigurbjörnsson eigandi Bergsstaða, höfum komið okkur saman um, að ákveða hjermeð, að hjeðan í frá skuli landamerki tjeðra jarða Bergsstaða og Ytri- og Syðri-Reykja vera eins og hjer segir:

Úr Klýfurtjörn (nú kölluð Blátjörn) bein lína í vörðu í jörðunum suður af Reykjabungu, þaðan sjónhending í vörðu á holti á hálsbrúninni fyrir ofan Bergsstaðastekk, og þaðan bein sjónhending í vörðu á Einstakahól þar sem Reykja og Torfustaðalönd koma saman fyrir norðan Bergsstaðaland.

Eru því merki þau er umgetur í áðurnefndum landamerkjaskráum milli þessara jarða hjermeð úr gildi numin að því leyti, sem þau ekki koma saman við þessi merki.

Gjört að Ytri-Reykjum 24. maí 1921

Helga Arnbjarnardóttir.

Guðm. Jónasson

Hafsteinn Sigurbjörnsson.

Lesið á manntalsþingi að Melstað 16. júní 1921, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu N^o 304, fol. 165.

Vottar:

BBrynjólfsson.

Gjald: þingl. 2.00

Stpl. 1.00

3.00

Þrjár – kr.

Greitt

BB



1922.

N^o 305

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Þorfinnsstöðum í Þverárhreppi:

Að vestan ræður Hólaá merkjum. Að norðan ræður skurður er liggur frá svonefndu Nautavaði austur flóann, en þar sem hann endar ræður sjónhending í Einbúa og er sú lína beint áframhald af skurðinum.

Úr Einbúa ræður bein lína á Selklett. Að austan ræður bein lína úr Selklett í stóran stein á Bjargabrúninni hjá veggneiðing upp á Björgin. Að sunnan ræður bein lína úr nefndum steini vestur í Hólaá sunnan við Fremstanes, beint á milli skurðsenda vestan árinna.

Þorfinnsstöðum 7 nóvember 1921

Guðm. Guðmundsson eigandi Þorfinnsstaða.

Eggert Jakobsson eigandi Ásbjarnarness.

Jóhannes Björnsson eigandi Vatnsenda

Eggert Levy eigandi Sigríðarstaða

Guðm. Jonsson Arinbjörn Jonsson eigendur Vesturhópshóla

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborg þ. 1. júlí 1922, og innfært í landamerkjabók sýslunnar nr. 305, bls. 165.

Vottar:

BBrynjólfsson

Þingl.- og stimpilgjald

Kr. 4 – fjórar – krónur

Greitt

BB



1922.

N^o 306.

Útskrift úr dómabók Húnavatnssýslu

Dómur.

Í landamerkjamálinu:

Presturinn í Tjarnarprestakalli síra Magnús R. Jónsson á Tjörn
gegna
Þorláki hreppstjóra Þorlákssyni á Vesturhópsdölum.

(Uppkveðinn 29. júlí 1905)

Því dæmist rjett að vera

Landamerki milli jarðanna Þernumýrar og Þorfinnsstaða skulu vera úr
Landamerkjalækjarós vestan Hólaár beina sjónhending á stóran stein austan á Bjargabrún er
nú stendur ~~austan~~ sunnan við vegsneiðing þann er farinn er upp á Björgin og kallaður er
Borgargata.

Borgun til dómenda samtals kr. 349.⁰⁰ greiðist að hálfu af almannafje, og að hálfu af
stefnda, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður. Hið ídæmda ber að greiða innan 15
daga frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Gísli Ísleifsson.

G. Sigurbjartsson. Magnús Steindórsson.

H. Líndal.

P. Levi.

Rétta útskrift staðfestir

Skrifstofu Húnavatnssýslu 10/3 '22

B. Brynjólfsson

L.S.

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Húnavatnssýslu, að Stóruborg þ. 1. júlí 1922, og innfært í
landamerkjabók sýslunnar N^o 306, bls. 166.

Vottar:

BBrynjólfsson

Þingl- og stimpilgjald

4 – fjórar – krónur

Greitt

BB.

Gjald:

Ritlaun 0.50

Stpl. 0.50

1.00



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

er ein króna
Greitt
B.B.



1922

N^o 307.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Gili í Bólstaðarhlíðarhreppi

Milli Gilslands og Fjósa ræður merkjum frá Svartá, girðing sú, sem Gils bóndinn er nú að setja upp, og hún að ná uppað hliði á Gillsneiðing. Girðingu þessa kostar eigandi Gils að öllu leyti, og heldur henni fjárheldri allatíð.

Fari svo að eiganda skipti verði að Gili, er sú kvöð lögð á jörðina fyrir alda og óborna, að halda girðingunni fjárheldri. Verði girðingu þessari ekki haldið við af eiganda Gils, ræður merkjum frá Svartá bein stefna sunnan við Gilslæg upp á fjall, samanber landamerkjabrjef fyrir jörðinni Fjósum d.s. 22. febr. 1890

Úr girðingunni að ofan ræður bein stefna í stóran stein upp á brúninni, og þaðan bein stefna í miðjan tungusporð. Þaðan bein stefna upp tunguna milli lækjanna, skammt fyrir norðan leyfar af gömlum húsatóptum í vörðu austur á Skarðshlíðarhola. Þaðan bein stefna í vörðu austan til á Víðivörðuás, og er það hornmerki.

Merkjum að austan, milli Gilslands og Selhaga, ræður bein stefna úr áðurnefndu hornmerki í vörðu á miðjum Grenshöfða.

Milli Gilslands og Botnastaða að norðan ræður bein stefna úr áður umgetinni vörðu á miðjum Grenshöfða, til norðvestur yfir lægðina næst höfðanum í stóran stein þann yfir á lægðarbarminum. Þaðan í lítinn hól, með gömlu vörðu broti, suður og austu frá Rjúpnadal. Þaðan vestur á hábunguna að stórum steini, og síðan í áðurnefndan Rjúpnadalsslæk, rjett neðan við Rjúpnadalinn, og er þar varða hlaðin, þar sem Ylvisgil byrjar. Þaðan ræður Rauðilækur merkjum niður sljettlendi, og tekur þar við girðing er ræður til Svartár.

Gili 1. maí 1922

Sigurjón Helgason.

Framanritaðri landamerkjaskrá, erum við undirskrifaðir eigendur næstliggjandi jarða, að öllu leyti samþykkir.

Vegna Fjósa og Selhaga Hjálmar Jónsson eigandi

Vegna Botnastaða Guðm. Klemenzson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Bólstaðarhlíð þ. 17. júní 1922, og innfært í landamerkjabók sýslunnar nr. 307. bls. 166-167.

Vottar:

BBrynjólfsson

Þingl.- og stimpilgjald

4 – fjórar – krónur.

Greitt

BB.



1922

No. 308.

Landamerkjaskrá fyrir Smyrlabergi í Torfalækjarhrepp í Húnavatnssýslu

Milli Smyrlabergs og Köldukinnar, byrjar merkjalínan að vestan við Laxárvatn, úr nesi því, sem skagar fram í vatnið og heitir Riðavíkurnes, beina línu í flatan stein á Smyrlabergsbungu, og er sá steinn merktur stöfunum L.M. Þaðan beina línu austur í svonefndan Strenghól við Blöndu, og er hlaðin merkjavarða á áðurnefndum hól.

Að vestan ræður Laxárvatn merkjum eptir miðju. Milli Smyrlabergs og Kagaðarhóls byrjar merkjalínan að vestan, við Laxárvatn, þaðan beina línu í Músarholt. Úr Músarholti beina stefnu austur í Flatahamar, og þaðan áfram beina stefnu austur að Blöndu í merki þar.

Að austan ræður Blanda merkjum eptir miðju, norður að móts við Strenghól.

Gjört að Kagaðarhóli 23. júní 1922.

Stefán Þórisson eigandi Smyrlabergs

Kristján Kristófersson eigandi Köldukinnar

Jón Stefánsson eigandi Kagaðarhóls.

Vottar:

Stefanía Guðlaugsdóttir

Kristín Jónsdóttir

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu á Blönduósi þ. 24. júní 1922, og innfært í landamerkjabók sýslunnar nr. 308 bls. 167.

Vottar:

BBrynjólfsson

Þingl.- og stimpilgjald

4 – fjórar – krónur

Greitt

BB.



1923

N^o 309

Landamerkjaskrá fyrir Jörfa

Að austan ráða fjallseggjar merkjum. Að sunnan til fjallsins Gálgagil, úr Galgagilskjalti bein lína suðvestur árbuginn, þaðan ræður Dalsá niður til skjólhvamma í stein þar; Að vestan bein lína úr nefndum steini í Sjónarhól. Að norðan úr Sjónarhól bein lína yfir holt það er Kútur nefnist í Rauðanúp, úr Rauðanúp bein lína í Ásmundargil.

Jörfa 15. nóvember 1922

Jón Markús Tómasson

Kristmundur G. Meldal, Melrakkadal

Bjarni Jónsson, Gröf.

Árni Guðjónsson, Titlingastöðum

Sigurlaug Sveinsdóttir, Enniskoti.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Þorkelshóli 27. júní 1923 og innf. í landmerkjabók sýslunnar, nr. 309, bls. 167-68

Vottar:

BBrynjólfsson

Þingl.- og stimpilgjald

4 – fjórar – kr.

Greitt

BB



1923

N^o 310

Landamerkjaskrá jarðarinnar Bjargshóls í Fremri Torfustaðahreppi.

Sunnan til við Bjargseyrar, fellur lækur úr austri ofan í Miðfjarðará sem nefnist Landamerkjælækur. Fellur hann (lækurinn) í Miðfjarðará austan við Brekkulækjarhólma utanverðan og er þar útnorðurhorn Bjargshólslands. Síðan skiftir landi lækur sá milli Bjargshóls og Bjargs alla leið upp sunnan til við Arnarhóla og sunnanhalt við Digurhól; þar austur í lón sem er í læknum og er þar hnausagrilla, þaðan í vörðubrot utarlega á spottaholti. Svo bein sjónhending austur í Selgil. Þá ræður Selgilið fyrst austur í Krók, þaðan austur í gráan stein sem er á Áshalanum, og austur í hnausagrilla hjá syðsta-tjarnarpólli, sem er skamt fyrir ofan steininn, er þar landnorðurhorn Bjargshólslands. – Þá ræður bein sjónhending suður í Duflakeldu og er þar hnausagrilla, þaðan ræður vestara drag Duflakeldu fram á móts við Merkjastein milli Bjargs og Rófu, sem er sunnan á Berjabrekkuhól, og er þar landsuðurhorn Bjargshólslands. Þaðan til vesturs beina stefnu ofan í Karl (klett milli Rófu og Bjargshóls) þaðan er útsuðurhorn Bjargshólslands. Þá ræður Miðfjarðará merkjum milli Bjargshóls og Litlutungu þar til Vesturá fellur í hana. Frá ármótum ræður svo austasti farvegur Miðfjarðarár fyrir austan Brekkulækjarhólma útá móts við fyrnefndan Landamerkjælækjarós.

Bjargshóli 4. des. 1922

Daníel Jónatansson eigandi jarðarinnar Bjargshóls.

Hjörtur Líndal eigandi jarðarinnar Litlutungu.

Sigfús B. Guðmannsson eigandi jarðarinnar Rófu. (handsalað.)

Sigvaldi Björnsson eigandi jarðarinnar Brekkulækjar.

Karl Sigurgeirsson eigandi jarðarinnar Bjargs.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Núpðalstungu 28. júní 1923 og innf. í landmerkjabók Húnavatnssýslu, nr. 310, bls. 168

Vottar

BBrynjólfsson

Þingl.- og stimpilgjald

4 – fjórar – kr.

Greitt

BB.



1923

N^o 311

Landamerkjaskrá fyrir Foss-sel í Hrútafirði. –

Að norðan eru merki þessi milli Foss-sels og Foss úr Fitjalæk þar sem hann fellur í Síká sjónhending í austurenda Hyrnuáss, þaðan eftir honum í Hyrnuásvörðu, úr þeirri vörðu sjónhending í Brennkvísl austari þar sem hún kemur í poll fyrir sunnan Kvíslarkrókinn í kvísl þeirri sem kemur úr Sljettafelli vestan við Yringafannir. Að sunnan ræður Brekkukvísl úr polli þeim sem áður er nefndur, fyrir sunnan Kvíslarkrókinn til Síká; að vestan verðu ræður Síká frá Brennkvísl til Fitjalæks.

Ofanrituð landamerki samþykkja:

Fyrir Staðarland f.h. eiganda Gísli Eiríksson

Fyrir Fossland Jón Marteinnsson Guðmundur Þorsteinsson

Fyrir Húksland Stefán Jónasson eigandi.

Fyrir Hrútatunguland. Tómas Þorsteinsson eigandi.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Þóroddsstöðum 29. júní 1923 og innf. í landmerkjabók Húnavatnssýslu nr. 311, fol. 169.

Vottar

BBrynjólfsson

Þingl.- og stimpilgjald

4 – fjórar – kr.

Greitt

BB.



1923

N^o 312

Landamerkjaskrá fyrir parti af Hrafnabjargalandi í Svínavatnshreppi er selt er hreppsnefndunum í Svínavatns og Torfalækjarhreppi.

Að norðan eru merkin úr svonefndum Snaga við Selkvísl í þúfu á ytri hólnum norðan við Selásenda, þaðan í lítinn hól með vörðubroti á rétt við Hálsagirðingu, þaðan í Stórueyrar-hlið, svo eins og Hálsagirðing ræður beint austur í merki milli Auðkúlu og Hrafnabjarga. Að austan eru merkin samkvæmt merkjaskrá fyrir Hrafnabjarga landi frá áður nefndum stað við Hálsagirðingu í þúfu á há HraunlækjARBungu ytri og þaðan beina línu í Hellivörðuás.

Að sunnan eru merkin úr Hellivörðuás í Karyrðlingatjörn.

Að austan ræður lækur úr Karyrðlingatjörn úti Selkvísl sem ræður merkjum að Snaga.

Hrafnabjörgum 13. des. 1922

Sigv. Þorkelsson

Vitundarvottar:

Halldór Halldórsson

P. Jónsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Svínavatni 20. júní 1923 og innf. í landmerkjabók sýslunnar nr. 312, fol. 169.

Vottar

BBrynjólfsson.

Þingl.- og stimpilgjald

4 – fjórar – kr.

Greitt

BB.



1923

N^o 313.

Landamerkjaskrá milli jarðanna Holts og Húnstaða í Torfalækjarhreppi.

Vjer undirritaðir, Böðvar Þorláksson og Guðmundur Guðmundsson eigendur og ábúendur Holts og Jón Benediktsson eigandi og ábúandi Húnstaða höfum komið okkur saman um og ákveðið að hjer eftir skuli landamerki milli tjeðra jarða vera eins og hjer segir:

Úr keldu þeirri, sem landamerkjadómurinn dæmdi merkin í 1921, þar sem hún liggur að Laxá bein lína í vörðu á ásnum fyrir norðan Brúarlækinn og þaðan sjónhending í krókinn á nefndum læk, þar sem hann byrjar að beigjast til vesturs fyrir ofan fossinn í Fossagili, sem hingað til hefur verið merki milli tjeðra jarða.

Veiðirjettur í Laxá milli jarðanna skal vera eins og merkin eru ákveðin við ána

Holti og Húnstöðum 21. júní 1923

Jón Benediktsson

Böðvar Þorláksson

Guðm. Guðmundsson

Vitundarvottar:

Sveinn Kristófersson

Páll Jónsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Torfalæk 21. júní 1923 og innf. í landamerkjabók Húnavatnssýslu nr. 313, fol. 170

Vottar

BBrynjólfsson

Þingl.- og stimpilgjald

4 – fjórar – kr.

Greitt

BB.



1925

Nr. 314.

Vjer undirritaðir Björn hreppstjóri Árnason, Syðriey, Ólafur oddviti Björnsson, Árbakka, Jónatan J. Lindal oddviti Holtastöðum og Einar Guðmundsson sjálfseignarbóndi á Neðrimýrum, sem kosnir höfum verið af Vindhælishreppi og Engihlíðarhreppi, til þess að ákveða landamerki, milli afréttarlanda Vindhælis- og Engihlíðarhreppa, höfum í dag orðið ásáttir um svofelld landamerki:

„Frá Gálgagili (þar sem Mjóadalsá rennur í Norðurá) ræður Norðurá merkjum til Ambáttará, þá Ambáttará til upptaka (þar sem hún byrjar að mynda gil). Þaðan sjónhending í vörðu á vestari Sjónarhól (sem er neðan við Fífugilseyrar). Þaðan sjónhending í upptök lækjar þess er rennur austur úr Ambáttardal til Laxár. Ræður sá lækur svo merkjum til móts við sjerstakan melhól sunnan lækjarins, nokkuð fyrir austan austari Sjónarhól, sem varða er hlaðin á, og sem er hornmerki að suðaustan.

Frá vörðu á nefndum hól eru merkin sjónhending í vörðu, sem stendur við háa þúfu á hæsta og vestasta hól Hrossaskálarbrúnar. Þaðan sjónhending í Engjalæk miðað við vörðu, sem stendur á grjótlögu á há Pokafelli.

Til staðfestu ritum vjer nöfn vor hjer undir.

Gjört að Skúfi 22. júní 1923

Björn Árnason.

Ól. Björnsson.

Jónatan J. Lindal

Einar Guðmundsson.

Vjer undirritaðir hreppsnefndarmenn, erum samþykkir framanrituðum landamerkjum.

Á hreppsnefndarfundi að Holtastöðum 21/11 1923

Agnar B. Guðmundsson.

Ari H. Erlendsson.

Árni E. Blandon.

Jónatan J. Lindal.

Vjer undirritaðir hreppsnefndarmenn Vindhælishrepps, erum samþykkir framanrituðum landamerkjum.

Á hreppsnefndarfundi að Hólanesi 5. des. 1924.

B.F. Magnússon.

A. Guðjónsson.

Björn Guðmundsson

Björn Árnason

Ól. Björnsson.

Carl Berndsen.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Hólanesi þ. 6. júlí 1925, og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nr. 314, fol. 170.

Vottar:



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

BBrynjólfsson

Þinglesturgjöld

Kr. 3,00 – þrjár krónur Greitt

Áður stimplað. BB.



1927.

N^o 315.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Valdarási í Þorkelshólshreppi:

„Að norðan úr Hesti við Fitjaá, beina línu í Steinaborg, úr henni beina línu upp í Tunguás, í stein merktan L. Þaðan ~~beina~~ sömu línu 50 metra upp á sinn; þaðan beina línu suður ásbrúnirnar í miðjuna á kringlóttu móaholti rjett fyrir vestan Rústar eða Tungukotstún, og áfram sömu stefnu í Rústarlæk. Að sunnan ræður Rústarlækur í Brunná; þaðan úr Rústarlækjarás beina línu í hæðstan Hásteina hól; þaðan í Hástein í Kambá, þá ræður Kambá ofan í Fitjaá. Að vestan ræður Fitjaá ofan að áður nefndum Hesti.“

Valdarási 27. jan. 1927.

Axel Guðmundsson, Daníel Daníelsson eigendur Valdaráss.

Þórður Guðmundsson umboðsm. hálfrar Víðidalstungu

Jóhanna Björnsdóttir eigandi hálfrar Víðidalstungu

Benedikt Benónísson eigandi Kambhóls

Eysteinn Jóhannesson eigandi Hrísa.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Þorkelshóli 20. júní 1927 og innfært í Landamerkjabók sýslunnar N^o 315 fol 171

Vottar:

BBrynjólffsson

Þingl.- og stimpilgjald:

4 – fjórar – krónur

BB.



Landamerkjaskrá milli jarðanna Múla og Gauksmýrar.

Við undirritaðir: jeg Jónas Jónasson eigandi jarðarinnar Múla, og jeg Björn J. Jósafatsson, eigandi jarðarinnar Gauksmýrar, liggjandi í Kirkjuhvammshreppi, gjörum hjer með svohljóðandi landamerkjaskrá milli jarðanna.

Landamerkin milli jarðanna skulu framvegis vera þessi:

Úr Strák á Stráksbrún beina línu í stóran jarðfastan stein í miðjum Grenshamri; þaðan sömu línu í hina svonefndu Merkjalaut fyrir austan Fornastekk, svo áframhaldandi beina línu í vörðu fyrir sunnan Múlaveg, sem er hornmerki milli jarðanna Múla og Gauksmýrar.

Eigandi Múla skuldbindur sig að setja á sinn kostnað áframhaldandi merkjagirðingu suður að Múlaveg inna 2^{ia} ára. Jarðeigendur skulu innan 3^{ia} ára framhalda girðingunni upp að Grenshamri á þeirra kostnað, og þurfi girðingina þessi vegna girðingarstæðis, að liggja í Gauksmýrarlandi, fellur spildan fyrir vestan hana eiganda Múla til allra afnota, gegn því, að landspildan í Merkjalautinni fyrir vestan merkin tilfalli eiganda Gauksmýrar til allra afnota.

Eigandi Múla fellur frá endurgjaldskröfu á hendur eiganda Gauksmýrar, fyrir núverandi merkjagirðingu, og framlenging hennar, að Múlaengi.

Skjali þessu, sem er í 2 samhljóða frumritum, má þinglýsa á okkar kostnað.

Gjört að Hvammstanga 9. febr. 1927.

Jónas Jónasson

Björn J. Jósafatsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Hvammstanga 23. júní 1927 og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 316 fol. 171.

Vottar:

BBrynjólfsson

Þingl.- og stimpilgjald

4 – fjórar – krónur



1927.

No. 317

Við undirritaðir eigendur Saurbæjar og Hindisvíkur, gjörum svofellda sætt útaf ágreiningi um landamerki millum jarðanna Saurbæjar og Hindisvíkur: Merkin skulu framvegis vera samkvæmt gildandi landamerkja brjefi með nánari skýringum:

Merkjakletturinn neðst á línunni, skal vera brík uppaf vogsendanum norðanvert við Skipagarðavík, og bein lína þaðan í Bjarkalæk í Bjarkatungu í tunguoddanum, sem myndaðist af Bjarkalæk að sunnan og að norðan af graslág, sem liggur til landnorðurs frá Bjarkalæk; síðan ræður lækurinn, til upptaka, og þaðan eru merkin bein lína í vörðu, sem sendur á Klöpp rjett hjá grasþúfu á há Krossanesfellshala.

Gjört að Stóruborg 18. júní 1926.

Sigurður Norland

Guðjón Guðmundsson.

Vottar:

Eggert Levý

Guðm. Guðmundsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborg 18. júní 1927 og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 317, fol. 171-172.

Vottar

BBrynjólfsson

Þingl. og stimpilgj.

4 – fjórar – krónur



Grund og Geithamrar:

Útaf deilu þeirri, sem risið hefir upp milli eigenda jarðanna Grundar og Geithamra í Svínvatnshreppi, um landamerki milli jarðanna, er hjermeð af eigendum gjörður svofeldur samningur:

Landamerki milli jarðanna skulu vera þannig:

Í fjallinu ræður lækur, sem hefir upptök sín í hinum svonefndu Þrílækjum upp í fjallsbruninni. Rennur lækur þessi ofan á milli bæjanna Grundar og Geithamra, þar til hann fellur fram úr þrengsli nokkru neðar en bæjirnir standa. Ræður svo merkjum skurður sá, sem hefir verið gjörður, eptir Merkjalækjardraginu í vorðu, sem hlaðin er við enda hans; úr nefndri vörðu bein lína í vörðu við vaðið á Þverlæknum, gegnt beitarhúsatóptunum frá Grund. Ræður svo lækur þessi merkjum þar til hann fellur í Vatnsvíkina. Hefir sýslumaður Húnavatnssýslu ásamt Ólafi Björnssyni á Árbakka og Magnúsi Jónssyni á Sveinstöðum hlaðið nefndar vörður til bráðabyrgða, en jarðeigendur skuldbinda sig til, að hálfu að því er snertir hvora jörð, að hlaða vörðurnar betur og halda þeim við.

Þessu til staðfestu eru nöfn Þorsteins Þorsteinssonar, eiganda Geithamra, Ragnhildar Sveinsdóttur meðeiganda jarðarinnar Grundar og Jóhanns Guðmundsson fyrir hönd Oddnýjar, Jóhönnu og Jakobínu Þorsteinsdætra meðeigenda jarðarinnar Grundar.

Gjört að Grund 9. ágúst 1926

Þorsteinn Þorsteinsson,
Ragnhildur Sveinsdóttir
Jóhann Guðmundsson

Vitundarvottar:

Magnús Jónsson
Ól. Björnsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Svínavatni 13. júní 1927, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 317, fol. 172.

Vottar
BBrynjólffsson

Þingl. og stimpilgj.
4 – fjórar – krónur
Greitt
BB.



1928.

Nr. 319.

Landamerki milli jarðanna Grafar og Miðhóps í Þorkelshólshreppi.

Suðurhornmerki: Klettstríta á röðlinum austan við Kerlingarskarð, (ekki þó lengra fram er Ásmundarnupur ræður), þaðan bein lína í vörðu á Kjölnum sunnan við Dagmálalaut; úr vörðunni bein lína í dý^{*)} rjett fyrir vestan suðvesturhornið á Miðhópstúinu, svo úr dýinu beint vestur í Grafarlæk. Ræður svo lækurinn, að torfvörðu, sem sett er norðan við hann, og þaðan bein lína í aðra vörðu við Hópið.

Merki þessi eru gjörð í dag með samkomulagi undirritaðra rjettra hlutaðeigenda, og staðfest með eiginhandar undirskrift þeirra.

Staddir í Miðhópi 25. júní 1915.

Björn Sigfússon (umboðsmaður Þingeyraklausturjarða)

Sturla Jónsson (ábúandi Miðhóps)

Jón Bjarnason (ábúandi Grafar)

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Þorkelshóli 19. júní 1928, og innfært í landamerkjabók sýslunnar N^o 319 bls. 172

Vottar:

BBrynjólffsson

Þinglestur- og stimpilgjald

kr. 4.00

Greitt

*) Dýið er nú orðið þurt vegna framræslu skurða, en varða úr torfi hefir verið hlaðin í staðinn, þar sem dýið var. – 7. júní 1955. Guðbr. Ísberg.



1928

Nr. 320.

Landamerki

Landamerki á Bakkaey á milli jarðanna Bakka og Undirfells innan Áshrepps, eptir skiptingu landsins til eignar.

Að austan ræður bein lína úr suðvestur horni fjárhúsanna á Bakka suður yfir Bakkaey í pitt sem er vestan við tána á syðri Eyjarhól eins og girt er nú.

Að norðan ræður keldustakkurinn frá austurmerkjalínu úti vatnsdalsá.

Að sunnan ræður bein lína frá merkjasteini á síkisbakknum í suðvesturhorn á gömlum kálgarði á miðri Eyjarhól.

Landspildan af Bakkaey sem liggur austan tjeðrar merkjalínu skal óátalin eign jarðarinnar Bakka mót ítökum þeim er Bakki átti í landinu óskiptu samkvæmt merkjadómi uppkveðnum 28. júl 1923. Eftirgjald það sem ræðir um í nefndum dómi falli niður.

Eyjólfstöðum og Undirfelli 15. júní 1928

Þorsteinn Konráðsson eigandi Bakka

Hannes Pálsson eigandi Undirfells

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Húnavatnssýslu að Hofi 18. júní 1928, og innfært í Landamerkjabók sýslunnar Nr. 320 bls. 173

Vottar

BBrynjólfsson

Þinglestur og stimpilgjald

kr. 4.00 (fjórar krónur)

Greitt



1928

Nr. 321

Undirfell og Kornsá

Undirritaðir bændur Hannes Pálsson vegna Undirfells og Runólfur Björnsson vegna Kornsár gjörum svofeldan samning:

Á þessu vori 1928 skal gera fjárhelda girðingu milli Kornsár og Undirfells frá þeim stað er litla Kornsá fellur í Vatnsdalsá og upp í Kornsárgil. Runólfur kostar að öllu austasta hlutann af girðingu þessari og svo viðhalds hans. Þó skal girðingarspotti ca. 10 m. Frá austasta staurnum á bakkanum ofan að Litlu-Kornsá kostaður sameiginlega af báðum aðiljum og hafi viðhald og umsjón hans sitt árið hvor. Annan hluta nefndrar girðingar sjer Hannes um að öllu leiti Runólfi að kostnaðarlausu.

Merki milli Undirfells og Kornsá skulu vera fullnaðar landamerki yfir svonefnda Þórdísareyri eins og áður nefnd girðing liggur, og svo áfram upp í Kornsárgil. Svo og áfram eins og áin Kornsá liggur neðan lönd Undirfells og Kornsár liggja að henni, eins og verið hefur.

Áðurnefnd landamerki milli Undirfells og Kornsá eru fullnaðarmerki, án þess að hvor jöð jörðin fyrir sig hafi nokkuð ítak eða kvaðir í land hinnar jarðarinnar.

Samningur þessi skal þinglesinn á næsta manntalsþingi.

Gjört að Undirfelli 16. júní 1928

Hannes Pálsson (vegna Undirfells)

Runólfur Björnsson (vegna Kornsár)

Vitundarvottar:

Jóhannes Þorleifsson

Sigríður Jakobsd.

Lesið fyrir manntalsþingrjetti ^{Húnavatnssýslu} að Hofi 18. júní 1928, og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nr. 321 bls. 174

Vottar

BBrynjólfsson

Þinglestur- og stimpilgjald

Kr. 4.00 (fjórar krónur)



1931

Nr. 322.

Landamerkjabréf fyrir jörðinni Titlingastöðum í Þorkelshólshreppi.

Að framan ræður Dalsá. Að vestan ræður Víðidalsá, en þó skulu svokallaðir Titlingastaðahólmar fylgja Titlingastöðum.

Að norðan ræður lína frá Hamrinum beinastefnu í stein sunnan og austan við Svörtugötur.

Að austan ræður lína úr nefndum steini, sunnan og austan við Svörtugötur, í stein á flötu holti, fyrir austan svonefndan Vatnsgötuhol, og þaðan bein lína í Sjónarhól, og frá honum bein lína í stein efst í Skjólhvömmunum við Dalsá.

Titlingastöðum 18. júní 1931

Aðalsteinn Dýrmundsson.

Guðm. Tryggvason í umb. jarðaeiganda

Kristófer Pjetursson.

Þórður Guðmundsson Þorkelshóli (eigandi og umráðamaður)

Sigvaldi Jóhannesson (í umboði eiganda Enniskots)

Jón Tómasson Jörfa

Guðmundur Pjetursson Refsteinsstöðum

Sigurður L. Jóhannesson Titlingastöðum

Þingl.- og stpl.gjald.

kr. 4 – fjórar – krónur

Greitt

BB.

Mótttekið þ. 22/6 1931 til þinglesturs á næsta manntalsþingi.

BBrynjólfsson

Lesið á manntalsþingi að Stóruborg þ. 22. júní 1931

Vottar

BBrynjólfsson



1935.

Nr. 323.

Þorkellshóll og Nýpukot.

Frá Víðidalsárbrú eins og vegurinn eftir ásnum ræður, heim á móts við tóftarbrott ofanvert við veginn, sunnan við túnið á Þorkellshóli, eða merkjavörðu, hlaðna úr snyddu rjett um veginn hjá áður nefndu tóftarbrotti, þaðan bein lína í melhól eða vörðubrot, hlaðið úr grjóti neðanvið á melhólum norðanvið kelduna fyrir neðan túnið á Þorkellshóli, þaðan bein stefna í há Garðhól, sem er skamt fyrir norðan túnið á Þorkellshóli: Þá ræður bein stefna úr Garðhól í vörðu, hlaðna úr snyddu á svokallaðri „Miðnýpu“. Þá ræður bein stefna úr vörðubrotinu á Miðnýpunni í vörðubrot, hlaðna úr snyddu, norðan við sýki, þar við götuslóðir, sem vanalega eru farnar þegar farið er yfir Miðnýpu, þá ræður sýkið þar til það endar og í merkjadrag, sem liggur í norður frá sýkisendanum. Varða úr snyddu er hlaðin rjett austan við merkjadragið að sunnan, þar sem merkjadragið byrjar við sýkið. Þá ræður bein stefna í norður eða aðra vörðu hlaðna úr snyddu nokkru norðar, þaðan ræður merkjadragið norður í Víðidalsá. Víðidalsá ræður frá Víðidalsárbrú alla leið norður í áður tiltekið merkjadrag norður við Víðidalsá, langt fyrir utan Nýpu.

Þorkellshóli, 26. maí 1934

Þ. Guðmundsson eigandi og umráðamaður að Nýpukoti

Eggert Teitsson eigandi að Þorkellshóli.

Þingl. 11/6 '35.



Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Hæli í Torfalækjarhreppi.

„Að vestanverðu frá grjótvörðu við Rauðalækjarás, þar sem hann fellur í „Hælslæk“, og beina stefnu í „Hælsból“ og Hælsvörðu; þaðan til suðausturs í stóran stein sunnan í syðri „Strýtuhol“, þaðan sömu stefnu í Hryggkeldu, og svo niður í „Hælslæk“, ræður þá Hælslækur til fyrnefnds „Rauðalækjaróss“

Staddir að Stóru-Giljá 30. maí 1935

Kristján Benediktsson

Eysteinn Erlendsson

Jón Benediktsson samþykktur landamerkjum.

Vitundarvottar:

Halldór Jónsson

Sigurður Erlendsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Torfalæk 24 júní 1936.

Guðbr. Ísberg



1938

Nr. 325

Samkvæmt beiðni Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins með brjefi dags. 21. júlí þ.á. fóru þriðjudaginn 13. desember fram skipti á Breiðabólstaðatorfunni, þar sem löndum ~~var skipt~~ Bjarghúsa og Foss var skipt úr heildareigninni.

Fyrir hönd umboðsmanns Breiðabólstaðatorfunnar var mættur Guðmundur Árnason bóndi, Syðri-Þverá og fyrir hönd ábúanda Bjarghúsa og Foss, Ól. Ingvar Sveinsson, bóndi Grund. Sem oddamaður skipaður af sýslumanni var mættur Jakob Líndal, hreppstjóri Lækjarmóti.

Við skiptin voru einnig staddir séra Stanley Mela og ábúendur Foss og Bjarghúsa. Landskipti fóru þannig fram:

1. Milli Breiðabólstaðar og Bjarghúsa:

Sem landamerki milli Breiðabólstaða og Bjarghúsa ræður Reiðarlækur frá Vesturhópsvatni suður að jarðfallsskurði. Þá jarðfallsskurður austur að áveituskurði; þaðan ræður áveituskurður fram á móts við Kjálkamel, síðan fylgja merkin vesturbrún melanna fram í vaðið á Reiðarlæk við norðurenda mómelanna.

Jafnframt og framangreind landamerki eru ákveðin sem fullnaðarskipti, á löndum jarðanna varð samkomulag um, að haldin skyldu gagnkvæm ítök milli jarðanna þannig, að Bjarghús hefði rjett til uppreksturs yfir sumarið í fjallendi Breiðabolstaðar, og að Breiðabólstaður hefði rjett til veiði fyrir landi Bjarghúsa í Vesturhópsvatni.

2. Milli Breiðabólstaðar og Foss.

Sem landamerki, neðan fjallendisins milli Breiðabólstaðar og Foss, ræður bein lína úr Hvítalettslæk norðan við Hvítalett niður í vörðu syðst mómelunum, rjett norðan við Grundarána, þaðan með sömu stefnu ofan í Grafarlæk og eftir honum suður í Grundarlæk.

Sameiginlegt beitiland fyrir báðar jarðirnar er fjallendi Breiðabólstaðar

Breiðabólstað, 13. des. 1938

G. Árnason

Jakob ^{H.} Líndal

Ól. Ingvar Sveinsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1938

Nr. 326

Ár 1938, fimmtudaginn 22. september fóru fram skipti hjáleignanna Svarðbæli og Barðs úr prestsetursjörðinni Melstaðar, samkv. brjefi Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 9. júlí 1938 og landskiptalögum nr. 57. 1927, og voru skiptin framkvæmd af úttektarmönnum Ytri-Torfustaðahrepps, þeim Friðrik Arnbjarnarsyni hreppstjóra, Stóra-Ósi og Jóni J. Skúlasyni, óðalsbóndi á Söndum, svo og Birni P. Blöndal á Hvammstanga er skipaður hafði verið oddamaður við skiptin, með brjefi sýslumannsins í Húnavatnssýslu dags. 31. júlí 1938.

Landaskipti þessi ná aðeins til slæгна og ræktunarlands.

Skiptin fóru þannig fram:

Landamerki Svarðbælis ákveðast þannig:

Milli Melstaða og Svarðbælis bein lína frá svonefndi „Tíðavörðu“ um vörðu á kollottu holti vestan við „Kerlingu“; landamerki milli Melstaðar og Staðarbakka: Að sunnan og vestan ráða núgildandi landamerki Melstaðartorfunnar vestur gegnt vörðu, er hlaðin er á holti við Svertingsstaðaá, skamt fyrir sunnan Neðri-Svertingsstaði: Að norðan ákveðst landamerki milli Svarðbælis og Barðs, bein sjónhending frá Svertingsstaðaá um nefnda vörðu á holtinu „Tíðavörðu“.

Landamerki Barðs ákveðast þannig:

Milli Barðs og Svarðbælis bein lína frá Svertingsstaðaá í „Tíðavörðu“. Milli Barðs og Melstaðar bein lína frá „Tíðavörðu“ í syðri endann á Krókasýki, svo eins og síkið ræður, og úr enda þess eftir áframhaldandi lægð, austur í lestamannasíki, og eftir því í austasta vik þess, og þaðan eftir áframhaldandi lægð til austurs, og úr enda þeirrar lægðar skemmstu leið í suðurenda Lómasíkis og úr austurenda Lómasíkis í Miðfjarðará, beina sjónhending á vegamótin á sýsluveginum og þjóðveginum, fyrir sunnan tunið á Saurum.

Að austan, norðan og vestan ráða eldri landamerki Melstaðartorfunnar.

Stóra-Ósi 22. sept. 1938.

Björn P. Blöndal

Friðrik Arnbjarnarson

Jón J. Skúlason.



1945

Nr. 327.

Landskiptagerð
fyrir jörðinni Stöpum í Kirkjuhvammshreppi.

Núverandi eigendur og ábúendur nefndrar jarðar eru Sigfús Árnason að 2/3 – tveimur þriðja hlutum og Theodór Jónsson að 1/3 – einum þriðja hluta. – Hafði Sigfús krafist skipta á jörðinni í aprílmánuði síðastliðnum, samkvæmt landskiptalögum frá 10. nóv. 1913.

Að skiptunum unnu Guðm. Arason bóndi á Illugastöðum, sem skipaður oddamaður af sýslumanni Húnavatnssýslu, með bréfi dags. 23. apríl 1919, og úttektarmann Kirkjuhvammshr., hreppstjóri Tryggvi Bjarnason í Kothvammi og Jónas Jónsson bóndi í Múla.

Skiptin voru byrjuð mánudaginn 16. júní 1919. Hafði hlutaðeigendum verið tilkynnt nær skipti byrjuðu og voru báðir viðstaddir.

Eigandi að meirihluta jarðarinnar, Sigfús Árnason hefur í höndum þinglesna landamerkjaskrá fyrir allri jörðinni. Eru landamerki glögg og ágreiningslaus.

Skiptamenn skipta jörðinni í tvær jarðir, með merkjum þeim sem hér verða greind:

Merkin eru: bein lína úr steini á sjávarbakkanum 92,5 metra fyrir sunnan á þá er fellur í gegnum túnið, sem höggvið skal á L.M. Þvert yfir túnið til austurs í staur í túngirðingu merktan stöfunum L.M. Skal þar settur steinstólpi, minnst 25 sm. á kant og 1 meter upp fyrir yfirborð jarðar með áhöggnum stöfunum L.M.

Úr þeim stólpa bein lína í stein í hallanum ofan við vert við Skeiðmel, skammt fyrir norðan Löngulág, sem höggva skal á stafina L.M. Hafa skiptamenn hlaðið þar vörðu og skal henni haldið við. Þaðan beina línu í vörðu á Efri-Snoppu (er skiptamenn hafa hlaðið) til háfjalls. Skal á Efri-Snoppu og á fjallsbrúninni hlaða glöggar merkjavörður og merkja undirstöðustein í hverri þeirra með höggnum stöfunum L.M. Merki þessi skulu landeigendur gera og halda þeim við. Allt land fyrir sunnan nefnda merkjalínur hefur Theodór Jónsson til eignar og afnota, en Sigfús Arnason að norðan hvorirtveggja með þeim takmörkunum, sem síðar verða tekin fram í skiptagerð þessari. Þar sem mótak hefur enn ekki fundist í landi nefndrar jarðar, nema í þeim hluta, sem við skiptin fellur í eign Sigfúsar Árnasonar, hefir Theodór Jónsson fulla heimild til framvegis, án endurgjalds, að taka mó í landi Sigfúsar, svo mikinn sem hann þarf til heimilisnota. Skal vinna haganlega og þriflega að mótekjunni. Heimill er Theodór og þurkvöllur undir móinn, svo nærri sem kostur er á. Finnist mótekja í landi Theodórs, hefur Sigfús sama rétt. Fylgir réttur þessi til mótakis jörðunum framvegis.

Æðarvarp, varpland sem nú er, selveiði, reki, lending, námar, ef þeir kynnu að finnast, og vatn í á þeirri er rennur í gegnum túnið, er óskipt eins og verið hefur. Skal Theodór Jónsson haga svo umferð að lendingu, varpi, vatni og mó, að sem minnstum átrotningi valdi á landi Sigfúsar. Af skiptagerð þessari er landeigendum afhent sitt eintakið hvorum.

Stöpum 19. júní 1919

Guðm. Arason

Fr. Bjarnason

Jónas Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Hvammstanga 2/8 1945.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vottar:

Guðbr. Ísberg.

Pm.nr. 8326.



1946

Nr. 328.

Landskiptasamningur.

Við undirritaðir, Björn Jónasson bifreiðarstjóri í Árnesi annarsveggar, og bræðurnir Karl H. Björnsson, bóndi á Stóru-Borg og Hallgrímur Th. Björnsson, kennari í Keflavík hinsveggar, gerum hérmeð svofelldan

Samning:

Karl H. Björnsson og Hallgrímur Th. Björnsson, sem eru eigendur að 89.6 aln. að fornu mati í jörðinni Ytri-Reykir í Ytri-Torfustaðahreppi, fá þessum eignarhluta sínum skipt úr jörðinni, þannig, að þeir fá landspildu austast í Reykjalandi, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin er frá stórum, gráum steini á litlum hól vestan við Gauksmýrartjörn (Landamerkjasteini milli Reykja og Gauksmýrar) í miðja Blátjörn, og eignast þeir þann hluta jarðarinnar, sem liggur austan nefndrar línu. Landspildu þessa eignast þeir Karl og Hallgrímur frá undirskrift þessa samnings, kvaðalaus með öllu, og fylgir henni hluti Reykja (bæði Ytri- og Syðri Reykja) í Miðfjarðarvatni, enda eignast þá Björn Jónasson alla jörðina Ytri-Reyki að öðru leyti, með öllum gögnum og gæðum, er henni fylgja.

Þar sem framanefnd landspilda er í óskiptu landi jarðanna Ytri- og Syðri-Reykja, ritar eigandi Syðri-Reykja, Gunnar Jónasson, yfirlýsingu á þennan samning, um að hann sé samþykkur því, að landspilda þessi verði eign þeirra Karls og Hallgríms, svo sem samningur þessi ákveður.

Kostnað við þinglýsingu þessa landskiptasamnings borga báðir samningsaðilar að jöfnu.

Mál, sem rísa kunna út af samningi þessum, skulu rekin fyrir gestarétti Húnavatnssýslu.

Samningur þessi er í 3 samhljóða eintökum.

Heldur hvor samningsaðili sínu eintaki, en hið þriðja afhendist sýslumanni Húnavatnssýslu til þinglýsingar. Til staðfestu eru nöfn samningsaðilja undirrituð í viðurvist tilkvaddra votta.

St.Hvammstanga, 7. maí 1946

Fh. Hallgríms Th. Björnssonar Karl H. Björnsson

Björn Jónasson

Karl H. Björnsson.

Vitundarvottar:

Jósefína Helgadóttir

Skúli Guðmundsson

Eg undirritaður, Gunnar Jónasson eigandi jarðarinnar Syðri-Reykir, lýsi hér með yfir því, að ég er því samþykkur að landspildu þeirri, er um getur í framan rituðum samningi, verði skipt úr óskiptu landi jarðanna Ytri og Syðri-Reykja, svo sem ákveðið er í samningnum.

Gunnar Jónasson

Vitundarvottar:

Ingbór Sigurbjörnsson

Karl Guðmundsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1951

N^o 9240.

Landamerkjabréf milli Lækjamóts og Þorkelshóls.

Undirritaðir eigendur Lækjamóts og Þorkelshóls í Þorkelshólshreppi, gjörum með brefi þessu kunnugt, að við höfum samið um neðangreind landamerki milli Lækjamóts og Þorkelshóls:

Úr Grásteini, sem er sunnan til á litlu holti norðan við kelduna skammt fyrir neðan Dalsgrafir, sjónhending vestur í Sitjanda, sem er fornt hálfgrasigróið vörðubrot norðantil á Lækjamótsmelum. Þaðan til suðurs sjónhending vestan til við Djúpaketil í Þjóðveginn, þar sem hann liggur af flóanum uppá Lækjamótsmela að sunnan. Þaðan ræður þjóðvegurinn unz hann snöggbeygir vestur að Víðidalsárbrú, en þaðan í beinu aframhaldi af þjóðveginum gamli upphleypti vegurinn í Steinsvað á Víðidalsá. Veiðiréttur í Víðidalsá frá Steinsvaði að grafarlækjarós, fylgir þó Þorkelshóli, svo sem verið hefir.

Með landamerkjabréfi þessu eru úrgildi feld ákæði landamerkjabréfa fyrir Lækjamóti og Þorkelshóli frá 29. maí og 16. apríl 1889 að því er viðkemur landamerkjum milli nefndra jarða.

Þorkelshóli, 27. ágúst 1951
Sig. J. Líndal
Eggert Þ. Teitson.

Vitundarvottar:
Herdís Jóhannesdóttir
Haraldur Jónsson.

Lesið á manntalsþingi að Víðihlíð 15/8 1952, Gí.
Guðbr. Ísberg.

| | | |
|--------|-----|-------------|
| Þl.gj. | kr. | 7,20 |
| St.gj. | - | <u>2,40</u> |
| | | Kr. 9,60 |

Móttekið þ. 28.8.1951 til þinglestrar á næsta manntalsþingi
Vottar:
Guðbr. Ísberg.



1951

Nº 9125

Landaskiptagjörð:

yfir landamerki nýbýlis, skipt úr landi Ytri-Kárastaða í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu.

Landamerkjalinur:

1. Úr Ytri-Dranga í stefnu á skurð, sem liggur ofan Kárastaðaleiti, þaðan eins og stefna hans segir til um, í vörðu á há Brekkubrún.
2. Úr merkjum milli Mið- og Ytri-Kárastaða ræður Vatnsnes-vegur að heimreiðarskurði norðan við tún á Ytri-Karastöðum. Þaðan með fyrnefndum skurði að þverskurði í norður og suður, norður að fjárhúsum, síðan fylgjandi þeim skurði og sjónhending frá enda hans ofan til á Ytri-Kothól í vörðu neðantil í Gildruás.
3. Há Brekkubrún ræður merkjum ofanvert við landið út og niður, og er landið óskipt þar fyrir ofan til jafna afnota fyrir báða jarðarluta og (sem beiland).

Land nýbýlisins er suðvestur og norðaustur-hlutar hins skipta lands. Reki og vatnsafl til virkjunar er óskipt, og hafa báðir jarðarlutar þar jöfn réttindi.

Kárastöðum, 22.1.1951

Davíð Þorgrímsson

Vitundavottar:

Sigurbjörn Teitsson.

Kristján Sigurðsson.

Lesið að manntalsþingi að Hvammstanga, 24.8. 1951.

Vottar:

Guðbr. Ísberg.

Þl.gj. kr. 7.20

St.gj. - 2.40

Kr. 9.60

Móttakið þ. 27.1.1951 til þinglestrar á næsta manntalsþingi.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



[vantar ártal]

Landskiptagerð:

jörðinni Ægissíðu í Þverárhreppi.

Núverandi eigendur jarðarinnar eru þeir Erlingur Valdemarsson, Ægissíðu og Agnar Guðmundsson, Reykjavík. Hafði Erlingur Valdemarsson óskað eftir skiptum á jörðinni í tvær jarðir samkv. lögum um landskipti frá 27. júní 1941.

Að skiptunum unnu úttektarmenn Þverárhrepps, þeir Óskar E. Levý, hreppstjóri á Ósum og Guðmundur M. Eiríksson, bóndi á Valdalæk og auk þess Guðmundur Arason, hreppstjóri, Illugastöðum, sem var skipaður oddamaður við skiptin af sýslumanni Húnavatnssýslu.

Skiptin voru byrjuð mánudaginn 25. júní 1951, og hafði hlutaðeigendum verið tilkynnt nær skipti byrjuðu og voru þeir báðir viðstaddir.

Landmerki jarðarinnar eru glögg og ágreiningslaus. Áðurnefndir eigendur jarðarinnar eiga sinn helminginn hvor og fóru skiptin fram samkvæmt því.

Það sem kom til skipta var tún, engjar og beitiland upp í svonefndra Ægissíðubrún. Skiptamenn skiptu því sem skipt var í tvær jarðir, með þeim merkjum, sem hér verða greind.

1. Túnið skiptist þannig:
 - a) Bein lína frá merki í túngarði 36 metra norðan frá bæjarlæknum, í merki eða vörðu neðst í túnjaðrinum.
 - b. 7800m.² sáðslétta neðan við veginn suður undir túngirðingu. Allt tún fyrir norðan nefnda línu og sáðsléttan undir b-lið, fylgi norður helmingi jarðarinnar, en allt tún fyrir sunnan áðurnefnda línu, fylgi hinum helmingnum.
2. Landið fyrir neðan veg skiptist í tvo hluta þannig: Bein lína úr vörðu eða merki neðan við veginn 140 m. fyrir sunnan steipt fjárhús í vörðu niður á bökkum. Allt land fyrir norðan nefnda línu fylgi norðurhelmingi jarðarinnar, en fyrir sunnan þeim syðri.
3. Fyrir ofan veg uppá brún skiptist landið þannig: Bein lína úr vörðu eða merki ofanvert við syðra túnhornið í vörðu á há miðaftansfelli. Frá vörðunni ofanvert við syðra túnhornið liggur merkjalínan norður um túngarðinn í hæl eða merki það, sem er 36 metra norðan við bæjarlækinn og áður er nefnt. Allt land ofan við veg norður að túni og sunnan línu þeirrar, sem áður er nefnd upp á miðaftansfell, tilheyrir syðri helmingi jarðarinnar, en fyrir norðan þeirri norðari. Allt land fyrir ofan brún er óskipt og því sameiginleg eign beggja jarðanna. Hlunnindi jarðarinnar eru öll óskipt og má tilnefna alla veiði. –

Eigendur jarðarinnar skulu gera öll áðurgreind merki og halda þeim við.

Það hefir orðið að samkomulagi milli hlutaðeigenda, að Erlingur Valdemarsson hafi norðurhluta jarðarinnar, en Agnar Guðmundsson suður hlutann.

Bæjarhús og fjós, sem eru að falli komin, séu í sameign meðan aðrar byggingar í þeirra stað, eru að komast upp. Önnur hús fylgja hvorum jarðarparti, fyrir sig, nema hesthús Valdemars Benónýssonar á norðurparti jarðarinnar.

Ægissíðu, 26. júní 1951.

Guðmundur Arason

Óskar Levý

Guðmundur H. Eiríksson

Erlingur Valdimarsson

Agnar Guðmundsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

NB. Nú aftur í eigu eins manns og skiptin mega því teljast falin niður.
G.Í.



1953

Nr. 9786.

Landskiptagjörð.

Eigendur Fremri-Fitja í Fremri-Torfustaðahreppi, Vestur Húnavatnssýslu, Guðmundur og Tryggvi Jóhannessynir, hafa í dag gengið frá skiptum á beitolandi jarðarinnar, eins og hér greinir:

Guðmundur fær í sinn hlut norðurhluta landsins, svo sem merki segja til um skv. landamerkjaskrá frá 24. maí 1890 að línu frá merki við Móalæk, beina sjónhendingu að merki við vestanvert Aravatn, þaðan beina línu yfir vatnið að merki við austanvert Aravatn, þaðan beina sjónhendingu að merki við túngirðingu að vestan.

Austan við túnið eru merki úr túnmerkjahæl í túngarði skemmstu leið austur í merkjalínu milli Fremri-Fitja og Neðri-Fitja austan Fitjaár.

Í Tryggva hluta kemur suðurhluti beitolandsins frá áður greindri línu frá merki við Móalæk í merki við túngirðingu og eins og landamerki á milli Bjargs og Finnmerkur annars vegar og Fremri-Fitjar hinsvegar segja til og svo langt suður sem hagagirðing Fremri-Fitja nær, það er öll hagagirðingin er í Tryggva hluta. Landið framan hagagirðingar að merkjum að vestan og sunnan skv. áðurgreindri landamerkjaskrá skal vera óskipt og báðum frjáls afnot af því eftir samkomulagi á hverjum tíma. Öllu landi innan túngirðingar var áður skipt og skulu þau skipti gilda áfram.

Veiðirétt í Fitjaá á hver aðili fyrir sínu landi, sömuleiðis á hvor aðili veiðirétt í þeim vötnum og hluta úr vötnum, sem eru í hans landi.

Óskiptur veiðiréttur er fyrir því landi, sem er óskipt.

Fremri-Fitjum, 17. maí 1953.

Tryggvi Jóhannesson

Guðmundur Jóhannesson

Vitundarvottar:

Guðmundur Árnason

Jóhannes Árnason.

Mótttekið til þinglesturs 14/7 1953.



1953

Nr. 9787.

Landamerkjaskrá.

fyrir syðri hluta Fremri-Fitja í Fremri-Torfustaðahreppi, V-Hún. skv. Landaskiptagjörð dags. 17. maí 1953.

Að norðan og austan vestanvert við túngirðingu er merki milli syðri og norðurhluta Fremri-Fitja, þaðan vestur í merki austanvert við Aravatn, yfir Aravatn beina línu í merki vestanvert við vatnið, þaðan beina línu í merki við Móalæk, þá ræður Móalækur merkjum suður í Hólmavatn, úr Móalækjarós í beina línu á Hamralækjarós að merkjalínu milli Fremri-Fitja og Finnmerkur þar sem línur skarast. Þá ræður merkjagirðing merkjum austur í stein sem er hornmerking milli Fremri-Fitja og Finnmerkur. Þá ræður hagagirðing merkjum svo langt sem suður sem hún nær og er hún merkjagirðing milli Fremri-Fitja og Finnmerkur.

Að austan ræður Fitjaá merkjum.

Fremri-Fitjum, 17/5 1953.

Tryggvi Jóhannesson

Vitundarvottar:

Guðmundur Árnason.

Jóhannes Árnason.

Móttekið til þinglesturs 14/7 1953.



1953

Nr. 9788

Landamerkjaskrá

fyrir norðari hluta Fremri-Fitja, Fremri-Torfustaðahreppi V-Hún. skv. landskiptagjörð dags. 17. maí 1953.

Að norðan ráða merkin skv. landamerkjaskrá nr. 208. dags. 24. maí 1890. Að vestan ráða merki skv. sömu landamerkjaskrá frá hornmerkjum að norðan og vestan (Stórajafnhól) í merki við Mólalæk. Hornmerki að norðan og austan er svokölluð Klettaborg við Fitjaá, úr henni beina sjónhending upp í Grástein, þaðan beina sjónhending í austari Stórajafnhól, sem er hornmerki að norðan og vestan, þaðan sjónhending í Sjónarhól, þaðan sjónhending í Mólalækjarósinn, sem fellur í sunnanvert Grunnvatn þá ræður lækurinn merkjum að merki austan við lækinn sem er hornmerki milli ytri og syðri Fremri-Fitja. Þaðan í merkið við vestanvert Aravatn, þaðan beina línu yfir vatnið í merki austan við það þaðan beina sjónhending í merki við túngirðingu að vestan við túnið.

Austan við túnið eru merki úr túnmerkjahæl í túngarði, skemmstu leið austur í merkjalínu milli Fremri-Fitja og Neðri-Fitja austan Fitjaár.

Fremri-Fitjum, 17. maí 1953.

Tryggvi Jóhannesson

Guðmundur Jóhannesson

Vitundarvottar:

Guðmundur Árnason.

Jóhannes Árnason.

Móttekið til þingl. 14/7 '53.



1954

Nr. 10116.

Breytingar

á landskiptasamningi milli jarðanna Mið-Kárastaða Syðri- og Syðstu-Kárastaða í Kirkjuhvammshreppi, frá 2/6 1927.

Við undirritaðir eigendur og ábúendur Mið-Kárastaða Syðri- og Syðstu-Kárastaða, gerum eftirfarandi breytingar á landskiptasamningi, milli jarðanna, frá 2. júní 1927:

1. Óskipt beitiland, sem er frá núverandi girðingu Benedikts Björnssonar og út að Ytri-Kárastaðalæk, upp að þvergirðingu fyrir sunnan og ofan Kjóafell, skal falla til eignar og afnota til Mið Kárastaða.
2. Eigandi Mið-Kárastaða, Benedikt Björnsson, lætur þar á móti land, sem hann á neðan við tún Syðri- og Syðstu-Kárastaða, sem takmarkast þannig: Milli núverandi túngirðingar og ríkisvegarins og frá heimreiðinni upp að Syðri-Kárastöðum að norðan og bein lína úr syðra túnhorni niður í veg.
3. Vatnsréttindi í Ytri-Kárastaðalæk eru jöfn fyrir allar jarðirnar Mið-Kárastaði, Syðri-Kárastaði og Syðstu-Kárastaði.

Syðri-Kárastöðum 10/7 1954.

Jón R. Jóhannesson

Benedikt Björnsson

Vottar:

Bjarni Sigurðsson.

Árni Hraundal.

Mótttekið til þingl. 18/7 '54.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1890

Nr. 10144.

Landamerkjaskrá
fyrir jörðinni Haukagil í Vatnsdal, liggjandi í Húnavatnssýslu.

Að norðan ræður: bein lína vestan frá svokölluðum Saurbæjarsteini, sem er kippkorn fyrir sunnan og vestan vestari Ástjörnina vestur við „Kvísilina“, þaðan austur í merkjavörðu austur undir brún og þaðan beina leið í merkjaskurð, sem gjörður er í flóann milli Haukagils og Saurbæjar, og frá austurenda skurðsins beint austur á línu þá er ákveður merki milli Þórormstungu og Saurbæjar og Haukagils, sem liggur frá vörðu vestantil á Ásmóhellu beint suður um farveg Vatnsdalsár í fornar réttartóptir norðast í svokölluðum Réttarhólma (Haukagilshólma) í hólmunum fyrir sunnan og neðan Haukagil.

Að austan ræður: áður nefnd lína suður á móts við lambanestá og úr því Vatnsdalsá.

Að suðaustan og sunnan ræður: bein sjónleið frá Pallshamri austan Vatnsdalsár, fyrir norðan svonefnd Sauðaskjól, kippkorn fyrir utan Tunguklif, í Álftaskálará, þar sem hún fellur úr gilinu, þaðan ræður Álftaskálará fram til fremri Skútalækjar og frá Skútalæk beint vestur á há Kleppuhól vestar við Kleppukvísl.

Að vestan ræður: Kleppukvísl og Kornsó („Kvísilin“) til Saurbæjarsteins. Auk þess fylgir jörðinni, móts við Kornsó, hálf það land sem liggur milli Kleppukvíslar og Kornsárkvíslar. Haukagili, 29. júlí 1890.

J. Hannesson, vegna eiganda og umráðam. Haukagils.

Bjarni Snæbjörnsson, eigandi Þórormstungu.

J. Hannesson, vegna eiganda og umráðam. Saurbæjar.

Hjörli. Einarsson, sem umráðandi Undornfells kirkjujarðar Grímstungu.

B.G. Blöndal umboðsm. Þingeyrakl.jarða.



1926

Nr. 4841.

Við: Eggert Konráðsson, bóndi á Haukagili í Áshreppi og Konráð Jónsson, bóndi í Gilhaga í Áshreppi gjörum svofelldan

Kaupsamning:

1. Eg, Eggert Konráðsson, skuldbind mig til þess að selja Konráð Jónssyni ábýlisjörð hans Gilhaga, með þeim húsum og girðingum, sem voru á jörðinni þegar hann tók jörðina til ábúðar, landskuld þeirri, sem greiðast átti í húsa- og jarðabótum, og öllum þeim gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgir og fylgja ber. Fasteignamat jarðarinnar er kr. 2.700.–
2. Landamerki jarðarinnar eru: Að norðan úr Álftaskálará ræður girðing merkjum eins og hún liggur nú, þar til girðingin beygir til norðvesturs (en girðingin er að öllu leyti eign jarðarinnar Haukagils) frá girðingunni beina línu í læk, sem kemur úr Illaflóa, þar sem hann fellur í Kornsó. Að vesta ræður Kleppa merkjum, fram til Kleppshóls. Að sunnan eru merki úr Kleppshól austur í Ytri-Skútalæk, þar sem hann fellur austur yfir Þrístapahálsinn og ræður lækurinn merkjum til Álftaskálará.

Gjört að Haukagili 24. maí 1926.

Eggert Konráðsson

Konráð Jónsson

Vitundarvottar:

Gísli Jónsson

Anna Gísladóttir



1927

Nr. 4970.

Við sem ritum nöfn okkar hér undir, ég Benedikt Björnsson bóndi á Mið-Kárastöðum og ég Sveinn Guðmundsson bóndi á Syðstu-Kárastöðum, gjörum svofelldan
Landskiptasamning.

Allt land utan túns, frá ~~Merkj~~ Merkjälæk milli Grafar og Kárastaða að sunnan, út að læk milli Ytri- og Syðri-Kárastaða, fyrir neðan tún og girðingu upp frá túni, sem liggur upp Kvíholt að þvergirðingu sem liggur suður ofanvert við Vegholt, skiptist þannig, að Benedikt skal hafa norðurhlutann, en Sveinn suðurhlutann, alla leið frá sjó upp að áðurnefndri þvergirðingu fyrir ofan Vegholt og eru svo merki milli þessara landa þannig:

Úr Kletti (Brik) við sjóinn, norðanvert við Þaravík, beina línu í vörðu á Melásnum sunnanvert við Nónvörðu, þaðan beina línu í vörðu sunnanvert við suðvestur túnhorn, frá túni að ofan úr norðurstólpa að Lækjarhliði, beina línu í Imbuvörðu þaðan sömu línu í vörðu norðanvert næsta holt fyrir ofan Imbuvörðu, þaðan beina línu í vörðu á Klapparholti suður undan Vegholtinu.

Skipti á túninu eru þannig, að Benedikt hefur norður- og austurhluta túnsins, en Sveinn suður- og vesturhlutann, og eru merkin þannig: Úr hæl við skurðinn sem skiptir túnnum Ytri- og Syðri Kárastaða 111 metra fyrir neðan norðvestur hjallhorn á Mið-Kárastöðum, beina línu suður og austur í hæl á hól við heimreiðartröðina, þaðan sömu línu í hæl á suðurbakka á syðsta túnlæk, 68 metra upp frá norðvestur bæjarhorni á Syðstu-Kárastöðum, þaðan eins og sá lækur ræður, upp úr túninu.

Allt land fyrir ofan þvergirðinguna fyrir ofan Vegholt, er óskipt til beitar, en að slægjum til gilda eldri skipti á þessu landi. Einnig er óskipt beitoland milli girðinga upp frá Ytri-Kárastöðum beggja vegna við lækinn. Báðum aðilum er heimiluð nauðsynleg umferð hvorum fyrir sig um annars land, en sjá verða þeir um, að sú umferð valdi sem minnstum skemmdum, bæði á landi og mannvirkjum.

Rétt er að báðir aðilar leggi og haldi við sameiginlegri heimreið fyrir báða bæina.

Allur reki, beitutekjur og uppsátur, er sameiginlegt.

Samningur þessi er bindandi fyrir þá sem nú eru og síðar verða eigendur jarðanna.

Samningur þessi er í tveim samhljóða frumritum og heldur sinn aðili hvoru.

Gert að Kárastöðum, 2. júní 1927.

Benedikt Björnsson

Sveinn Guðmundsson

Vitundarvottar:

Jónas Jonasson

Ól. Guðmundsson

Lesið fyrir manntalsþingrétti Húnavatnssýslu að Hvammstanga þ. 23. júní 1927 og innfært í afsals og veðmálabók sýslunnar, ltr. H. N^o 4970 bls. 361-363.

Vottar:

B.Brynjólfsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þingl. og stimpilgj.

Kr. 4.00 – fjórar krónur.

Greitt

B.B.



1950

Nr. 10434.

Við undirritaðir eigendur Víðidalstungu í Þorkelshólshreppi, gjörum svofelldan samning um skipti á landi jarðarinnar:

Túnið skiptist um skurð, er sker það frá norðri til suðurs.

Frá túngirðingunni að sunnan ræður símalína að Valdarási fram á Presthól, og þaðan beina sjónhending í Langhól fram að merkjum milli Valdaráss og Víðidalstungu. Það í austur um Bolagróf í Valagil. Þar fyrir framan er óskipt land.

Frá túngirðingunni að norðan ræður vegurinn í horn á melunum norðan undan Bælishólum. Þaðan til norðurs um flóðgarð í flóanum í mórauðan síkispoll syðst á Stekkjareyri, og þaðan um síki norður á eyrinni í Víðidalsá. Þá ræður áin norður að dragi, sem sker móana vestan við austurengjar. Þá ræður dragið og úr því beina sjónhending í vestasta hornið á Litla-Ásgeirsármóum.

Það skal tekið fram að eigandi austari partsins hefur rétt til án endurgjalds, að nota lind þá, er vatnsleiðslan er tekin úr nú í hús og bæ áfram, einnig til jarðrasks, ef lagfæra þarf vatnsleiðsluna.

Veiðiréttindi skiptast til helminga.

Til staðfestu eiginhandarnöfn aðila, rituð í viðurvist tveggja votta.

Víðidalstungu 8. apríl 1950.

Óskar B. Teitsson.

Þorvaldur Teitsson

Vottar:

Elín Ólafsdóttir

Jóhannes Gunnlaugsson.

Mótttekið til þingl. þ. 18/7 1955.

Vottar: Þ.J.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1955

Nr. 10542.

Landamerki
milli jarðanna Dælis og Litlu-Ásgeirsar í Porkelshólshreppi.

Frá norðurenda Dælisleynifitjar ræður Víðidalsá að fyrverandi merkjum milli Víðidalstungu og Litlu-Ásgeirsár, sem er austasti farvegur Víðidalsár meðfram Litlu-Ásgeirsármóum. Og eru grillur í þessum forna farvegi, sem ráða merkjum að garðlagi, sem er rétt fyrir sunnan norðurhorn á svonefndu Axelstúni, en þaðan ræður móabarð að norðurenda Axelstúns. Ræður svo girðing Axelstúns merkjum fram að hliði á Dælisgirðingu, og leið Dælisgirðing merkjum upp ásana um Jónsvörðu og upp í Börð, og fram Börðin að hliði, sem er út og upp af Dælishúsum, úr því hliði til austurs í læk og meðfram honum í grjótvörðu á syðri lækjarbakkanum gegnt Fosshólum, beygir þar til suðurs um há Fosshóla, sjónhending í Ásgeirsá (Gjátúnsá), sem úr því ræður merkjum til háfjalls hvað Litlu-Ásgeirsá snertir.

Litlu-Ásgeirsá, þann 24. okt. 1955.

Gunnþór Guðmundsson Dæli

Sigvaldi Björnsson Litlu-Ásgeirsá

Vitundarvottar:

Ingibjörg Jósefsdóttir

Gunnar Þorsteinsson

Mótttekið þ. 25/10 1955, til þinglesturs á næsta manntalsþingi.

Vottar: P.J.

Þingl. kr. 25.–



1956

Nr. 10938.

Við undirritaðir, Guðmundur Björnsson, bóndi Tjarnarkoti, Ytri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, og Jón Eiríksson bóndi Neðri-Svertingsstöðum sömu sýslu, gjörum svofelldan

Landamerkjasamning.

Guðmundur Björnsson afhendir og handsalar Jóni Eiríkssyni til fullrar eignar og afnota neðri hluta Tjarnarkotslands, frá merkjum, sem nú eru á milli Neðri-Svertingsstaða og Tjarnarkots að norðan, suður á merki á milli Tjarnakots að sunnan og Sveðjustaða að norðan, sem nú eru sjónhending frá Sveðjustaðaá í þrengslum, sunnan undir syðri enda Hrásás, í Strút, úr Strút í Káphól, og verða það hér eftir merki milli Neðri-Svertingsstaða að sunnan og Sveðjustaða að norðan. Að sunnan og vestan verða merki milli Neðri-Svertingsstaða og Tjarnarkots, sem hér segir:

Úr Káphól norðan á syðstu Illukeldubungum, um Tvínibbuholt, sem er næsta holt niður af Veituás, í vestari enda Stórhóls og þaðan beina sjónhending í vesturjaðar Haukastaða, og áfram þangað er merkjalínan liggur á milli Neðri Svertingsstaða að norðan og Efri-Svertingsstaða að sunnan, sem er úr syðra vörðubroti á Tvívörðum í Einbúa á norðanverðum Mýraás.

Jón Eiríksson afhendir í staðinn Guðmundi Björnssyni efri hluta Neðri-Svertingsstaðalands, þaðan sem áður nefnd merkjalína á milli Neðri- Svertingsstaða og Tjarnarkots sker merkjalínuna á milli Neðri- og Efri-Svertingsstaða, vestur í áður nefndan Einbúa, beina línu í syðsta vörðubrot á sama ás, við girðingarhorn á milli Mýra og Tjarnarkots. Til jöfnunar þessu greiði Jón Eiríksson Guðmundi Björnssyni við undirskript samnings þessa kr. 2000.00 – Tvö þúsund krónur – Samningur þessi er í tveim samhljóða eintökum og heldur sinn aðili hvoru

Til staðfestu eiginhandar nöfn okkar, undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Gjört að Neðri-Svertingsstöðum, 22. júlí 1956

Guðmundur Björnsson.

Jón Eiríksson

Vitundarvottar:

Guðlaugur R. Jónsson

Bjarni Jónsson.

Mótttekið þ. 1/9 1956 til þinglesturs á næsta manntalsþingi.

Vottar. Þ.J.



1956

Nr. 10939.

Landamerki milli Oddsstaða og Geithóls.

Landamerki milli Oddsstaða og Geithóls færast norður og verða frá sjó austur, sem næst beinni línu um staur, þar sem girðingar mætast (ofan þjóðvegur norður Hvalhöfðagils) í hornstaur á girðingu í Efri-Háuvörðuflóa, þaðan um merkjavörður er settar verða austur, sem næst miðju þess landsvæðis sem er ofan girðingar, á merki milli Oddsstaða og Kollafoss.

Oddsstöðum, 6. september 1956.

Þorsteinn Jónasson

Trausti Jónasson

Vitundavottar:

Sigurjón Ingólfsson

Pálmi Sæmundsson



1957

Nr. 11246.

Landamerkjabréf
milli Lækjamóts og Þorkelshóls

Undirritaðir eigendur Lækjamóts og Þorkelshóls í Þorkelshólshreppi, gjörum með bréfi þessu kunnugt: að við höfum samið um neðangreind landamerki milli Lækjamóts og Þorkelshóls:

Úr Grásteini, sem er sunnanvert í litlu holti norðan við kelduna skammt fyrir neðan Dalsgrafir sjónhending vestur í Sitjanda, sem er fornt hálf grasigróið vörðubrot norðantil í Lækjamótsmelum. Þaðan til suðurs sjónhending vestan til við Djúpaketil í Þjóðveginum þar sem hann liggur af flóanum upp á Lækjarmótsmela að sunnan.

Þaðan ræður Þjóðvegurinn, uns hann snöggbeygjir vestur að Víðidalsárbrú, en þaðan í beinu framhaldi af Þjóðveginum, gamli upphleypti vegurinn í Steinsvað á Víðidalsá, þaðan ræður efri brún ^ábakkans í Grafarlækjarós.

Með þessu landamerkjabréfi eru nú úr gildi felld ákvæði landamerkjabréfs milli Lækjamóts og Þorkelshóls frá 27. ágúst 1951, að því er viðkemur landamerkjum milli téðra jarða.

Lækjamóti, 30. júní 1957

Eggert Þ. Teitsson

Sigurður J. Líndal

Vitundarvottar:

Ingvar Gunnlaugsson.

Jakob Kristinsson.

Mótttekið þ. 23/8'57 til þinglesturs á næsta manntalsþingi.

Vottar: Þ.J.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1958

N^o 11689

Landskipti
á jörðinni Brekku í Sveinsstaðahreppi.

Jörðin skiptist nú milli eigenda jarðarinnar, þeirra Magnúsar B. Jónssonar og Þóris sonar hans. Skipt er í tvennt öllu landi neðan þjóðveggar þannig:

1. Melholt sunnan túns niður að jaðarskurði skiptist til helminga með beinni línu úr vörðu norðan við Brekkukotslæk, vestur í vörðu við jaðarskurð. Hefir Magnús land sunnan þeirra línu, en Þórir norðan við túngirðingu.
2. Nefnd túngirðing frá þjóðvegi sé merkjalína að hlaðinni vörðu (merkt 1) suðvestur af hesthusi, syðst í túni, þaðan í merkjastein (merkt 2) suðvestan við íbúðarhús. Síðan norðvestur í skurðbeygju, norðaustan Mýratúns, og beint áfram með þeim skurði, svo sem hann nær vestur. (3). Þaðan vestur að næsta túnskurði (4), suður með honum á móts við skurðpart (5) er liggur frá austri til vesturs, norðan við tún Jósefs og Hreins. Vestur með honum, að affallsskurði (6), suður með honum að vörðu (7), á skurðbakknum. Þaðan bein lína um norðanvert stóratóttarbrot, vestur í stein (8) við Brekkukvísl. Land allt norðan og austan þessarar línu að þjóðvegi hefir Magnús. Sunnan téðrar línu hefir Þórir, að undanskildu tuni Jósefs og Hreins, er áður getur, og afmarkast af skurðum að mestu á þrjá vegu og merkjastaurum í norðaustur (9) og suðaustur (10) hornunum ca. 3,03 ha. að stærð.
3. Allt land ofan þjóðveggar er óskipt.
4. Þóri sé heimil vötnun búfjár í svonefndri kindalind.
5. Merkjatölur þær, er nefndar eru í skiptagjörð þessari, eru merktar inn á riss á landinu eftir Sigfús Þorsteinsson ráðunaut.

Brekku, 11. apríl 1958.

Magnús B. Jónsson

Þórir Magnússon

Vottar:

Herm. Þórarinsson

Svavar Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1958

Nr 11.771.

Landskiptagjörð.

Ár 1958 var hreppstjórinn í Fremri-Torfustaðahreppi, ásamt úttektarmanni hreppsins, Sigurgeir bónda Jónatanssni, Skeggjastöðum, staddir á Kollafossi í sama hreppi til þess, eftir beiðni Helga Valdimarssonar s.st. að framkvæma skipti á landi jarðarinnar Kollafoss í sama hreppi vegna heimildar nýbýlastjórnar ríkisins honum til handa um stofnun nýbýlis í landi jarðarinnar Kollafoss. Fyrir hönd nýbýlastjórnar var mættur formaður nýbýlanefndar V-Hún, Aðalbjörn Benediktsson. Einnig voru mættir Helgi Valdimarsson, gjörðar beiðandi, og Valdimar Daníelsson, bóndi Kollafossi. Landskiptin fóru fram eins og hér segir: Landamerki á úrskiptu landi til handa Helga Valdimarssni úr Kollafosslandi til ræktunar túns takmarkast með eftirgreindum merkjum

1. Hornrétt lína á vegskurð skammt sunnan Fuglsstapa frá Vesturá að austan og 300 m vestur fyrir veg, þaðan hornrétt til suðurs 730 m vegalengd, þar vinkilhörn til austurs að vegskurði skammt sunnan Bjarnhóls. Þá ræður vegskurður til suðurs að næsta affallsskurði og síðan affallsskurðurinn að Vesturá, og er hún takmörk landsins að austan norður að áðurgreindri línu til vesturs. Ennfremur skal nefndur Helgi Valdimarsson hafa heimild til þess að byggja íbúðarhús og gripahús, sem þurfa þykir á svonefndum Bólhól, sem stendur norðast í túni Kollafoss, og hafa þaðan aðgang að vegi og opna skemmstu leið úr túni til beitolands.
2. Beitoland skal vera óskipt og ber nýbýli Helga réttur til beitolands að $\frac{1}{2}$ – hálfum hluta.
3. Allur veiðiskapur er óskiptur og ber nýbýlinu réttur til handa $\frac{1}{2}$ hálfum hluta.
4. Ábúandi eða eigandi Kollafoss hefur rétt til túnræktunar í beitolandinu sunnan landamerkja nýbýlisins skv 1. lið neðan „Brún“, allt til merkja milli Kollafoss og Húks.
5. Virðingarverð landsins skv. framanrituðu undir liðunum 1-3 ákveðst kr 5000,- fimm þúsund krónur.

Var landskiptagjörðinni svo lokið.

Kollafossi 20. maí 1958

Benedikt H. Línal.

Sigurgeir Jónatansson.

Aðalbjörn Benediktsson.

Helgi Valdimarsson

Valdimar Daníelsson

Lesið á manntalsþingi að Dalakofa þ. 28/8 1958.

Guðbr. Ísberg.

Mótttekið þ. 18/7 1958 til þinglesturs á næsta manntalsþingi.

Vottar. J. Ísberg.



195[9?]

Nr. 12240.

Landamerki fyrir nýbýli, sem stofna á í landi Þóroddsstaða í Staðarhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu. Ræktarlandi er úrskipt eftir þeim reglum sem um greinir:

Að norðan gilda hin gömlu merki sem voru milli Reykjar og Þóroddsstaða. Frá Hamarshöfða, skammt frá sjó og einkenndur er með vörðu, þaðan í aðra vörðu á næstu melbrún fyrir ofan, þaðan í vörðu, sem er rétt fyrir ofan gömlu göturnar, þaðan sjónhending heim í holt, sem er skammt fyrir ofan þjóðveginn, þaðan niður að þjóðvegi, svo suður með honum að læk sem rennur fyrir norðan túnið á Þóroddsstöðum, þaðan í stefnu á Litlahöfða, sem stendur niður við sjó.

Beitiland er óskipt og á nýbýlið rétt á 1/3 af beitilandi Þóroddsstaða.

Þóroddsstöðum 23. nóvember 195[9?]

Böðvar Þorvaldsson (sign) eigandi nýbýlisins.

Þorvaldur Böðvarsson (sign) eigandi Þóroddsstaða.

Móttekið þ. 25/11 1959, til þinglesturs á næsta manntalsþingi.

Vottar: Ari Jónsson



1954

N^o 8134.

Landamerki milli Hafna og Tjarnar

Frá sjó úr stapa þeim; sem stendur í fjöru og þinglýstur sem merki milli jarðanna Hafna og Tjarnar, þaðan beina stefnu í stein nærri bjargsbrún á svokölluðum Efri-Sneiðing, yzt á Kerlingarbjargi. Er eftir áðurnefndan Jón Benónýsson höggvið í stein þenna bókstafurinn L., sem og aðra einstaka merkjasteina, sem nú marka landamerkjalinu milli Hafna og Tjarnar. Næsti merkjasteinn er á hól þeim, sem Hestur heitir, er hann einnig merktur með stafnum L, þaðan bein lína yfir Torfdal og Torfdalsvatn í stóran stein á Austurnúp. Er steinn sá sunnanvert við stóra þúfu eða grashól lítinn í núpunum, sýnist þústa sú hæst græfa á Austunúpa, þegar litið er austur yfir dalinn. Steinn sá er sem hinir merkjasteinarnir með bókstafnum L., höggnum á suðurhlið steinsins. Þaðan bein lína í landsuður í litla grjótvörðu á Löngubrekkuþrún, vestan ytra Nesvatns, en norðan Löngubrekkuhorns. Varða sú er hlaðin úr hellugrjóti, og fremur lítil, en þó upphlaðin síðan að mér er sagt, eftir að ég seldi oftnefnt land af þeim báðum bændum Hafna og Tjarnar, Sigurði Arnasyni og Sveini M. Sveinssyni. Úr vörðu þeirri beina sjónhendingu í vörðu, sem stóð á urðunum upp undan eystri enda Syðra-Nesvatns, breyttist landamerkjalinan ekkert lengra til austurs og er því varða sú austasta merki á oftnefndu landstykki, seldu af mér, en keyptu af áðurnefndum Sigurði Arnasyni.

Dalvík, 30. júní 1954

Lárus Óskar Frímannsson

Vitundarvottar:

Árni E. Lárusson

Sveinborg Gísladóttir

Lesið á manntalsþingi að Örlygsstöðum 10/8 1944.

Guðbr. Ísberg.